

**ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR**

Mál nr. 1/2018

**Snæfellsjökull og landsvæði
sunnan og austan hans**



15. ágúst 2019

EFNISYFIRLIT

1	ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD	1
2	MÁLSMEDFERÐ	2
2.1	Hlutverk óbyggðanefndar.....	2
2.2	Snæfellsnes ásamt fyrrum Kolbeinsstaðahreppi og fyrrum Skógarstrandahreppi (svæði 9B) tekið til meðferðar	2
2.3	Lýstar kröfur og kynning	3
2.4	Mál nr. 1/2018, Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans.....	3
3	KRÖFUGERÐ.....	8
3.1	Kröfur íslenska ríkisins	8
3.2	Kröfur vegna Arnarstapalands	8
3.3	Kröfur vegna Stóru-Hnausa.	9
3.4	Kröfur vegna Faxastaða	10
3.5	Kröfur vegna Hamraenda.....	10
3.6	Kröfur vegna Ytri-Bugs	11
3.7	Kröfur vegna Fossárdals	12
3.8	Kröfur vegna Miðvalla.....	13
3.9	Kröfur vegna Gíslabæjar, Brekkubæjar, Skjaldartraðar og Laugarbrekku.....	14
4	GÖGN OG GAGNAÖFLUN.....	15
4.1	Inngangur	15
4.2	Rannsóknarskylda óbyggðanefndar	15
4.3	Vettvangsferð	16
4.4	Skýrslutökur	17
5	SAGA LANDSVÆÐA.....	18
5.1	Landnám.....	18
5.2	Afréttir og afréttarnot	19
5.3	Landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls	22
5.3.1	Hamraendar.....	22
5.3.2	Faxastaðir (aðliggjandi)	23
5.3.3	Stóru-Hnausar (Hnausar)	27
5.3.4	Litlu-Hnausar (aðliggjandi)	29
5.3.5	Grímsstaðir (aðliggjandi).....	30
5.3.6	Arnarstapi.....	32
5.3.6.1	Vikurnám á Jökulhálsi	34
5.3.7	Hellnar	36
5.3.7.1	Brekkubær.....	44
5.3.7.2	Gíslabær.....	45
5.3.7.3	Laugarbrekka	47
5.3.7.4	Skjaldartröð.....	49

5.3.8	Miðvellir	50
5.3.9	Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull.....	54
5.3.10	Aðliggjandi og tengd svæði	54
5.3.10.1	Snæfellsjökull	54
5.3.10.2	Fossárdalur.....	54
5.3.10.3	Ytri-Bugur.....	55
5.3.10.4	Innri-Bugur	58
5.3.10.5	Fróðá	59
5.3.10.6	Stóri- og Litli-Kambur	61
5.3.10.7	Gröf.....	64
5.3.10.8	Dagverðará.....	67
5.3.10.9	Annað.....	68
5.4	Snæfellsjökull.....	69
5.4.1	Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull.....	70
5.4.2	Aðliggjandi og tengd svæði	70
5.4.2.1	Dagverðará.....	70
5.4.2.2	Malarrif	70
5.4.2.3	Einarslón (Lón)	70
5.4.2.4	Hólahólar	72
5.4.2.5	Bervík, Hella og Garðar	73
5.4.2.6	Saxhóll	78
5.4.2.7	Gufuskálar (Gufuskálir).....	80
5.4.2.8	Hraunskarð, Munaðarhóll og Hallsbær	82
5.4.2.9	Ingjaldshóll	87
5.4.2.10	Skarð	91
5.4.2.11	Vaðstakksheiði	92
5.4.2.12	Ólafsvík.....	92
5.4.2.13	Landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls	93
5.4.2.14	Annað.....	93
5.5	Eignir og réttindi kirkna	93
5.5.1	Kolbeinsstaðakirkja	93
5.5.2	Staðarstaður	94
5.5.3	Setbergskirkja	94
5.5.4	Laugarbrekkukirkja.....	95
5.5.5	Fróðarkirkja	95
5.5.6	Einarslónskirkja	95
5.5.7	Ingjaldshólskirkja.....	95
6	NIDURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR	96
6.1	Efnisskipan og sameiginleg atriði	96
6.1.1	Almennar niðurstöður óbyggðanefndar	96
6.1.2	Dómafordæmi í þjóðlendumálum	96

6.2	Landnám.....	97
6.3	Landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls	97
6.3.1	Inngangur	97
6.3.2	Sjónarmið aðila	99
6.3.2.1	Íslenska ríkið.....	99
6.3.2.2	Gagnaðilar íslenska ríkisins	101
6.3.3	Niðurstaða.....	113
6.4	Snæfellsjökull.....	140
6.4.1	Inngangur	140
6.4.2	Sjónarmið aðila	140
6.4.3	Niðurstaða	141
6.5	Um málskostnað.....	145
7	ÚRSKURÐARORÐ	147

VIÐAUKI: ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR.....	I
FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ.....	LXXXV
FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ	LXXXVI
a) Efnisflokkun skjalaskrá	LXXXVI
b) Skjalaskrá í númeraröð	CII
FYLGISKJAL III: KORT.....	CXIX

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Fimmtudaginn 15. ágúst 2019 er tekið fyrir mál nr. 1/2018, Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Ása Ólafsdóttir formaður, Allan V. Magnússon varaformaður og Hulda Árnadóttir.

Aðilar máls eru:¹

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Andri Árnason lögmaður, Edda Andradóttir lögmaður og Indriði Þorkelsson lögmaður.)

Steinn Jónsson og Sigurgeir Ómar Sigmundsson vegna Stóru-Hnausa og Hamraenda.

Kristján Rósberg Guðmundsson, Elín Guðrún Gunnlaugsdóttir, Kristjana Leifs-dóttir, Jóhannes Brynjólfur H. Áspórsson, Kristófer Valdimarsson, Hjörtur Valdimarsson, Karólína Rut Valdimarsdóttir, Gunnlaugur Þór Kristfinnsson, Christa Hörpudóttir, Gunnar Áspórsson, Katrín Guðmundsdóttir, Kristján Hafsteinn Leifsson, dánarbú Sæbjörns Valdimarssonar, Þorvarður Gunnlaugs-son, Ólína Gunnlaugsdóttir, Kristín Erla Valdimarsdóttir, Valgerður G. Valdimarsdóttir, Jóna Guðríður Hörpudóttir, dánarbú Kristjáns Gunnlaugssonar og Sigurbjörg Fjóla Farrell vegna Miðvalla.

Björg Pétursdóttir vegna Gíslabæjar.²

Vestureignir ehf. vegna Brekkubæjar.²

Christine Marie Blin, Allan Bin Cheng, Mette Milsgaard, Ivan Milsgaard Cheng og Erik Cheng vegna Skjaldartraðar.²

Sigríður Jóna Þórisdóttir vegna Laugarbrekku.²

(Ólafur Björnsson lögmaður.)

¹ Sjá einnig aðilaskrá (fylgiskjal I). Auk þeirra sem hér eru nefndir var við meðferð málsins lýst kröfum vegna Faxastaða af hálfu Steins Jónssonar og Sigurgeirs Ómars Sigmundssonar; Ytri-Bugs af hálfu Sigurðar Kristjónssonar, Jóhönnu Elisabetar Pálsdóttur, Einars Kristjónssonar, Óldu Jóhannesdóttur og Guðmundar K. Kristjónssonar; Fossárdals af hálfu Snæfellsbæjar og Arnarstapalands af hálfu Snæfellsbæjar. Eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins í málinu tilkynntu framangreindir aðilar að þeir létu málið ekki frekar til sín taka, fyrir utan kröfur um málskostnað. Málskostnaður vegna þessara aðila var úrskurðaður á fundi nefndarinnar 12. desember 2018 og greiddur út í kjölfarið. Hans er jafnframt getið í úrskurðarorðum, sbr. kafla 7.

² Jarðirnar Gíslabær, Brekkubær, Skjaldartröð og Laugarbrekka teljast til svokallaðra Hellnajarða og eigendur þeirra gera sameiginlega kröfu vegna Hellna, sbr. kafla 3.9.

2 MÁLSMEÐFERÐ

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk skv. 7. gr:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka laganna og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

2.2 Snæfellsnes ásamt fyrrum Kolbeinsstaðahreppi og fyrrum

Skógarstrandahreppi (svæði 9B) tekið til meðferðar

Með bréfi dagsettu 17. september 2014 var fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar um að taka til umfjöllunar svæði 9, sbr. 8. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998 og veittur frestur til 18. desember 2014 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu, væri um slíkar kröfur að ræða.

Landsvæði þetta, hið ellefta í röðinni hjá óbyggðanefnd,³ tók til Dalabyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Helgafellssveitar, Stykkishólmsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Snæfellsbæjar, hluta Strandabyggðar (fyrrum Broddaneshrepps), hluta Húnaþings vestra (fyrrum Bæjarhrepps) og hluta Borgarbyggðar (fyrrum Kolbeinsstaðahrepps). Með bréfi dagsettu 30. september 2015 tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðherra að ákveðið hefði verið, vegna knappra fjárheimilda nefndarinnar og að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, að skipta svæði 9 í þrennt. Landsvæði það sem hér er til umfjöllunar, eftir þessa breytingu, er auðkennt sem svæði 9B, þ.e. Snæfellsnes ásamt fyrrum Kolbeinsstaðahreppi og fyrrum Skógarstrandahreppi. Að fengnu álitum sérfræðinga Þjóðskjalasafnsins um tilhögun gagnaöflunar þótti fara best á því að fjalla um Skógarstrandahrepp með Snæfellsnesi (svæði 9B).

Að teknu tilliti til framangreindra breytinga afmarkast svæði 9B svo við málsmeðferð óbyggðanefndar: Að suðaustanverðu afmarkast svæðið af austurmörkum fyrrum Kolbeinsstaðahrepps, allt frá hafi og til norðurs þar til komið er að austurmörkum fyrrum Skógarstrandahrepps. Þaðan er austurmörkum fyrrum Skógarstrandahrepps fylgt til norðurs að hafi. Að sunnan-, vestan-, og norðanverðu afmarkast svæðið af hafi.

³ Upphaflega var landinu skipt í ellefu svæði við málsmeðferð nefndarinnar. Svæðum 7 og 8 var báðum skipt í tvennt á síðari stigum, þ.e. svæði 7A, 7B, 8A og 8B. Svæði 9 var því hið ellefta í röðinni þegar þarna var komið sögu.

Að teknu tilliti til framvindu gagnaöflunar og þeirrar uppskiptingar svæðisins í svæði 9A og 9B sem að framan er greint frá var frestur fjármála- og efnahagsráðherra til að lýsa kröfum á svæðinu nokkrum sinnum framlengdur að beiðni íslenska ríkisins, síðast til 8. febrúar 2018.

Hlutaðeigandi sýslumannsembætti og sveitarfélögum var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar um að taka svæðið til meðferðar og gerð grein fyrir framhaldinu.

2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendum á svæði 9B bárust óbyggðanefnd 8. febrúar 2018. Óbyggðanefnd birti tilkynningu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 23. sama mánaðar, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 25. maí 2018. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Útdráttur úr efni tilkynningarinnar var birtur með auglýsingum í dagblöðum, sbr. sama lagaákvæði.

Kröfur fjármála- og efnahagsráðherra voru gerðar aðgengilegar almenningi á skrifstofum Borgarbyggðar, Dalabyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar og á skrifstofum sýslumannsins á Vesturlandi á Hellissandi og í Stykkishólmi, auk þess sem þær voru birtar á vefsíðu óbyggðanefndar. Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var síðar framlengdur til 22. júní 2018.

Eftir að kröfur annarra en íslenska ríkisins komu fram var gefið út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og voru þær færðar inn á uppdrátt. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofu sýslumannsins á Vesturlandi á Hellissandi og í Stykkishólmi frá 30. júlí til og með 30. ágúst 2018, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 6. september 2018. Framangreind kynningargögn voru jafnframt aðgengileg á skrifstofum Borgarbyggðar, Dalabyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar, skrifstofu óbyggðanefndar og vefsíðu óbyggðanefndar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, tók til 5 aðgreindra svæða. Á móti bárust 22 kröfulýsingar ýmissa aðila sem sumar sköruðust.

2.4 Mál nr. 1/2018, Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans.

Við fyrstu fyrirtöku mála á svæði 9B, sem fram fór 22. júní 2018, ákvað óbyggðanefnd að fjalla um ágreiningsmál á svæðinu í fjórum aðskildum málum, þ.e. mál nr. 1/2018, Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans, mál nr. 2/2018, Landsvæði milli

Hraunhafnardals, Mælifells og Bjarnarfossdals, mál nr. 3/2018, Eyrarbotn og mál nr. 4/2018, Fjalllendið milli Elliða og Lágafells auk Baulárvalla.

Við sömu fyrirtöku var farið yfir forsögu meðferðar svæðis 9B og stöðu kynningar krafna aðila. Gerð var grein fyrir því að óbyggðanefnd skipuðu í málinu þau Ása Ólafsdóttir formaður, Allan V. Magnússon varaformaður og Hulda Árnadóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl í málinu, ásamt skjalaskrá, og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Skorað var á lögmenn að fara yfir tiltekin atriði af sinni hálfu og gera athugasemdir ef þeir teldu ástæðu til. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á landsvæði á ágreiningssvæðinu, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Enn fremur var sérstaklega vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendlaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendlaga. Farið var yfir áætlun um framvindu málsmeðferðar á svæðinu, sem sett var fram með fyrirvara um framvindu gagnaöflunar og umfang mála þegar henni yrði lokið.

Vettvangsferð vegna máls nr. 1/2018 fór fram 30. og 31. ágúst 2018. Fjallað er um hana í kafla 4.3 hér á eftir.

Önnur fyrirtaka mála á svæði 9B var haldin sameiginlega vegna allra málanna 13. september 2018. Lögð voru fram skjöl í málinu, ásamt skjalaskrá. Í fundarboði vegna fyrirtökunnar kom fram að tilgangur hennar væri m.a. sá að leita sátta með aðilum í samræmi við hlutverk óbyggðanefndar skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 58/1998. Þeim til-mælum var beint til málsaðila og fulltrúa þeirra að leitast við að sætta kröfulínur og málin að öðru leyti, eins og hægt væri. Formaður nefndarinnar gerði grein fyrir því að á grundvelli rannsóknarskyldu óbyggðanefndar skv. 5. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 hygðist nefndin afla upplýsinga frá Veðurstofu Íslands um vatnaskil og upptök áa þar sem merkjum og kröfum væri lýst um vatnaskil og annars staðar þar sem nefndin teldi að það geti haft þýðingu við úrlausn málanna. Því var beint til lögmanna að huga að því hvort slíkar upplýsingar gætu stuðlað að frekari samræmingu kröfulína og mögulegum sáttum í málunum. Ræddir voru möguleikar á samræmingu kröfulína í málinu, sérstaklega í tengslum við ágreiningssvæðin við Arnarstapaland og Fossárdal. Fram kom í máli lögmanna ríkisins að til greina kæmi að samræma kröfulínur á fyrrgreindum svæðum en að þeir vildu bíða endanlegra kröfulýsinga í málinu áður en til þess kæmi. Í ljósi nýrra upplýsinga um staðsetningu Ytri-Bugs var kallað eftir afstöðu fulltrúa lögmanns eigenda jarðarinnar til áframhaldandi aðildar þeirra að málinu. Fram kom í máli fulltrúa lögmanns eigenda Ytri-Bugs að misskilningur hefði ráðið því að upphaflega hefði verið gerð krafa vegna jarðarinnar og í kjölfar þess að hann hefði verið leiðréttur væri litið svo á að þeir ættu ekki lengur aðild að málinu.

Þriðja fyrirtaka mála á svæði 9B var haldin sameiginlega vegna allra málanna 12. október 2018. Lögð voru fram skjöl í málinu, ásamt skjalaskrá. Tilgangur fyrirtökunnar var að halda áfram þeirri sáttaumleitan sem hófst við aðra fyrirtöku. Formaður gerði grein fyrir því að nefndin hefði aflað upplýsinga um vatnaskil frá Veðurstofu Íslands á tilteknum svæðum í málinu, og að þeim hefði verið varpað inn á kröfulínukort sem lögð hefðu verið fram. Formaður kannaði afstöðu lögmannna til möguleika á sáttum í málinu. Lögmaður ríkisins lýsti því að hann teldi líklegt að kröfulína ríkisins á ágreiningssvæði við Arnarstapaland yrði færð, með fyrirvara um útfærslu. Þá upplýsti lögmaður ríkisins að kröfulína ríkisins á ágreiningssvæði vegna Fossárdals yrði aðlöguð kröfulínu gagnaðila ríkisins. Lögmaður eigenda Stóru-Hnausa, Faxastaða og Hamraenda lagði fram ný kort yfir kröfusvæði umbjóðenda sinna og boðaði leiðréttu kröfulýsingu vegna þeirra. Formaður veitti lögmonnum frest til 1. nóvember 2018 til að leiðréttu kröfulínur og kröfulýsingar. Ólafur Björnsson, lögmaður, upplýsti að hann hefði átt í viðræðum við landeigendur á Hellnum um mögulega aðkomu þeirra að málinu. Formaður beindi því til lögmannsins að kanna til hlítar hvort þeir hygðust lýsa kröfum í málinu.

Fjórða fyrirtaka mála á svæði 9B var haldin sameiginlega vegna allra málanna 5. nóvember 2018. Lögð voru fram skjöl í málinu, ásamt skjalaskrá. Lagðar voru fram nýjar kröfulýsingar vegna Miðvalla og Hellnajarða, en lögmaður ríkisins gerði aðspurður ekki athugasemdir við framlagningu þeirra. Formaður tilkynnti að nefndin hefði ákveðið að gefa lögmonnum þeirra landeigenda sem ekki myndu eiga aðild að málinu eftir samræmingu kröfulína kost á að senda nefndinni málskostnaðaryfirlit vegna vinnu þeirra til þessa. Nefndin myndi í kjölfarið taka ákvörðun um greiðslu málskostnaðar til þeirra, fyrir áramót. Lögmaður ríkisins boðaði að kröfulína ríkisins í málinu yrði samræmd kröfulínu eiganda Fossárdals og einnig færð vestar milli punkta nr. 6 og 7 á kröfulínukorti þannig að Arnarstapaland félli utan kröfulínunnar. Lögmenn upplýstu að uppfærslu á kröfulínukorti væri að vænta fljótlega. Ákveðið var að veita íslenska ríkinu frest til 26. nóvember 2018 til að skila greinargerð vegna málsins og að í kjölfarið fengju gagnaðilar ríkisins frest til 21. desember 2018 til að skila sínum greinargerðum.

Við fimmtu fyrirtöku mála á svæði 9B, sem var haldin sameiginlega vegna allra málanna 26. nóvember 2018, var lögð fram greinargerð í málinu af hálfu íslenska ríkisins. Þar kom fram að gerð væri breyting á kröfugerð ríkisins að því er varðaði mörk þjóðlendukröfu gagnvart suðurmerkjum jarðarinnar Fossárdals. Punktur nr. 12 á upphaflegri kröfulínu ríkisins í Folahnjúk var felldur niður og í stað þess að kröfulínan færi beina línu milli Folahnjúks og Geldingafells var miðað við að hún færi frá punkti á vatnaskilum við Hamraendafjall, sunnan við Folahnjúk, eftir vatnaskilum í Geldingafell, til samræmis við kröfulínu gagnaðila ríkisins vegna Fossárdals. Auk þess voru lögð fram önnur skjöl í málinu ásamt skjalaskrá. Í samræmi við það sem áður hafði verið rætt var gagnaðilum íslenska ríkisins veittur frestur til 21. desember 2018 til að skila greinargerðum í málinu.

Sjötta fyrirtaka mála á svæði 9B var haldin sameiginlega vegna allra málanna 14. janúar 2019. Upphaflega stóð til að fyrirtakan færi fram 21. desember 2018, að liðnum greinargerðarfresti gagnaðila íslenska ríkisins, en henni var seinkað eftir að fallist var á að framlengja frestinn til 11. janúar 2019. Við fyrirtökuna voru lagðar fram greinargerðir gagnaðila íslenska ríkisins ásamt öðrum skjölum í málinu og skjalaskrá. Formaður upplýsti að eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins, sem fram komu í greinargerð þess, hefðu orðið breytingar á aðild að málinu. Þannig hefðu lögmenn og fyrirsvarsmenn eigenda jarðanna Fossárdals, Ytri-Bugs, Faxastaða og Arnarstapalands staðfest að þeir létu málin ekki frekar til sín taka, fyrir utan kröfu um málskostnað. Jafnframt kom fram að málskostnaður vegna þeirra hefði verið úrskurðaður á fundi nefndarinnar 12. desember 2018 og greiddur í kjölfarið.⁴ Þá tilkynnti formaður að ákveðið hefði verið að aðalmeðferð í málum nr. 1–4/2018 færi fram á Hótel Búðum á Snæfellsnesi 28. febrúar 2019.

Aðalmeðferð mála á svæði 9B var haldin sameiginlega vegna allra málanna 28. febrúar 2019 á Hótel Búðum á Snæfellsnesi. Formaður hóf fundinn á að þakka heimaönnum sérstaklega fyrir aðstoð við að upplýsa málin, m.a. á vettvangi og með því að mæta til skýrslugjafar. Því næst voru lögð fram skjöl í málunum ásamt skjalaskrá. Að því búnu fóru fram skýrslutökur sem nánar er gerð grein fyrir í kafla 4.4. Að skýrslutökum loknum var gert hádegishlé. Aðalmeðferðinni var fram haldið með málflutningi og voru mál 1–4/2018 flutt sameiginlega. Lögmaður íslenska ríkisins tók fram að á þeim svæðum þar sem ekki hefðu komið fram gagnkröfur eða þar sem ríkið gæti verið gagnaðili væri það ósk ríkisins að óbyggðanefnd kannaði samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda. Lögmaður íslenska ríkisins gerði jafnframt fyrirvara við legu kröfulínu ríkisins um Grafarhnjúk (punktur nr. 11) á kröfulínukorti og upplýsti að kröfulínan væri þar dregin í samræmi við nytjalandslínu en þetta mætti skoða betur. Þá gerði lögmaður íslenska ríkisins grein fyrir því að samkvæmt minnisblaði frá Ríkiseignum um Arnarstapa, sem lagt var fram við aðalmeðferðina, hefði íslenska ríkið, eigandi Arnarstapa, litið svo á að land Arnarstapa næði upp að jökli en engar tilgreindar heimildir væru fyrir þeirri lýsingu. Aðspurð um hvort þessar upplýsingar breyttu kröfu íslenska ríkisins sagði hún að svo væri ekki. Að loknum málflutningi lögmenns íslenska ríkisins flutti málið lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins. Við lok aðalmeðferðar gerði formaður grein fyrir því að frekari gögn kynnu að koma í leitirnar, m.a. vegna útistandandi gagnaöflunarbeiðna hjá sýslumanns-embætti o.fl. Málið yrði tekið aftur fyrir af því tilefni. Formaður áréttaði að lögmenn fengju færi á að tjá sig um þau gögn sem kæmu fram síðar og að óbyggðanefnd rannsakaði þau til jafns við önnur gögn.

Síðari vettvangsferð vegna máls nr. 1/2018 fór fram 11. júní 2019. Hún var farin þar sem skyggni var mjög lélegt í fyrri vettvangsferð nefndarinnar auk þess sem ekki höfðu

⁴ Málskostnaðarins er jafnframt getið í úrskurðarorðum, sbr. kafla 7.

borist kröfur frá eigendum Miðvalla og Hellna á þeim tíma. Fjallað er nánar um hana í kafla 4.3 hér á eftir.

Við 8. fyrirtöku 14. ágúst 2019 voru formlega lögð fram skjöl sem höfðu komið í leitirnar frá því að aðalmeðferð lauk. Þau höfðu þó áður verið send lögmönnum rafrænt. Bókað var um rökstuðning íslenska ríkisins fyrir kröfupunkti nr. 11, Grafarhnúki, sem áður hafði verið sendur nefndinni og lögmanni gagnaðila ríkisins. Þá var bókað um tilfærslu á punkti nr. 10, Þrísteinum, á kröfulínu ríkisins til samræmis við staðsetningu gagnaðila ríkisins á örnefninu. Þessi tilhögun hafði áður verið tilkynnt nefndinni og lögmanni gagnaðila ríkisins sem gerði ekki athugasemdir. Jafnframt upplýsti formaður um seinni vettvangsferð nefndarinnar í málinu sem farin var 11. júní 2019 og lögmönn- um var gefinn kostur á að koma með í. Að því loknu tilkynnti formaður að málið væri tekið til úrskurðar.

3 KRÖFUGERÐ⁵

3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Af hálfu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er kröfum í málinu lýst í tveimur hlutum. Í endanlegri kröfugerð er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis:

Annars vegar Snæfellsjökull:

Upphafspunktur er á þeim stað á jaðri Snæfellsjökuls sem er styst frá hábrún Geldingafells eystri (1), þaðan er farið réttsælis meðfram jökuljaðrinum uns komið er á fyrrenefndan upphafspunkt.

Hins vegar landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls:

Upphafspunktur er á vatnaskilum við Hamraendafjall sunnan við Folahnjúk (1), þaðan er farið eftir vatnaskilum milli norðurs og suðurs, vestur í Geldingafell eystra (2), þaðan stystu leið að jökuljaðri Snæfellsjökuls (3), jökuljaðri er fylgt suður og síðan vestur að þeim stað í jökuljaðrinum sem er á mótis við Merkjahrygg (4) sem er á merkjum milli jarðanna Malarrifs og Dagverðarár, þaðan úr jökuljaðrinum beina sjónhendingu í Stagfell (5) og þaðan beina sjónhendingu í merkjastrípu (stóran klett) í vesturhlíð Stapafells (6), þaðan er farið sjónhendingu í vesturbarm Rauðfeldsgjár (Rauðfeldargjár) (7), sem er ofarlega í Botnsfjalli, svo bein sjónhending í Barnsá (8) þar sem hún fellur fram af hamrinum (Hnausahryggjum), þaðan í upptök Hamraendalækjar (9), þaðan sjónhending í Þrístaina (10), þaðan er farið beint norður yfir Grafarhnjúk (11), og þaðan upp á vatnaskil við Hamraendafjall sunnan við Folahnjúk, sem er upphafspunktur.

3.2 Kröfur vegna Arnarstapalands

Við meðferð málsins kom fram af hálfu eiganda Arnarstapalands kröfulýsing þar sem þess var krafist að framkominni þjóðlendukröfu ríkisins til landsins yrði hafnað og að viðurkenndur yrði beinn eignarréttur þinglýsts eiganda jarðarinnar að öllu landi hennar. Þess var krafist að viðurkennt yrði að heildarlandamerki jarðarinnar væru samkvæmt kaupsamningi við íslenska ríkið dags. 16. september 2003, þar sem segði:

Umhverfissráðherra, Vonarstræti 4 Reykjavík, f.h. ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459, selur hér með og afsalar Snæfellsbæ kt. 510694-2449, Snæfellsási 2, Hellissandi, jörðina Arnarstapa, Snæfellsbæ, Snæfellsnesi, fyrir neðan þjóðveg, með öllu því sem að jörðinni fylgir og fylgja ber þ.m.t. öll smábýli, spildur, lóðir og mannvirki sem að ríkissjóður á. Um er að ræða allt land fyrir neðan þjóðveg nr. 574; Útnesveg, sbr. staðfesta breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar Arnarstapa og Hellnar 1995–2015, frá 19. mars 2003, sem er í eigu ríkissjóðs að landamerkjum Arnarstapa og Hellna að vestan og landamerkjum Grímsstaða og Arnarstapa að austan skv. landamerkjabók og að sunnanverðu að friðlýstu svæði við ströndina. Ekki er ágreiningur um landamerki.

Undanskilið hinni seldu eign er allt friðlýst svæði skv. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 284/1988, um friðun lands við Stapa og Hellna. Einnig eru undanskilin þau mannvirki sem á jörðinni standa sem ekki eru í eigu ríkissjóðs.

Lóðaleigusamningar/ábúðasamningar sem í gildi eru á svæðinu fylgja hinni seldu eign.

⁵ Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (aðilaskrá) og III (kort).

Landið er afsalað í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við í alla staði.

Þá var krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, Snæfellsbæ að skaðlausu.

Eftir að framangreindum kröfum var lýst af hálfu eiganda Arnarstapalands færði íslenska ríkið kröfulínu sína til samræmis við hana. Að því búnu var ekki lengur uppi efnislegur ágreiningur um það landsvæði sem kröfugerð eiganda Arnarstapalands tók til og lét hann málið ekki frekar til sín taka eftir það, fyrir utan kröfu um málskostnað.⁶ Málskostnaður vegna Arnarstapalands var úrskurðaður á fundi nefndarinnar 12. desember 2018 og greiddur út í kjölfarið. Hans er jafnframt getið í úrskurðarorðum, sbr. kafla 7.

3.3 Kröfur vegna Stóru-Hnausa.

Af hálfu eigenda hálfrar jarðarinnar Stóru-Hnausa er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, í land Stóru-Hnausa verði hafnað og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist jörðin öll innan þinglýstra landamerkjja undirorpin beinum eignarrétti landeigenda.

Þess er krafist að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar Stóru-Hnausa séu í samræmi við neðangreindar heimildir, sbr. kröfulínur á framlögðum uppdrætti af landamerkjum og hornpunktaskrá:

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Stóru-Hnausa í Breiðuvíkurbreppi, þar sem segi:

1, Á milli Litlu-Hnausa og Stóru-Hnausa, úr Torfárhólma í upptök Torfár og þaðan sjónhending í Rauðfeldarhá. 2, Á milli Faxastaða og Stóru-Hnausa, úr Balasteini í Mókolluþúfu, úr Mókolluþúfu í Smirilsstein og þaðan í Gyltutótt, svo úr Gyltutótt í Barnárauga. 3, Á milli Hamraenda og Stóru-Hnausa, úr Barnsá, þar sem hún fellur fram af hamrinum í stein, sem stendur við Hamraendalæk að austan verðu, og þaðan í upptök Hamraendalækjar. 4, Rekamerki milli Faxastaða og Stóru-Hnausa, eru úr Balasteini og í stóran stein fyrir austan Hamraendalæk, sem kallaður er Oddur, þaðan í grjótskriðu fyrir vestan Hamraendalæk.

Örnefnaskrá Lúðvíks Kristjánssonar fyrir Hamraenda, Stóru- og Litlu-Hnausa, skráð árið 1935, þar sem segi m.a.:

Fyrir utan Barná er Stóru-Hnausahlíð. Hryggurinn, sem er næstur upp undan Stóru-Hnausum, uppi í hrauninu, heitir Skolli. Niður með Stóru-Hnausahrauni að sunnan er Löngulág. Beint út undan Stóru-Hnausum eru Vatnslágar. Fyrir utan Stóru-Hnausahraun er Stóru-Hnausabotn og nær hann út undir Rauðfeldargjá í Botnsfjalli, en upp undan botninum eru Botnsfjall. Fyrir ofan hraunið að bera í Jökullþúfuna er Náttmála-hnúkur og enn ofar Brennivinsþúfa.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

⁶ Í þessu sambandi skal þess getið að ekki var skilað greinargerð í málinu vegna Arnarstapalands, en greinargerðarfrestur gagnaðila íslenska ríkisins rann út eftir að umrædd breyting var gerð á kröfulínu íslenska ríkisins.

3.4 Kröfur vegna Faxastaða

Við meðferð málsins kom fram af hálfu eigenda Faxastaða kröfulýsing þar sem þess var krafist að framkominni þjóðlendukröfu ríkisins til lands Faxastaða yrði hafnað og að viðurkenndur yrði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda jarðarinnar að öllu landi hennar. Þess var krafist að viðurkennt yrði að heildarlandamerki jarðarinnar væru samkvæmt landamerkjaskrá fyrir mensaljörðum Setbergskirkju í Eyrarsveit frá 10. júní 1885, þar sem segði um merki Faxastaða:

A. landamerki Faxastaða að austanverðu: Barnaá, allt í Faxaós, foss hennar í hamrinum, sjónhending í Móstein. B. Landamerki að vestanverðu: Við Torfá er Lágengisbæli, á honum er stór steinn skammt fyrir ofan veginn, annar milli Faxastaða og Hnausa, nærri jarðopinum enn annar stendur á leið til Litlu-Hnausa fyrir utan Mólkollstaði að sjá út og niður frá Faxastöðum, þeir eru á sjónarlínu yfir miðja hraunsnoppu og upp í Barnaá, sem rennur til landsuðurs og gjörir odd á landið, og niður beint til sjóar frá kalanum.

Þá var krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar og framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

Eftir að framangreindum kröfum var lýst af hálfu eigenda Faxastaða færði íslenska ríkið kröfulínu sína til samræmis við hana. Að því búnu var ekki lengur uppi efnislegur ágreingur um það landsvæði sem kröfugerð eigenda Faxastaða tók til og létu þeir málið ekki frekar til sín taka eftir það, fyrir utan kröfu um málskostnað.⁷ Málskostnaður vegna Faxastaða var úrskurðaður á fundi nefndarinnar 12. desember 2018 og greiddur út í kjölfarið. Hans er jafnframt getið í úrskurðarorðum, sbr. kafla 7.

3.5 Kröfur vegna Hamraenda

Af hálfu eigenda Hamraenda er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, í land Hamraenda verði hafnað og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist jörðin öll innan þinglýstra landamerkja undirorpin beinum eignarrétti landeigenda.

Þess er krafist að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar Hamraenda séu í samræmi við neðangreindar heimildir, sbr. kröfulínur á framlögðum uppdrætti af landamerkjum og hornpunktaskrá:

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðina Hamraenda í Breiðuvíkurbreppi, þar sem segi:

1, Á milli Grafar og Hamraenda, er sjónhending úr Baululækjarauga í mitt Bauludý og þaðan í Þristeina, þaðan í fjallseggar. 2, Á milli Faxastaða og Hamraenda ræður Barna í Barnárauga, þar sem mætast landamerki Faxastaða og Stóru-Hnausa, og úr þeim sjónhending í stóran stein, sem kallast Oddur og þaðan í Hamraendalækjarupptöku.

Örnefnaskrá Lúðvíks Kristjánssonar fyrir Hamraenda, Stóru- og Litlu-Hnausa, skráð árið 1935, og örnefnaskrá fyrir Hamraenda skráð 20. maí 1977, þar sem segi m.a.:

⁷ Í þessu sambandi skal þess getið að ekki var skilað greinargerð í málinu vegna Faxastaða, en greinargerðarfestur gagnaðila íslenska ríkisins rann út eftir að umrædd breyting var gerð á kröfulínu íslenska ríkisins.

Hamraendar eiga í hæstu eggjar á Hamraendafjalli, en það er um langan hrygg sem nær frá Barnárdrögum og austur að Kambsskarði. Af þessum hrygg fer svo að halla norður af.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

3.6 Kröfur vegna Ytri-Bugs

Við meðferð málsins kom fram af hálfu eigenda jarðarinnar Ytri-Bugs kröfulýsing þar sem þess var krafist að framkominni þjóðlendukröfu ríkisins til lands Ytri-Bugs yrði hafnað og viðurkenndur yrði beinn eignarréttur þinglýstra eigenda jarðarinnar að öllu landi hennar. Þess var krafist að viðurkennt yrði að heildarlandamerki jarðarinnar væru samkvæmt neðangreindum heimildum:

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Bug ytri í Neshrepp innan Ennis frá 25. maí 1889, þar sem segði:

1, Á milli Bugs innri og Bugs ytri, eru túnmerkin þar á milli gil, sem rennur á milli bæjanna, sem kallað er Bugsgil. 2, Á milli Arnarhóls og Bugs ytri eru engjamerkin þessi: Úr sýkispitti í græna þúfu, og úr henni í sýkisivik úr Bugsvaðli. 3, Á milli Haugabrekku og Bugs ytri, sjónhending úr Lambhaga og í Móabarð niður við Bugsvaðal.

[...] Athugasemd. Fjalland og beitiland er óskipt á milli Buganna og Arnarhóls og sömuleiðis er óskipt rekapláss og veiðistöð var milli framannendra jarða.

Landamerkjaskrá um landamerki milli jarðanna Fróðár, Arnarhóls og Ytri-Bugs frá 27. júlí 1947, þar sem segði:

I, Milli Fróðár og Arnarhóls ræður mörkum bein lína út Fólaldavík í rjúkanda í Kjós-dalsá, þaðan ræður hún í Fróðá, og ræður svo Fróðáin niður í suðausturhorn í vestari brúarstöpul Fróðárbrúar, þaðan bein lína um vörðu sem er hornmarks varða milli Arnarhóls og Ytri-Bugs, og er sú varða sem hliðarmerki milli Fróðár í beinni línu frá fyrrnefndum brúarstólpa í vörðu á engjaodda. II, Milli Ytra-Bugs og Fróðár, eru merkin úr fyrrnefndri hornmarksvörðu í áðurnefndan engjaodda, þaðan eru merkin eftir gamla árfarveginum í gegnum Bugðsvaðal þar til gamli Bugsós tekur við, og ræður svo gamli farvegur hans til sjávar skv. herforingjakorti frá 1910.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Fossárdal frá 18. júní 1885, þar sem segði um landamerki milli Fossárdals, Buga og Arnarhóls, sem væru ein jörð:

a. Fyrst frá Folahnjúk er stendur á fjallseggjunum, þaðan í b. Miðfossa, sjónhending þaðan í c. Tvísteina, þaðan í d. Merarvörðu, þaðan í e. Blindaugu, þaðan í f. Hleinarhöfuð í sjó út.

Þá var krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar og framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

Eftir að fram kom að misskilingur hefði ráðið því að gerð hefði verið krafa vegna jarðarinnar létu eigendur hennar málið ekki frekar til sín taka fyrir utan kröfu um

málskostnað.⁸ Málskostnaður vegna Ytri-Bugs var úrskurðaður á fundi nefndarinnar 12. desember 2018 og greiddur út í kjölfarið. Hans er jafnframt getið í úrskurðarorðum, sbr. kafla 7.

3.7 Kröfur vegna Fossárdals

Við meðferð málsins kom fram af hálfu eiganda jarðarinnar Fossárdals kröfulýsing þar sem þess var krafist að framkominni þjóðlendukröfu ríkisins til lands Fossárdals yrði hafnað og viðurkenndur yrði beinn eignarréttur þinglýsts eiganda jarðarinnar að öllu landi hennar. Þess var krafist að viðurkennt yrði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt neðangreindum heimildum:

Landamerkjabréfi Fossárdals frá 18. júní 1885, þar sem segði:

1, Landamerki milli Fossárdals og Ólafsvíkur ræður Fossá frá Geldingafelli í sjó út. 2, Landamerki milli Fossárdals Buga og Arnarhóls, sem eru ein jörð a. Fyrst frá Folahnjúk er stendur á fjallseggjum, þaðan í b. Miðfossa, sjónhending þaðan í c. Tvisteina, þaðan í d. Merarvörðu, þaðan í e. Blindaugu, þaðan í f. Hleinarhöfða í sjó út.

Landamerkjabréfi Fossárdals frá 20. júní 1889, þar sem segi:

Milli Ólafsvíkur og Fossárdals ræður Fossá framan úr Geldingafelli til sjávar, en að austanverðu millum Bugs og Fossárdals, frá Folahnjúk, sjónhending í Tvisteina, þaðan í Merarvörðu, þaðan í Blindaugu og þaðan í Hleinarhöfuð og á sjó út.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

Eftir að framangreindum kröfum var lýst af hálfu eiganda Fossárdals færði íslenska ríkið kröfulínu sína til samræmis við hana. Að því búnu var ekki lengur uppi efnislegur ágreingur um það landsvæði sem kröfugerð eiganda Fossárdals tók til og lét hann málið ekki frekar til sín taka eftir það, fyrir utan kröfu um málskostnað.⁹ Málskostnaður vegna Fossárdals var úrskurðaður á fundi nefndarinnar 12. desember 2018 og greiddur út í kjölfarið. Hans er jafnframt getið í úrskurðarorðum, sbr. kafla 7.

⁸ Í þessu sambandi skal þess getið að ekki var skilað greinargerð í málinu vegna Ytri-Bugs, en greinargerðarfrestur gagnaðila íslenska ríkisins rann út eftir að umrædd breyting var gerð á kröfulínu íslenska ríkisins.

⁹ Í þessu sambandi skal þess getið að ekki var skilað greinargerð í málinu vegna Fossárdals, en greinargerðarfrestur gagnaðila íslenska ríkisins rann út eftir að umrædd breyting var gerð á kröfulínu íslenska ríkisins.

3.8 Kröfur vegna Miðvalla.

Af hálfu eigenda jarðarinnar Miðvalla er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, í land Miðvalla verði hafnað og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist jörðin öll innan þinglýstra landamerkja undirorpin beinum eignarrétti landeigenda.

Þess er krafist að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar Miðvalla séu í samræmi við neðangreindar heimildir, sbr. kröfulínur á framlögðum uppdrætti af landamerkjum og hornpunktaskrá:

Landamerkjabréf jarðarinnar Hellna, frá 27. ágúst 1887, þar sem segi um landamerki milli Hellna og Miðvalla:

Rekamerki eru klettasnös sú vestan til í Merarvík, sem uppgangurinn liggur eftir, en á land upp er sjónhending frá uppganginum í Grænurúst, og þaðan aftur í steininn í Steinhvammi og þaðan sjónhending í miðja Djúpugróf beint í fjall upp.

Dóm vegna landamerkjadeilna milli Miðvalla og Dagverðarár, afsagðan 12. ágúst 1795 og upplesin fyrir manntalsþingrétti að Brekkubæ 19. maí 1824, þar sem segi:

Svo sem að bæde fleiri og sterkari vitni segia að Dagvard[a]rá [svo] skuli ráða Landamerkium að nedan og ecki Krumma[v]jarða en ollum beri saman um að midt Stagfell að of[a]n (!), ár Farvegurinn kann ecki heldur að hafa breitt so [m]okid að hann hafi nockurn tjma verid hiá Krumma[v]ordu, Landid sínir sig siálfst á jafndýrum jordum [?]líkt að vera á Prop(r)ietair [svo] Jordinni Dagverdará og kongs[j]jordunni Midvollum ef Dagverdará skyldi e[i]ga í Krumma[v]ordu og Midvellir ecki nema þar fyrir austan. Þá í an[l]jeding af ollu þessu álitist fyrir Rétt: Ad landamerki milli kongsjararinnar Midvalla og Proprietair [svo] Jarðarinnar Dagvardará [svo] skulu hier eptir álitast, að ofan í midt Stagfell og að nedan í Steinin[n] í ána Siónehending, so að Midvellir eigae alt þar fyrir Austan, og Daverdará að vestan.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

3.9 Kröfur vegna Gíslabæjar, Brekkubæjar, Skjaldartraðar og Laugarbrekku.¹⁰

Af hálfu eigenda Hellnajarðanna Gíslabæjar, Brekkubæjar, Skjaldartraðar og Laugarbrekku er þess krafist að framkominni þjóðlendukröfu fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, í land Hellna verði hafnað og að viðurkennt verði að enga þjóðlendu sé að finna innan merkja svæðisins, enda teljist jörðin öll innan þinglýstra landamerkja undirorpin beinum eignarrétti landeigenda.

Þess er krafist að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar Hellna séu í samræmi við neðangreindar heimildir, sbr. kröfulínur samkvæmt framlögðum uppdrætti af landamerkjum og hornpunktaskrá:

Landamerkjabréf jarðarinnar Hellna frá 27. ágúst 1887 þar sem segi:

1. Milli Hellna og Arnarstapa.

Klettur tveir standa í sjó fram af snös þeirri sem gengur vestan fram með Skollabrunni, úr dýpri klettinum sem bæði er hærri og meiri um sig, en sjónhending í fornan grjótgarð, sem liggur frá þjóðveginum á fyrinefndri snös upp í hraunið, sem liggur fram að Skollabrunni austan til við Sjóartröð, og helst sama sjónhending í merkja strýp, sem er klettur all stór í vestri hlíð Stapafells, Jökuls megið við Hjartað.

2. Milli Hellna og Hleinarpláss.

Á tünamerkjum milli Gíslabæjar og Melabúðar eru þrjú merkja steinar, einn fram við bjargbrún, annar í melbrún og hinn þriðji í gömlum túngarði milli stóruflatar að ofan og Melabúðar-traðar að neðan frá honum er sjónhending yfir ofanvert Hellnanes (Hveifarnes) í grjótgarðsspotta fram á bökkunum fyrir austan Króarfjöru í sjó fram, en undir bjarginu eru rekamerkin sjónhending úr merkjasteininum í melbrúninni í merkja-steininn á bjargbrúninni í sjó fram.

3. Milli Hellna og Miðvalla.

Rekamerki eru klettasnös sú vestan til við Merarvík, sem uppgangurinn liggur eftir, en á land upp er sjónhending frá uppganginum í Grænurúst, og þaðan aftur í steininn í Steinhvammi og þaðan sjónhending í miðja Djúpugróf beint í fjall upp.

Landamerkjaskýrsla fyrir jörðina Gíslabæ við Hellna, frá 11. júní 1885, þar sem segi m.a. að „Hellnaland [sé] óskipt til afnota allra hlutaðeigandi lögbýla á milli“.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

¹⁰ Þessar jarðir teljast til svokallaðra Hellnajarða og gera sameiginlega kröfu vegna jarðarinnar Hellna.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl í skjalaflokkum nr. 1–16 ásamt undirskjöllum, samtals 400 skjöl, auk 11 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. Þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fái stöð um einstök álitaefti.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem hér eru til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta var kynnt lögmennum málsaðila og engar athugasemdir komu fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings, auk Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Lögmennum aðila málsins var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Lögmennum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni, þ.e. skjals nr. 2, og minnisblaða um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum, sbr. hliðsjónargögn nr. 7–9. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. II, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (þ.e. undir yfirnúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins fimmtudaginn 30. ágúst 2018 og föstudaginn 31. ágúst 2018 í fylgd með lögmönnum aðila og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt voru með í för fulltrúar frá Þjóðskjalasafni Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Fimmtudaginn 30. ágúst var lagt af stað eftir hádegi frá Hellnum og ekið austur eftir Útnesvegi nr. 574 heim að bænum Hamraendum. Þar bættust í hópinn Hallsteinn Haraldsson, fyrrum bóndi í Gröf, og Sigurgeir Sigmundsson frá Hamraendum. Fyrir var með í för Sæmundur Kristjánsson frá Rifi. Ákveðið var, að höfðu samráði við heimamenn, að halda kortafund hjá Sigurgeiri á Hamraendum frekar en að aka um svæðið, enda var skyggni orðið mjög slæmt og þétt þoka til fjalla. Á kortafundinum var farið yfir kröfulínur í málinu og legu þeirra, sérstaklega hvað varðar kröfur vegna jarðanna Hamraenda og Stóru-Hnausa. Eftir fundinn var ákveðið að aka vestur eftir Útnesvegi nr. 574 að Jökulhálsleið nr. 570. Farið var að vegstæði gamla þjóðvegarins nr. 574 og austur eftir honum, að ágreiningssvæði vegna Arnarstapalands. Því næst var ekið áfram eftir Jökulhálsleið til norðurs innan ágreiningssvæðisins austan Snæfellsjökuls en skömmu eftir að komið var fram hjá Sönghelli var afráðið að snúa við, enda skyggni mjög slæmt og ljóst að lítið gagn yrði að áframhaldandi ferð um svæðið, að svo stöddu.

Föstudaginn 31. ágúst var vettvangsferð um ágreiningssvæði málsins fram haldið. Að þessu sinni var lagt af stað eftir hádegi frá Grundarfirði og ekið vestur eftir Snæfellsnesvegi nr. 54 og Útnesvegi nr. 574 að Fossá við Ólafsvík, á vesturmörkum ágreiningssvæðis vegna Fossárdals. Þar bættust í hópinn Sæmundur Kristjánsson frá Rifi og Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar. Ekið var suður eftir Jökulhálsleið nr. 570 að ágreiningssvæði á suðurmörkum ágreiningssvæðis vegna Fossárdals. Numið var staðar við Geldingafell og aftur aðeins sunnar þar sem sást yfir fjallstoppa á svæðinu. Að því loknu var haldið áfram suður Jökulhálsleið og stoppað nokkru norðan við Stapafell, þaðan sem vel sást yfir Stapafell og sunnanvert ágreiningssvæðið austan Snæfellsjökuls. Einnig voru könnuð ummerki eftir vikurnám Jóns Loftssonar á svæðinu. Því næst var ekið að rótum Stapafells þaðan sem vel sást yfir ágreiningssvæði vegna Arnarstapalands. Að því búnu var haldið til Reykjavíkur.

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins öðru sinni þriðjudaginn 11. júní 2019. Með í för var fulltrúi lögmanns gagnaðila íslenska ríkisins og starfsfólk óbyggðanefndar. Lagt var af stað frá Hellnum eftir hádegi og ekið vestur eftir Útnesvegi nr. 547 að slóða sem liggur í norður í átt að Snæfellsjökli, við afleggjarann að Dagverðará. Þegar komið var á enda slóðans gekk hópurinn lengra norður, að Djúpugróf eins og hún hefur verið staðsett af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins. Að göngunni lokinni var ekið aftur niður á Útnesveg og austur eftir honum að Jökulhálsleið nr. 570. Ekið var upp á Jökulhálsinn eftir Jökulhálsleið, með viðkomu á leiðinni þar sem útsýni var yfir sunnanvert ágreiningssvæðið. Af Jökulhálsinum sást vel til allra átta yfir svæðið, enda skyggni mjög gott. Að því búnu var ekið niður á Útnesveg á ný og hann ekinn austur að Rauð-

feldargjá. Því næst var ekið austur í land Hamraenda, þaðan sem útsýni var yfir Barná, Hamraendalæk og Þórishamar. Að því búnu var haldið til Reykjavíkur.

4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Björg Pétursdóttir á Gíslabæ, Hellnum, Hallsteinn Haraldsson, fyrrum bóndi í Gröf, og Kristinn Jónasson, Ólafsvík, bæjarstjóri Snæfellsbæjar. Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

5 SAGA LANDSVÆÐA

Í þessum kafla verður rakin saga svæðanna sem málið varðar. Í fyrstu er greint frá elstu ritheimildum um landnám þar og síðan heimildum um afrétti og afréttarnot. Því næst verða raktar heimildir um ágreiningssvæði málsins og aðliggjandi jarðir, einkum afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Umfjöllun um þær jarðir sem liggja að ágreiningssvæðunum takmarkast oftast við heimildir um afmörkun. Að mestu er fylgt tímaröð í hverjum kafla.¹¹

5.1 Landnám

Sturlubók og Hauksbók *Landnámu* greina svo frá landnámi Álfarins Valasonar að norðanverðu við ágreiningssvæðið:

Álfarinn Váason hafði fyrst numit nesit á milli Beruvíkrhrauns ok Ennis. Hans synir voru þeir Höskuldr, er bjó at Höskuldsám, ok Ingjaldr, er bjó á Ingjaldshváli, en Goti at Gotalæk, en Hólmkell at Forsi við Hólmkelsá.¹²

Efnislega samhljóða lýsingu á landnámi Álfarins er að finna í Melabók *Landnámu*.¹³

Í Hauksbók, Melabók og Sturlubók *Landnámu* greinir svo frá landnámi Ólafs belgs að norðaustanverðu við ágreiningssvæðið:

Óláfr belgr hét maðr, er nam land fyrir innan Enni allt til Fróðár ok bjó í Óláfsvík.¹⁴

Sturlubók *Landnámu* greinir svo frá landnámi Sölva að suðaustan- og austanverðu við ágreiningssvæðið:

Sölvi hét maðr, er nam land milli Hellis ok Hraunhafnar. Hann bjó í Brenningi, en síðar á Sölvahamri, því at hann þóttist þar vera gagnsamari.¹⁵

Í Hauksbók *Landnámu* segir um landnám Sölva:

Sölvi hét maðr, er land nam millim Hellishrauns ok sleggjubeinsár. Hann bjó í brenningi fyrst, en síðan á Sölvahamri, því at hann þóttisk þar vera fleiri manna gagn.¹⁶

Austurmörk landnáms Sölva er Hraunhöfn, austast í Breiðuvík, samkvæmt Sturlubók en Sleggjubeinsá, vestarlega í Breiðuvík, samkvæmt Hauksbók. Texti Hauksbókar er talinn upphaflegri.¹⁷

¹¹ Þessi kafli er að mestu leysi byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, dagsettri 31. október 2018, sem lögð var fram sem skjal nr. 5(4), sbr. einnig drög að greinargerðinni sem lögð voru fram sem skjöl nr. 5(1)–5(3). Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins, auk þess sem bæst hefur við umfjöllun um gögn sem komið hafa í leitirnar eftir að greinargerðin kom fram o.fl. gögn sem þar var ekki getið. Einnig skal nefnt að í heildarskilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands, skjali nr. 2, og minnisblöðum um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum, hliðsjónargögnum nr. 7–9, er grein fyrir fleiri skjölum sem varða jarðir eða annað sem fjallað er um hér en ekki þótti tilefni til að leggja fram.

¹² *Íslenzk fornrit I* (1968), bls. 112, sbr. skjal nr. 4(115).

¹³ *Íslenzk fornrit I* (1968), bls. 112, sbr. skjal nr. 4(115).

¹⁴ *Íslenzk fornrit I* (1968), bls. 112–113, sbr. skjal nr. 4(115).

¹⁵ *Íslenzk fornrit I* (1968), bls. 104, sbr. skjal nr. 4(115).

¹⁶ *Íslenzk fornrit I* (1968), bls. 105, sbr. skjal nr. 4(115).

¹⁷ *Íslenzk fornrit I* (1968), bls. 104, sbr. skjal nr. 4(115), og *Landið og Landnáma I*, bls. 160, sbr. skjal nr. 4(116).

Sturlubók *Landnámu* greinir svo frá landnámi Sigmundar Ketilssonar að sunnanverðu við ágreiningssvæðið:

Sigmundur, son Ketils Þistils, þess er numit hafði Þistilsfjörð norðr, hann átti Hildigunni. Sigmundur nam land á milli Hellishrauns ok Beruvíkurhrauns; hann bjó at Laugarbrekku og er þar heygðr. Hann átti þrjá sonu; einn var Einarr, er síðan bjó at Laugarbrekku. Þeir feðgar seldu Lónland Einari, er síðan bjó þar; hann var kallaður Lón-Einarr.¹⁸

Efnislega sömu lýsingu á landnámi Sigmundar er að finna í Hauksbók *Landnámu*.¹⁹ Sturlubók og Hauksbók *Landnámu* greina svo frá landnámi Grímkels Úlfsssonar að vestanverðu við ágreiningssvæðið:

Grímkell hét maðr, son Úlfs kráku Hreiðarssonar, bróðir Gunnbjarnar, er Gunnbjarnarsker eru við kennd; hann nam land frá Beruvíkrhrauni til Neshrauns og út um Öndvertnes ok bjó at Saxahváli. Hann rak á brutt þaðan Saxa Álfarínsson Volasonar, og bjó hann síðan í Hrauni hjá Saxahvoli. Grímkell átti Þorgerði, dóttur Valþjófs ens gamla; þeira son var Þórarinn korni. Hann var hamrammur mjök ok liggr í Kornahaugi.²⁰

5.2 Afréttir og afréttarnot

Litlar upplýsingar um afréttarmálefni eða þvíumlíkt á ágreiningssvæðinu fundust í gögnum fyrri alda sem rannsökuð voru. Ýmis skjöl sem varða kirkjur voru t.d. könnuð með tilliti til ítaka, réttinda og afréttarmálefna á ágreiningssvæðunum en þau reyndust ekki hafa að geyma upplýsingar um slíkt. Í skrá Páls biskups Jónssonar frá því um árið 1200 um prestlausar kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi kemur ekkert fram sem snertir ítök, réttindi eða afréttarmálefni kirkjunnar á ágreiningssvæðunum.²¹ Sama máli gegnir um gögn einstakra kirkna í aldanna rás. Máldagar kirkjunnar að Staðarstað frá árabílinu 1274–1570 geta ekki um ítök eða réttindi innan ágreiningssvæðisins.²² Í fasteignamatínu 1916–1918 kemur ekki heldur neitt fram um réttindi eða nýtingu Staðarstaðar innan ágreiningssvæðisins.²³ Máldagar og gerningar fyrir kirkjuna á Kolbeinstöðum á árabílinu 1181–1570 geta ekki heldur um um ítök eða réttindi innan ágreiningssvæðisins.²⁴ Sömu sögu er að segja um ýmis gögn sem varða Setbergskirkju.²⁵ Nánari umfjöllun um eignir og réttindi kirkna er í kafla 5.5.

Í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns²⁶ yfir Breiðuvíkurhrepp segir að Laugarbrekka eigi afrétt upp undir Jökli fyrir eigið fé. Þar segir:

¹⁸ *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 104, 106, sbr. skjal nr. 4(115).

¹⁹ *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 105, sbr. skjal nr. 4(115).

²⁰ *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 110, sbr. skjal nr. 4(115).

²¹ Skjal nr. 4(110).

²² Skjöl nr. 4(56)–4(59) og 4(74).

²³ Skjal nr. 2(82).

²⁴ Skjöl nr. 4(53)–4(55), 4(74), 4(110) og 4(113).

²⁵ Skjöl nr. 2(82), 4(63)–4(64), 4(74) og 4(110).

²⁶ Hér eftir verður vísað til hennar sem *Jarðabók* Árna og Páls.

Laugarbrecca.

Kirkjustaður. Bóndaeign.

Jarðardýrleiki xii hundruð.

[...]

Afrjett jörðin upp undir Jökli fyrir sitt eigið geldfje. Öngvum ljá það Hellnamenn og öngvir gánga þar tollar af.

Selstöðu í eiginlandi allrar jarðarinnar hafði til forna xii hundruð Öxnakelda með sínum býlum, þar sem heitir Heljarkinn og sjást þess enn nú merki. Aðra selstöðu brúkað xii hundruð Brekkubær og Gíslabær með þeirra býlum, ogso í eiginlandi, þar sem heitir ofanvert við Háaborg.²⁷

Í *Sýslu- og sóknalýsingum* Snæfellsness segir um selstöður og afrétti í lýsingu á Nesþingum árið 1840:

31. <*Selstöður.*> Þessir bæir hafa til forna haft og brúkað selstöður til fjalla: Ingjaldshóll, Vaðstakkseyri, Sveinsstaðir, Ólafsvík og Fróðá, en engvar þeirra eru eða hafa í langa tíma notaðar verið, en hvörs vegna þær eru niðurlagðar, vita menn ekki.

32. <*Afréttir.*> Afréttarlöndum er svolleiðis varið, að hvör rekur upp frá sér í sitt land á fjallinu. Réttir í sveitinni eru: Ingjaldshólsrétt, sem réttuð er miðvikudaginn í 20stu viku sumars. Sækja til hennar Neshreppingar utan Ennis. Önnur rétt hefir nú um tíma verið í Svartbakafelli, sem í sumar skal hafa verið færð vestur yfir Skollá í Brimilsvallalandi. Sækja til hennar Neshreppingar innan Ennis; er hún réttuð fimmtudaginn í 20stu viku sumars.²⁸

Í fjallskilareglugerðum og -samþykktum fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sem hafa verið settar á árunum 1894–2012 eru afréttarsvæði hvorki skilgreind sérstaklega né fjallað um smalamennsku á einstökum svæðum.²⁹

15. janúar árið 1920 svaraði sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands, dagsettri 29. desember árið 1919, um almenninga í sýslunni. Svar sýslumannsins var sem hér segir:

Í tilefni af brjefi hins háa stjórnarráðs dags. 29. f. m., þar sem leitast er skýrslu um almenninga hjer í sýslu, undanfelli jeg eigi hjermeð að skýra frá, að hjer í sýslu eru engir almenningar, heldur eingöngu heimalönd. Lönd jarðanna norðan og sunnan Snæfellsnessfjallgarðsins jaðra hvarvetna saman á há-fjallgarðinum að því er sjeð verður af landamerkjabók sýslunnar. Í sýslunni eru eigi til afrjettarlönd [í] eigu sveitarfjelaga og því hvergi hjer í sýslunni [um] að ræða önnur upprekstrarlönd en heimalönd jarða.³⁰

Í bókinni *Göngur og réttir* frá 1985 er fjallleitum í Breiðuvíkurbreppi lýst svo:

Fjallleitum á þessu svæði er þannig hagað, að gangnamönnum er skipt í tvo flokka. Er svipuð tala í hvorum flokki, eða um 5–7 menn. Annar flokkurinn gengur upp Hnausa-hryggi og hefur göngu í Barnárdrögum og gengur austur fjallið, austur á Kambsskarð. Hinn flokkurinn hefur göngu við Axlargang og gengur fjallið vestur á Kambsskarð. Þar mætast flokkarnir og reka síðan safnið ofan til réttar. Hafnar eru göngur, þegar sauðljóst er að morgni, og komið ofan til réttar um miðjan dag, og er þá réttað. Samhliða er réttað fé af afréttarlandi Hellna- og Stapamanna, en það er af öðru gagnasvæði. Oft var rétt á 2. þús. fjár á Hamraendarétt, áður en fjárpestin tók að herja á fé bænda þar.

²⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 175–179.

²⁸ *Snæfellsnes. Sýslu- og sóknalýsingar* Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1875 (1970), bls. 138.

²⁹ Skjöl nr. 4(6)–4(20).

³⁰ Skjal nr. 2(135).

Í sama riti er að finna frásögn frá leitum haustið 1941 þar sem því er lýst að smalað hafi verið frá Merkjahrygg við sunnanverða Snæfellsjökul austur að Barnárdrögum við austanverðan jökulinn og niður til réttar. Því er lýst að heimalönd hafi verið smöluð daginn áður.³¹

Árið 1989 sendi félagsmálaráðuneytið sveitarfélögum svohljóðandi fyrirspurnir um afréttarmálefni með bréfi dagsettu 20. febrúar 1989.

1. Eiga íbúar sveitarfélagsins upprekstrarrétt í einhvern afrétt?
2. Hvað nefnist sá afréttur?
3. Hvar liggja mörk hans?
4. Eiga íbúar annarra sveitarfélaga upprekstrarrétt í sama afrétt?
5. Hvaða sveitarfélög eru það?
6. Hafa sveitarfélögin komið sér saman um, til hvaða sveitarfélags afrétturinn skuli teljast?³²

Bæjarstjórinn í Ólafsvík svaraði 10. apríl 1989 með svofelldum hætti:

Með vísan til bréfs ráðuneytisins dags. 20. febr. s.l. um afrétti, er því til að svara að afrétti [svo] eru trúlega engin í Ólafsvíkurlandi, ef notuð er nákvæm skilgreining þess orðs, heldur einungis heimalönd.

1. Íbúar Ólafsvíkur eiga upprekstrarrétt í landi Ólafsvíkur.
2. Lönd Ólafsvíkur nefnast, Fossárland, Ólafsvíkurland, Sveins[s]taðaland.
3. Austurmörk Ólafsvíkurlands eru í landi Fossár að vestan verðu í Bugsmúla, upp Fossárdal og þaðan í Geldingafell. Vestari mörk eru land Sveinsstaða að vestanverðu. Suðurmörk liggja að landi Fróðárhrepps og Breiðuvíkur.
4. Nei.³³

Oddvitinn í Fróðárhreppi svaraði 14. apríl 1989 með svofelldum hætti:

Enginn afréttur er í Fróðárhreppi. Og þar með tel ég spurningunum sex í umræddu bréfi svarað.³⁴

Sveitarstjórinn í Neshreppi utan Ennis svaraði 15. nóvember 1989 með svofelldum hætti:

Ekki er vitað til að íbúar Neshrepps u. E. eigi upprekstrarrétt í afrétt, né að gerðir hafi verið samningar við íbúa annarra sveitarfélaga um rétt til upprekstrar búfjár í afrétt.

Svar við spurningum er fram koma í bréfi yðar dags. 20. febr. sl. er því nei.³⁵

Ekki virðist hafa borist svar frá Breiðuvíkurhreppi við fyrirspurninni.

Einnig er vikið að upprekstrar- og afréttarmálum í sumum eftirfarandi köflum um einstakar jarðir.

³¹ Skjal nr. H(11).

³² Skjal nr. 2(131).

³³ Skjal nr. 2(132).

³⁴ Skjal nr. 2(133).

³⁵ Skjal nr. 2(134).

5.3 Landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls

Hér á eftir fer fyrst umfjöllun um jarðir sunnan og austan Snæfellsjökuls en sem í flestum tilfellum er gerð krafa um að hluti af ágreiningssvæðinu teljist innan marka þeirra jarða. Inn á milli er þó umfjöllun um nokkrar aðliggjandi jarðir þar sem niðurskipan efnis fer eftir legu jarðanna, frá norðri til suðurs. Að því búnu er gerð grein fyrir þjóðgarðinum Snæfellsjökli sem nær inn á ágreiningssvæðið. Loks er svo fjallað um aðrar aðliggjandi jarðir og svæði.

5.3.1 Hamraendar

Óársett lögfesta fyrir Hamraendum, sem er sögð vera frá um 1660, hljóðar svo:

Eg Magnús Steindórsson lögfeste her í dag leigujörd mína er Hamraenda heitir, Tödur eingjar, Holt og Haga, Reka vötn og veidistade og allar þær landsnytjar er því lande eiga að fylgja og einum leigulida ber af hafa til ytstu ummerkja þeirra sem adrir menn eiga í móts við mig, sem er fyrz á eystri sýdu, sem Hamraenda lækur heldur upp að Baululækjar fossi, úr Baululækjarfosse og í það auga sem Baululækur rennur úr. Úr því auga og í þann skridubarm sem nærstur er fyrir austan Möstrin.

Enn á vestri kalladur Hamraendafoss þetta land frekaz mér vitanlegt er. En ef nokkur þykiz þetta land eiga, þá beidiz eg þeir þar eptir tale mánada, og leggi framm sín sannindaskjöl og ligalaus vitne hér á greindri jördu, edur venjulegum þíngstad í Breiduvíkur hrepp. Lögfeste eg þessa fyrrgreindu Jörd bædi að ordfollu og logmali réttu. Fyrirbýd eg hédanaf hverjum manni sér að nytja, eda í ad vinna utan mitt sje lof edr leyf[i] til, að vitni, þínu Þordur Jonsson og þínu Jon Höskuldsson, og allra þeirra er ord mín heyra.³⁶

Í *Jarðabók Árna og Páls* yfir Breiðuvíkurhrepp segir að Hamraendar séu konungseign sem fylgi Stapaumboði. Dýrleiki jarðarinnar er sagður 24 hundruð. Um Hamraenda segir meðal annars eftirfarandi:

Hamraendar.

Jarðardýrleiki xxiiii hundruð og so tíundast í fjóra staði með hjáleigunni.

Eigandinn kóngleg Majestat, eftir mageskiftum við Sigríði Hákonardóttur fyrir Garða, gjörðum Anno 1694, og fylgir hún síðan Stapa umboði.

[...]

Hamraendakot. Fjórðungur jarðarinnar Hamraenda eftir áðursögðum dýrleika.

[...]

Annað Hamraendakot hefur fyrir 16 eður 17 árum hjáleiga verið frá Hamraendum.³⁷

Í jarðamatinu 1804 kemur ekkert fram sem varpar ljósi á afmörkun Hamraenda. Jörðin er sögð konungsjörð, 24 hundruð að dýrleika.³⁸

20. maí 1824 fór fram landamerkjaskoðun sýslumannsins í Snæfellsnessýslu á milli Hamraenda og Stóru-Hnausa en um hana er fjallað í kafla 5.3.3 um Stóru-Hnausa.³⁹

³⁶ Skjal nr. 2(103).

³⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 150–151.

³⁸ Skjal nr. 2(99).

³⁹ Skjal nr. 2(104).

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Hamraendar séu Stapaumboðsjörð, metin til 24 hundraða að dýrleika. Þar segir ennfremur:

Hamraendakot er 1805 talið sem hjáleiga héðan, og A. M. telur tvö kot með þessu nafni, en eigi er þeirra nú getið af sýslumanni né presti.⁴⁰

Landamerki Hamraenda, ódagsett og án ártals, hljóða svo:

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Hamraenda í Breiðuvíkurreppi.

1. Á milli Grafar og Hamraenda, er sjónhending úr Baululækjarauga í mitt Bauludý og þaðan í Þrístaina, þaðan í fjallseggjar.

2. Á milli Faxastaða og Hamraenda ræður Barná í Barnárauga, þar sem mætast landamerki Faxastaða og Stóru-Hnausa, og úr þeim sjónhending í stóran stein, sem kallast Oddur og þaðan í Hamraendalækjarupptöku.

Sveinn Þórðarson ábúandi á Hamraendum.

Brynjólfur Daníelsson (ábúandi á Gröf). Pétur Jónsson (ábúandi á Faxastöðum) (handsalað). Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.⁴¹

Hamraendar voru 24 hundruð að dýrleika samkvæmt jarðamatinu 1849–1850. Ekkert kemur fram um afmörkun Hamraenda í sömu heimild. Í heildarskrá jarðamatsins kemur fram að Hamraendar séu Stapaumboðsjörð.⁴²

Lögfesta fyrir Hamraendum var þinglesin á manntalsþingi höldnu að Brekkubæ 16. maí 1860. Inntak lögfestunnar var ekki fært til bókar:

Ar 1860 midvikudaginn þann 16 maí mánadar var reglulegt manntalsþing sett og haldið að Brekkubæ af Sýslumanni A Thorsteinsson hvar þá í vidurvist vottanna hreppstjóra Kr Steindórssonar A. Björnssonar G. Einarssonar E. Vigfússonar [...]

v. Þinglýst lögfestu útgefni 16 maí 1860 fyrir Hamraendum.⁴³

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun eða nýtingu Hamraenda. Í heildarskrá fasteignamatsins kemur fram að heildarmatsverð Hamraenda sé 4600 kr.⁴⁴

Hamraendar féllu í eyði árið 1987.⁴⁵

5.3.2 Faxastaðir (aðliggjandi)

Biskupsvísitasíur að kirkjunni að Setbergi, á árabílinu 1642–1891 eigna kirkjunni þar jörðina Faxastaði. Ekki er þó getið um afmörkun Faxastaða í þeim vísitasíugerningum.⁴⁶

⁴⁰ Skjal nr. 4(2), bls. 144.

⁴¹ Skjal nr. 2(3).

⁴² Skjal nr. 2(100).

⁴³ Skjal nr. 2(109).

⁴⁴ Skjal nr. 2(82).

⁴⁵ Martin Schuler, *Búsetuþróun á Íslandi 1880–1990*, bls. 28.

⁴⁶ Skjöl nr. 2(62)–2(70) og 2(184).

Í *Jarðabók Árna og Páls* yfir Breiðuvíkurbrepp segir að Faxastaðir séu eign Setbergskirkju í Eyrarsveit.⁴⁷ Dýrleiki jarðarinnar er sagður vera 8 hundruð. Um Faxastaði segir meðal annars eftirfarandi:

Faxastader.

Jarðardýrleiki viii hundruð og tíundast so í fjóra staði það lengst menn minnast.

Eigandinn er Setbergskirkja í Eyrarsveit.

[...]

Audunarstader er hjer kallað forn rúst nærri landamerkjum þeim, sem veit til Stóru Hnausa.

Bygðarmark er hjer ekkert nema forn tóftafeif. Enginn veit hjer hafi að fornu nje nýju bygð verið og ekki má hjer aftur byggja fyrir landþröng.⁴⁸

Í prófastsvísitasíu að Setbergi 20. október 1739 eru Faxastaðir sagðir vera á meðal eignarjarða kirkjunnar. Ekki er getið um afmörkun Faxastaða.⁴⁹

Getið er landamerkja Faxastaða í Breiðuvík á meðal landamerkja Setbergskirkjujarða. Landamerkjalyásing Faxastaða er sögð árssett árið 1781 og hljóðar svo:

Milli Faxastaða og Hamraenda ræður Barnaá landamerkjum og reka allt í Faxaós; en Foss hennar í hamrinum sjónhending í Móstein ræður rekanum að austan. Við Torfá að austan er Lágengisbali; á honum stór steinn, skammt fyrir ofan veginn; annar milli Faxastaða og Hnausa, nærri jarðorpinn; en annar stendur á leið til Litlu hnausa fyrir utan Mokollshæð að sjá út og niður frá Faxastöðum; þeir í sjónarlínu yfir Hraunsnoppu og uppí Barná, sem rennur til landsuðurs og gjörir odd á landið og niður beint til sjós frá balanum (skrifað 1781).⁵⁰

Í jarðamatinu 1804 kemur ekkert fram sem varpar ljósi á afmörkun Faxastaða.⁵¹

Í bréfi séra Ásgríms Vigfússonar til amtmannsins, dagsettu 18. júní 1810, kemur fram að Faxastaðir séu þá í eyði.⁵²

Úttekt á Setbergsprestakalli, dagsett 5. júní árið 1817, getur þess, að Faxastaðir, eignarjörð kirkjunnar, hafi þá legið í eyði í nokkur ár. Árangurslaust hafi reynst að bjóða hana til búsetu á þingum. Í úttektinni sjálfri segir meðal annars eftirfarandi:

Anno 1817 þann 5ta Junii fyrirtóku hér Prófaster Síra Björn Þorgrímsson í Setbergi og Prestr Síra Björn Paulsson, sá fyrrnefndi sem afhendandi Setbergs kyrkju og stad, hinn sem collationeradar Beneficiarius, í mindelighed ad afgjöra kyrkju og Stadar Uttekt, á ofanefndu Prestakalli, eptir skriflegu frumvarpi Hérads Prófasts Síra Gudmundar Jónssonar af 7da April nærstlidna, í undirskrifadra Skodunar- og vyrðingar-manna Nærveru; og framför þettað á eptirfylgjandi hátt:

[...]

Nr 4

Prestakallinu fylgjandi Kyrkjugarðir afhendast þannig:

⁴⁷ Í kafla um Setberg í *Jarðabók Árna og Páls* yfir Eyrarsveit frá árinu 1702 er hins vegar ekki getið um Faxastaði.

⁴⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 151–152.

⁴⁹ Skjal nr. 2(80).

⁵⁰ Skjöl nr. 2(78) og 2(101).

⁵¹ Skjal nr. 2(99), opna 26.

⁵² Skjal nr. 2(130).

[...]

9, Faxastadir hafa nockr ár legid í eydi og verid uppboðnir til þýnga forgefins.⁵³

Faxastöðum er lýst svo 7. júlí árið 1840:

Ar 1840, þridjudaginn þann 7^{da} Julii, vorum vid undirskrifadir, jeg Jóhannes Paulsson, Hreppstjóri í Eyrarsveit, búsitjandi á Kyrkjufelli, og jeg Thorleifur Thorleifsson, fyrrum Hreppstjóri í Miklaholtshrepp og nú Hospitalshaldari á Hallbjarnareyri, samqvæmt Skickun Sýsslumannsins í Snæfellsness Sýsslu Herra S: Schulesens af 4^{da} þ.m., sem in extenso fylgir þessari forrettíngu mörkud í Afskrift N^o 1, samankomnir á Hallbjarnareyri, ásamt Beneficiario á Setbergi, Prestinum Sira E:S: Einarsen, í því skyni ad fyrirtaka Skodunar- og alyts-gjörd yfir Setbergs Kyrkju Mensal-góts, med sérdeilis tillyti til, ad hve miklu leiti þetta góts, væri fært umm ad bera þann, á því, ad fornu, hvílandi kvílda þýnga og hversu óvdrádanlegar Náttúru afleiðingar voru þess ollandi, ad þetta gjæti nú, edur sidar ecki verid. Skiftsyfirvaldanna Bréfs hverra annað af 7^{da} Julii 1839, til Prófastsins í Snæfellsness og Hnappadals Sýsslum, enn hitt af 18^{da} Jan: þ:a: til Prestsins Sira Einarsens, á hverjum ofannefnd Skickun Sýslumannsins grundvallast, anneoterast Forrettíngunni í Afskriftum undir N^o 2 og 3.

Þvínærst fluttist sögd Forrettíng ad, í röd, eptir skrifudum Býlum, og kom þá fyrir [...]

13., Faxastadir

í Knarar sókn í Breiduvík 6 hndr. ad Dýrleika, í lélegri byggíngu, med 1^u Kýr-qvíldi svo ad þá og þá vidliggur, ad í eydi falli, sem til forna verid hefur, og verda Beneficiario ad byrði. –

Hérmed er Forrettíngin til lykta leidd.

Actum dégi sídar enn upphaflega greinir

JPaulsson Th. Thorleifsson

Sem þessari forrettíngu, ásamt þeim respective ábúendum inna bygdu jarda, yfirverandi.

ES Einarsen.⁵⁴

Í skýrslu Setbergsprests um eignir og ítök kirkjunnar þar, dagsettri 28. desember 1843, er eftirfarandi grein gerð fyrir Faxastöðum:

„Faxastadir, Landskuld Mörk.“ Jördin sem liggur í Breiduvík, var 6 hndr. ad dýrleika. Hverki í þessa né nærstundangangandi Jörd, Littr C, var mynnst vid Uttektar- og Afhendíngarjörd mér til handa þann 6ta og 7da Junii 1828, einsog þær bádar voru þá í eydi, og med öllu húsalausar. Hefi jeg þessari Jördu haldid nú, med mesta tilkostnadi, í byggíngu umm nærstlidin 13 ár. Á henni er eckert qvíldi; enn fyrz á Vorþingi 1839 var áqvedid árlegt Landskuldargjald 6 Fjórdúngar einir, sem sídan hafa goldiz. Jördunni fylgir fjörugagn, enn þótt harla hættusamt, og Landamerki hennar eru fylgjandi: Til móts vid Hamraenda rædur Barná landamerkjum og Reka allt í Faxaós, enn Foss hennar í hamrinum sjónhendíng í Móstein rædur þar, segja menn, rekanum ad austan. Vid Torfá ad austan er Lágeingisbali, á hönum stór steirn skamt ofan végin, annar milli Faxastada og Hnausa nærri jardorpinn; annar stendur á leid til Litluhnausa utan Mókollshæd, ad sjá út og nidur frá Faxastöðum, þeir á Sjónlínu yfir midja Hraunsnoppu og uppi Barná, sem rennur til Landsudurs og gjörir odd á Landid, og nidur beint til sjós frá Balanum. – Um þessi Landamerki er, sem stendur, mikill ágreiningur, einkum til

⁵³ Skjal nr. 2(77).

⁵⁴ Skjal nr. 2(102).

móts við Hnausa, eins og Lenda þessi, sem mest öll er Slægjuland, sætir öllumegin að, mesta ágangi.⁵⁵

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Faxastaðir séu eign Setbergskirkju, metin til 12 hundraða að dýrleika. Þess er getið að eyðihjáleigan Auðunarstaðir hafi verið talin með Faxastöðum árið 1805.⁵⁶

Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur fram að Faxastaðir séu Setbergskirkjujörð.⁵⁷

Landamerki Faxastaða, dagsett 10. júní 1885, hljóða svo:

X. Faxastaðir í Breiðuvík.

a. Landamerki Faxastaða að austanverðu: Barnaá, allt í Faxaós, foss hennar í hamrinum, sjónhending í Móstein.

b. Landamerki að vestanverðu: Við Torfá er Lágengisbæli, á honum er stór steinn skammt fyrir ofan veginn, annar milli Faxastaða og Hnausa, nærri jarðopinum enn annar stendur á leið til Litlu-Hnausa fyrir utan Mókollshæð að sjá út og niður frá Faxastöðum, þeir á sjónarlínu yfir miðja hraunsnoppu og upp í Barnaá, sem rennur til landsuðurs og gjörir odd á landið, og niður beint til sjóar frá balanum.

(eftir bréfum og vitnisburðum frá 1781).

[...]

Að þessi landamerki séu rétt tilgreind eftir landamerkjaskjölum Setbergskirkju samanbornum við það, er núlifandi kunnugir menn best vita um landamerki jarðanna, vitna ég undirritaður.

Setbergi 10. Júní 1885.

Jens V. Hjaltalín prestur að Setbergi.

Landamerkjaskrá þessa samþykkja að því leyti er þeirra eignarjarðir snertir. St. Danielsson eigandi Grundar (handsalað nafn). Bárður Þorsteinsson (eigandi Grafar) (handslað). Þorleifsson eigandi Hjarðarbóls. Þórður Einarsson ábúandi Bárar. Þórður Einarsson ábúandi 1/3 Spjarar. Kristján Þorsteinsson ábúandi Bárar. Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs.⁵⁸

Tvö ódagsett og ártalslaus landamerkjabréf, annað fyrir Hamraenda og hitt fyrir Stóru-Hnausa geta um merki á móti Faxastöðum.⁵⁹ Sjá umfjöllun í kafla 5.3.1 um Hamraenda og 5.3.3 um Stóru-Hnausa.

Landamerki Faxastaða voru þinglesin á manntalsþingi höldnu að Grund 30. júní 1890:

Ár 1890 þann 30. júní var reglulegt manntalsþing sett að Grund í Eyrarsveit og haldið af hinum reglulega sýslumanni með vottum: Þórði Einarssyni Guðmundi Athanasiusarsyni, Bárði Þorsteinsyni og Guðmundi Skúlasyni.

Var þar þá fyrirtekið:

[...]

2. Þinglesin landamerkjabréf.

⁵⁵ Skjal nr. 2(81).

⁵⁶ Skjal nr. 4(2), bls. 144.

⁵⁷ Skjal nr. 2(100).

⁵⁸ Skjal nr. 2(5). Sjá einnig skjal nr. 2(173).

⁵⁹ Skjöl nr. 2(1) og 2(3).

3.a. Fyrir Skallabuðum, Vatnabúðum, Þórdísarstöðum, Spjör, Eyði, Setbergi, Hömrum, Kverná, Faxastöðum í Breiðuvík, Grafarreka á Kinn í Staðarsveit.⁶⁰

Í fasteignamatinu 1916–1918 segir að Faxastaðir séu í eigu kirkjujarðasjóðs. Upprekstrarland er sagt ekkert og ekki er getið um afmörkun Faxastaða í sömu heimild. Í heildarskrá fasteignamatsins kemur fram að heildarmatsverð Faxastaða sé 1000 kr.⁶¹

Fjöldi bréfagerða frá árunum 1920–1932 er varða mat, virðingu og sölu Faxastaða geta hvergi um tengsl eða réttindi jarðarinnar við ágreiningssvæðið.⁶²

Faxastaðir féllu í eyði árið 1928.⁶³

5.3.3 Stóru-Hnausar (Hnausar)

Árið 1480 handlagði Sveinn Þorgeirsson Halldóri ábóta á Helgafelli alla þá tiltölu sem hann þóttist eiga til jarðarinnar Hnausa í Breiðuvík og gerði kvittan þar uppá. Sjálfur gerningurinn er svohljóðandi:

Brieff fyrir Storuhnausum.

Þeim godum monnum sem þetta brief sia edur heyra senda Bodvar prestur Jonsson. Gamli Þorleifsson og Magnus Grudmundsson kuediu guds og sina kunnugt giorandi ad þar vorum vier j hia saum og heyrdum ä j Badstofunne a Jngialldzhooli a Snæfellznesi Anno Domini 1480 är a handaband þeirra Halldorz abota a Helgafelli af einne alfu og Sueins Þorgeirssonar af annari ad so fyrir skildu. ad firnefndur Sueinn handlagdi Halldori Abota kuitta og akiærulause alla þa tiltolu sem hann þottist eiga til Jarðarinnar Hnausa sem liggur j Hnarrar kirkiusochn fyrir sier og ollum sijnum epterkomendum. og klaustrinu til æfinligrar eignar fyrrgreinda Jord. säum vier og aller firgreinder menn ad hinn sami Sueirn væri þa heill ad viti og ad skynsemd.

og til sanninda hier vm et cetera.⁶⁴

Með bréfi dagsettu 13. mars 1545 veitti Kristján II, Danakonungur Pétri Einarssyni jarðirnar „Huosebecke“ og „Randskonskou“ til æfilangrar búsetu án afgangds. Á móti skyldi Pétur vera konungi hollur og trúr. Jörðin „Randskonskou“ eru Hrafnkelsstaðir. Jörðin „Huosebecke“ er í raun tvær jarðir; annars vegar Hnausar og hins vegar Bakki (Kóngsbakki). Veiting konungs gerði ráð fyrir því að hinar veittu jarðir, skyldu allar falla að nýju undir krúnuna eftir daga Péturs.⁶⁵

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Breiðuvíkurrhepp segir að Stóru-Hnausar séu konungseign og fylgi jörðin Stapaumboði. Dýrleiki jarðarinnar er sagður 12 hundruð. Um Stóru-Hnausa segir meðal annars eftirfarandi:

⁶⁰ Skjal nr. 2(108).

⁶¹ Skjal nr. 2(82).

⁶² Skjöl nr. 2(136)–2(146), 2(153)–2(156), 2(161), 2(164) og 2(168)–2(172).

⁶³ Martin Schuler, *Búsetuþróun á Íslandi 1880–1990*, bls. 28.

⁶⁴ Skjal nr. 4(84).

⁶⁵ Skjal nr. 4(111). Sjá nánar: Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi III*. Reykjavík, 1924, bls. 248.

Stóruhnausar.

Jarðardýrleiki xii hundruð og so tíundast fjórum tíundum.

Eigandinn kóngleg Majestat, og liggur jörðin til Stapaumboðs.⁶⁶

Í jarðamatinu 1804 kemur ekkert fram sem varpar ljósi á afmörkun Stóru-Hnausa. Jörðin er sögð konungsjörð, 12 hundruð að dýrleika.⁶⁷

Á manntalsþingi höldnu að Laugarbrekku 16. júlí 1811 var eyðikonungsjörðin Stóru-Hnausar boðin upp til búsetu:

Anno 1811 þann 16^{da} Júlíi sette constitueradur Sýsslumadur í Snæfellsness Sýsslu Sigurdur Gudlögsson, eitt sidvanalegt Manntalsþing ad Laugarbrecku og útnefnde til þings-vitna Mr Jón Bjarnason á Hnör og Mr. Magnús Gíslason á Gíslabæ [...]

Þessu næst vóru ~~Litlu~~ Stóru Hnausar sem nú orden eide kongsjörð uppboden til bijggingar árlángt, enn þar eckert bod skéde, var jörden ad þessu sinne láten óbijgd⁶⁸

Landamerkjaskoðun sýslumannsins í Snæfellsnessýslu á milli Hamraenda og Stóru-Hnausa frá 20. maí 1824 hljóðar svo:

Ar 1824 þann 20^a Maii var Sysslumadurinn í Snæfel[ls]ness Sýsslu, eptir Arnarstapa umbodshaldara Hr S. Schevings Begiæríngu og samqvæmt Amtsin skipun á Bréfi af 31^o Oct. f:a tilstadar á Landamerkjum milli Kongsjardanna Hamraenda og Storuhnausa í Breidu vikur Hrepp, hvar þá ogsvo velnefndr herra Adminstrato[r] S. Scheving var til stadar ásamt beggja ofannefndra jarda ábúendum Olafi Hrolfssyni á Hamraendum og Pauli Arna syni á Storuhnausum. Landamerki nefndra jarda voru þvínærst yfirskodud og fyrir fundust ad vera og liggja þannig:

- 1., Stór steirn á Landamerkjaklöpp nidur á Sjáfarback[a] þadan
- 2., í svokalladann Smirilstein sem stendur í Flóanum millum Storuhnausa og Faxastada. Þadan
- 3., beint í Rust nedanundir Hnausa hrauni og þadan
- 4., beint í svo kallad Barnár-auga; þadan
- 5., beint í Stórann stein rett fyrir sunnan fossana þar sem Hamraenda lækur sprettr framúr fjallinu Skulu þessi Landamerki hérep[tir] álytast viss og stadföst Landamerki millj Hamraend[a] og Storuhnausa og jardanna ábuendr yrkja og nota [beg]gja þessara jarda Slægjulönd og haga eptir se[m] hérgreind landamerki útvisa.

E. Sverrisson

S. Scheving

Vistaddr var eg og antek þessi landamerki

Páll Arnason Handsaladi

Vistaddr var eg enn antek ecki þessi landamerki

Olafur Hrolfsson

Upplesin fyrir Manntalsþings Rétti ad Breckub[æ] þann 26 Maii 1825

vitnar E Sverrisson.⁶⁹

⁶⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 153.

⁶⁷ Skjal nr. 2(99), opna 27.

⁶⁸ Skjal nr. 2(106).

⁶⁹ Skjal nr. 2(104).

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Stóru-Hnausar séu Stapaumboðsjörð, metin til 12 hundraða að dýrleika.⁷⁰

Stóru-Hnausar voru einnig 12 hundruð að dýrleika samkvæmt jarðamatinu 1849–1850. Ekkert kemur fram um afmörkun Stóru-Hnausa í sömu heimild en getið er um slægjur til fjalla. Í heildarskrá jarðamatsins kemur fram að Stóru-Hnausar séu Stapaumboðsjörð.⁷¹

Varðveitt er landamerkjabréf fyrir Stóru-Hnausa, ódagsett og án ártals, er hljóðar svo:

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Stóru-Hnausa í Breiðuvíkureppi.

1. Á milli Litlu-Hnausa og Stóru-Hnausa, úr Torfárhólma í upptök Torfár, og þaðan sjónhending í Rauðfeldargjá.
2. Á milli Faxastaða og Stóru-Hnausa, úr Balasteini í Mókollubúfu, úr Mókollubúfu í Smirilsstein og þaðan í Gyltutótt, svo úr Gyltutótt í Barnárauga.
3. Á milli Hamraenda og Stóru-Hnausa, úr Barnsá, þar sem hún fellur fram af hamrinum í stein, sem stendur við Hamraendalæk að austan verðu, og þaðan í upptök Hamraendalækjar.
4. Rekamerki milli Faxastaða og Stóru-Hnausa, eru úr Balasteini og í stóran stein fyrir austan Hamraendalæk, sem kallaður er Oddur, þaðan í grjótskriðu fyrir vestan Hamraendalæk.

Sveinn Þórðarson ábúandi á Hamraendum. Jón Jónsson (umboðsmaður Stóru-Hnausa). Pétur Jónsson (ábúandi á Faxastöðum) (handsalað). Hans Ólafsson (ábúandi á Litlu-Hnausum) (handsalað). Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.⁷²

Landamerki Hnausa voru þinglesin á manntalsþingi höldnu að Grund 17. júní 1884. Fram kemur að landamerkin séu dagsett 17. júní 1883 og „útg. af Þorl. Þorl.“⁷³

Stóru-Hnausar féllu í eyði árið 1885.⁷⁴

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun eða nýtingu Stóru-Hnausa. Í heildarskrá fasteignamatsins kemur fram að heildarmatsverð Stóru-Hnausa sé 400 kr og að jörðin sé í eyði.⁷⁵

5.3.4 Litlu-Hnausar (aðliggjandi)

Með bréfi dagsettu 13. mars árið 1545 veitti Kristján II Danakonungur Pétri Einarssyni jarðirnar „Huosebecke“ og „Randskonskou“ til æfilangrar búsetu án afgangis. Á móti skyldi Pétur vera konungi hollur og trúr. Jörðin „Randskonskou“ eru Hrafnkelsstaðir. Jörðin „Huosebecke“ er í raun tvær jarðir; annars vegar Hnausar og hins vegar Bakki

⁷⁰ Skjal nr. 4(2), bls. 144.

⁷¹ Skjal nr. 2(100).

⁷² Skjal nr. 2(1).

⁷³ Skjal nr. 2(107).

⁷⁴ Martin Schuler, *Búsetuþróun á Íslandi 1880–1990*, bls. 28.

⁷⁵ Skjal nr. 2(82).

(Kóngsbakki). Veiting konungs gerði ráð fyrir því að hinar veittu jarðir skyldu allar falla að nýju undir krúnuna eftir daga Péturs.⁷⁶

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Breiðuvíkurbrepp segir að Litlu-Hnausar séu í einkaeigu. Jörðin er sögð vera 6 hundruð að dýrleika. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

Litlu Hnausar, almennilega kallað og haldið að vera helmíngur af jörðunni Grímsstöðum, og heldur að helmíngi fyrirvar móts við Grímsstaða ábúanda.

Jarðardýrleiki vi hundruð og so tíundast fjórum tíundum.

Eigandinn Jón Halldórsson að Görðum í Bervík.⁷⁷

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Litlu-Hnausar séu beneficium og jörðin sé metin til 6 hundraða að dýrleika. Þar segir ennfremur:

Jarðabækurnar nefna og Litlu-Hnausahjáleigu, og er hún enn talin 1805, en nú hvorki af sýslumanni né presti.⁷⁸

Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur fram að Litlu-Hnausar séu benefici.⁷⁹ Landamerkjum Litlu-Hnausa er lýst svo 14. maí 1889:

Landamerkjaskrá fyrir Litlu-Hnausum í Breiðuvíkurbreppi.

1. Milli Litlu-Hnausa og Grímsstaða, ræður Þrífussuá frá sjó upp í vatnslágar, þaðan sjónhending í Rauðfeldargjá.

2. Milli Litlu-Hnausa og Stóru-Hnausa, ræður Torfá úr Torfárhólma upp að upptökum hennar, þaðan sjónhending í Rauðfeldargjá.

Ólafsvík 14. Maí 1889

Hans Ólafsson, ábúandi á Litlu-Hnausum. Jón Árnason, umboðsmaður Litlu-Hnausa. Margrét Jónsdóttir, eigandi að Grímsstöðum. Jón Jónsson umboðsmaður (fyrir Stóru-Hnausa).⁸⁰

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Litlu-Hnausa.⁸¹

5.3.5 Grímsstaðir (aðliggjandi)

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Breiðuvíkurbrepp segir að Grímsstaðir sé í einkaeigu. Jörðin er sögð 6 hundruð að dýrleika. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

Litlu Hnausar, almennilega kallað og haldið að vera helmíngur af jörðunni Grímsstöðum, og heldur að helmíngi fyrirvar móts við Grímsstaða ábúanda.

Jarðardýrleiki vi hundruð og so tíundast fjórum tíundum.

[...]

⁷⁶ Skjal nr. 4(111). Sjá nánar: Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi* III. Reykjavík, 1924, bls. 248.

⁷⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 153–154.

⁷⁸ Skjal nr. 4(2), bls. 144.

⁷⁹ Skjal nr. 2(100).

⁸⁰ Skjal nr. 2(10).

⁸¹ Skjal nr. 2(82), bls. 278–279.

Grímsstader, kallað helmíngur við Litlu Hnausa; vide supra.

Jarðardýrleiki vi hundruð.

Eigandinn sem sagt er um Litlu Hnausa.⁸²

Vitnisburður um landamerki á milli Arnarstapa og Grímsstaða, dagsettur 22. september 1841, hljóðar svo:

Eptir að nokkur undanfarin ár hafði sumpart með og sumpart án minnar vitundar verið skorid heytorf í þrætupartinum milli Arnarstapa og Grímsstada og þessu sumpart mótmælt, sumpart ekki, af ábúendum Grímsstada, var þar seinast skorid heytorf frá mér sumarid 1841. [...] Þessu mótmælti eg öldúngis, þar eg sagði honum, að óvíst væri hvör jörðin þrætupartinn ætti, vegna þess eg álitu landamerki milli jarðanna vera eptir eldstu manna sögn, beina stefnu úr hestlækjarauga og uppí svokallada Klofasteína í fjallinu, er fyrrmeir skulu hafa stadid vestanverdt við Raudfeldargjá, enn landamerkjum til sjóar skyldi hestlækur náda. [...] Báðum okkur kom saman um, að Grímsstadir með Litluhnausum, 12 hndr. að dýrleika, að öllu yfirvegudu væri betra land, enn Stapi með sama dýrleika, helst þar því ekki mundi verda mótmælt, að meginpartrinn af Stapa túni sé útgræddur laungu seinna, enn dýrleiki var settur á þessa jörd.

Stapa 22 Septber. 1841.

Thorsteinsson.⁸³

Skjal sem stafar frá ábúanda Grímsstaða, dagsett 7. júní 1845, getur landamerkja sömu jarðar og hljóðar svo:

Sökum þess að ódals bóndinn Sign. Guðmundur J. son í Mavahlíjd hefur bigt mér undir skrifudum Eignar jörd sína Grijmstadi jnnann Breijduvjkurhrebs Nærst komandi fardaga ár til á bjlis og allrar löglegrar leijgulida brukunar jnnann Eptir grejndra landa merkia – að utan verdu mjlli Stapa og grijmstada Rædur hestlækur landa merkum frá auga því sem hann kemur úr í dyi því sem hann kemur liggur undir fialls Rótum að fossi þeim sem hann fellur af klettum til sídar – Enn Reka merkum að áður nefndur foss beri ý utan verda Raudfeldar gýu hvar Klofasteinar hafa adur stadid þá madur stendur við síár mál. –

Þá firir bjdst her með ollum stapa plass jnnbúum ejnum sem ödrum að bruka nokra land jrkn austanverdt áder nefnds heslækur, Ejns og lijka að burt flitia það nyvjta Torf án mjns lejfis utan eg síái frá þeirre sydu Rigtegt skilrjki firir að stapi Ejgi þar land edur nokkurt í tak. Enn skildi nokkur af stapa ábuendum það bruka – að undann teknu adur sögdu – má buast við að eg noti mer það þeir hafa að því giört Ejns og eg hefði siálfur unnid hvert heldur það er Torf skurdur edur hejvinna sem hvad annad er því ljkt snertir – þá upp á Ejjandans ábyrd og Eptir hans til skipann –

Grijmstöðum þann 7. Junj 1845

Jón Guðmundsson

Þessi sedill berist milli stapaplass á buenda.⁸⁴

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Grím(s)staðir séu beneficium og jörðin sé metin til 6 hundraða að dýrleika. Þar segir ennfremur:

[Árið] 1805 er jörð þessi talin 12 [hundruð], en sýslumaður telur hana 8 h[undruð] að dýrleika.⁸⁵

⁸² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 153–154.

⁸³ Skjal nr. 2(88).

⁸⁴ Skjal nr. 2(89).

⁸⁵ Skjal nr. 4(2), bls. 144.

Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur fram að Grímsstaðir séu benefíci.⁸⁶

12. júní árið 1854 var þinglesinn landamerkjasmningur á milli Arnarstapa og Grímsstaða. Innihald sammingsins sjálfs var ekki fært til bókar. Sjá nánar umfjöllun um Arnarstapa í kafla 5.3.6.⁸⁷

Landamerkjum milli Arnarstapa og Grímsstaða er lýst svo 29. ágúst 1887:

Landamerkjaskýrsla milli Arnarstapa- og Grímsstaða.

Úr svokölluðum Látur á sandi er sjónhending frá sjóarmáli í svo kallaðan Hestlækjarfoss, sem rennur fram af klettabrún þeirri, sem er fyrir vestan Hestlækjarbala, aftur sjónhending úr fyrnefndum Hestlækjarfossi í svo kallað Hestlækjarauga, sem er í svo kölluðum bringum, sem liggja þvert yfir Stapabotn og Grímsstaðabotn. Aftur sjónhending úr Hestlækjarauga í vestari barm á Rauðfeldargjá, sem er ofanvert í svokölluðu Botnfjalli.

Stapabæ þann 29. ágúst 1887.

Árni Björnsson (ábúandi á Stapa). Margrét Jónsdóttir eigandi að Grímsstöðum. Jón Jónsson umboðsmaður.⁸⁸

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Grímsstaða, en nefnt er að jörðin nái til fjalla þar sem hún sé með upprekstur.⁸⁹

5.3.6 *Arnarstapi*

Fjöldi kaupbréfa og gerninga er varða Arnarstapa frá 15. og 16. öld, prentaðir í *Íslenzku fornbréfasafni*, vitna ekkert um afmörkun eða landamerki jarðarinnar.⁹⁰

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Breiðuvíkurrepp segir meðal annars eftirfarandi í kafla um Arnarstapa:

Arnarstape.

Hjer hefur að fornu aldrei kirkja verið, en í tíð Matthíass Guðmundssonar var hjer hálfkirkja reist og hjelst víð nokkur ár. En þá stund sem þórður Steindórsson hjelt umboðið, nú í voru minni, er húsið niður fallið og tóftaleifin grasgróin.

Jarðardýrleiki xii hundruð og so tíundast fjórum tíundum, þá ei situr hjer sýslumaður, en þremur ella.

Eigandinn kóngleg Majestat, og er þetta það höfuðból, sem Arnarstapa umboð er við kent.

Ábúandi er sjálfur umboðshaldarinn sýslumaðurinn Magnús Björnsson.

[...]

Fóðrast kann á heimajörðunni fyrir utan búðirnar iii kýr, ii hestar. Þar fyrir utan ekkert, því hvörki er vetrararbeit fyrir fje af landi nje fjöru, það menn megi sig uppá reiða.

Selstaða er við fjallgarð þar sem kallast Stapabotn, hvör um næstu 6 ár hefur jafnlega brúkuð verið vegna fjarlægðar búfjárhagans við heimabæinn.

[...]

⁸⁶ Skjal nr. 2(100).

⁸⁷ Skjal nr. 2(118).

⁸⁸ Skjal nr. 2(9).

⁸⁹ Skjal nr. 2(82), bls. 290–291.

⁹⁰ Skjöl nr. 4(76)–4(81).

Engjatakmark er hjeðan brúkað í Stórakambs landi, so sem áður er sagt; vide supra Stórakamb.

Engjar öngvar hjer heima.

Átroðningur skaðlegur af fólki því, er kaupstefnu sækir hingað til Stapa, og liggja búðirnar mitt í túninu til óbóta meins ábúendum, hvað danskir í öngvu bæta, en hagar uppetast, tún treðst, en fólk mætir óbærilegu ónæði; er því kvikfje gagnlítið um sumar en nær því bjargþrota að vetri, sökum hagleysiss.

[...]

Hellersweller, kallað af almúga Hellnar, er sameiginlegt nafn yfir alt eftirfylgjandi þorp og verstöðu.

Jörðin öll Hellirsvellir er kölluð að fornu og nýju xl hundruð, og so tíunduð fjórum tíundum.

Hún er sundurdeild í eftirfylgjandi bæi og bli, sem alt eru nú um stundir aðgreind sem eftir fylgir.⁹¹

Vitnisburður um landamerki á milli Arnarstapa og Grímsstaða, dagsettur 22. september 1841, hljóðar svo:

Eptir að nokkur undanfarin ár hafði sumpart með og sumpart án minnar vitundar verid skorid heytorf í þrætupartinum milli Arnarstapa og Grímsstada og þessu sumpart mótmælt, sumpart ekki, af ábúendum Grímsstada, var þar seinast skorid heytorf frá mér sumarid 1841. [...] Þessu mótmælti eg öldungis, þar eg sagði honum, að óvíst væri hvör jörðin þrætupartinn ætti, vegna þess eg álitu landamerki milli jardanna vera eptir eldstu manna sögn, beina stefnu úr hestlækjarauga og uppi svokallada Klofasteína í fjallinu, er fyrrmeir skulu hafa stadid vestanverdt vid Raudfeldargjá, enn landamerkjum til sjóar skyldi hestlækur náda. [...] Báðum okkur kom saman um, að Grímsstadir með Litluhnausum, 12 hndr. að dýrleika, að öllu yfirvegudu væri betra land, enn Stapi með sama dýrleika, helst þar því ekki mundi verda mótmælt, að meginpartrinn af Stapa túni sé útgræddur laungu seinna, enn dýrleiki var settur á þessa jörd.

Stapa 22 Septber. 1841.

Thorsteinsson.⁹²

Arnarstapi var 12 hundruð að dýrleika samkvæmt jarðamatinu 1849–1850. Ekkert kemur fram um afmörkun Arnarstapa í sömu heimild. Nefnt er að landsetinn brúki þau grös sem áður hafi verið undir Eyrarbúð, Kampsbúð og Stapabæ. Hjá grasbýlinu Eyríkibúð var túnið grætt út á melholt og hlaðið garð fyrir utan.⁹³

Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur fram að Arnarstapi sé Stapaumboðsjörð.⁹⁴

12. júní árið 1854 var þinglesinn landamerkjasmningur á milli Arnarstapa og Grímsstaða. Innihald sammingsins sjálfs var ekki fært til bókar.

Ár 1854. Mánudag 12^{ta} Juni var manntalsþingsrétturinn settur og haldinn á Brekkubæ vid Hellna af hinum const. Sýslumanni P. Melsteð í vidurvist undirskrifadra votta. Johannesar Jonssonar Gísla Sigurdssonar, Kristjans Steindórssonar, Olafs Olafssonar. var þá [...]

⁹¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V*, bls.155–165.

⁹² Skjal nr. 2(88).

⁹³ Skjal nr. 2(100), bls. 79–84.

⁹⁴ Skjal nr. 2(100).

2. Lesin Landamerkja samningur millum Arnarstapa og Grímsstada, dagsettur 3. Oct. 1851, stadfestur af amtmanni 19. Jan. 1852.⁹⁵

Landamerkjaskýrsla milli Hellna og Arnarstapa, dagsett 27. ágúst 1887, hljóðar svo:

Landamerkjaskýrsla milli Hellna og Arnarstapa.

Klettur tveir standa í sjó fram af snös þeirri, sem gengur vestan fram með Skollabrunni, úr dýpri klettinum, sem bæði er hærri og meiri um sig, er sjónhending í fornan grjótgarð, sem liggur frá þjóðveginum á fyrnefndri snös upp í hraunið, sem gengur fram austan til við sjóartröð og helst sama sjónhending, í Merkjastrýp sem er klettur allstór í vestur hlíð Stapafells, Jökuls megin við Hjartað.

Stapabæ þann 27. Ágúst 1887.

Árni Björnsson (ábúandi á Stapa). Helgi Árnason (ábúandi í Gíslabæ). Guðrún Bergsdóttir (ábúandi á Yxnakeldu). Ólafur Ólafsson (ábúandi á Skjaldartröð). Sem umboðsmaður yfir ofanefndri jörð Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.⁹⁶

Landamerkjum milli Arnarstapa og Grímsstaða er lýst svo 29. ágúst árið 1887:

Landamerkjaskýrsla milli Arnarstapa- og Grímsstaða.

Úr svokölluðum Látur á sandi er sjónhending frá sjóarmáli í svo kallaðan Hestlækjarfoss, sem rennur fram af klettabrún þeirri, sem er fyrir vestan Hestlækjarbala, aftur sjónhending úr fyrnefndum Hestlækjarfossi í svo kallað Hestlækjarauga, sem er í svo kölluðum bringum, sem liggja þvert yfir Stapabotn og Grímsstaðabotn. Aftur sjónhending úr Hestlækjarauga í vestari barm á Rauðfeldargjá, sem er ofanvert í svokölluðu Botnfjalli.

Stapabæ þann 29. ágúst 1887.

Árni Björnsson (ábúandi á Stapa). Margrét Jónsdóttir eigandi að Grímsstöðum. Jón Jónsson umboðsmaður.⁹⁷

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Arnarstapa.⁹⁸

5.3.6.1 Vikurnám á Jökulhálsi

Umboðsmaður þjóðjarða í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði gerði 1. september 1936 leigusamning við forsvarsmenn Vikurfélagsins, Jón Loftsson og Sveinbjörn Jónsson. Umboðsmaðurinn leigði þeim „lóð þá, er fylgja ber námurekstri þeirra á Arnarstapa í Snæfellsnessýslu frá 1. janúar 1936 að telja.“ Lóðin var 33.600 fermetrar að flatarmáli og skyldi samningurinn vera til 50 ára. Í samningnum kemur fram að hann taki ekki gildi fyrr en atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hafi samþykkt hann. Samningurinn er undirritaður af þeim Jóni og Sveinbirni 18. september 1936 og Vigfúsi Einarssyni fyrir hönd atvinnu- og samgöngumálaráðherra 19. nóvember 1936. Honum var þinglýst 1938.⁹⁹

Þann 29. ágúst 1936 veitti sýslumaður Snæfellsness- og Hnappadalssýslu Jóni Loftssyni og Sveinbirni Jónssyni svokölluð málmgraftrarleyfi skv. 8. gr. þágildandi

⁹⁵ Skjal nr. 2(118).

⁹⁶ Skjal nr. 2(186).

⁹⁷ Skjal nr. 2(9).

⁹⁸ Skjal nr. 2(82), bls. 275–276.

⁹⁹ Skjal nr. 4(47).

námulaga, nr. 50/1909, vegna vikurnáms á sunnanverðum Jökulhálsi „neðan Snæfellsjökuls“. Leyfin, sem eru samhljóða, fólu í sér heimild til að grafa eftir vikri á námuteigi þeim sem þeir höfðu fengið sér útmældan 12. sama mánaðar. Leyfunum var þinglýst árið 1938.¹⁰⁰ Útmælingin sem vísað er til í skjölunum hefur ekki fundist þrátt fyrir leit.

Jón Loftsson og Sveinbjörn Jónsson sendu sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu eftirfarandi símskeyti 6. júlí 1937:

Við undirritaðir afsöllum hérmeð til Vikurfélagsins H/f Reykjavík lóðar og námu-
réttindum okkar á Snæfellsnesi eins og þau eru samkvæmt sýslubókunum og
málmgraftrarbréfum og lóðarsamningnum, sem vér afhentum yður gærkvöldi.

Jón Loftsson, Sveinbjörn Jónsson.

Samkvæmt ofanrituðu biðjum vér yður þinglýsa réttindum á nafn Vikurfélagsins H/f
Reykjavík og ennfremur svo vel gjöra að símsenda oss veðbókarvottorð.

Vikurfélagið H/f

Jón Loftsson, Höskuldur Baldvinsson.

Undirskriftirnar staðfestir Sólveig Matthíasdóttir símakona.¹⁰¹

Hreppstjóri Breiðuvíkurbrepps, Haraldur Jónsson, sendi landbúnaðarráðuneytinu
eftirfarandi bréf 20. nóvember 1974:

Viðvíkjandi bréfi yðar frá 11. þ.m. skulu þessar upplýsingar gefnar:

Hin umrædda vikurnáma er suðaustan við Snæfellsjökul, þetta eru jökulöldur sem hafa
myndast við framskið jökulsins fyrr á tímum. Ég ætla að þetta sé í landi Arnarstapa.

Vikurfélagið h/f, nú Jón Loftsson h/f, hefur tekið þarna vikur. Það hefur fengið leigu-
samning hjá ríkinu (fjármálaráðuneyti?) 18. sept. 1936, staðfestan 19. nóv. s.á., og
annan 5. maí 1941 og staðfestan 26. sama mánaðar. Að öðru leyti get ég ekki gefið
upplýsingar um téða leigusamninga, því að sýslumaður Snæfellsness- og Hnappadalssýslu
innkallaði þá, ásamt öðrum leigusamningum og tryggingabréfum ríkisjarða, á
árinu 1957, og hefur þeim ekki verið skilað hingað. – Ef leigutíminn hefur verið 50 ár,
sem mér þykir ekki ólíklegt, er samningurinn enn í gildi, og heur til þessa dags verið
greitt árlegt gjald, að upphæð 133 krónur, frá þessu umrædda félagi. Vikrinum var fleytt
með vatni niður í hvamm við norðurenda Stapafells, þar var hann malaður og síðan
fleytt í trérennum niður að sjó innan við Stapapláss. Síðar var hætt við trérennurnar og
vikrinum ekið á bílum niður í þorpið á sjávarbakkanum. Þaðan var honum rennt í víðum
pípum út í skip.

Hin síðari ár hefur engin efnistaka farið fram í námunni, á að gizka 6 til 7 ár síðan.
Vatnsrennsli úr jöklinum hefur þorrið mjög á síðasta áratug, sennilega binzt meira vatn
í jöklinum en áður vegna kólnandi veðráttu.

Haraldur Jónsson

Til landbúnaðarráðuneytisins.¹⁰²

Í minnisblaði Skafta Benediktssonar til Jóns Höskuldssonar um Vikurfélagið frá 19.
nóvember 1987 eru nokkur skjöl varðandi vikurnám félagsins rakin. Þar er getið
nokkurra skjala sem fjallað er um að framan: lóðarsamningsins frá 1936 sem staðfestur
var af ráðuneytinu 19. nóvember 1936, málmgraftrarleyfi Sveinbjörns Jónssonar frá 29.

¹⁰⁰ Skjöl nr. 4(48) og 4(49).

¹⁰¹ Skjal nr. 4(50).

¹⁰² Skjal nr. 4(51).

ágúst 1936 og símskeytisins frá Jóni Loftssyni og Sveinbirni Jónssyni frá 6. júlí 1937. Jafnframt er þar getið eftirfarandi samnings milli Vikurfélagsins og Kristínar Jónsdóttur, ábúanda á ríkisjörðinni Eiríksbúð á Arnarstapa, um leigu félagsins á landspildu úr jörðinni:

Ég Katrín Jónsdóttir leigi hér með, að áskildu samþykki landsdrottins, Vikurfélaginu h/f. í Reykjavík, landspildu nyrzt úr túni ábúðarjarðar minnar, Eiríksbúðar, þvert yfir túnið, áfasta samliggjandi landspildu þeirri, sem Vikurfélagið h/f. hefur áður fengið á leigu í landi jarðarinnar.

Í minnisblaðinu segir svo að ekki sé tekið fram í samningnum hvað hann gildi í mörg ár en að hann sé undirritaður af Kristínu 1949 og Jóni 1950, en ekki af ráðuneytinu, Þá er þar enn fremur að finna eftirfarandi úrdrátt úr greinargerð Páls Halldórssonar um Arnarstapa frá 5. nóvember 1982:

Vikurfélagið er skráður leigjandi tveggja lóða á Arnarstapa skv. innheimtuskrá sýslumanns. Kf. Stykkishólms hafði lóðir þessar á leigu áður fyrr, en engin skjöl eru fyrir þessari breytingu í skjalasafni og engar greiðslur hafa komið fyrir lóðirnar skv. bókum sýslumanns.

Í minnisblaðinu segir að sennilega eigi Páll við lóðarleigusamninga Kaupfélags Stykkishólms staðfesta í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 13. desember 1946, báðir til 50 ára.¹⁰³

5.3.7 *Hellnar*

Í þessum kafla verður fyrst fjallað um heimildir sem varða Hellna í heild. Heimildum um einstakar Hellnajarðir eru svo gerð skil í undirköflum.

Skipti á Hellnalandi milli þriggja bræðra voru skjalfest dagana 10. og 13. október árið 1560. Skiptin eru kölluð „Hellna jarða landamerki“ sem líklega er dálítið villandi efnislýsing á innihaldi skjalsins því ekki er getið eiginlegra landamerkja í sjálfum skiptunum. Getið er fjölda nafngreindra búða, sem þeir bræður skipta með sér, án þess þó þeir geti um afmörkun hvernar um sig, eða einnar gagnvart annari. Þar er getið um Brekkubæjarpart og tvær búðir í túninu fyrir utan Brekkubæ. Skiptin hljóða svo:

Hellna jarda landamerke.

In Nomine Domini Amen.

Woru suofelld lagaskipte a gior a millum þeirra brædra Halldorz Gudlaugssonar. Jons Gudlaugssonar og Geijrmundar Gudlaugzsonar. effter þeim lagadome er þeir logdu sijn a mille a Laugarbrecku a þjngstad riettum a miduikudægenn firer weturnætur j huorium lagadome ad voru kongz vmbodzmadurenn Brandur bönde Eijnarsson. Pietur Eijnarsson. Ellendur Jonsson. Jön Gijslason. Ormur Pietursson og Arne Jonsson. huorier somu menn vtann Arne Jonsson. enn j hans stad var tilneffndur Þorgeir Þordarson: ad skipta Brekkubæiar partinum vid Hellna husum. tauduvollum og budum: J firstu ad Jon Gudlaugsson skillde eignast allan Skialldartradabala sudur ad sijnu eigen lande: sem Øxnakielldu heffur filgtt sijdan hann vard hennar eigande. og vt ad lækiar farueg þeim sem rennur offan epter laagenne firer vtan Skialldartradar bud: Suo og skillde hans eign vera su sama bud: Skialldartrod; og þar med mætte hann vppbiggia

¹⁰³ Skjal nr. 4(52).

Þessu síjnu lande buder til jaffnadar við síjna adurskriffada brædur: suo og skillde huor þeirra brædra meiga haffa j síjnum portum fiöra budarmenn og fimm skip: enn eff þeir juke fleirum budum edur skipum þa skillde það giora með allra þeirra samþicke. og allra þeirra gagn vera: Suo og kom a þeirra part brædranna Halldörz og Geirmundar allt tuned Breckubær firer vtann lägena: enn buder skiptust suo. ad Halldor og hans skilgietenn sonur Hallur skilldu eignast tuær buder j tunenu firer vtan Breckubæ og Olaffzbud: enn Geirmunde var skiptt Gijslabud og Vermundarbud og Molldarholubud. enn Fotaspinnu eiga þeir baader Halldor og Geirmundur: Enn Wppsatur naust og vergogn skilldu þeir siälffer skipta og haffa ad jaffnade. og aller lijka miked: Suo og vorum vær vottar ad og tilkallader sera Stemgrijmur Gudmundzson. Brandur Ejnars-son. Pietur Eijnarsson. Jon Gijslason. Ellendur Jonsson og Olaffur Jonsson. ad þeir keyptust uid Geirmundur Gudlaugsson og Hallur Halldorzson j wmbode faudur síjns riettu lagakaupe vm þann mismun sem var a mille tunsinz a Laugarbrecku og tunsins sem nu er i Breckubæ. huar firer ad Geirmundur þa kuijtt tuo hundrud aff Halle er Geirmundur atte ad greida kirkiunne a Laugarbrecku. Enn öll önnur landz og sioargiæde skilldu þeir brædurner aller haffa til jaffnadar: for þesse giornijngur og logleg eignarskipte fram með fullum handsaulum og loglegum giorninge. ad þessum öllum wottum hiauarendum og morgum ødrum godum monnum. j Breckubæ a fimtudaegenn firer weturnætur. Enn kaupskapurenn þeirra Hallz og Geirmundar giordest a Stapa j Knarrar kirkiu sokn a sunnudagenn næstan þar effter. þa lided var fra Gudzsonar hijngadbud Anno 1560 ar. Og til sanninda hier wm festum vær firskriffader menn vor jncigle firer þetta brieff: huortt ad skriffad var a Stapa a sama are og fir seiger.¹⁰⁴

Vitnisburður Ólafs Ingimundarsonar um landamerki Hellna og Miðvalla, dagsettur í október árið 1622, hljóðar svo:

Vitnizburdur [vm] Hellna landamercke.

Suo felldann witnisburd ber eg Olafur Jngemundarson. og auglyse openberlega með godre og hreinne samuisku. með þuij eg [er] þar til bedenn og kraffdur sannleikann ad auglysa. hvad eg riettast og sannast veit um landamerki a millum miduallna og þeirra jarda sem liggia a Hellersvöllum sudur fra. sem er Laugarbrecka Øxnakiellda og Breckubær. huoriar þriar jarder ad allar eiga land saman ad oskiptu vtann gardz. eingiar. reka. vthaga. vtann huad tunum. budum og skipzuppsatrum viduijkur. Nam eg suo aff mier elldre monnum bæde mijnum saluga födur og ødrum. ad þegar saluge Dade Gudmundzson atte Miduelle. bigde hann þa Jngemunde heitnum födur mijnum. sagdest fader minn saluge haffa spurt hann ad landamerki. huad hann skillde hallda a millum Miduallna og Hellesuallna. enn Dade saluge sagde ad fader minn skillde haffa það og hallda sem ad eignarmadur ad Laugarbrecku Halldor og þar buande j þann tijma segde honum til landamerkianna. Enn Halldor sagde födur mijnum saluga til þessara landamerckia. Ur midre þriostarhljíd. og j nedannverdann Borgardal. síjdann rædur lækur sa sem er sunnannuertt uid birged. og rennur firer sunnanuerdann Topthol. og síjdann j vppgangenn sem er j Meraruijk. so og heffe eg alldre vm mijna daga heyrtt annara landamerckia gieted a mille adurgreindra jarda. ad þau haffe ødruvijse halldinn vered aff nockrum skilrijkum monnum. Rak hualfisk firer fiorutiju arum j þessare Meraruijk j adurgreindu takmarcke. og höffdu Hellnamenn höfffued. enn Miduallnamenn bolenn. þuij sitt rak huorumeigenn lækiarins. sem j uppgangenum rennur. og ad suo i sannleika sie set eg mitt incigle firer þennann minn vitnizburd huör vt er gieffenn Anno 1622 j octobrij manade. viliande hier frekare skyrslu a giöra eff þröff kreffur. voru þesser menn vidstadder þa þesse vitnisburdur var vtgieffenn. sera Wigfus Helgason og Eyrekur Þordarson.

¹⁰⁴ Skjöl nr. 2(91) og 4(108).

Rétta afskript votta

Reykjavík 4. September 1906.

Einar Þorkelsson. Jóhann Kristjánsson.¹⁰⁵

Vitnisburður Brands Jónssonar um landamerki Hellnajarða undir Jökli, útgefinn á Hellisvöllum árið 1623, hljóðar svo:

Vitnisburður vm Hellna jarda landamerke.

Suo latande vitnisburd ber eg Brandur Jonsson og øglyse opennberlega med godre og hreinne samuisku med þuij eg er þar til bedenn og kraffdur sannleikann ad øglysa. vm þad huad eg riettast og sannast veit um landamerke millum Miduallna og þeirra jarda sem liggia ad Hellersuöllum sudur fra. sem er Laugarbrecka. Øxnakiellda og Breckubær. huoriar þriar jarder ad allar eiga land saman ad oskiptu vtann gardz. eyngia. reka. og vthaga. vtann huad budum. tunum og skipavppsatrum viduijkur. Nam eg suo aff mier elldre monnum. og sjalffur heffe eg j mestu sextiju ar vitad til þessara landamerckia. og bued j nockur ar sialffur a Miduöllum med modur minne. so sem nockrer goder menn vita sem enn nu eru lijfz. og alldrej vitad ødruuijs hallded enn þannenn. Wr midre þriostarhlijd og j nedannverdann Borgardal. sijdan rædur lækur saa sem er uid sunnannuert birged og rennur firer sunnannuerdan Tophthol. og sijdann j vppgangenn a Meraruijk. og heffe eg alldrej heyrnt annara landamerckia gietid a mille adurgreindra jarda. ad þau haffe ødruuijs halldenn vered aff nockrum skiluijsum monnum. Rak hualfisk firer fiorutiju arum j neffndre Mararuijk (!) j adurgreindu takamarke. og höffdu Hellnamenn höffuded enn Miduallnamenn bolenn þuij sitt rak huorumeigenn lækiarinz sem j vppgangenum rennur. Man eg giörla ad madur sa er hiet Gudmundur og war kalladur Bona Guöndur. bad saluga Dada bonda Gudmundzson sem þa atte Miduelle. ad lejffu sier ad giora vpp hus j Miduallna lande. og þad leyffde Dade bonde honum. j þeim sama stad sem Jon heitenn Gijslason giörde sijdann birged. til huors ad enn sier full lijkende. Og þennann vitnisburd loffade. Brandur med eyde ad sanna. eff þörff kreffde. huörn hann vtgaff 1623 a Hellesuöllum j widuruist Jonz Bardarsonar og Olaffz Jngemundarsonar. huorier ad settu sijn jncigle hier firer nedann til sannrar stadfestu þessum vitnizburde.

Rétta afskript votta

Reykjavík 4. September 1906.

Einar Þorkelsson. Jóhann Kristjánsson.¹⁰⁶

Vitnisburður um landamerki Hellnajarða undir Jökli, útgefinn við Hellna 22. febrúar 1632, hljóðar svo:

Suo latande vitnisburd ber eg Halldor Eygilzson wm landamercke millum Miduallna og þeirra jarda ad sunnann. Laugarbrecku Breckubæ[iar] og Øxnakielldu. ad eg heff alldre annad [heyrnt] vm mijna daga fimmtiju og fiogur ar. enn þad være riett landamercke mille þeirra jarda. wr midre þriostarhlijd. og j nedannuerdann Borgardal. sijdann rædur lækur sa sem sunnann er uid birged. og rennur uid sunnannuerdann Toffthol. og sijdann j vppganginn j Meraruijk. og epter þessum mijnum vitnizburde vil eg sueria. eff þörff krefur. huor vtgieffinn og skriffadur er uid Hellna þann 22. februarj. Anno 1632. og jncigladur mier sialffum asiaande med mijnu jncigle.

¹⁰⁵ Skjal nr. 2(93).

¹⁰⁶ Skjal nr. 2(94).

Rétta afskrípt votta

Reykjavík 4. September 1906.

Einar Þorkelsson. Jóhann Kristjánsson.¹⁰⁷

Varðveittur er vitnisburður Ólafs Ingimundarsonar, Guðmundar Ingimundarsonar og Halldórs Egilssonar um skipsuppsátur við Hellna frá 16. febrúar 1632.¹⁰⁸

Fjórir vitnisburðir um landamerki Hellisvalla, allir útgefnir árið 1789, eru svohljóðandi:

I.

(Brot)

[Eptir mjög fúinni afskrípt með hendi Ásgríms Hellnaprests Vigfússonar].

Anno 1789 þann 19 dag Novembrismánadar. gieck eg Guðmundur Arnason. fyrir margra bón. á Landamerkin milli Hleinarmanna og Hellnamanna. og sagde til þeirra sem eg sannast til visse og heirt hefe af föður mínum Arna Guðmundssyni. er bió allann sinn aldur hjier j platzi til 70. ára. og eg nú 79 ára gamall. hefe ecke annat heyr. en [...] [þess]um landamerki [...] einn. Eirikshleinar nordare brún. er standst [á við gard] þann. er liggur upp á Backanum til vestur útsudurs [nord]ann til við eina skiemu ad Túngarde. Frá hans enda afftur beint sjónhending við sunnannverdt Svartartjarnarholt. beint í gards Enda þann. er fram á klettunum er motlíka lángr og hinn. af Fornmönnum hlandinn. fyrir austann Króarfjöru á nesinu. sem eg hefe síndt. og enn þá sier merke til. Ý Króarfjöru rak hval nockrum árum efftir stórubólu. vard mál út af honumm og Fadir minn heitinn þar við ridinn. og sá eg þann hval. var hann skorinn og hirdtur af Balamonnum. nema það sem Breckubæ tilheirde. fúnade og drafnade þar nidur á böckunumm. vilde efftir það valdamadur einhvör sem átte með Hleinina. hann var Arason. enn eg man ecke hvad hann hiet fyrir víst. eigna sier meira land og rekaplätz fyrir Hlein efftir enn ádur. til vesturs. af þvj hvalinn hafde þar rekid. enn miste þó hvalenn. og gat litlu frammkomid. samt fóru Hleinarmenn í flóde hans magtar. og effter hann. sem eg man til. Jakob sálugi við Búdir. ad eigna sier meire reka. enn nockru sinni verid hafde. þó allt í óvissu um merkinn. so Hleinar menn hafa meir enn Balamenn hyrdt af Rekanumm. hvar af ætid sidann hefur orsakast mas og nágranna krit milli plätzmannanna.

Aldrej hef eg heirt ad Hleinarmenn ættu neitt með Saudaból í Hellna sande. heldur alleina Balamenn. þó ej nema 5 saudabol fyrir hvört Jardar hundrad. enn Hleinarmenn [...]

II.

[Þrír eptirfarandi vitnisburðir eru teknir eptir afskrípt Ólafs bæjarfógetaskrifara Jónssonar, sem hann staðfestir í Stykkishólmi 7. December 1875. Hefir hann gert afskrípt þessa eptir afskrípt Ásgríms Hellnaprests, sem nú er glötuð].

Þetta er minn vitnisburður undir svarinn sáluhjálpareið, ef þörf þess krefur, að eg Þorgerður Heinsdóttir, 72 ára gömul, veit ekki annað og hefi aldrei með sanni annað heyr um æfi mína af föður minum og mörgum gömlum mönnum [...] að landamerki millum Hleinar- og Balamanna væri að austaverðu Eirikshlein, er nær sem laung klöpp fram undir sjóinn um fjöruna, lítið fyrir norðan Hleinaruppsátur. Svo ræður stór steinn og gamall gardur hlandinn þvert yfir túnið að túngarði fyrir norðan þá stóru skemmu, sem leingi var þar. Þaðan beint sjónhending fyrir sunnan Svartartjarnarholt þvert yfir túnið að túngarði fyrir norðan þá stóru skemmu, sem leingi var þar. Þaðan beint sjónhending

¹⁰⁷ Skjal nr. 2(96).

¹⁰⁸ Skjal nr. 2(95).

fyrir sunnan Svarðartjarnarholt þvert yfir nesið til gamals garðsenda, sem hlaðinn er af fornaldarmönnum fram á sjávarklettum fyrir austan Króarfjöru. Hefi eg aldrei heyrt um önnur landamerki getið eða neinn ágreining um verða, fyrr en eptir það hval rak á Króarfjöru. Hafði þá valdamaður Þorleifur eða Þorlákur Arason – eg man ei fyrir víst hvað hann hét – og eptir hann Jakob Eiríksson vildi að (!) færa merkin úteptir nokkuð leingra en hvalinn rak, hverju Hleinarmenn hafa hlýtt og hirt viðarreka meir en Balamenn af Króarfjöru, hvað þó alltið hefir verið órétt álitid og með mörgu jagi af geingið, þar hver hefir það haft, er hann hefir á rekanum fyrstur fundið og náð. Það hefi eg og svo ætið heyrð, að hver Hleinarbóndi mætti ei með frelsi eiga nema 1 hest í stokki og kú í fótbandi vegna landþreingsla, líka ekkert með sauðaból í sandinum, nema það, sem þeir hafa að leyfi [þeirra], sem ei hafa sett í sína tiltölu, og Jón Hreggviðsson hefir nú nokkur ár haft með frelsi Laugarbrekku tiltöluna fyrir 9 hndr. Sölvatekju hefi eg líka frá barndómi heyrð að svoleiðis skipt væri, að Laugarbrekka ætti sölvatekju í allri Króarfjöru frá landamerkjagarði og út fyrir Brúnkolluholt; eptir það Brekkubæjar 12 hndr. frá holtinu og til merkja út í Merarvík, en Ormsbær og upplázið frá Eiríkshlein alt að Skollabrunni austansjóartröð. Eitt skipsuppsátur fylgir með réttu hverjum 2 hndr. og 10 sauðaból í Hellnasandi. Til að þurka á fisk, þegar túnin entust ekki, var hrauninu skipt í 3 staði. Átti Laugarbrekka frá sandinum að götunni hjá Gulaklett og alla snösina, Brekkubær að árkróknum og upp plázið 12 hndr. austast. Samt er grasnytin óskipt. Þessi minn vitnisburður er nú í dag af Jngimundi Ólafssyni eptir mér skrifaður í 4ra manna viðurvist, hvern eg með handsali læt undirskrifa að Neðraholti við Hellna þ. 24. November 1789.

Þorgerður Heinsdóttir (L.S.).

III.

Svo látandi vitnisburð berum við eptir sem vér höfum ætið heyrð af okkur eldri mönnum sannast að vera: Eg Ólafur Þórðarson, eg Magnús Gíslason, eg Jngimundur Ólafsson og eg Snorri Árnason, að landamerkjum milli Hellnamanna og Hleinarmanna ráði niður á Kveifarnesi garður sá fram á sjávarklettunum, sem af fyrri mönnum hlaðinn er fyrir austan Króarfjöru; þaðan sjónhending á sunnavert Svarðartjarnarholt og í það gamla túngarðshorn fyrir vestan og ofan Melabúð, frá hverju horni að liggur merkjagarður þvert inn í túnið norðan eina skemmu, og veit til sjóar, hvers garðsendar báðir gjöra sjónhending við norðari brúnina á Eiríkshlein neðan bakkann í fjörunni norðan lend-inguna.

Melabúðarmaður skal áður fyrrum hafa ræktað grjótmelinn, sem búðin tekur nafn af, norðan þessi merki með leyfi Gíslabæjarbóndans, svo það túnstykki hefir þess vegna verið látið tilheyra Melabúð.

Þennan vorn vitnisburð viljum við staðfesta með okkar sáluhjálpar eiði, ef nokkur óska vill, með vorum eigin höndum undirskrifa og innsigla að Hellirsvöllum þann 27. November 1789.

Ólafur Þórðarson.

Magnús Gíslason.

(L.S.).

(L.S.).

Jngimundur Ólafsson.

Snorri Árnason

(L.S.)

(handsalaði sitt nafn).

IV.

Svolátandi vitnisburð ber eg undirskrifaður Þorsteinn Jónsson um frekustu vitund mína undir svarinn sáluhjálpareið viðvíkjandi landamerkjum millum Hellirrvalla (!) og Hleinarmanna, samt tiltölu, er sérhverjum þeirra með réttu tilheyrr. Eg er nú maður 60 ára gamall; hefi verið hér hreppstjóri í 40 ár, og hefi af flestum mönnum aldrei öðruvísi

heyr t en Hleinarmenn megi alleina eiga hver um sig 1 hest í stokki og 1 kú í fótbandi að ekki gjöri gripir þeirra átroðning á Hellnaland, nema fyrir velvild eða betaling, því í Hellnamanna landareign eiga Hleinarmenn ei hina minnstu grasnyt, beit, ristur eða lyngryf, sem og aldeilis ekkert með Hellnasand eða fjöruna fyrir neinar skepnur, og alls eingir menn, nema fyrirsvarsbændurnir á Laugarbrekku, Brekkubæ og Yxnakeldu all-einasta 10 sauðaból fyrir hver tvö hundruð jarðar, sem gjöra alls 180 eður hálf t annað hundruð fjár, og eitt skipsuppsátur eptir máldaganum. Landamerkjum ræður Eiríkshlein og garður sá, er liggur norðan til við skemmuna stóru, er svo var leingi kölluð. Nær hann þvert yfir að túngarði. Frá hans enda eru merkin sjónhending sunnanvert í Svarðartjarnarholt réttlínis að garðspotta þeim, sem er út á klettunum austan Króarfjöru og beint í sjó suður. [...]

Þessum mínum vitnisburði er mitt nafn og innsigli til staðfestu að Yxnakeldu efri 5. December 1789.

Þorsteinn Jónsson

(L.S.).

Þessir 4 vitnisburðir eru samanlesnir og rétt útskrifaðir af original skjölunum. Testarar Brekkubæ 24. Maí, 2. dag Hvítasunnu 1790

Ásgrímur Vigfússon pr. Erlendur Vigfússon pr.

(L.S.)

(L.S.).

Þórður Erlendsson.

(L.S.).

Að framan ritaðir fjórir vitnisburðir á bls 1–11 hér að framan og ofan séu samhljóða orð fyrir orð afskríptum Ásgríms prestis Vigfússonar og Ólafs Jónssonar, votta

Reykjavík 4. September 1906.

Einar Þorkelsson.

Jóhann Kristjánsson.¹⁰⁹

Varðveitt er afrit af svokallaðri „landsreglu á Hellirsvöllum“ frá 8. maí 1804 þar sem landamerkjum Hellna er m.a. lýst:

Audsiáannlegt er það af gömlum skiölum & Documentum, hvorsu ant að forfedrum vorum, einkum á sinne 16du og 17du Ölld hefur verit um, að nidurrada og skifta þeim notum og frjheitum sem sierhvor ut af fyrir sig hafa mátte med frelse og óátalid af öllum þeim er búa edur búa mundu á þessum so kölludu hellirsvöllum, sem eru adgreind þrenn 12 hndr. ad dírleika, og ætid hafft jardarmegn og Sannsyne fyrir höfud-reglu, allt til ad koma i veg fyrir áseilni vondra yfírgángsmanna, hvad sionlegt er af gömlum máldögum, Byggingarbriefum, Vitnisburdum, dómum, og lögfestum, sem enn eru til i vissra manna höndum og vardveitslu. Enn med þau soddann Skiöl eru ej lengur fær til ad hrekiast manna i mille, sist þeirra, er hellst þyrfftu ad sannfærast umm þau rettu frjheit er þeir hafa meiga, þá höfum vier undirskrifadir Eignarmenn, Odalsmenn og landsetar samannsafnad med fædstu ordum i eitt, öllum höfud atridum, Skifftum, merkium, frjheitum og hlunnendum, sem sierhvor út af fyrir sig med óátöldu frelse hafa mega á þeim tyundudu jörðum og fyrir svörum, enn ecke smá-gras-búda-mennernir, edr adrir óvidkomande, sem med rángsleitni og yfírgangi vilia nota sier óadspurt og þackarlaust, jardanna bestu herlegheit til Siós og lands, án þess ad rádist i ad taka stærre kot, hvar frelsid er meira, enn útsvarit stærre, og þetta giöra þeir alleina i þvj skine ad nídist á ödrum, vilia hafa allan ágóðann, enn svara þó hvorke kónge nie ödrum minstu Skilum fyrir allt samann. Og so ad sierhvor vita mege jardanna frjheit med ödru þeim tilheirande, þá eru 3r höfud Jarðir edur Lögbíle vit alla Hellna: Laugarbrecka, Brekkubær og Yxnakellda, 12 hndr. hvort um sig, öll hin

¹⁰⁹ Skjal nr. 2(92).

tíundudu lögbílinn, eru úrdeildur Smápartur. Landamerke ad utann eda Vestannverdu millum Hellirsvallna og Midvallna eru: J midia þriostarhlíd, & nedann verdann Borgardal. effter þad rædur lækur sá sem rennur vit sunnannverdt Birgid og sunnannverdann Toffthól i uppgáng inn i merarvík, hvad sidasta þó ecke getur stadist nema uppgangurinn hafe firrum verid i ödrum stad enn hann er nu. Ad austann eru merkinn vissare millum Stapa og Hellirsvallna, nefnilega Seionhending úr merkia klett vestann til i midiu Stapafelle, i klett þann er stendur i Sio fyrir vestann Lambhaga enn austann til vid Sióartröd, enn á Lande er þar uppá klettunum merkia gardur á rettre Siónhendingu vestann hallt i austustu hraunsnoppunni og vestann Skollabrunn. Saudhellir, Saudfiara i Sandenum, Beit, LíngRif, Torfrista, og fiallslæjur er allt óskifft og sameiginnlegt allra þriggia nefndra Jarda i millum, þó effter jardarmegne og tiltölu soleidis ad fimm Saudaból í Sandinum tilheira hvorju Jardarhundrade, enn eingvann Rett hefur nockur madur ad láta þar adrar Skiepnur gánga, og sama er [u]mm sierhvad hitt, hvor Bónde tekur í þessare Tiltölu sinn Rétt og frelse fyrir sig og sína Búdarmenn effter Jardarhundrada tala, og má ecke meira leifa Búdarmönnum sinum og Siálfur brúka, enn ad hann og þeir fülle sína Tiltölu, hvad hússbóndinn á ad forsvara. Hvad beitina snertir, þá hafa sumir einfaldir látit tæla sig til ad borga Beitartoll ad Midvöllum, enn so sem Midvallna land hefur af leigulidunumm árlega verid leigt og lied til Torfristu og Svadar stúngu so lenge þá er þad so úr sier gengit upprist og ónít ordid, ad þad kann med engri sannsine álitast i stande þar til, sem og raun géfur vitni umm, ad flestir gripir flúa þadann, og uppehalda sier hvad mest i Dagverdarárlande; Vel höfum vier heirt, ad sá einfalde Jon Jonsson Espolin hafe látit koma sier til ad gjöra aldeilis ógrundud af skiffte og Sampiktir þar umm, enn so sem hann úteliet og gjörde þetta á laun vid alla eda flesta Odals og Eignarmenn Hellirsvallna, so fellur af siálfu sier ad þar gietur ecke verit ein gild laga Regla fyrir alda og oborna, og á þar fyrir ad eingvu ad metast. [...] Þá til ad afskaffa þvjlikann yfirgáng og Stjórnleisi, og i laganna leife, skal einginn madur dyrfast framar, ad setia fleiri hross i þetta vort graslitla og grítta Hellnaland enn so, ad 12 hross, filgie hvörjum 12 hndr. jardar, og skal hiedann i frá vera sama Regla á hesta göngu, sem umm Skipsuppsátur er ádur sagt, bædi fyrir alda og oborna, og allir frelsislausir hestar og hross er hier framm yfir i landareigninni gánga viku lengur, skulu ófridhelger upphiedann, skulu Búdarmenn frammvísa heimild hússbóndans á fyrirvarinu, enn hann stande til ansvara og skadabóta. Sú gamla Regla skal og gilda, ad einginn á hvörjum 12 hndr. má nockra nya Búd uppbyggia á sinne lód, nema þeir ad eiga med hin tvenn 12 hndr. sampicke og leife, utann so sie ad öll þrenn 12 hndr. nióte Búdarinnar gagnsmuna til jafnadar, þetta er so ad skilia þar sem Búd hefur ej ádur verid sömu lód tilheirandi. [...] Sölvatekiu er ad gömlu laga og so skifft soleidis: ad Laugarbrecku tilheyrir Króarfiara frá Landamerkia garde á kveifar nesi til móhellra. Breckubæ þadann, og umm merarvík. en Øxnakiellu öll austur fiara frá Eirikshlein til landamerkia millum Stapa og Hellna. Eirninn má þess gieta, ad á þeim miklu fiske árumm snemma og midt á þeirre 18du öld, voru þau gömlu skifte á Hell[na] hrauni endurnyud af forfedrumm vorumm þó alleina til ad leggja og þurka fisk á, þar hann komst ecke á Túninn, tilheyrir þvj effter þeim Skifftumm Øxnakeldu þetta platz hraunsins þvert yfir sem fitjarnar ráda og þó nockud lengra i Sudur, þá Breckubæ millumm Arabúdar Hólts og þrengstabúdar, enn Laugarbrecku tilhejrir Valasnös edur þad þad sydsta af hrauninu þvert yfir til Saudár, sunnann Breckubæar hiall rústena. Hvad vidvíkur landamerkiumm mille Hleinar, sem er 4 hndr., og upp-plátzins sem er 36 hndr. þá eru þau effter proses og vitnaleidslu árid 1716, lögfestumm 1642 og 1687, samt mörgumm ödrumm skírumm og skriflegumm vitnisburdumm: rett siónhending úr Eyreks hlein undir sióarklettunumm, en uppá böckunumm grasgards spotta einumm nordann Melabúdar skiemmu, i annann gard út á sióarklettumm af grióti og torfi hlandinn, austann króarfiöru, sem nú er lágur ordinn, enn má þo vel siá merke til. Enn med þvj hleinarmenn eiga eckert land eda lands nytiar samann vid Balamenn, (þvj so kallast upp-plátz menn i öllum máldögumm) þá eru þad heilu lands hlunnende hleinar manna, ad þeir eiga alleina siálfv nesið, og meiga hvör umm sig eiga eina kú í fótbandi, og eim hest i stocki, so er og liklegt ad þeir eiga ecke med riettu fleire enn 4 Skips

uppsátur, effter jardarmegne sem adrer Balamenn, þó Jakob heitinn Eiriksson hafi Skipa fiölda þar innleidd, enn víst er það, að eingvann rétt hafa þeir, eða róðrarmenn við Hlein til þess að leggja götur umm eða spilla Túnumm upp-plátzmanna, eins og nú er farid að tídkast, með öðrum þeirra yfiringáge, ecke heldur eins og þeir giört hafa að reka kír og hesta sína yfir Hellnaland daglega allt Sumar í gegnumm, og allra síst að beita það eða fjöruna í Sandinumockurri sinne lifande Skiepnu Sumar nie Vetur. [...] En gömul Skylda allra Sóknarmanna er sú að reka fie sitt allt í Kálfa tradar-Riett á haustinn ætíð þá smalad er, enn Útbæa menn og sierdeilis Laugarbrecku madur, er skyldur að halda Rettenne við magt so ætíð sie í góðu stande, er þetta af forfedrunumm giörddt, til að koma í veg fyrir alla oreglu og grunseme, þar einginn hefur rétt til að taka frá fjenu Sláturs kindur sínar, nema í Réttina, hvað og öllum er auðveldt. Og er nú hier í eitt soleidis samann safnad hellsta Jnntakenu úr ollumm þeim margordu máldögumm, lögfestumm, dómumm, prohessumm, vitnaleislumm og Samþicktum sem menn til hafa, öllum þeim til nytsamlegrar undir vísunar, sem ókiendir eru, so að eirn Sambilis madur giöre ecke öðrumm oriett og yfiringáng óvitande, þar Vier erumm aller á somu Jordu, heldur so hvör og eirn mætte halda sinumm Rette óskiertumm, og samannbúa so hvor við annann, sem christnumm mönnumm sómir, með spekt og róseme, samt allre hógværd, ráðvendne og Sidsemd.

Skrifad á Hellirsvöllum þann 8da dag Maii árid MDCCCIV.

Þordur Thomasson (L.S.) Sem ódals madur fyrir 4 hndr. í Hellirsvöllum	Asgrimur Vigfusson (L:S:) Od[a]ls madur að 16 hndr. í hellirsvöllum.
---	--

Jón Þorsteinsson (L: S:) Ódalsmadur að 2 hndr. í hellirsvöllum.	Einar Magnús son (L: S:) sem landseti á 8 hndr. í hellirsvöllum.
---	--

Jon Þorsteins son (L: S:) sem landsete á 2 hndr. í hellirsvöllum.	Magnus Gisla son (L: S:) sem landseti á 4 hndr. í hellirsvöllum.
---	--

Upplesid firer herads Rette að Brekkubæ þann 12ta Maii 1804. –

Vitnar J: Jonsen

Að þessa Copia sie rett utskrifud af sínum Original – vitnar að Laugarbrecku 29da Julii 1809.

Asgrímur V: son

Sóknarprestur í Laugarbrecku þingumm.

upplessid firer forlikunar commission að Arnarstapa d. 2 April 1821 – Hans Hjaltalin

Hreggvidur Jonsson

Frá Helga Árnasyni í Gíslabæ á Hellirsvöllum í marts 1906.

Copia af Lands Regluni á hellirsvöllum 1804¹¹⁰

Þann 27. ágúst árið 1887 er landamerkjum Hellna lýst svo:

Landamerkjaskýrsla fyrir Hellnabláss og kirkjujarðirnar, Gíslabæ, Skjaldartröð, Þrengslabúð, Yxnakelda neðri, Yxnakelda efri og Garðsbúð, sem allar eru eign einstakra manna, sömuleiðis Brekkubæ sem er þjóðeign, og ennfremur eyðijörðin

¹¹⁰ Skjal nr. 2(83).

Laugarbrekka, sem ásamt eyði hjáleigunum Holti og Hól eru eign Hellnakirkju, og einu nafni nefnast Hellnar (Hellisvellir) eiga óskipt og sameiginlegt land og landsnytjar allar, utan túns, sem deilist eftir jarða dýrleika að fornu hundraðstali. En þessi eru landamerki:

1. Milli Hellna og Arnarstapa.

Klettur tveir standa í sjó fram af snös þeirri sem gengur vestan fram með Skollabrunni, úr dýpri klettinum sem bæði er hærri og meiri um sig, en sjónhending í fornan grjótgarð, sem liggur frá þjóðveginum á fyrinefndri snös upp í hraunið, sem liggur fram að Skollabrunni austan til við Sjóartröð, og helst sama sjónhending í merkja strýp, sem er klettur all stór í vestri hlíð Stapafells, Jökuls megið við Hjartað.

2. Milli Hellna og Hleinarpláss.

Á tünamerkjum milli Gíslabæjar og Melabúðar eru þrjár merkja steinar, einn fram við bjargbrún, annar í melbrún og hinn þriðji í gömlum túngarði milli stóruflatar að ofan og Melabúðar-traðar að neðan frá honum er sjónhending yfir ofanvert Hellnanes (Hveifarnes) í grjótgarðsspotta fram á bökkunum fyrir austan Króarfjöru í sjó fram, en undir bjarginu eru rekamerkin sjónhending úr merkjasteininum í melbrúninni í merkjasteininn á bjargbrúninni í sjó fram.

3. Milli Hellna og Miðvalla.

Rekamerki eru klettasnös sú vestan til við Merarvík, sem uppgangurinn liggur eftir, en á land upp er sjónhending frá uppganginum í Grænurúst, og þaðan aftur í steininn í Steinhvammi og þaðan sjónhending í miðja Djúpugróf beint í fjall upp.

Landamerkjaskýrslu þessari til staðfestu er allra hlutaðeigenda undirskrifuð nöfn.

Hellnum dag 27. Ágúst 1887.

Helgi Árnason fr. Gíslabæ. Ólafur Ólafsson fr. Skjaldartröð, Þrengslabúð og Yxnakeldu neðri. Árni Björnsson f.M. Brekkubæ. Guðrún Bergsdóttir Yxnakeldu efri. H.Thejll (fyrir Garðsbúð). Pétur Pétursson fr. Miðvelli. Brandur Jóhannesson fr. Hleinarpláss. Ólafur Ólafsson. Árni Björnsson. Jón Sigurðsson fyrir Hellnakirkju, – sóknarnefndin. Sem umboðsmaður yfir Brekkubæ Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.¹¹¹

5.3.7.1 Brekkubær

Í áðurnefndu skjali um skipti á Hellnalandi milli þriggja bræðra frá árinu 1560 er getið um Brekkubæjarpart og tvær búðir í túninu fyrir utan Brekkubæ.¹¹²

Brekkubæjar er getið í bréfi hirðstjóra og biskups um skipan kirkjusókna á Snæfellsnesi, dagsettu þann 27. september árið 1563. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

Item skal ä Laugarbrecku vera söknarkyrkia. með þessum bæium til lögðum. Dögurdarä. Midveller. Auxnakiellda. Breckubær. Vætekrar og Arnarstape med tollum og tiundum.¹¹³

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Breiðuvíkurbrepp segir að Brekkubær sé konungseign, og fylgi Stapaumboði. Jörðin er sögð vera 8 hundruð að dýrleika. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

¹¹¹ Skjal nr. 2(6).

¹¹² Skjöl nr. 2(91) og 4(108).

¹¹³ Skjal nr. 4(109).

Brekkubær.

Jarðardýrleiki viii hundruð og so tíundast fjórum tíundum.

Eigandinn er kóngleg Majestat, og liggur þessi jörð (einn hluti af Hellisvöllum) til Stapaumboðs.¹¹⁴

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Brekkubær sé Stapaumboðsjörð, metin til 8 hundraða að dýrleika. Þar segir ennfrémur:

Auk Hallsbúðar, sem nú aðeins er nefnd sem grasbýli frá Brekkubæ, er líka Bessabúð talin sem grasbýli þaðan 1805; en A. M., er líka segir Brekkubæ part úr Hellisvöllum, telur enn frémur grasbýlin: Valdabúð og Oddsúð, með 40 al. lsk. hvora, Skræpustaði, Guðnýjarhús, Smiðju, Þormóðsbúð og Jónshús, með 15 álna (6 fjórðunga) lsk. hverja um sig.¹¹⁵

Brekkubær var 8 hundruð að dýrleika samkvæmt jarðamatinu 1849–1850. Ekkert kemur fram um afmörkun Brekkubæjar í sömu heimild en nefndar úrtheyisslægjur á fjalli í sameign við aðra. Í heildarskrá jarðamatsins kemur fram að Brekkubær sé Stapaumboðsjörð.¹¹⁶

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Brekkubæjar.¹¹⁷

Deilt var um merki Brekkubæjar gagnvart Skjaldartröð og Fjólubakka, sem er spilda úr Gíslabæ, í hæstaréttarmáli nr. 569/2009. Deilan varðaði ekki landsvæðið sunnan og austan Snæfellsjökuls.¹¹⁸

5.3.7.2 Gíslabær

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Breiðuvíkurrepp segir að Gíslabær sé konungseign, og fylgi Stapaumboði. Jörðin er sögð 4 hundruð að dýrleika. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

Gíslabær.

Jarðardýrleiki iiii hundruð og so tíundast fjórum tíundum, er þetta samantalið við Brekkubæ ein xii hundruð af Hellisvöllum, og heldur fyrirvar ásamt með Brekkubæ eftir proportion so sem fyrir eitt xii hundraða lögbýli.

Eigandinn kóngleg Majestat, og fylgir Stapaumboði ásamt Brekkubæ.¹¹⁹

Varðveitt er byggingarbréf fyrir Gíslabæ, dagsett þann 14. apríl árið 1769. Í bréfinu er þó ekki getið um landamerki Gíslabæjar.¹²⁰

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Gíslabær sé beneficium og jörðin sé metin til 4 hundraða að dýrleika. Þar segir ennfrémur:

Hjáleigurnar eru báðar nefndar 1805, og þar að auki Bjarnabúð, sem hvorki sýslumaður né prestur nú nefna. A. M. nefnir eigi heldur Útskot, en þar á móti, auk Bjargs, Ingi-

¹¹⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V*, bls. 169–172.

¹¹⁵ Skjal nr. 4(2), bls. 145.

¹¹⁶ Skjal nr. 2(100).

¹¹⁷ Skjal nr. 2(82), bls. 272–273.

¹¹⁸ Skjal nr. 4(23).

¹¹⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V*, bls. 172–173.

¹²⁰ Skjal nr. 2(87).

leifarbúð og Jóns Þorsteinssonar-búð, sem grasbýli frá Gíslabæ, en eigi er þeirra tveggja nú getið.¹²¹

Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur fram að Gíslabær sé benefici. Ekki er getið um afmörkun.¹²²

Landamerkjum Gíslabæjar er lýst svo 11. júní árið 1885:

Jörðin Gíslabær við Hellna.

Tún jarðar þessar liggur áföst við tún Melabúðar að neðan og Brekkubæjar að ofan. En þessi eru túnmerkin: 1. að neðan verðu. Steinn stendur í túngarði milli Stórufatar og Melabúðartraðar hinnar efri, úr honum bein lína í stein í melabruninni og þá aftur bein lína úr honum í hinn þriðja stein fram við bjargbrúnina, skammt fyrir ofan Eiríkshlein. Merki þessi voru gjörð af hlutaðeigandi jarðaeigendum í sýslumanns viðurvist árið 1873 eftir miðjum þrætuparti þeim, sem áður hafði verið, og eru með þinglesnu skjali löggilt fyrir alda og óborna, sbr. afsals- og veðmálabók sýslunnar Nr. 4, bls. 262–63: 2 að neðanverðu í suðurhlíð Gróuhóls eru 2 grjótflog, eða klappir graslausar fram undir klettabruninni, úr efra flaginu er sjónhending bein í stein þann, sem er fyrir vestan Geithólsbrunn og frá honum aftur sjónhending í sömu stefnu í gamlan túngarð á aurnum.

Samkvæmt gömlum máldögum endurrituðum 1804, þinglesnum s.á. og upplesnum fyrir kommissionsrétti á Arnarstapa 1821 tilheyra jörð þessari 4 skipsuppsátur og 20 sauðaból á Hellnasandi, 4 hrossaganga í beitulandinu og reki eftir hundraðatali, en að öðru leyti er Hellnaland óskipt til afnota allra hlutaðeigandi lögbýla á milli.

Gíslabæ við Hellna 11. júnímán 1885 Helgi Árnason.

Framanskriðu túnmerki milli Gíslabæjar og Melabúðar samþykkir umboðsmaður Hleinaplássins. Staddur að Brekkubæ dag 16. júní 1885. Jón Árnason.

Framanskriðu landamerki samþykkir og undirskrifar að því leiti er snertir þjóðeignina Brekkubæ við Hellna. Staddur á Gíslabæ 19. júní 1885. Ásmundur Sveinsson.¹²³

Þann 23. júní árið 1885, voru landamerki Gíslabæjar þinglesin:

Ár 1885 þ. 23. júní var manntalsþing sett og haldið að Brekkubæjar þingstað og haldið af hinum reglulega sýslumanni með vottum [...]

4. Þgl. landamerkjaskjal fyrir Gíslabæ við Hellna dgs. 11. þ.m.¹²⁴

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Gíslabæjar.¹²⁵

Deilt var um merki Gíslabæjar gagnvart Ökrum, Bárðarbúð og Melabúð í hæstaréttarmáli nr. 14/2006. Deilan varðaði ekki landsvæðið sunnan og austan Snæfellsjökuls.¹²⁶

Deilt var um merki Brekkubæjar gagnvart Skjaldartröð og Fjólubakka, sem er spilda úr Gíslabæ, í hæstaréttarmáli nr. 569/2009. Deilan varðaði ekki landsvæðið sunnan og austan Snæfellsjökuls.¹²⁷

¹²¹ Skjal nr. 4(2), bls. 145.

¹²² Skjal nr. 2(100).

¹²³ Skjal nr. 2(7).

¹²⁴ Skjal nr. 2(117).

¹²⁵ Skjal nr. 2(82), bls. 271–272.

¹²⁶ Skjal nr. 4(21).

¹²⁷ Skjal nr. 4(23).

5.3.7.3 Laugarbrekka

Laugarbrekku er getið í bréfi hirðstjóra og biskups um skipan kirkjusókna á Snæfellsnesi, dagsettu 27. september 1563. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

Item skal ä Laugarbrecku vera söknarkyrkia. með þessum bæium til lögðum. Dögurdarä. Midveller. Auxnakiellda. Breckubær. Vætekrar og Arnarstape med tollum og tiundum.¹²⁸

Biskupsvísitásiur að kirkjunni að Laugarbrekku á árabílinu 1642–1821 geta ekki um afmörkun Laugarbrekku, né heldur um ítök eða réttindi, sem máli skipta gagnvart landsvæðinu sunnan og austan Snæfellsnessjökuls.¹²⁹

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Breiðuvíkurrepp segir að Laugarbrekka sé í einkaeigu, metin til 12 hundraða að dýrleika. Þar segir að jörðin eigi afrétt upp undir Jökli fyrir eigið fé. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

Laugarbrecka.

Kirkjustaður. Bóndaeign.

Jarðardýrleiki xii hundruð.

[...]

Aftjett jörðin upp undir Jökli fyrir sitt eigið geldfje. Öngvum ljá það Hellnamenn og öngvir gánga þar tollar af.

Selstöðu í eiginlandi allrar jarðarinnar hafði til forna xii hundruð Öxnakelda með sínum býlum, þar sem heitir Heljarkinn og sjást þess enn nú merki. Aðra selstöðu brúkað xii hundruð Brekkubær og Gíslabær með þeirra býlum, ogso í eiginlandi, þar sem heitir ofanvert við Háaborg.¹³⁰

Í lögfestu fyrir Laugarbrekku, dagsettri 17. maí 1796 og þinglýstri 18. maí 1796, segir:

Eg undirskrifaður lögfesti hér í dag undir stefnu fimtardóms eign mína alla jörðina Laugarbrekku, Garðsbúð og Þreingslabúð 16 hndr. jarðar í Hellirsvöllum, akur, töður, eingjar, reka, holt og haga, vötn og veiðistaði og allar landsnyttjar þær, er því landi eiga að fylgja eptir jarðarmegni, eirninn Króarfjöru rekatakmark, inn til sannara prófast en process og eiðsvarin vitnaleiðsla, sú eð gjörð var að Laugarbrekku þann 6. Martij 1716, samt lögfesturnar af 1642 og 1687 og til allra annara ummerkja á allar síður, er aðrir menn eiga á móti mér, bæði að orðfullu og lögmáli réttu, sé allur dagur til stefnu. Fyrirbýð eg héðan af hverjum manni beit, haga, reka, sauðaból, skipsuppsátur, lyngryf¹) stungu, rjstu ... 2) edur hvoriu nafne sem nefnist ad bruka. hefda edur yrkia nockud af þvj er mier tilheyrir med rettu, undir vid lagdar tvöfaldar lagasekter. utan mitt sie lof edur leife til.

Laugarbrecku d. 17. Maji 1796.

Asgrimur Vigfússon.¹³¹

¹²⁸ Skjal nr. 4(109).

¹²⁹ Skjal 2(183). Sjá einnig upplýsingar um vísitásiur Laugarbrekku eftirfarandi daga í skilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands (kafla um skjalaflokk A.8 í skjali nr. 2): 9. september 1676, 2. september 1701, 15. september 1713, 20. ágúst 1738, 28. september 1724, 27. maí 1732, 1. september 1751, 6. júní 1759, 24. júní 1773, 6. september 1783, 1. september 1794 og 3. ágúst 1831.

¹³⁰ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 175–179.

¹³¹ Skjal nr. 2(84).

Lögfesta fyrir Laugarbrekku, dagsett 6. mars 1802, hljóðar svo:

[Eptir eigin handar afskript Ásgríms prests, mjög trosnaðri og skemdri af fúa].

Eptir þvj ad ecke er i minni firri Lögfestu tiltekid expressis verbis allt það sem einumm Nijding ber ad varast. jafnvel þo allir laga termini brúkadir sieu. lika synist ad firrumm sysslumadur Halldor Jacobsson hafe med einhvörjum ólaga Actis. sem Snæfellssysslu protocoll med ser ber ad laga protest er í móte komid uppá Kongsins vegna. og Halldor líka strax flúde sem flóttu edur Jllrædismadur. sem von var. hafe hann giefed þeim Sigurdi og Gudmundi landsetumm sinumm á Bárðar- og Melabúdum nockurs konar yfírgáangs veniam. sem þeir og í óleife æftt hafa sídann næstlidna Fardaga. þá giöre [eg kunnugt] ad eg underskrifadur Lögfesti hier í dag. med Fimt[dóms stefnu fresti] ad lögum. og sie allur dagur til stefnu. á þingstad réttum [og ad] ödrumm laga terminis. alla eign mína Jordina Laugarbrecku ... ¹⁾ búd á Hellirsvöllum 14 hndr. ad dírleika. med öllum. þessum [þeim] tilheyrande herlegheitumm. ásamt undir sama skilyrde Jord[ina Dag-] verdará. og so mitt ódalsgótz XVI hndr. ad dírleika. med ollu. þessumm [jörd]um tilheyrande: akur. tödur. engiar. Reka. hollt og haga. votn [og] veidestade. og allar landsnytjar þær. er þeim löndumm filgt hef[ir ept]ir elstu lögfestumm. kaup-briefum. veniu og landsriette. og filgia eiga á allar sídur. og elstu merkismenn vitad hafa ad réttast er. eirninn Króarfiöru Reka takmark. inn til sannara prófast enn process og vitnaleidsla er giörd var á Laugarbrecku þingstad réttumm þann 6. Martii [1716]. samt Lögfesturnar af 1642, 1687 og 1796. er eg í höndum hefi [og] til allra annara ummmerkja á allar sídur. og adrer menn eiga á [móti] mér bæde ad ordfullu og lörgmále réttu. banna eg þvj og fyrirbíd meiri og minne háttar Folke. og sierílage Hleinar húsbændumm med þeirra innleigdumm húss- og Búdarmönnum. ásamt öllum ödrumm mönnum. Beit. haga. Reka. língrif. Stungu. Ristu. Skipauppsátur yfir þau 4 friálsu vid Hlein eins og Hellnamenn hafa meiga effter Jardarmegni. nema Tún og landsnytiar Upp plátz manna líde þar engvann skada vid. lika saudaból í Hellnasande med öllu þar ad lútande. edur hvoriu nafni sem heita kann. ad brúka. tileinka sier edur yrkia nockud af þvj er mér tilheyrir med réttu. undir vidlagdar tvöfaldar laga sektir. utann mitt sie lof edur leife til.

Laugarbrekku þann 6ta Martii 1802.

Ásgrímur Vigfússon.

(L.S.).

Upplesid á manntalsþinge 1802.

Testerar F. Jonsen.

Rétta afskript votta

Reykjavík 4. September 1906.

Einar Þorkelsson. Jóhann Kristjánsson

1) Nafn búðarinnar er komið í fúa.¹³²

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Laugarbrekka sé beneficium og jörðin sé metin til 9 hundraða að dýrleika. Þar segir ennfremur:

Auk Holts er líka Hóll talinn sem hjáleiga frá Laugarbrekku 1805, en þar segir, að þær fleiri hjáleigur, er A. M. taldi, og tómthús, sé nú öll eydd.¹³³

¹³² Skjal nr. 2(85).

¹³³ Skjal nr. 4(2), bls. 146.

Varðveitt er svohljóðandi afsal fyrir Laugarbrekku, dagsett 7. mars 1900:

Afsalsbréf

Helgi Árnason prestur í Nesþingaprestakalli í Snæfellsnessprófastsdæmi

Gjöri kunnugt, að ég með bréfi þessu sel og afsala landsjóði Íslands eignarjörð Nesþingaprestakalls Laugarbrekku með hjáleigunum Holti og Hóli liggjandi í Breiðuvíkurreppi í Snæfellsnessýslu með öllum gögnum og gæðum, sem jörð þessari að réttu lagi fylgja, og með því landsjóður Íslands hefur fullnægt þeim skildögum, er honum voru settir fyrir afsalinu, þá segi ég hann réttan eiganda að ofanefndri jörð.

Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en ég svara til lagaríptinga.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og innsigli, svo og nöfn tilkvaddra vitundarvotta.

Ólafsvík 7. marz 1900

Helgi Árnason

L. S.

Vitundarvottar:

Þórður Thorlacius

Kristján Jónsson¹³⁴

Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur fram að Laugarbrekka sé benefici. Ekki er getið um afmörkun.¹³⁵

Prófastsvísitasía að Hellnakirkju, dagsett 11. júlí 1901, hermir að kirkjan þar afsali sér umráðum yfir eyðijörðinni Laugarbrekku:

Hellna kirkja 1901

Ár 1901. 11. júlímán. skoðaði prófasturinn í Snæfellsnesprófastsdæmi kirkjuna að Hellnum.

[...]

Kirkjan [stríkað yfir: heldur eignum] hefur [stríkað yfir: selt og] afsalað sjer umráðum yfir [umráðun yfir, ofan línu] eyðijörðinni Laugarbrekku með hjáleigunum Holti og Hóli, [stríkað yfir: en jafnframt losnað við 2 ½] síðan seinast var vísiterað.¹³⁶

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Laugarbrekku en vísað er til landamerkjaskrár Hellnapláss þar um.¹³⁷

5.3.7.4 Skjaldartröð

Deilt var um merki Brekkubæjar gagnvart Skjaldartröð og Fjólubakka, sem er spilda úr Gíslabæ, í hæstaréttarmáli nr. 569/2009. Deilan varðaði ekki landsvæðið sunnan og austan Snæfellsjökuls.¹³⁸

¹³⁴ Skjal nr. 2(105)

¹³⁵ Skjal nr. 2(100).

¹³⁶ Skjal nr. 2(79).

¹³⁷ Skjal nr. 2(82), bls. 290.

¹³⁸ Skjal nr. 4(23).

5.3.8 Miðvellir

Samkvæmt kaupmálabréfi dagsettu 30. október 1538 voru Miðvellir einkaeign. Þá gaf séra Ólafur Kolbeinsson syni sínum, Halli Ólafssyni jörðina í brúðkaupsgjöf. Ekki er getið um landamerki Miðvalla í sama gerningi.¹³⁹

Miðvalla er getið í bréfi hirðstjóra og biskups um skipan kirkjusókna á Snæfellsnesi, dagsettu þann 27. september árið 1563. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

Item skal ä Laugarbrecku vera söknarkyrkia. með þessum bæium til lögdum. Dögurdarä. Midveller. Auxnakiellda. Breckubær. Vætekrrar og Arnarstape med tollum og tiundum.¹⁴⁰

Í kafla 5.3.7 er gerð grein fyrir eftirfarandi skjölum frá 17. og 18. öld sem varða landamerki Miðvalla og Hellna:

- vitnisburði Ólafs Ingimundarsonar um landamerki Hellna og Miðvalla, dagsettur í október árið 1622,¹⁴¹
- vitnisburði Brands Jónssonar um landamerki Hellnajarða undir Jökli, útgefnum á Hellisvöllum árið 1623,¹⁴²
- vitnisburði um landamerki Hellnajarða undir Jökli, útgefnum við Hellna 22. febrúar árið 1632,¹⁴³

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Breiðuvíkurrepp segir að Miðvellir séu konungseign sem fylgi Stapaumboði, metin til 16 hundraða að dýrleika. Getið er um átroðning. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

Midveller.

Jarðardýrleiki xvi hundruð.

Eigandinn kóngleg Majestat, og fylgir jörðin Stapaumboði.¹⁴⁴

Þann 12. ágúst 1795 var haldið svonefnt ástæðuþing á landamerkjunum á milli Miðvalla og Dagverðarár vegna þrætu þeirra jarða um landamerki sín í milli:

Anno 1795 þann 12^{is} Aug^t var Sýslumadur i Snæfellsness Syslu John Espolin til stadar á Landamerkium milli Kóngs Jardarinnar Midvalla og Proprietair Jardarinnar Dagverðarár, til ad þinga þar Aastædu þing í þrætumáli um landamerke tedra Jarda, hvar ábúandi á Miðvöllum Bjarni Gudmundsson, og ábúandin á Dagver[d]ará, og fyrrverandi Eigandi Biarni Asmundsson, og jafnframt honum mágr hans Árni Sigurðsson eru Sakaradilar. Þessir Dagverðarár bændr fyrrverandi hafi begiært af amtinu eina útkomna Ordre til Sýslumannsins af dato 2[5]. nov. 1794, hver Ordre þó ecki er byrt sýslumanni [utan] í Copiu, sínilega med hendi S^t Asgríms Vigfússonar á Laugarbrecku sem nú segist hafa keipt Jördina, edr [hans vinnu]mans; bændrnir Biarni Asmundss. og Arni Sigurdsson mæta ecki skiöndt advaradir í tíma, og þarmed mætti Arni Sýslumanninum og Administrator Scheving sem uppá kóngsins vegna hafði vitnum innstefnt og var til stadar, og þeim innstefndu vitnum sömu undir dato 21. Julii þ.a, þá þeir í dag riðu á [mótid] og var Arni þá ad níu anmodadr, en svarar slétt [engu] og fer

¹³⁹ Skjal nr. 4(85).

¹⁴⁰ Skjal nr. 2(91)

¹⁴¹ Skjal nr. 2(93).

¹⁴² Skjal nr. 2(94).

¹⁴³ Skjal nr. 2(96).

¹⁴⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 179.

sinn veg sudr á Stapa í sínum Eirendum; þingvitni voru útnefnd á Stapa Sören Davidson, Þorðr Biarnason, Jon Jonsson, Brinjalfr Hanson, við Hellna Þorsteinn Jonss. á Biargi, Jon Þorsteinss. á Efri Yxnakeldu, Jón Jónson í Þrengslabúd, og Steindór á Vætuökrum – Því nærst framkom Administrator Scheving, og þar Dagverdarár fyrrverandi Ábúendr þrisvar upphrópadir ecki mæta, og engin löglegr umbodsmadr þeirra sem Defensor með sína vitna stefnu af dato 20th Jul. 1795 til Mr. Thomasar Helgasonar og hans konu Giridi Helgadóttir vid Búdir, Gudmundar Arnasonar, Helgu Gudmundsdottr, Þórnýar Gudmundsdottr, Mr. Þorsteins Jonssonar, Mr. Magnúsar Gíslasonar, Mr. Sigurðar Jónssonar, Jngileifar Ögmundsdottr, Mr. Þórdar Thomassonar, Sigrídar Arnadottr, Snorra Arnasonar, Sigfrídar Arnadottr, Jons Jonss., Þorunnar Ögmundsd. vid Hellna, og Mad. Ingibiargar Helgad. á Laugarbrecku, hvar inni hann stefnir þeim undir Eid og fallsmál ad vitna hvad vita um landamerki millum Dagverdarár og Miðvalla, Stefnan upplesin prótocollerud er not. Lit. A. Öll þessi vitni eru tilstadar í egin persónu, nema Gudmundr Arnason Mr. Þorsteinn Jonsson, og Jngileif Ögmundsdóttir, hvar tvö sidst[nefndu] þó senda sína skrifl. vitnisburdi, Mad^{me} Jngibiörg mætir og skriflega. – Prestrin S^f Asgrímur frambídr sig til ad mæta uppá fyrrverandi Dagverdarár bænda vegna, enn hans framburdir grunda sig allir á kaupbréfi á – Jördumm til hans, sem aldrej er enn upplesid í heradi, og Skilmálum í kaupbréfinu, hvarmed hann segir þeir hafi gefid sér fullmagn til ad útfæra þeirra Sök, hveria skilmála hann hefr maske k[unnad] innganga undr löglega, enn eckert af þessu sinist undirskrifad af sialfum þeim, og S^a Asgrímur sem nú segist vera Eignarmadr alytst ad vera allt of interesserad til ad kunna vera þeirra fullmegtugr, sialfur óstefndr, Rettrin gengr í þetta sinn alleina eftir vitnum og [vottord] landamerkin áhrærandi. voru sv[o] [yfirheyr]d fyrst þau elstu af vitnunum medal hverra fyrst framkemr Mr. Thómas Helgason uppá sín og konu sinnar vegna, hann afleggr solátandi vitnisburð: þá tíð ég var [þarn]na til heimilis og vid Kona mín, heirdum vid ecki misklið eða missatt milli Dagverdarár og Midvalla ábúanda, sem Landmerki mil[li] þeirra áhrærdi, kunnum því ecki neina grein á ad giöra hvar med vissu landamerki eru, nema hvad Jeg heirdi á Lögfestu sem Bjarni Asmundsson let upplesa á Laugarbrecku Lögsagnarari Gudmund Jónson, hvarí anefnt var landamerki Sionhendíng úr Krúmmavördu og í Stagfell – en ecki veit eg á hverium rökum sú Lögfesta var grundud, fyrr enn nú hef eg ecki heirt þá lögfestu áfríada. Jón Þorsteinsson á Nedri-Yxnakéldu vottar sig ad hafa heirt af þeim 86 ára gamla Gudmundi Arnasyni, landamerki[i] hafi efftir hann segi sig heirt hafa, verid Steinin í ána og Sionhendíng í Stagfell; Jon siálfr og hans kona Helga Gudmundsdóttir vitna hid sama, nema hvad þau hvert tveggia heirt haf[a] bædi ad landamerkin séu úr krummavördu og midt í Stagfell, og eins ur ánni, heirt segist konan hafa ad afi sin Jon Olafsson Eigandi og abúandi Dagverdarár, hafi lögfest í ána og í midt Stagfell; Mr. Þorstein Jonson og hans kon[a] Jngileif Ögmundsd. ~~bera~~ mæta skriflega og bera eckert – þessari Sök til upplýsingar, upplesid not. Lit. B. Snorri Arn[a]son og Sigbrúdur Arnadottir bera ad þau hafa hejrt ímist úr midiu Stagfelli í ána, edr í krummavördu. Þórun Ögmundsdottir, segir allt hid sama og Snorri og Sigbrúdur[ur] hefir og hejrt af fostra sinum, um adr umgetna Lögfestu Jóns Olafssonar enn ecki nein örnefni tiltekin. Þórní Gudmundsdottir í Melabud, med manni sinnum Joni Jonssyni, bera sama, nema hvad Jón segist hejrt hafa af Jórinni dottr adr nefnds Jóns Olafssonar, ad aldrej hafi verid rist ein torfa edr skorin Svördr eda líng rifid fyrir austan ána fyrir utan leifi þess sem bió á Midvöllum, þau segiast og heirt hafa ad lögfest hafi verid [í] ána. Mr. Magnús Gíslason segir sig heirt hafa af ödrum [land]amerkin væru úr Stagfelli og í nedan verdan ár[bakk]a Dagverdardá, adra heirt segia: ur nefndu Stagfell[i] [í K]rummavördu og beint til Siáfar. Mr. Sigurdr Jon[sson] [segis]t heirt hafa af Jórinni dottr Jóns Olafssonar [ad hann] hafi Lögfest í Dagverdará og í Stagfell, enn Gudmundr madr Jórunnar segist hafa heirt ad Steinnin í ána se Landamerki ad nedan en Stagfell í Jöklinum ad ofan enn adra segist [hafa] hejrt ti[l]t[ekid] Krummavördu. Mr. Þorðr Thomasson segist ecki hejrt afriud önnr landamerki enn í krummavördu firr enn uppvaktist þá Biarni Gudmundsson var komin ad Midvöllum, enn kann þó enga vissu ad sega. Sigrídr Arnadottir, segist hafa hejrt af Þorsteini sal. manni sínum uppöldum á Midvöllum og síðan vinnumanni á Dagverdará,

hiá Skapta Hallssyni hvers kona átti Dagverdará, að Merkin væri í Arkiaffinn og í midt Stagfell, og að beitartollr hafi goldin verid til Midvalla, þegar fadir Þorsteins bió á Midvöllum. Mad^{me} Jngibiargar frammlagdi vitnisburdr af dato 15^{da} Sept. 1794, er so hlióðandi., að Skapti hafi rædt um að Arinnar gamli farvegr væri landamerkin, en hun hefði flutt sig til vestrs, veit þó ekki að hann segir hvor í því er, enn segist hafa hejrt hann nefna so sem landamerki Stagfell, Krummavördu, og Arinnar gamla farveg enn engann annad ~~uppáfría~~ edr uppátala vilia á þeim arum, vitnisburdrin annars óeidsvarin – upplestin not. Lit. C. efftir að allar þessar personur sem til Stadar voru voru advaradar um Ejdins meining, aflagði hver fyrir sig Ejdin solatandi að þær nú hefðu sagt fyrir Gudi og þessum [retti] það sannasta sem þeim hafi mögulegt ver[id] eftir sinni Samvitsku, so sannarlega hialpi mér Gud og hans heil. ord sagði hver um sig – Administrator uppástendr að endilegr dómr verði afsagdr í Sökinni efftir Amts Ordren uppáhlióðan, sem þá [...] til Dagverarár fyrrverandi Eigendr og Abuendr, tídt og forsvaralega advaradir ekki mæta, fellr so[latandi] þar personur hafa ekki víðara framm að færa [...] að bæði flejri og sterkari vitni segia að ... ráða landamerkið að nedan, og [...] ad ofan.]

[ut] supra

JEspolin

Hallur Thorkelsson	Gjonsson	PJonsson
Jon Jons son Sigurdsson	Hromundr Jónsson	
Jon Jonsson	Arne Jonsson. ¹⁴⁵	

Á manntalsþingi höldnu að Brekkubæ 19. maí 1824 var úrskurðurinn í landamerkjaprætu Miðvalla og Dagverðarár frá 12. ágúst 1795 þinglesinn.¹⁴⁶

Svo sem að ^{bæde} fleiri og sterkari vitni segia að Dagvard[a]rá [svo] skuli ráða Landamerkið að nedan og ekki Krumma[v]jarða en ollum beri saman um að midt Stagfell að of[a]n (!), ár Farvegurinn kann ekki heldur að hafa breitt so [m]okid að hann hafi nockurn tjma verid hiá Jordinni Dagverdará og kons[j]jordunni Midvöllum ef Dagverdará skyldi e[i]ga í Krumma[v]jordu og Midvellir ekki nema þar fyrir austan. Þá í an[li]edning af ollu þessu álitst fyrir Rétt: Að landamerki milli kongsjardarinnar Midvalla og Proprietair [svo] Jardarinnar Dagvardará [svo] skulu hier eptir álitast, að ofan í midt Stagafell og að nedan í Steinin[n] í ána Siónhending, so að Midvellir eiga^e alt þar fyrir Austan, og Dagverdará að vestan.¹⁴⁷

Þann 9. september árið 1833 var settur útmælingarréttur að Miðvöllum. Fyrir lá að útmæla sömu jörð er legið hafði í eyði í mörg ár:

Ár 1833 þann 9^{da} Septembr. var settur að Midvöllum í Breiduvikurhrepp einn útmælingarréttur af Sysslumanninum í Snæfells næs Sysslu eftir innkominni begjeringu frá núverandi Eigara til Jardar inar Midvalla, Jóni Asgrims syni á Midvelli, eftir þar til veittu leifi frá því kl. Rentekammer af [vantar dags.] þá Jordinn Midvellir sem þá í mörg ár hafði leigid í Eidi var burtseld ^{vid opinnbera auction} eftir hattnefnds Rentekammers Skipann fra Stapa umbodi – til útmæling ar manna voru samstundis af Sysslumenninum utnefndir hreppstjóri ~~Se~~ Olafur Jllugason hreppstjóri [Jó]n Þorsteinsson ~~M~~ ^{bondi} Magnús Bjornsson og Olafur Eigelsson huorir uppá lögskipadan v[ana] aflögðu sin saluhjapar Eyd uppa að yfirskoda og – meta ~~svø~~ Jordina Midvelli þar til þeir nú [...] útnefndir, sem þeir hefðu vit a og eftir bestu samvisku, an tillits til v[ina] edur ovina skildra edur vandalausra vid utn[efnin]guna. Mætti Eigari Jard[ar]inar ^{Midvalla} Mr. Jon Asgrimsson [sem] fyrir fram hefur gjört sig anægðan med [...] sem tjunda takarar[i]

¹⁴⁵ Skjal nr. 2(112).

¹⁴⁶ Skjal nr. 2(113).

¹⁴⁷ Skjal nr. 16(2).

[...] [u]tnefndir til [...] jardarinar Midvalla [...] ad Krumma[...] i Midja hrjostrarhlid. hvad landid sjalft Snertir á Midvollum, þá er fyrst^{1°} hvad tunid snertir ad þetta er umáls feikilega stórt enn er komid i orækt. en vidda hvar eru i því þuflapetti uppblasin ur sér geingin og graslaurir mosa þembur hefir. Þo það i nockr undannfarinn ár hafi tekid nocrum bata, svo fyrir nærverandi tid alyst það ad geta framfært á medal ari vel 2 kir enn ~~hefur~~ meir ef þ Stærd. væri það ræktad ad frammfæra 4 kir. 2° hved uthaga snertir þá er hann besta beiti land fyrir pening bædi Sumar og vetur, enn Slægjur litlar þo alyst ad utheigis Slægjur megi hafa af myri og utheji herum 30 kapla á medal ari. ad-gjætandi er það jordunni til rifkunar ad af Midvallalandi er arlega burt led til Hellna abuenda beiti land fyrir pening þeirra fyrir herum 2 vættir al. 1 fjórðungs virði undir hvor 2 hesta er hellna menn eiga og lata ganga i Midvalla landi. reki tilheirir Midvollum fra Merarvikur uppgaungu ad austan til krumavordu ad vestann verdu. Eftir framann anfærdu alyst ad Jordinn geti [...] med Sæmi-legum dugnadi framfært 2 kir 24 kindur rosknar edur ær, og 6 lömb og 2 hesta eftir hvorju Jordinn Midvellir og so med tilliti til þess umgetna lands er arlega leigist til Hellnama[nna] fyrir herum 2 vætta virði og med tilliti til umgetins reka mest og alyst virðist eftir værverand ast til 10 hundraða svo Jordinn midvellir hereftir skal alytast ad vera 10 hundruð ~~svo~~ ad dyrleika hvaraf sidan alegar tjundir sem samqvæmt landsins gildandi lögum arleg [beta]list til allra vidkomenda. Fleira var ecki fyrirtekid og Rettinum uppsagt.

C. Magnusen

Olafur Jllugason, Magnus Björnsson, Jon Þorsteinsson, Olafur Eigillsson

Sem anægður med forrettinguna og vidverandi undirskrifar

Jón Asgrímsson.¹⁴⁸

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Miðvellir séu beneficium og jörðin sé metin til 16 hundraða að dyrleika.¹⁴⁹

Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur einnig fram að Miðvellir séu benefici. Ekki er getið um afmörkun.¹⁵⁰

Á manntalsþingi höldnu að Brekkubæ 20. maí árið 1857 voru landamerki Miðvalla lögfest. Hin lögfesta landamerkjalyýsing var þó ekki færð til bókar en svohljóðandi athugasemd kom fram:

Herra AO Thorlacius, umbodshaldari yfir Arnarstapa umbodi sem var mættur á þinginu þegar lögfesta á jörðinni Midvöllum var upplesin frambar fyrir réttinum ad hann fyrir hönd umbodsins geymdi sér rétt sinn ad því leyti lögfesta þessi kynni ad skérda rétt Arnarstapa umbods.¹⁵¹

Þann 27. ágúst árið 1887 er landamerkjum Miðvalla gagnvart Hellnum lýst svo í landamerkjaskýrslu fyrir Hellnabláss, sbr. einnig kafla 5.3.7:

Milli Hellna og Miðvalla.

Rekamerki eru klettasnös sú vestan til við Merarvík, sem uppgangurinn liggur eftir, en á land upp er sjónhending frá uppganginum í Grænurúst, og þaðan aftur í steininn í Steinhvammi og þaðan sjónhending í miðja Djúpugróf beint í fjall upp.¹⁵²

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Miðvalla.¹⁵³

¹⁴⁸ Skjal nr. 2(115).

¹⁴⁹ Skjal nr. 4(2), bls. 146.

¹⁵⁰ Skjal nr. 2(100).

¹⁵¹ Skjal nr. 2(116).

¹⁵² Skjal nr. 2(6).

¹⁵³ Skjal nr. 2(82), bls. 289–290.

5.3.9 Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní 2001. Kveðið er á um mörk þjóðgarðsins í 4. gr. reglugerðar nr. 568/2001 en hann nær yfir allan Snæfellsjökul og stærstan hluta þeirra jarða sem liggja vestan jökulsins, frá Dagverðará á sunnanverðu Snæfellsnesi, til og með Gufuskálum á norðvestanverðu nesinu. Austurmörk þjóðgarðsins liggja að hluta innan ágreiningssvæðisins í málinu.¹⁵⁴

Fyrir liggja nokkur skjöl sem varða undirbúning að stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi frá árunum 1996–2005.¹⁵⁵ Sum þeirra varða jarðakaup ríkisins í tengslum við stofnun þjóðgarðsins en fram kemur í minnisblaði umhverfisráðherra til ríkisstjórnarinnar 2. desember 1997 að það sé vilji umhverfisráðuneytisins að allt þjóðgarðslandið verði í eigu ríkisins í þeim tilgangi að einfalda og auðvelda stjórnun svæðisins. Í sama minnisblaði kemur fram að fyrirhugaður þjóðgarður taki til hluta jarðarinnar Dagverðarár, alls lands Malarrífs, Ytra-Einarslóns, Syðra-Einarslóns, Hólahóla og Litla-Lóns, Bervíkur, Saxhóls, Öndverðarness og hluta Gufuskála.¹⁵⁶

Starfshópur um stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi skilaði umhverfisráðherra skýrslu 26. júní 2001.¹⁵⁷

5.3.10 Aðliggjandi og tengd svæði

5.3.10.1 Snæfellsjökull

Sjá kafla 5.4.

5.3.10.2 Fossárdalur

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Neshrepp segir að Fossárdalur sé í einkaeigu Bjarna Guðmundssonar sem hafi eignast jörðina fyrir árið 1702. Jarðardýrleikinn er sagður 8 hundruð. Þar segir meðal annars:

Fossárdalur.

Jarðardýrleiki viii hundruð og so tíundast 4um tíundum.¹⁵⁸

Varðveittur er kaupgjörningur fyrir Fossárdal, dagsettur 16. september 1802. Ekkert kemur þar þó fram um landamerki sömu jarðar.¹⁵⁹

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Fossárdalur sé beneficium og jörðin sé metin til 8 hundraða að dýrleika.¹⁶⁰

¹⁵⁴ Skjal nr. 4(24).

¹⁵⁵ Skjal nr. 4(117).

¹⁵⁶ Minnisblað ráðherra til ríkisstjórnar 2. janúar 1997, sjá skjal nr. 4(117).

¹⁵⁷ Skýrsla starfshópsins frá 2001, sjá skjal nr. 4(117).

¹⁵⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V*, bls. 237–238.

¹⁵⁹ Skjal nr. 2(86).

¹⁶⁰ Skjal nr. 4(2), bls. 149.

Landamerkjum Fossárdals er lýst svo 18. júní 1885 annars vegar og 20. júní 1889 hins vegar:

Landamerki fyrir jörðinni Fossárdal.

1. Landamerki milli Fossárdals og Ólafsvíkur ræður Fossá frá Geldingafelli í sjó út.
2. Landamerki milli Fossárdals, Buga og Arnarhóls, sem er ein jörð
 - a. Fyrst frá Folahnjúk er stendur á fjallseggjunum, þaðan í
 - b. Miðfossa, sjónhending þaðan í
 - c. Tvísteina, þaðan í
 - d. Merarvörðu, þaðan í
 - e. Blindaugu, þaðan í
 - f. Hleinarhöfuð í sjó út.

Ólafsvík 18. Júní 1885.

Jón Árnason umboðsmaður Fossárdals. T.J.Thorgrímson, ábúandi á Ólafsvík.

Borg.kvitt 1-króna. 20/6 85. Sj.

Skýrsla yfir landamerki Fossárdals.

Milli Ólafsvíkur og Fossárdals ræður Fossá framan úr Geldingafelli til sjávar, en að austanverðu millum Bugs og Fossárdals, frá Folahnjúk, sjónhending í Tvísteina, þaðan í Merarvörðu, þaðan í Blindaugu og þaðan í Hleinarhöfuð og á sjó út.

Ólafsvík 20. júní 1889.

Skúli Illugason ábúandi Fossárdal. Jón Árnason umboðsmaður Fossárdals. Jóhannes Bjarnason ábúandi á Innri Bug. H. Thejll ábúandi Ólafsvíkur. Elías Elíasson (ábúandi í Bug innri). Guleifur Rasmussen (ábúandi á Arnarhóli). Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs.¹⁶¹

Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur fram að Fossárdalur sé benefici.¹⁶²

Þann 25. júní 1889 var landamerkjaskrá Fossárdals þinglesin. Landamerkjálýsingin sjálf var þó ekki færð til bókar.¹⁶³

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Fossárdals en nefnt er að engjar Fossárdals liggi til fjalls og að beitolandið sé að mestu leyti fjalllendi.¹⁶⁴

5.3.10.3 Ytri-Bugur

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Neshrepp segir að Ytri-Bugur sé gamalt afbýli frá Arnarhóli. Jörðin er sögð vera konungsjörð síðan árið 1694, talin 4 hundruð að dýrleika. Þar segir meðal annars:

¹⁶¹ Skjal nr. 2(8).

¹⁶² Skjal nr. 2(100).

¹⁶³ Skjal nr. 2(126).

¹⁶⁴ Skjal nr. 2(82), bls. 195–196.

Ytre Bugur.

Gamalt afbýli af Arnarhóli. Bygt kanske nokkuð yfir 50 ár eður undir 60 ár, nema lengur sje. Þetta býli er talið og kallað partur úr jörðunni Arnarhóli og heldur eftir proportion fyrrsvari við Arnarhól.

Dýrleikinn iiii hundruð og so tíundast þessi partur 4um tíundum.

Eigandi kóngleg Majestat, síðan 1694 að Arnarhóll með þessum báðum Bugum var goldinn uppí Máfahlíðar andvirði.¹⁶⁵

Skoðunargerð Arnarstapaumboðs frá árinu 1778 hermir að Ytri-Bugur eigi nokkuð gott beitarland til fjalls. Ekki er getið um afmörkun beitarlandsins. Þar segir:

Skodunargjörð yfir Arnarstapa-Umbod árid 1778.

[...]

Nº 61 Itrebugur iv hndr.

[...]

UdEngen ere hart ad ingen. Græsmarkeren til Fields ere nogenleedes gode, men meget Vanskeligt at faae Törveskiær og Græsværd.¹⁶⁶

Í jarðamatinu 1804 kemur ekkert fram sem varpar ljósi á afmörkun Ytri-Bugs. Jörðin er sögð konungsjörð.¹⁶⁷

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Ytri-Bugur sé Stapaumboðsjörð, metin til 4 hundraða að dýrleika. Í athugasemd við Stapaumboðsjörðina Arnarhól segir svo um Ytri- og Innri-Bug:

A. M. telur Ytri og Innri Bug, hvora jörðina um sig, fjórðung úr Arnarhóli, og segir, að Arnarhóll allur sé fenginn konungi, [árið] 1694, fyrir Máfahlíð. Sýslumaður gjörir og þá athugasemd við jarðir þessar, að af Arnarhóli sé goldið hálf mannslán, en af hvorri hinna jarðanna um sig einúngis mannláns-fjórðungur, líklega af því að jarðir þessar þjár frá fyrstu aðeins hafa verið ein jörð.¹⁶⁸

Ytri-Bugur var 4 hundruð að dýrleika samkvæmt jarðamatinu 1849–1850. Ekkert kemur fram um afmörkun Ytri-Bugs í sömu heimild en nefndar útheyslægjur á fjalli í óskiptu þrætulandi.¹⁶⁹

Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur fram að Ytri-Bugur sé Stapaumboðsjörð.¹⁷⁰

Landamerkjum Ytri-Bugs er lýst svo 25. maí 1889:

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Bug ytri í Neshrepp innan Ennis,

1. Á milli Bugs innri og Bugs ytri, eru tünmerkin þar á milli gil, sem rennur á milli bæjanna, sem kallað er Bugsgil.
2. Á milli Arnarhóls og Bugs ytri, eru engjamerkin þessi: Úr sýkispitti í græna þúfu, og úr henni í sýkisvik úr Bugsvaðli.

¹⁶⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns V, bls. 238–239.

¹⁶⁶ Skjal nr. 2(71), bls. 49 og 142.

¹⁶⁷ Skjal nr. 2(99), opna 59.

¹⁶⁸ Skjal nr. 4(2), bls. 149.

¹⁶⁹ Skjal nr. 2(100), bls. 37–38.

¹⁷⁰ Skjal nr. 2(100).

3. Á milli Haugabrekku og Bugs ytri, sjónhending úr Lambhaga og í Móabarð niður við Bugsvaðal.

Bug ytri 25. maí 1889.

Guðleifur Rasmusson (ábúandi á Arnarhól) handsalað. Elías Eliasson (ábúandi Bug ytri) handsalað. Sigurður Guðmundsson (ábúandi á Haugabrekku). Jóhannes Bjarnason (ábúandi í Innri Bug) hansalað. Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs. Jón Árnason umboðsmaður Fróðár.

Athugasemd. Fjallland og beitiland er óskipt á milli Buganna og Arnarhóls og sömu leiðis er óskipt rekapláss og veiðistöðvar milli framannefndra jarða.

Jón Jónsson umboðsmaður.¹⁷¹

Þann 25. júní árið 1889 var landamerkjaskrá Ytri-Bugs þinglesin á manntalsþingi að Brimilsvöllum. Landamerkin sjálf voru ekki færð til bókar.¹⁷²

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur fram að Ytri-Bugur sé í eigu landsjóðs. Beitiland jarðarinnar er sagt fjallland án þess að nánari útlistun sé gerð á því landi. Ekkert kemur fram um afmörkun Ytri-Bugs í sömu heimild. Í heildarskrá fasteignamatsins 1916–1918 kemur fram að heildarmatsverð Ytri-Bugs sé 1400 kr.¹⁷³

Landamerkjum á milli jarðanna Fróðár, Arnarhóls og Ytri-Bugs er lýst svo 27. júlí 1941:

Landamerki: Milli jarðanna Fróðá, Arnarhóls og Ytri-Bug.

I. Milli Fróðár og Arnarhóls ræður mörkum bein lína úr Folahnúk í Rjúkanda í Kjósalsá, þaðan ræður hún í Fróðá, og ræður svo Fróðáin niður í suðausturhorn í vestari brúarstöpul Fróðárbrúar, þaðan bein lína um vörðu sem er hornmarks varða milli Arnarhóls og Ytri-Bugs, og er sú varða sem hliðarmerki milli Fróðár í beinni línu frá fyrnefndum brúarstólpa í vörðu á engjaodda.

II. Milli Ytra-Bugs og Fróðár, eru merkin úr fyrnefndri hornmarksvörðu í áðurnefndan engjaodda, þaðan eru merkin eftir gamla árfarveginum í gegnum Bugsvaðal þar til gamli Bugsós tekur við, og ræður svo gamli farvegur hans til sjávar samkv. herforingjakorti frá 1910.

Fróðá, 27. júlí 1941.

Bogi Þórðarson, eigandi Fróðár og 1/3 Arnarhóls. (sign).

Þorgils Þorgilsson eigandi Ynnri-Bugs og 1/3 Arnarhóls (sign). Kristján Jónsson –, ábúandi Ytri-Bugs og eigandi 1/3 Arnarhóls (sing). Ólafur Bjarnason, umboðsmaður Ytri-Bugs (sign).¹⁷⁴

Ytri-Bugur féll í eyði árið 1968.¹⁷⁵

Þann 18. júní árið 1969 féll eftirfarandi dómur um landamerki á milli Ytri-Bugs og Fróðár:

Ár 1969, miðvikudaginn 18. júní var landamerkjadómi Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu í málinu nr. 2/1965: Eigendur og ábúendur Bugsjarða gegn Jóni B. Jónssyni kveðinn upp svofelldur dómur: Hæstaréttardómum nr. 28/1970, 9. júní '72.

¹⁷¹ Skjal nr. 2(16).

¹⁷² Skjal nr. 2(125).

¹⁷³ Skjal nr. 2(82).

¹⁷⁴ Skjal nr. 2(13).

¹⁷⁵ Martin Schuler, *Búsetuþróun á Íslandi 1880–1990*, bls. 30.

Dómsorð: Málinu vísað frá dómi.

Landamerki milli Fróðár og Ytri-Bugs skulu vera bein lína úr hornmerki milli Arnarhóls og Ytri-Bugs í merki á engjaodda, og er sú lína í beinu framhaldi af línu úr suðaustur horni í vestri brúarstöpli Fróðár í fyrnefnt hornmerki. Frá merkinu á engjaodda skulu merkin milli Fróðár og Bugsjarða vera út með Fróðárrifi innanverðu í sömu fjarlægð og áðurnefnt merki, í gegnum Bugsvaðal þar til gamli Bugsós tekur við og ræður svo gamli farvegur hans til sjávar samkvæmt herforingaráðskorti frá 1910.

Stefnendur, Þorgils Þorgilsson og jarðakaupssjóður, greiði in solidum stefnda, Jóni B. Jónssyni, málskostnað er ákveðst kr. 25.000.—.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Jón S. Magnússon. Ólafur Guðmundsson. Leifur Kr. Jóhannesson.¹⁷⁶

5.3.10.4 Innri-Bugur

Í *Jarðabók Árna og Páls* yfir Neshrepp segir að Innri-Bugur sé gamalt afbýli frá Arnarhóli, þó yngra en Ytri-Bugur. Jörðin er sögð konungsjörð, metin til 4 hundraða að dýrleika. Þar segir meðal annars:

Innre Bugur, kallast oftar **Sydre Bugur**.

Annað afbýli af Arnarhóli, mun yngra en Ytri Bugur,

Dýrleiki iiii hundruð.

Eigandi kóngleg Majestat, ut supra um Ytra Bug.¹⁷⁷

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Innri-Bugur sé Stapaumboðsjörð, metin til 4 hundraða að dýrleika. Í athugasemd við Stapaumboðsjörðina Arnarhól segir svo um Ytri- og Innri-Bug:

A. M. telur Ytri og Innri Bug, hvora jörðina um sig, fjórðung úr Arnarhóli, og segir, að Arnarhóll allur sé fenginn konungi, [árið] 1694, fyrir Máfahlíð. Sýslumaður gjörir og þá athugasemd við jarðir þessar, að af Arnarhóli sé goldið hálf mannslán, en af hvorri hinna jarðanna um sig einúngis mannláns-fjórðungur, líklega af því að jarðir þessar þrjár frá fyrstu aðeins hafa verið ein jörð.¹⁷⁸

Innri-Bugur var 4 hundruð að dýrleika samkvæmt jarðamatinu 1849–1850. Ekkert kemur fram um afmörkun Innri-Bugs í sömu heimild.¹⁷⁹

Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur fram að Innri-Bugur sé Stapaumboðsjörð.¹⁸⁰

Landamerkjum Innri-Bugs er lýst svo 25. maí 1889:

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Bug innri, í Neshrepp innan Ennis.

1. Á milli Ytri-Bugs og Innri-Bugs, eru tünamerki gil, sem rennur milli túnanna, og er kallað Bugsgil.

¹⁷⁶ Skjal nr. 2(14). Þessi síða er öll yfirstrikuð.

¹⁷⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 239–240.

¹⁷⁸ Skjal nr. 4(2), bls. 149.

¹⁷⁹ Skjal nr. 2(100), bls. 36–37.

¹⁸⁰ Skjal nr. 2(100).

2. Á milli Arnarhóls og Innri Bugs, ræður engjamerkjum, gömul renna yfir undir Tvísteina, og aftur úr króknum á Brúnná eftir merkjagarði ofan að Bugsvaðli, og svo út með vaðlinum út að Bugstúni.

Fjallland og beitiland er óskipt á milli Buganna og Arnarhóls, og sömuleiðis er óskipt rekapláss og veiðistöðvar milli þessara frammannefndu jarða.

Bug innri 25. maí 1889.

Guðl. Rasmusson (ábúandi á Arnarhóli) handsalað. Jón Árnason umboðsmaður Fróðár. Skúli Illugason (ábúandi á Fossárdal) handsalað. Jóhannes Bjarnason (ábúandi í Bug innri) handsalað. Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs.¹⁸¹

Þann 25. júní árið 1889 var landamerkjaskrá Innri-Bugs þinglesin á manntalsþingi að Brimilsvöllum. Landamerkin sjálf voru ekki færð til bókar.¹⁸²

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Innri-Bugs.¹⁸³

5.3.10.5 Fróðá

Í skrá Páls biskups Jónssonar frá því um árið 1200 um prestlausar kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi er getið um Fróðá. Ekki er getið landamerkja.¹⁸⁴

Máldagi kirkjunnar að Fróðá er Gyrðir biskup Ívarsson setti henni árið 1355 getur ekki landamerkja jarðarinnar.¹⁸⁵ Það er ekki heldur gert í máldaga Vilchins frá árinu 1397¹⁸⁶ eða í Gíslamáldaga frá því um 1570.¹⁸⁷ Biskupsvísitasíur að kirkjunni á Fróða, á árabílinu 1642–1891, geta ekki heldur um afmörkun Fróðár.¹⁸⁸

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Neshrepp er þess getið að Fróðá fylgi ekki afréttur. Um Fróðá segir meðal annars eftirfarandi:

Fróðá.

Kirkjustaður, annæteruð sókn með Íngjaldshóls kirkju, og þjónar sami prestur Sr. Jón Björnsson.

Jarðardýrleiki á heimajörðunni, sem nafninu beheldur, xvi hundruð. En jörðin öll til samans er að fornu og nýju almennilega kölluð og talin lx hundruð með Haugabrekku og Fornu Fróðá, teljast þá hinir partarnir xliiii hundruð. Proprietarii, sem tileigna sjer allan helmíng jarðarinnar so sem bóndaeygn, hafa ogso og halda eftir proportion hinn helmínginn, sem kirkjunni og þeim er eignaður.

Með því nú að afbýlunum og kotunum er viss dýrleiki tileinkaður, þá verður hann skrifaður við sjerhvers þeirra nafn, og telst ávalt helmíngurinn so sem kirkjueign með hverju koti.

NB. Í jarðabók Andresar Andressonar greinir, að ii hundruð af Fróðá sjeu lögð til Arnarhóls, það er takmarkað engjapláts á hölmum tveim, sem þann tíma voru umgirtir

¹⁸¹ Skjal nr. 2(15).

¹⁸² Skjal nr. 2(123).

¹⁸³ Skjal nr. 2(82), bls. 193–194.

¹⁸⁴ Skjal nr. 4(110).

¹⁸⁵ Skjal nr. 4(60).

¹⁸⁶ Skjal nr. 4(61).

¹⁸⁷ Skjal nr. 4(62).

¹⁸⁸ Skjöl nr. 2(57)–2(61). Sjá einnig upplýsingar um vísitasíur Fróðár eftirtalda daga í skilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands (kafla um skjalaflokk A.8 í skjali nr. 2): 14. september 1658, 12. september 1676, 30. ágúst 1701, 13. september 1713, 19. ágúst 1738, 28. maí 1732, 22. júní 1773, 29. ágúst 1794 og 22. júlí 1891

af Fróðá, en nú fellur hún annarstaðar. Þó þekkja menn greinilega þessa hólma enn í dag með þeirra vissum ummerkjum, og brúka þá Arnarhóls og Buga ábúendur. Þó hafa fyrir þetta undanselt 2ja hundraða engi ekki talin verið Fróðá og hennar býli ódýrari en áður, því proprietarii ei hafa viljað rýra dýrleikatölu jarðarinnar. So tíundast og bónda-eignin af Fróðá enn í dag xxx hundruð.

Eigandinn að heimajörðunni eru börn monsr. Gísla Jónssonar að Máfahlíð, og er það þeirra móðurarfur; en móðurfadir þeirra var sál. lögmaðurinn Magnús Jónsson, sem keypti Fróðá so vítt sem nú eiga hans dótturbörn.

[...]

Aftjettur enginn.

[...]

Hætt er kvikfje allra býlanna fyrir foröðum á fjalli, so og fyrir hrapí úr fjallkletta hliðum.¹⁸⁹

Í jarðamatinu 1804 kemur ekkert fram sem varpar ljósi á afmörkun Fróðár. Jörðin er sögð í einkaeigu og metin til 60 hundruð að dýrleika.¹⁹⁰

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Fróðá sé beneficium og jörðin sé metin til 60 hundraða að dýrleika. Þar segir enn fremur:

[Árið] 1805 og hjá A. M. eru, auk hjáleigna þeirra, sem hér eru nefndar, líka talinn Hrómur, sem A. M. líka nefnir Haukabrekkukot (40 al. lsk.), og Skarðakot, en sem 1805 er talið með heimajörðunni og Klettakoti, og þegar af A. M. er sagt í eyði.¹⁹¹

Landamerkjum Fróðár er lýst svo 20. júní 1889:

Skýrsla yfir landamerki Fróðár með hjáleigum hennar.

Milli Brimilsvalla og Fróðárjarða ræður Staðarbergsá fjalls og fjöru á milli.

Þvermerki til fjalls eru: Miðfell, Moldarmúli, Hestfjall og þaðan í Folahnúk.

Að vestanverðu frá Folahnúk í Litla-Rjúkanda eins og hann ræður í Fróðá, svo ræður hún ofan fyrir Arnarhólstún og þaðan sjónhending í engjaodda en þaðan ræður Bugsós til sjávar.

Ólafsvík 20. Júní 1889.

Guðbrandur Guðbrandsson ábúandi á Fróðá. Jón Jónsson (eigandi og ábúandi á Brimilsvöllum). Jón Árnason umboðsmaður Fróðáreignar. Jón Jónsson umboðsmaður fyrir Arnarhól.¹⁹²

Þann 25. júní 1889 var þinglesin landamerkjaskrá Fróðár og hjáleigna hennar. Merkjalyfingarnar sjálfar voru ekki færðar til bókar:

Ár 1889, 25. júní var manntalsþing sett að Brimilsvöllum á hádegi, og haldið af hinum reglulega sýslumanni með vottum [...]

Var fyrirtekið.

[...]

9. Upplesið Landamerkjaskrá fyrir Fróðá, með hjáleigum.¹⁹³

¹⁸⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V*, bls. 240–241.

¹⁹⁰ Skjal nr. 2(99), opna 59.

¹⁹¹ Skjal nr. 4(2), bls. 149.

¹⁹² Skjal nr. 2(12).

¹⁹³ Skjal nr. 2(122).

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Fróðár.¹⁹⁴

Landamerkjum á milli jarðanna Fróðár, Arnarhóls og Ytri-Bugs er lýst svo 27. júlí 1941:

Landamerki: Milli jarðanna Fróðá, Arnarhóls og Ytri-Bug.

I. Milli Fróðár og Arnarhóls ræður mörkum bein lína úr Folahnúk í Rjúkanda í Kjós-dalsá, þaðan ræður hún í Fróðá, og ræður svo Fróðáin niður í suðausturhorn í vestari brúarstöpul Fróðárbrúar, þaðan bein lína um vörðu sem er hornmarks varða milli Arnarhóls og Ytri-Bugs, og er sú varða sem hliðarmerki milli Fróðár í beinni línu frá fyrnefndum brúarstólpa í vörðu á engjaodda.

II. Milli Ytra-Bugs og Fróðár, eru merkin úr fyrnefndri hornmarksvörðu í áðurnefndan engjaodda, þaðan eru merkin eftir gamla árfarveginum í gegnum Bugsvaðal þar til gamli Bugsós tekur við, og ræður svo gamli farvegur hans til sjávar samkv. herforingjakorti frá 1910.

Fróðá, 27. júlí 1941.

Bogi Þórðarson, eigandi Fróðár og 1/3 Arnarhóls. (sign).

Þorgils Þorgilsson eigandi Ynnri-Bugs og 1/3 Arnarhóls (sign). Kristján Jónsson –, ábúandi Ytri-Bugs og eigandi 1/3 Arnarhóls (sing). Ólafur Bjarnason, umboðsmaður Ytri-Bugs (sign).¹⁹⁵

Þann 18. júní árið 1969 féll eftirfarandi dómur um landamerki á milli Ytri-Bugs og Fróðár:

Ár 1969, miðvikudaginn 18. júní var landamerkjadómi Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu í málinu nr. 2/1965: Eigendur og ábúendur Bugsjarða gegn Jóni B. Jónssyni kveðinn upp svofelldur dómur: Hæstaréttardómum nr. 28/1970, 9. júní '72.

Dómsorð: Málinu vísað frá dómi.

Landamerki milli Fróðár og Ytri-Bugs skulu vera bein lína úr hornmerki milli Arnarhóls og Ytri-Bugs í merki á engjaodda, og er sú lína í beinu framhaldi af línu úr suðaustur horni í vestri brúarstöpli Fróðár í fyrnefnt hornmerki. Frá merkinu á engjaodda skulu merkin milli Fróðár og Bugsjarða vera út með Fróðárrífi innanverðu í sömu fjarlægð og áðurnefnt merki, í gegnum Bugsvaðal þar til gamli Bugsós tekur við og ræður svo gamli farvegur hans til sjávar samkvæmt herforingaráðskorti frá 1910.

Stefnendur, Þorgils Þorgilsson og jarðakaupssjóður, greiði in solidum stefnda, Jóni B. Jónssyni, málskostnað er ákveðst kr. 25.000.–.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Jón S. Magnússon. Ólafur Guðmundsson. Leifur Kr. Jóhannesson.¹⁹⁶

5.3.10.6 Stóri- og Litli-Kambur

Eftirfarandi umfjöllun varðar aðallega Litla-Kamb en ítarlegri umfjöllun um Stóra-Kamb er að finna í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2018.

Varðveittur er vitnisburður Jóns Jónssonar og tveggja annarra manna um landamerkjalýsingu Halls Sveinssonar á milli jarðanna Húsaness og Kambs í Breiðuvík, sem

¹⁹⁴ Skjal nr. 2(82), bls. 191–192.

¹⁹⁵ Skjal nr. 2(13).

¹⁹⁶ Skjal nr. 2(14). Þessi síða er öll yfirstrikuð.

og þeirra jarða, sem þar liggja sunnan að. Gerningurinn er dagsettur 25. september annars vegar, og 30. nóvember hins vegar, árið 1450. Hann hljóðar svo:

Kambs Landamerke.

Þad giaurum vær Jon Jonsson. Halldor Snorrason oc Ormur Jonsson godum maunnum kunnigt med þessu voru opnu Breffe. ad þa er lidid var frá hingadburd vors herra Jesu Christi med oc l ära aa faustudagienn næstann epter mattheus messo Ridu vær aa landamerkie millum Husaness oc Kambs. oc þeirra jarda sem þar ganga sunnan ad. Reid oc Hallur Sveinsson med oss oc sagde oss þesse landamerke j millum fyrrnefndra jarda. Ad rædur sionhending ur Backalækiarose j manstein oc ør mansteine j hest. þa rædur egg su er geingur nordur j skard.

Sagde oc fyr nefndur Hallur. ad hann hefde heyrnt sagtt ad skilrijker menn hefde suarid þad Rekamark j millum Grafar Reka oc Kambsreka. ad lambhusid aa efra Kambe liggur j þar sem krokar gilid uppi. þad sem fellur ofann fyrer sunnan bæinn aa Kambe. Sagdi oc ädurgreindur Hallur ad efri kambur ætte allan Reka sudur þangad thil ad stofan j Midhusum lægje i kirkiuna aa knerre. Efri kambur aa tueggia manada beit j hestbringur j annat mäl. edur mänadar beit j bæde mäl oc trodhris j Hraun jaurd. Hraun aa einge j kambz jaurd. j vatnese. Geingur ein kiellda fyrer ofan. oc sionhending ur holltz-fætenum ytra oc fram aa melba(c)ka. Suo oc eij sijdur reid Olafur (stade Sveinsson) aa þesse saumu landamerke med oss. oc liet sier anægja þesse landamerke j millum fyrgreindra jarda. Säum vær oc fyrgreinder menn. ad þesse aull aurnefne bäru saman j millum fyrrgreindra jarda. Oc til sanninda. Skrifad aa Skarde aa Skardzstraund Andriesmesso dag aa sama are sem fyrr seiger.¹⁹⁷

Þann 25. janúar 1530 seldi Ögmundur Skálholtsbiskup Narfa abóta á Helgafelli og klaustrinu þar Kambana báða í Breiðuvík til fullrar eignar, með öllum gögnum og gæðum sem Kömbunum fylgdi og fylgt hafði að fornu og nýju. Á móti galt Narfi abóti jörðina Gröf í Stafholtstungum til Ögmundar biskups. Í gerningnum kemur ekkert fram um afmörkun Kambanna.¹⁹⁸

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Breiðuvíkurepp segir að Litli-Kambur sé þriðjungur af dýrleika Stóra-Kambs, sem metinn er til 24 hundraða. Dýrleiki Litla-Kambs er eftir því 8 hundruð. Litli-Kambur er sagður lénsjörð prestsins í Breiðuvík. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

Litle Kambur. Kallað að fornu þriðjungur af Stóra Kambi, og er af ariltztíð [svo] ljensjörð prestsins í Breiðavík.

Jarðardýrleiki fyrir utan Stórakamb viii hundruð og so tíundast fjórum tíundum.

[...]

Selstöðu hefur jörðin í eigin landi sínu, sem nú er búfjárhagar, mestan part í hrjóstur komið.¹⁹⁹

Í jarðamatinu 1804 kemur ekkert fram sem varpar ljósi á afmörkun Litla-Kambs.²⁰⁰

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Litli-Kambur sé lénsjörð prestsins til Breiðuvíkureppinga, metin til 8 hundraða að dýrleika.²⁰¹

¹⁹⁷ Skjal nr. 4(83).

¹⁹⁸ Skjal nr. 4(82).

¹⁹⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 149.

²⁰⁰ Skjal nr. 2(99), opna 24.

²⁰¹ Skjal nr. 4(2), bls. 144.

Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur fram að Litli-Kambur sé lénsjörð prestsins til Breiðuvíkurbínga.²⁰²

Landamerkjum Litla-Kambs er lýst á eftirfarandi hátt 20. ágúst 1884 í skrá yfir landamerki Staðarstaðarkirkjujarða:

15. Litlikambur í Breiðuvík (Sbr. landamerki milli Litla-Kambs og Grafar bls. 87–88). Eyðijörð tilheyrandi til helminga hverju, Staðastaðarprestakalli og Nesþingum, á óskipt land saman við Stórakamb í Breiðuvík, og því sömu landamerki og sú umboðsgjörð. Framanskriðuð landamerkjalyásing er No. 1–11 byggð á landamerkjaskrá þeirri, sem frá fornu stendur rituð í embættisbókum prestakallsins, og veit ég engan ágreining um nein þau landamerki, sem þar eru greind. Landamerki No. 12 eru eftir skýrslu gamals ábúanda, hverri ábúendur næstu jarða tjá sig samþykka. Landamerki No. 13 eru skráð eftir landamerkjaskrá Ásgríms Hellnaprests Vigfússonar og skýrslu núverandi ábúenda. No. 14 er byggt á þar tilvitnuðum skilríkjum.

Staðastað 20. Ágúst 1884. Þ. Eyúlfsson.

Samþykkur umboðsins vegna Hallbjarnareyri 20. jan. 1885 Ásmundur Sveinsson.

Athugasemd við No. 3 og 4, Arnartungu og Furubrekku að því leyti sem téðar jarðir liggja að landamerkjum Bergsholts með Bergsholtskoti: Fimm vörðubrot standa á holtinu fyrir utan Bergsholtsstekk. Er sjónhending úr Hnausungum, sem er miðvarðan á holtinu, svo tvær eru milli hennar og stekkjarsins og tvær fyrir utan, ofan í Stórukornholt. Þaðan sjónhending í Svörtukeldu austur við Viðrulæk. Svo á Arnartungu upp með Viðrulæk upp í vikið og kelduna, hvar varða er hlaðin á bakkanum, þaðan í Bolastein austur í flóanum, þaðan í Merkikeldu er rennur austur í Gróukeldu fyrir ofan Þríholt.

Staðastað 7. maí 1885. Þ. Eyúlfsson.

Samþykkur vegna Bergsholts. Þorleifsson (fyrir hönd eiganda).²⁰³

Samkvæmt landamerkjabréfi Stóra-Kambs frá 8. júlí 1889 eru merki jarðarinnar eftirfarandi:

Landamerki fyrir þjóðeignina Stóra-Kamb í Breiðuvíkurbínga.

1. Á milli Grafar og Stóra-Kambs, er sjónhending úr lækjarós niður við vaðla, í vestanverða Rúst, sem er í flóanum, og þaðan í vörðu, sem stendur austanvert við Grafarholtsenda. Þaðan ræður Grafará upp að fossi og þaðan yfir fjall eins og vötnum hallar norður af, ofan í Ölkeldubotna.

2. Á milli Húsaness og Stóra-Kambs ræður sjónhending úr Bekkslækjarósi og í Mannstein og þaðan á Hest. Þaðan ræður egg sú er gengur norður í skarðið.

Stóri-Kambur á mánaðarheit, í Hestbringum

Stóra-Kambi 8. júlí 1889.

Guðmundur Bjarnason (ábúandi á Stóra-Kambi) (handsalað). Sigurður Skaptason (ábúandi í Húsanesi). (handsalað). Eigandi að Gröf Brynjólfur Daníelsson.²⁰⁴

Í fasteignamatinu 1916–1918 er Litli-Kambur eignaður kirkjujarðasjóði. Jörðin er sögð liggja til fjalls þar sem er upprekstur. Um landamerki er vísað til landamerkjabréfs Litla-Kambs frá 20. ágúst 1884. Þá kemur fram að ágreiningur sé um landamerkin, en ekki er gerð nánari grein fyrir þeim ágreiningi. Ekkert kemur frekar fram um afmörkun

²⁰² Skjal nr. 2(100).

²⁰³ Skjal nr. 2(182). Sjá einnig skjal nr. 2(167).

²⁰⁴ Skjal nr. 2(11). Sjá einnig skjal nr. 2(167).

Litla-Kambs í sömu heimild. Í heildarskrá fasteignamatsins 1916–1918 kemur fram að heildarmatsverð Litla-Kambs sé 2400 kr.²⁰⁵

Fjöldi bréfagerða frá árunum 1918–1920 er varða mat, virðingu og sölu Litla-Kambs geta hvergi um tengsl eða réttindi jarðarinnar við ágreiningssvæðið.²⁰⁶

Þann 24. júlí árið 1921 fór fram gjörð út af ágreiningi um landamerki milli Litla-Kambs og Grafar.²⁰⁷ Sjá umfjöllun um Gröf í kafla 5.3.10.7.

Þann 11. ágúst 1936 gekk landamerkjadómur um rekamerki milli Stóra- og Litla-Kambs.²⁰⁸

5.3.10.7 Gröf

Í Gíslamáldaga fyrir kirkjunni að Setbergi frá því um 1570 er kirkjunni þar eignaður Grafarreki í Breiðuvík. Þess er þó ekki getið í sama máldaga að Gröf sé í eigu Setbergskirkju.²⁰⁹

Þann 2. júní árið 1656, féll eftirfarandi dómur um landamerkjabréf fyrir Gröf, á héraðsþingi höldnu að Laugarbrekku:

Dómur wmm landamerkia Breff Palls Bjarna Sonar fyrir Gröff.

Anno 1656 þann 2 Dag Junj a Laugar Brecku Settu hierads þynge frammlagde Bondinn pall Bjarnasson trans skriffað kalffskins Breff með fimm Inciglum, huort ed hljódadj vmm afhending og landa merkj a Jordinne Groff j Brejdavykurhrepp j knarrar kirkiu soknn aff þejm kienne manne Sera Snörra Jonssyne daterat 1546 Enn transkrifftar vottanna datjoraner er 1626, Og aff þuj ad onger atoldu þetta landa merkia Breff Enn sagdur pall Bjarnasson oskar huort affl haffa skulj þeim j Guds naffne Amen wurdist oss vnderskriffudum Monnum tytt neffndum pale Bjarnassyni ad suo proffudu wyta-laust effter þejm landa merkium hallda sem þad Jnne helldur suo lejnge ecki proffast annad sannara, Samþicke Dommenn.²¹⁰

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Breiðuvíkurhrepp segir að Gröf sé í einkaeigu. Dýrleiki jarðarinnar, að meðreiknuðu Grafarkoti, er sagður 16 hundruð. Um Gröf segir meðal annars eftirfarandi:

Gröf.

Jarðardýrki xvi hundruð að meðreiknuðu Grafarkoti, sem kallað er þriðjungur jarðarinnar.

Eigandinn að allri jörðunni Ragnhildur Jónsdóttir á Ökrum í Álftanesshrepp og Borgarfjarðarsýslu.²¹¹

Í máldaga fyrir Staðarstaðarkirkjujörðum er getið um landamerki Grafar. Landamerkjalyfingin er óársett og hljóðar svo:

²⁰⁵ Skjal nr. 2(82).

²⁰⁶ Skjöl nr. 2(156)–2(157), 2(160)–2(166) og 2(175)–2(177).

²⁰⁷ Skjal nr. 2(4). Sjá einnig um sama mál skjöl nr. 2(158) og 2(159).

²⁰⁸ Skjal nr. 2(121). Sjá skjal nr. 2(120) um aukarétt sem settur var 10. júlí 1936 vegna sama máls.

²⁰⁹ Skjal nr. 4(64).

²¹⁰ Skjal nr. 2(110).

²¹¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 149–150.

Grafar Landamerke

Hun á suður í markhrygg, og úti Rústina fyrir utann Titlingshól.²¹²

Í jarðamatinu 1804 kemur ekkert fram sem varpar ljósi á afmörkun Grafar. Þar er þó tekið fram að eyðihjáleigan Grafarkot sé hluti jarðarinnar. Gröf er sögð 12 hundruð að dýrleika og í eigu kirkjunnar að Knerri annars vegar og kirkjunnar að Setbergi hins vegar.²¹³

19. maí árið 1824, var þinglesið kaup- og afsalsbréf fyrir Gröf á manntalsþingi höldnu að Brekkubæ ...

... dat. 9^{da} Junii 1823, hvarmed fyrrnefnd M^e Hjaltalín afhendir fyrrnefndum Mr. Jóni Jónssyni á Melabúd til fullkominnar Eignar og Umráða Eignarjörd sína Gröf liggjande í Breiðuvík hrepp 16 hndr. ad dýrleika med 3^{ur} kúgjildum fyrir 700 ^{Rbd} N.S. ...²¹⁴

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Gröf sé beneficium og jörðin sé metin til 16 hundraða að dýrleika. Þar segir enn fremur:

[Árið]1805 er eyðihjáleigan Grafarkot talin hér með.²¹⁵

Í skrá yfir landamerki allra Staðarstaðarkirkjujarða, dagsettri 20. ágúst 1884, er getið um merki Grafar að takmörkuðu leyti. Þar segir:

6. Gröf. Hún á suður (austur) í Markhrygg, og út í rústina fyrir utan Tittlingshól. Engi (Grafarspotta) á hún fyrir neðan Fossskákar.²¹⁶

Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur fram að Gröf sé benefici.²¹⁷

20. maí árið 1870 var þinglesin yfirlýsing þess efnis að jörðin Gröf í Breiðuvík væri eign ábúandans, Þórarins Þórðarsonar. Ekkert er getið um afmörkun jarðarinnar í yfirlýsingunni.²¹⁸

1. júlí árið 1905 var gerður kaupsamningur og afsal vegna Grafar í Breiðuvík hreppi. Gjörningurinn var þinglesinn að Hellnum 18. júní 1909. Kaupsamningurinn og afsalið hljóða svo:

Við undirritaðir, ég Guðmundur Brynjólfsson bóndi í Gröf, og ég Hallbjörn Þorvaldsson verzlunarmaður í Ólafsvík höfum í dag gjört með okkur svofelldan kaupsamning.

1. Það sem selt er eru 8 – átta hundr. og 30 – álnir eftir gildandi jarðamati úr eignar og ábýlisjörð minni Gröf, liggjandi í Breiðuvík hreppi í Snæfellsnessýslu, með öllum skildum og rjettindum, sem henni fylgja og fylgja ber, með öllum gögnum og gæðum til lands og sjáfar, eins og ég hefi eignast hana sumpart af erfð eftir föður minn sál., og sumpart með afsalsbréfi útgefnu af Kristjáni Pálssyni 14. júlí 1903. Í kaupunum er innifalið 1. kúgildi, og öll þau hús og mannvirki sem á jörðinni eru, ásamt öllu í þeim múr og naglföstu.

²¹² Skjal nr. 2(72).

²¹³ Skjal nr. 2(99), opna 26.

²¹⁴ Skjal nr. 2(111).

²¹⁵ Skjal nr. 4(2), bls. 144.

²¹⁶ Skjal nr. 2(182).

²¹⁷ Skjal nr. 2(100).

²¹⁸ Skjal nr. 2(73).

2. Kaupverði er 1000 – eitt þúsund – krónur, og skal kaupandi standa skil á því þannin að hann:

a. Tekur að sjer að greiða sparisjóðnum í Stykkishólmi skuld þá er hvílir á jörðinni með öðrum veðrjetti að upphæð 325 – þrjú hundruð tuttugu og fimm – krónur eftir ákvæðum viðkomandi skuldabréfs

b. Greiðir seljanda í næstu fardögum 175 – eitt hundrað sjötíu og fimm – krónur.

c. Greiðir seljanda 1. febr. 1908 100 – eitt hundrað krónur af eftirstöðvum kaupverðsins og jafn mikið á hverju ári á sama gjalddaga, þar til kaupverðið er að fullu greitt. Honum ber að greiða seljanda 3% – þrjá af hundraði í árlega leigu meðan lánið stendur, og er gjalddagi á henni 1. febr. ár hvert, í fyrsta sinn árið 1907.

3. Seljandi afhendir kaupanda jörðina í næstu fardögum, og skal þá hafa borið forsvaranlega á tón jarðarinnar, og að öðru leyti unnið þau vorverk á henni sem fráfarandi er skyldur að vinna og skal þeirri afhending fylgja glögg og gildandi skrá um landamerki jarðarinnar og önnur rjettindi hennar.

4. Seljandi greiðir öll lögboðin gjöld af jörðinni til ágúst mánaðarloka. 1905.

5. Seljandi ábyrgist, að engin önnur veðbönd eða kvaðir liggi á jörðinni, en sem hér hefur verið framtekið.

6. Við undirskript þessa kaupsamnings og greiðslu samkv. 2. gr. staflið b, skal seljandi rita afsal sitt á hann.

7. Rísi mál útaf kaupsamningi þessum, skal það sótt og varið í Breiðuvíkurbreppi, þótt málsaðilar sjeu búsettir annarstaðar.

8. Af samningi þessum skulu gjörð tvö samhljóða frumrit, og heldur seljandi öðru, en hitt afhendist kaupanda.

Gjört að Gröf 1. júlí 1905

Guðmundur Brynjólfsson.

Hallbjörn Þorvaldsson.

Vottar:

Sigmundur Jónsson

Jón Jónsson (handsalað)

Afsal

Þar sem herra Hallbjörn Þorvaldsson hefur í dag greitt mér 175 – eitt hundrað sjötíu og fimm krónur og með undirskrift framanritaðs samnings tekið að sjer greiðslu á skuld minni við sparisjóðinn í Stykkishólmi að upphæð 325 – þrjú hundruð tuttugu og fimm krónur, þá afsala ég hér með frá mér og mínum erfingjum, honum til óháðrar eignar að framannefndan part minn í jörðinni Gröf í Breiðuvíkurbreppi að dýrleika 8,30 hundr. með öllum, rjettindum og skyldum eins og ég hefi átt hana og hefur nú verið afhentur hann. Þess skal getið að kirkjurnar á Setbergi og Búðum eiga reka fyrir landi jarðarinnar að hálfu leyti hver.

Kaupandi heldur kaupi sínu til laga, en ég svara til lagariftingar.

Til staðfestu rita ég nafn mitt undir í viðurvist tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Gröf 1. Júní 1905

Guðmundur Brynjólfsson

Vottar: Sigmundur Jónsson

Jón Jónsson (handsalað).²¹⁹

Afsal vegna sölu á hluta úr Gröf í Breiðuvík, dagsett 15. mars 1909, getur ekki um landamerki jarðarinnar.²²⁰

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur fram að Gröf sé í eigu oddvitans Hallbjörns Þorvaldssonar. Ennfremur hermir að jörðin liggi til fjalls þar sem sé upprekstur Landamerki eru sögð „óglögg og um þau er ágreiningur“. Ekkert kemur þó frekar fram um afmörkun Grafar í sömu heimild. Í heildarskrá fasteignamatsins 1916–1918 kemur fram að heildarmatsverð Grafar sé 7700 kr.²²¹

Þann 24. júlí árið 1921 fór fram svohljóðandi gjörð út af ágreiningi um landamerki milli Litla-Kambs og Grafar:

Gjörð út af ágreiningi um landamerki milli Litla-Kambs og Grafar.

Ár 1921 hinn 24. júlímánaðar voru undirritaðir staddir að jörðunum Litla-Kambi og Gröf í Breiðuvíkurbreppi til þess samkvæmt aukaréttar útnefningu frá 20. f.m. að útkljá ágreining um landamerki téðra jarða.

Fyrir lá útskrift úr landamerkjabók sýslunnar um landamerki Stóra-Kambs og Grafar frá 8. júlí 1889. Hvorugur málsaðila lagði fram önnur sönnunargögn í þrætumáli þessu.

Ágreiningurinn er sprottinn af óvissu um, hvar Rúst sú er, sem um getur í téðri landamerkjaskrá frá 1889, og hvar varða sú sje, eða hafi verið, sem sama landamerkjaskrá segir, að eigi að standa austanvert við Grafarholtsenda.

Eftir að hafa gengið á merkin og athugað alla afstöðu vorum við allir á einu máli um það, að hjer væri um að ræða einstaka Rúst hjer um bil í miðjum flóanum, en aftur á móti ekki rústir þær tvær, sem eru neðst í flóanum og stundum eru nefndar írsku tóftir.

Áminnst varða austanvert við Grafarholtsenda, fyrir finnst ekki, en hlóðum við hana vestanvert við Grafará, þar sem hún myndar bugðu við Grafarholtsendann.

Samkvæmt framanskráðu ákváðum við, að landamerki milli Litla-Kambs og Grafar skulu vera hér eftir þessi:

„Á milli Grafar og Litla-Kambs er sjónhending úr miðjum lækjarósi niður við Vaðla í vestanverða Rúst, sem er hjer um bil í miðjum flóanum, og þaðan í vörðu, sem stendur vestanvert við Grafará, þar sem hún myndar bugðu við Grafarholtsendann. Þaðan ræður Grafará upp að fossi og þaðan yfir fjall eins og vötnum hallar norður af.“

Magnús Árnason. Guðlaugur Halldórsson. Jón Proppé.

Þinglestur ókeypis fyrir kirkjusjóð.

Þinglesið á manntalsþingi að Hellnum 23. júní 1924.

P.V. Bjarnason.²²²

5.3.10.8 Dagverðará

Dagverðarár er getið í bréfi hirðstjóra og biskups um skipan kirkjusókna á Snæfellsnesi, dagsettu 27. september 1563. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

²¹⁹ Skjal nr. 2(74).

²²⁰ Skjal nr. 2(75).

²²¹ Skjal nr. 2(82).

²²² Skjal nr. 2(4). Sjá einnig um sama mál skjöl nr. 2(158) og 2(159).

Item skal ä Laugarbrecku vera söknarkyrkia. með þessum bæium til lögðum. Dögurðará. Midveller. Auxnakiellða. Breckubær. Vætekrar og Arnarstape með tollum og tiundum.²²³

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Breiðuvíkurrepp segir að Dagverðará sé í einkaeigu og metin til 16 hundraða að dýrleika. Getið er um átroðning. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

Dagverdaraa.

Dýrleiki xvi hundruð.

Eigandi erfingjar sál. Sr. Páls Björnssonar, sem var að Selárdal.

[...]

Átroðningur af Hellnamanna og Miðvalla peningi, item ferðafólks.²²⁴

Þann 12. ágúst árið 1795, var haldið svonefnt ástæðuþing, á landamerkjunum á milli Miðvalla og Dagverðarár, vegna þrætu þeirra jarða um landamerki sín í milli. Sjá nánar í umfjöllun um Miðvelli í kafla 5.3.8.²²⁵

Á manntalsþingi höldnu að Brekkubæ 24. maí 1841 var þinglesið kaupbréf fyrir Dagverðará. Ekki var getið um landamerki:

Ar 1841 þann 24^{da} Maii var Manntalsþingsretturinn settr á Brekkubæ og haldenn af vedkomandi herads Dómara i Nærveru Vottanna Narfa Arnasonar og Péturs Jónssonar [...]

7. Var lesið kaupbréf fyrir ½ Dagverðará dat. 2 Febr. 1841. Hverja Magnús hreppstjóri Biörnsson afsalar ser til Sgr Þorsteins Bjarnasonar á Litlakambi. ...²²⁶

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Dagverðará sé beneficium og jörðin sé metin til 16 hundraða að dýrleika.²²⁷

Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur fram að Dagverðará sé benefici. Ekki er getið um afmörkun.²²⁸

Landamerkjabréf fyrir Dagverðará hefur ekki fundist í Þjóðskjalasafni.

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Dagverðará.²²⁹

5.3.10.9 Annað

Sjá kafla 5.5 um eignir og réttindi kirkna.

²²³ Skjal nr. 4(109).

²²⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns V*, bls. 180.

²²⁵ Skjal nr. 2(112).

²²⁶ Skjal nr. 2(114).

²²⁷ Skjal nr. 4(2), bls. 146.

²²⁸ Skjal nr. 2(100).

²²⁹ Skjal nr. 2(82), bls. 289.

5.4 Snæfellsjökull

Örnefnið Snæfellsjökull er fornt. Þess getur í skrá Páls biskups Jónssonar frá því um árið 1200 um prestlausar kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi. Þar segir svo í fyrirsögn þess hluta skránnar sem snertir prestlausar kirkjur á Snæfellsnesi:

Þá er Snæfellsnes oc Snæfellsjökull.²³⁰

Þegar Snæfellsjökuls er getið í fornum bréfum og gerningum sem sjá má á síðum *Íslenzks fornbréfasafns* er oftast en ekki viðhöfð styttingin Jökull um Snæfellsjökull. Og þegar getið er um eða vísað er til Jökuls, er jafnan vísað til byggðarinnar „undir Jökli“ eða þá tiltekinna jarða eða staða í sveitinni í kringum „Jökul“. Snæfellsjökuls er því oftast getið í staðfræðilegum tilgangi, fremur en að verið sé að fjalla um hann sem slíkan.²³¹

Varðveitt er skrá um landamerki á milli Hraunskarðs og Gufuskála á Snæfellsnesi. Landamerkjalyásingin er ársett um árið 1360. Þar er þess getið að hluti landamerkja jarðanna liggja frá svokölluðum Sjónarhóli²³² og „þaðan í Jökul sem grös ganga“. Landamerkjalyásingin er svohljóðandi:

Landamerke a mille Hraunskardz og Gufuskala.

Þesse eru landamerke j mille Hraunskardz oc Gufuskala. Ad steinn stendur j krossavijk sionhending ur marksteine þeim hinum efra j fuglastapa þann er stendur firi vestan Akurgierde aa hraunenu. vr þeim foglstapa er j Arnarstein. þadan er sionhending j Stapa þann er stendur aa hraune firi ofann gøtur þadan j mykluborg. þadan j sionarhol. þadan j jokul sem graus ganga. Hraunskierdingar eigu netlaug aa skiertanga þann er liggur firi austan seliatiaurnn. þeir eigu oc jtak j Gufuskala land.²³³

Skrár, máldagar og aðrir gerningar, er snerta Ingjaldshól á árabílinu um 1200–1570, geta ekki um afmörkun Ingjaldshóls andspænis Snæfellsjökli.²³⁴ Sjá kafla 5.4.2.9 um Ingjaldshól.

Skrár, máldagar og aðrir gerningar, er snerta Saxhól á árabílinu um 1200–1570, geta ekki um afmörkun Saxhóls andspænis Snæfellsjökli.²³⁵ Sjá kafla 5.4.2.6 um Saxhól.

Skrár og máldagar Staðarstaðar á tímabilinu frá því um árið 1200–1570 geta ekki sérstaklega um Snæfellsjökul.²³⁶ Biskupsvísitasíur að kirkjunni á Staðarstað á árabílinu 1642–1891 geta ekki heldur um Snæfellsnesjökul, né heldur um afmörkun eignarjarða kirkjunnar gagnvart Snæfellsnesjökli.²³⁷ Sama máli gegnir um máldaga og gerninga

²³⁰ Skjal nr. 4(110).

²³¹ Sjá t.d. skjöl nr. 4(75)–4(77), 4(80), 4(95), 4(98), 4(101) og 4(112).

²³² Þetta örnefni, Sjónarhól, má finna á rafrænum kortum Landmælinga Íslands, þar á meðal í örnefnasjá (Sjá: <https://ornefnasja.lmi.is/>). Hnit þess eru eftirfarandi; N: 542615 annars vegar og A:270569 hins vegar.

²³³ Skjal nr. 4(86).

²³⁴ Skjöl nr. 4(72)–4(74), 4(94)–4(98), 4(101) og 4(110).

²³⁵ Skjöl nr. 4(69)–4(71), 4(73)–4(74), 4(87)–4(89), 4(91) og 4(110).

²³⁶ Skjöl nr. 4(56)–4(59) og 4(74).

²³⁷ Skjöl nr. 2(47)–2(55).

fyrir kirkjuna á Kolbeinstöðum á árabílinu 1181–1570.²³⁸ Sjá kafla 5.5 um eignir og réttindi kirkna.

5.4.1 Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Sjá kafla 5.3.9.

5.4.2 Aðliggjandi og tengd svæði

5.4.2.1 Dagverðará

Sjá kafla 5.3.10.8.

5.4.2.2 Malarrif

Sjá kafla 5.4.2.3 um Einarslón.

5.4.2.3 Einarslón (Lón)

Í skrá Páls biskups Jónssonar frá því um árið 1200 um prestlausar kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, er getið um Lón.²³⁹

Samkvæmt máldaga Gyrðis biskups Ívarssonar fyrir kirkjunni að Staðarstað á Snæfellsnesi frá árinu 1354 átti samnefnd kirkja helming í Lóni. Ekkert kemur þar fram um landamerki Lóns.²⁴⁰

Varðveittur er vitnisburður um landamerki Hólahóla á Snæfellsnesi, þ.e. landamerki á milli Hólalands og Lóns, ársettur um 1390. Sjá nánar kafla 5.4.2.4 um Hólahóla.²⁴¹

Máldagi Vilchins frá árinu 1397 getur þess í máldögum fyrir kirkjurnar á Staðarstað og Kolbeinssstöðum að hvor kirkja eigi hálf Lón. Ekkert kemur þar fram um landamerki Lóns.²⁴²

Í sáttargerð, saminni dagana 13. og 14. september 1561, er Lón sagt jörð kirkjunnar að Kolbeinssstöðum. Ekkert kemur þar fram um landamerki Lóns.²⁴³

Þann 9. ágúst 1566 skipaði Gísli biskup Jónsson sóknarkirkju að Lóni á Snæfellsnesi. Ekkert kemur þar fram um landamerki Lóns.²⁴⁴

Í Gíslamáldaga fyrir kirkjunni að Lóni frá því um 1570, kemur ekkert fram um landamerki, ítök, réttindi eða afréttarmálefni sömu kirkju.²⁴⁵ Í Gíslamáldaga fyrir kirkjurnar að Staðarstað og Kolbeinssstöðum segir að hvor kirkja eigi hálf Lón en ekkert kemur þar fram um landamerki Lóns.²⁴⁶

²³⁸ Skjöl nr. 4(53)–4(55), 4(74), 4(110) og 4(113).

²³⁹ Skjal nr. 4(110).

²⁴⁰ Skjal nr. 4(57).

²⁴¹ Skjal nr. 4(105).

²⁴² Skjöl nr. 4(54) og 4(58).

²⁴³ Skjal nr. 4(99).

²⁴⁴ Skjal nr. 4(100).

²⁴⁵ Skjal nr. 4(73).

²⁴⁶ Skjöl nr. 4(55) og 4(59).

Biskupsvísitasía að kirkjunni á Kolbeinsstöðum frá árinu 1600 getur ekki um Einarsslón.²⁴⁷ Biskupsvísitasíur sömu kirkju á árabílinu 1642–1831 eigna kirkjunni þar hins vegar hálf Einarsslón. Ekkert er getið um afmörkun Einarsslóns í þeim vísitasíugerningum.²⁴⁸

Biskupsvísitasíur að kirkjunni á Staðarstað á árabílinu 1642–1891 eigna kirkjunni hálf Einarsslón (Lón). Ekkert er getið um afmörkun Einarsslóns í þeim vísitasíugerningum.²⁴⁹

Biskupsvísitasíur að kirkjunni á Einarsslóni á árabílinu 1642–1831 geta ekki um afmörkun Einarsslóns.²⁵⁰

Í *Jarðabók Árna og Páls* yfir Breiðuvíkurbrepp segir að Einarsslón sé í eigu Staðarstaðarkirkju annars vegar en Kolbeinsstaðarkirkju hins vegar og eigi hvor kirkja um sig helming í jörðinni. Ekki er getið um dýrleika. Þar segir meðal annars svo:

Einarsslón.

Kirkjubær, og þjenar henni, til þriðjunga við Laugarbrekku og Knararkirkjur, presturinn Sr. Guðmundur Jónsson að Brekkubæ við Hellisvelli.

Jarðardýrleiki til samans með Malarriði verður enginn tilgreindur, so sem þar segir, því hjer hafa og öngvar tíundir afgangið so menn viti að segja, þeir, sem hjer eru nálægir.

Eigendur eru Staðarstaðar og Kolbeinsstaða kirkjur, so sem menn meina til helmínga.²⁵¹

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Einarsslón sé eign Kolbeinsstaðarkirkju og Staðarstaðarkirkju til helminga. Ekki er getið um dýrleika Einarsslóns.²⁵²

Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur fram að Einarsslón sé hálf Staðarstaðarkirkjujörð og hálf Kolbeinsstaðarkirkjujörð.²⁵³

Landamerkjum Einarsslóns er lýst svo 14. maí árið 1889:

Landamerkjaskrá fyrir Einarsslóni og Malarriði:

1. Milli Einarsslóns og Hólahóla, úr miðjum Djúpalónssandi í Djúpalón og þaðan í miðjar hærri Krossabrekkur og svo í Jökul.
2. Rekamerki milli Lóns og Malarriðs, í miðjan Þrælavíkurgang, en allt beiti og slæjuland óskipt á milli Lóns og Malarriðs að undanskildum tünnum.
3. Milli Malarriðs og Dagverðarár er sjónhending úr Hellnaskriðu sunnanvert við Svalþúfu í Helguhól síðan í Merkihrygg og í Jökul upp.

²⁴⁷ Skjal nr. 2(38).

²⁴⁸ Skjöl nr. 2(39)–2(46). Sjá einnig upplýsingar um vísitasíur Kolbeinsstaða eftirfarandi daga í skilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands (kafla um skjalaflokk A.8 í skjali nr. 2): 13. september 1646, 16. september 1652, 18. september 1655, 2. september 1658, 2. september 1666, 5. september 1713, 24. ágúst 1738, 22. maí 1732, 14. júní 1773 og 23. ágúst 1794.

²⁴⁹ Skjöl nr. 2(47)–2(55).

²⁵⁰ Skjal nr. 2(185). Sjá einnig upplýsingar um vísitasíur Lóns / Einarsslóns eftirfarandi daga í skilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands (kafla um skjalaflokk A.8 í skjali nr. 2): 10. september 1676, 2. september 1701, 15. september 1713, 31. ágúst 1738, 27. september 1724, 28. maí 1732, 1. september 1751, 4. júní 1759, 23. júní 1773, 5. september 1783, 31. ágúst 1794 og 3. ágúst 1831.

²⁵¹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 182–187.

²⁵² Skjal nr. 4(2), bls. 146.

²⁵³ Skjal nr. 2(100).

Ólafsvík 14. Maí 1889.

Pétur Pétursson ábúandi á Malarrífi. Guðrún Bergsdóttir eigandi að Dagverðará. Jóhannes Jónsson ábúandi á Lóni. Árni Gíslason ábúandi á Lóni. Jón Árnson, umboðsmaður ½ Lóns og Malarrífs. pr. Þ. Eyjólfsson. B.Þ. Jón Jónsson umboðsmaður fyrir Hólahóla.²⁵⁴

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Einarsslóns.²⁵⁵

Bréfagerðir frá árunum 1919–1921 er varða mat, virðingu og sölu Einarsslóns geta hvergi um tengsl eða réttindi jarðarinnar við ágreiningssvæðið.²⁵⁶

5.4.2.4 Hólahólar

Varðveittur er vitnisburður um landamerki Hólahóla á Snæfellsnesi, ársettur um 1390.

Þar segir:

Holahola maldagie.

Þessi er saugn Snorra þordarsonar. Þordar Gudmundzsonar oc þorunnar Fiallgeirsdottur. að þau namu suo af sjer elldrum monnum. að jord klaustursins að Helgafelle j Holum aa allann reka aa Diupalons sande. að karle oc kerlingu. oc suo sionhending j Lambavautn. oc þadan upp krossbrecku. þui einu undan skildu sem kyркиann að Stad aa j Drisvijk. oc hier epter vilia þau sueria ef þurfa þiker.²⁵⁷

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Breiðuvíkurbrepp segir að Hólahólar séu konungseign sem fylgi Stapaumboði. Jörðin er sögð vera 16 hundruð að dýrleika. Þar segir meðal annars svo:

Holahólar.

Jarðardýrleiki xvi hundruð og so tíundast fjórum tíundum.

Eigandinn kóngleg Majestat, og fylgir jörðin Stapaumboði.

[...]

Munnmæli eru, að þessi jörð hafi átt til forna búðarstöðu og skipsuppsátur í Bervíkurlandi, þar sem heitir Skollasandur, og skyldi Bervík aftur eiga beit fyrir tólf kúgildi í mánuð í Hólahóla land og nokkra hesta af lýngi til tróðs, en þó þessi ítök hafi ógjarnan í lánga tíma brúkuð verið.²⁵⁸

Skoðunargerð Arnarstapaumboðs frá árinu 1778 hermir að Hólahólar eigi mjög gott beitarland til fjalls, um sumar og vetur. Ekki er getið um afmörkun beitarlandsins. Þar segir:

Nr 48 Høelehoele xvi hndr.

[...]

Hiemmegaardens Tun er overmaade Stort, og over alt Tunt, ligesom og meget bedervet af upaapassenhed og Giodnings mangel. Ingen UdEng til Hoeslæt heller ikke

²⁵⁴ Skjal nr. 2(25).

²⁵⁵ Skjal nr. 2(82), bls. 268–269.

²⁵⁶ Skjöl nr. 2(147)–2(152).

²⁵⁷ Skjal nr. 4(105).

²⁵⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 187–190.

Törveskiær og meget Vanskeligt at faae Græssværd. Men der i mod ere grasmærkerne de aller beste besynderlig for Faare til Fields Sommer og Vinter.²⁵⁹

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Hólahólar séu Stapaumboðsjörð, metin til 16 hundraða að dýrleika.²⁶⁰

Hólahólar voru 16 hundruð að dýrleika, samkvæmt jarðamatinu 1849–1850. Ekkert kemur fram um afmörkun Hólahóla í sömu heimild en nefnt fjallslægjur. Í heildarskrá jarðamatsins kemur fram að Hólahólar séu Stapaumboðsjörð.²⁶¹

Landamerkjum Hólahóla er lýst svo 25. maí 1889:

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Hólahóla í Breiðavíkurhreppi.

1. Á milli Einarslóns og Hólahóla, úr miðjum Djúpálónssandi í Djúpálón, og þaðan í miðar hærrí Krossabrekku, og svo í Jökul.
2. Á milli Beruvíkur og Hólahóla, úr Nautskletti í Stóra-Reiðhól, og þaðan í fremstu Stakkabrekku.

Litla Lóni 25. maí 1889.

Daníel Vigfússon (ábúandi á Görðum). Jón Arason (sem abúandi á Litla Lóni).

Jón Árnason umboðsmaður Einarslóns. Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.²⁶²

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Hólahóla.²⁶³

5.4.2.5 *Bervík, Hella og Garðar*

Árið 1371 kvittaði Halldóra Þorvaldsdóttir Ásgrím abóta á Helgafelli af öllum skiptum þeirra á milli og aftók þá ómagaskyldu sem fylgdi fjórum jörðum í Bervík sem hún hafði gefið klaustrinu. Jarðirnar eru ekki nefndar á nafn í gerningnum og ekki er getið um neitt sem gefur vísbendingu um afmörkun þessara jarða.²⁶⁴

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Breiðuvíkurhrepp segir að Bervík sé kallað það pláss sem jarðirnar Hella og Garðar standi í, ásamt fjölda búða.²⁶⁵

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 er Bervíkur ekki getið sem sérstakrar jarðar. Þar kemur þó fram að Bervík skiptist annars vegar í Hellu og hins vegar Garða, svo sem sjá má í eftirfarandi undirköflum um þær jarðir.²⁶⁶

Landamerkjum Bervíkur er lýst svo að hluta 25. maí 1889:

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Hellu- og Helludal, og bændaeygnina Garða og Nýjubúð og Bakkabúð í Bervík, sem hafa átt og eiga óskipt beutiland og allan reka.

1. Á milli Hólahóla og Bervíkur, úr Naustkletti í Stóra-Reiðhól, og þaðan sjónhending í fremstu Stakkabrekku.

²⁵⁹ Skjal nr. 2(71), bls. 49 og 118–120.

²⁶⁰ Skjal nr. 4(2), bls. 146.

²⁶¹ Skjal nr. 2(100).

²⁶² Skjal nr. 2(24).

²⁶³ Skjal nr. 2(82), bls. 288–289.

²⁶⁴ Skjal nr. 4(104).

²⁶⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V*, bls. 190–193.

²⁶⁶ Skjal nr. 4(2).

2. Á milli Saxahóls og Bervíkur, úr Hranavör í stóra vörðu á hrauninu, og þaðan sjónhending í miðjan Blákolluhrygg og þaðan í Jökul. Bervík á lyngrif í Saxahólslandi, og Saxahóll á aftur Selveiði og reka suður í Kópatjarnir í Bervíkurlandi og skipsuppsátur og búðarstöðu.

Bervík 25. Maí 1889.

Daníel Vigfússon (ábúandi í Görðum). Ármann Jónsson (ábúandi á Saxahóli). Jón Arason ábúandi á Litlálóni. Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandar-umboðs.²⁶⁷

5.4.2.5.1 Hella

Í skrá um landamerki Þrándarstaða og Ingjaldshóls undir Jökli, ársettum um árið 1280, er getið um „Hellumenn“. Er þar nær örugglega átt við þá sem bjuggu á þeim tíma á Hellu undir Jökli. Ekki er getið um landamerki Hellu.²⁶⁸

Máldagi Gyrðis biskups Ívarssonar fyrir Hítardalskirkju, ársettur um 1354, eignar kirkjunni Hellu. Í máldaganum sjálfum segir eftirfarandi um jarðeignir kirkjunnar:

HijtarDalur.

Allra heilagra kyrkia j Hitardal a heimalannd allt med gognnum oc gjædum. knarrarnes. tungufell. alfta. saura lannd. vullu. molldbrecku. midskog. ysta skog. Bruarhraun. haga. hraunsmula. Setuhraun. Onndurdt nes. hellu lond ij.²⁶⁹

Samkvæmt Vilchinsmáldaga frá árinu 1397 er Hella eign Helgafellsklausturs, og sögð 12 hundruð að dýrleika. Ekki er getið um landamerki.²⁷⁰

Vilchinsmáldagi fyrir kirkjuna í Hítardal frá árinu 1397 getur Hellu á meðal eignarjarða kirkjunnar. Þar segir:

Allra heilagra kyrkia j Hitardal a heimaland allt med gognum oc gjædumm. Knararnes. Tungufell. Alfitta. Saura lannd. Wollu. Molldbrecku. Midskog. Ysta skog. Bruarhraun. Haga. Hraunsmvla. Setahraun. Ondurtnes. Helluland ij.²⁷¹

Varðveitt er bréfságríp um Hellu og Örlygsstaði sem talið er frá því um 1410. Þar segir að Helgafellsklaustur hafi fengið báðar jarðirnar í próventugjöf, frá hjónunum Jóni Auðunarsyni og Jóriði Þórðardóttur. Ekkert kemur fram um landamerki.²⁷² Öðru skjali af sama meiði, dagsettu 23. maí 1407, ber saman við fyrrgreint bréfságríp. Seinna skjalið ber að Vermundur ábóti á Helgafelli taki Jón Aunsson [svo] og Járeiði Þórðardóttur konu hans í próventu á staðinn, en þau gefi með sér jarðirnar Hellu og Örlogastaði.²⁷³ Ber þetta hvort um sig að sama brunni.

Í máldaga fyrir kirkjunni í Hítardal, ársettum um árið 1470, er kirkjunni eignuð Hella undir Jökli, eða sem segir í sjálfum máldaganum „hellulannd ij“.²⁷⁴

²⁶⁷ Skjal nr. 2(26).

²⁶⁸ Skjal nr. 4(94).

²⁶⁹ Skjal nr. 4(66).

²⁷⁰ Skjal nr. 4(65).

²⁷¹ Skjal nr. 4(67).

²⁷² Skjal nr. 4(106).

²⁷³ Skjal nr. 4(107).

²⁷⁴ Skjal nr. 4(68).

Varðveitt eru í afriti frá árinu 1658 fyrirmæli (skikkun) ábótans á Helgafelli um ítök Hraunskarðs, sem talin eru vera frá því um 1550 eða nokkru síðar. Þar er þess getið að Hella sé Hítardalskirkjujörð, en ekki er getið um dýrleika jarðarinnar né heldur landamerki.²⁷⁵

Í *Jarðabók Árna og Páls* yfir Breiðuvíkurrepp segir að Hella sé konungseign og fylgir jörðin Stapaumboði. Dýrleiki jarðarinnar er sagður vera 8 hundruð. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

Hella.

Jarðardýrleiki viii hundruð og so tíunduð í fjóra staði. Eigandinn kóngleg Majestat, og fylgir þessi jörð Stapaumboði.²⁷⁶

Lögfesta fyrir Hellu og Öndverðarnesi, dagsett 26. júní 1715, hljóðar svo:

Eg Jón prestur Halldórsson lögefti hier i dag alla jördina Hellu Hítardals kirkjueign liggjandi í Neshrepp og Jngjalldshóls kirkjusókn. með öllum þeim gögnum og gjædum. sem greindri Jördu fylgja. fylgt hafa og fylgja eiga með Réttu til hennar ytstu ummerkja. nefnilega. ad Höskulldsá mót vestri og sudri. so upp í Gráborg. þaðan í Stapa-kinnarborgir. síðann í Finnskinnsgröf. þaðan í Kölldulind. síðan í Helluskard. svo í Bjölluhól. þaðann í Melþúfu. og svo ofan í sjó. ad öllu tilteknu. enn eingu frá skildu. Sömuleidis lögfesti eg Búder og Skipstödur sem nefndri Jördu Hellu fylgja. sem er Uppsátur fyrir eitt skip í Kjeblavík á Miklahollts kirkjupartu fyrir usla í Hellulande. sem og móskurd og hundrad álna einge í Fofalöllum fyrir klausturpartsins brúkun. so og tveggja skipa uppsátur í Hraunskards Jördu fyrer Torfstungu og Ristu. sem Hraunskerdingar vid þurfa í Hellulande.

Ý sama máta lögfeste eg hér í Dag alla Jördena Öndverðarnes og svo Hítardals kirkjueign liggjandi í Breiðuvíkurrepp og til Jngjalldshóls ad kirkjusókn. með öllum hennar gögnum og gjædum er henne fylgt hafa. enn nú fylgja og með Réttu fylgja eiga til ytstu ummerkja. sem er ad Öndverðarnes á land sudur med sjó. til Hvalraufar. þaðann sjónhending til Vígisborgar. þaðann til borgar þeirrar er stendur hjá Hraknes Brunne. þaðann sjónhending í Þistihellu. þaðann í Skarfsvíkj edur Skarfsvíkjurhöfða. so og lýngrif í Saxahóls lande í stadinn fyrer skipstöðu og vermannabúd á Öndverðarnese. Lögfeste eg greindra Hítardals kirkjujarda Hellu og Öndverðarness Akra og Einge. Tún og Tödur. lýng og haga og allar landsnytjar þeirra til lands og sjóar. fyrirbyð eg hvorjum manni. hjedan af í ad vinna edur sier ad nýta. beita. brúka. rista edur stinga. nema mitt sé lof edur leifi til. edur Landseta minna á nefndum Hítardals kirkjujörðum. og þeir meiga med réttu leifa. Og ef Arnarstapans umbodzhalldare eda Hraunskards ábúendur dyrfast án úþryckeleggar kóngl. Majst byfalningar ad gjöra mér nockra hindrun á fyrrnefndum Ýtökum edur Skipsuppsátrum í Hraunskards Jördu á móte kongl. Majst allranádugasta veitingarbréfi mér fyrir þessu Beneficio Hítardal útgefnu. þá fyrirbyð eg Hraunskerdingum alla Ristu og Torfstungu í Hellulande. það framast eg má ad lögum.

Þessa mína lögfestu vitna eg til allra Erlegra manna er hana upplesna heyra. og henni til stadfestu skrifa eg mitt nafn hier under med eigen hende.

Hítardal þann 27 Junii Anno 1715

Jón Halldórsson Eg h.

²⁷⁵ Skjal nr. 4(86).

²⁷⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 190–191.

Framanskrifud lögfesta var upplest ad Ingialldshólskirkiu á Vitiunardag Mariæ af Jóni Jónssyni Anno 1715. til merkis eru underskrifud nöfn

Øgmundur Ømundsson	Jón Gissursson
m.e.h.	e.h.
Steindór Olafsson	Gudmundur Eyolfsson
m.e.h.	e.h. ²⁷⁷

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Hella sé Stapaumboðsjörð, metin til 8 hundraða að dýrleika. Þar segir enn fremur:

A.M. einn segir frá leigumála á jörðu þessari og hjáleigunni. [Jarðamatið] 1805 greinir, að bæði Garðar og Hella, sem hjá A. M. var talin ein jörð, með hjáleigum og tómt-húsum, sé það pláz, sem allt saman heitir Beruvík, og svo heitir fjaran, sem Garðar og Hella eiga saman; tekur Hella þátt að 1/3 og Garðar að 2/3, því Beruvík eigi að vera alls 24 h[undruð] að dýrleika.²⁷⁸

Hella var 8 hundruð að dýrleika samkvæmt jarðamatinu 1849–1850. Ekkert kemur fram um afmörkun Hellu í sömu heimild en nefndar slægjur í fjalli. Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur fram að Hella sé Stapaumboðsjörð.²⁷⁹

Sérstakt landamerkjabréf fyrir Hellu hefur ekki fundist í Þjóðskjalasafni.

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Hellu- og Helludal, og bændaeygnina Garða og Nýjubúð og Bakkabúð í Bervík, dagsett 25. maí 1889, hljóðar svo:

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Hellu- og Helludal, og bændaeygnina Garða og Nýjubúð og Bakkabúð í Bervík, sem hafa átt og eiga óskipt beitiland og allan reka.

1. Á milli Hólahóla og Bervíkur, úr Naustkletti í Stóra-Reiðhól, og þaðan sjónhending í fremstu Stakkabrekku.
2. Á milli Saxahóls og Bervíkur, úr Hranavör í stóra vörðu á hrauninu, og þaðan sjónhending í miðjan Blákolluhrygg og þaðan í Jökul. Bervík á lyngrif í Saxahólslandi, og Saxahóll á aftur Selveiði og reka suður í Kópátjarnir í Bervíkurlandi og skipsupp-sátur og búðarstöðu.

Bervík 25. Maí 1889.

Daníel Vigfússon (ábúandi í Görðum). Ármann Jónsson (ábúandi á Saxahóli). Jón Arason ábúandi á Litlálóni. Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandar-umboðs.²⁸⁰

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Hellu.²⁸¹

5.4.2.5.2 *Garðar*

Í samningi dagsettu 22. apríl árið 1364 kemur meðal annars fram að Halldóra Þorvaldsdóttir hafi gefið gefið Helgafellsklaustri þrjár jarðir, þar á meðal Garða undir Jökli. Ekkert segir um landamerki Garða í sama skjali.²⁸²

²⁷⁷ Skjal nr. 2(90).

²⁷⁸ Skjal nr. 4(2), bls. 147.

²⁷⁹ Skjal nr. 2(100).

²⁸⁰ Skjal nr. 2(26).

²⁸¹ Skjal nr. 4(2), bls. 147.

²⁸² Skjöl nr. 4(102)–4(103).

Vilchinsmáldagi fyrir Helgafellsklausri frá árinu 1397 eignar því jörðina Garða undir Jökli. Ekkert kemur fram um landamerki Garða í sömu heimild.²⁸³

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Breiðuvíkurrepp segir að Garðar séu konungseign og fylgi jörðin Stapaumboði. Dýrleiki jarðarinnar er sagður 16 hundruð. Þar segir:

Gardar.

Dýrleikinn xvi hundruð og tíundast so í fjóra staði.

Eigandinn kóngleg Majestat og fylgir jörðin Stapaumboði.²⁸⁴

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Garðar í Beruvík séu beneficium og jörðin sé metin til 16 hundraða að dýrleika. Þar segir ennfremur:

Auk Bakkabúðar og Nýjubúðar (sem sýslumaður og prestur einir nefna), er líka [árið] 1805 Brekka talin sem hjáleiga frá Görðum, en A. M. telur í Beruvíkurlandi þar að auki hjáleignar: Arnbjarnarbúð (20 al. Isk.) og Helluhús (20 al. Isk.), og nafngreindir hann enn fremur 10 búðir á Görðum, en 1760 fylgdu Görðum aðeins 6 verbúðir.²⁸⁵

Í kafla um Hellu úr sömu heimild segir svo, m.a. um Garða:

A.M. einn segir frá leigumála á jörðu þessari og hjáleigunni. [Jarðamatið] 1805 greinir, að bæði Garðar og Hella, sem hjá A. M. var talin ein jörð, með hjáleigum og tómt-húsum, sé það pláz, sem allt saman heitir Beruvík, og svo heitir fjaran, sem Garðar og Hella eiga saman; tekur Hella þátt að 1/3 og Garðar að 2/3, því Beruvík eigi að vera alls 24 h[undruð] að dýrleika.²⁸⁶

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Hellu- og Helludal, og bændaeignina Garða og Nýjubúð og Bakkabúð í Bervík, dagsett þann 25. maí árið 1889, hljóðar svo:

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Hellu- og Helludal, og bændaeignina Garða og Nýjubúð og Bakkabúð í Bervík, sem hafa átt og eiga óskipt beutiland og allan reka.

1. Á milli Hólahóla og Bervíkur, úr Naustkletti í Stóra-Reiðhól, og þaðan sjónhending í fremstu Stakkabrekku.

2. Á milli Saxahóls og Bervíkur, úr Hranavör í stóra vörðu á hrauninu, og þaðan sjónhending í miðjan Blákolluhrygg og þaðan í Jökul. Bervík á lyngrif í Saxahólslandi, og Saxahóll á aftur Selveiði og reka suður í Kópatjarnir í Bervíkurlandi og skipsuppsátur og búðarstöðu.

Bervík 25. Maí 1889.

Daníel Vigfússon (ábúandi í Görðum). Ármann Jónsson (ábúandi á Saxahóli). Jón Arason ábúandi á Litlalóni. Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.²⁸⁷

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Garða.²⁸⁸

²⁸³ Skjal nr. 4(65).

²⁸⁴ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V*, bls. 191–193.

²⁸⁵ Skjal nr. 4(2), bls. 147.

²⁸⁶ Skjal nr. 4(2), bls. 147.

²⁸⁷ Skjal nr. 2(26).

²⁸⁸ Skjal nr. 2(82), bls. 264.

5.4.2.6 Saxhóll

Í skrá Páls biskups Jónssonar frá því um árið 1200 um prestlausar kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi er getið um Saxhól (Saxahvál).²⁸⁹

Í máldaga þeim er Árni biskup Þorláksson setti kirkjunni að Saxhóli um 1274, kemur ekkert fram um landamerki, ítök eða rétt kirkjunnar í önnur lönd, né heldur um afréttarmálefni.²⁹⁰

Máldagi kirkjunnar að Saxhóli er Gyrðir biskup Ívarsson setti henni árið 1355 vitnar ekki um ítök, landamerki, réttindi eða afréttarmálefni kirkjunnar þar.²⁹¹

Hítardalsbók getur kirkjunnar að Saxhóli árið 1367 og segir kirkjuna þar eiga 20 hundruð í heimalandi. Um landamerki er ekki getið.²⁹²

Þann 15. október árið 1377 seldi Hrafn Snorrason staðnum að Helgafelli jörðina Saxahvol, með gögnum og gæðum, fyrir Vatnsholt í Staðarsveit. Ekkert kemur fram í þeim viðskiptum er snýr að afréttarmálefnum og ekki er getið landamerkja.²⁹³

Varðveittur er vitnisburður um landamerki Saxhóls og Öndverðarness undir Jökli, ársettur um 1380. Ekkert kemur þar fram sem vitnar um afmörkun Saxhóls gagnvart Snæfellsjökli.²⁹⁴

Máldagi Vilchins frá árinu 1397 getur ekki um afréttarmálefni kirkjunnar að Saxhóli, né heldur um ítök sömu kirkju, réttindi eða afmörkun.²⁹⁵

Varðveittur er vitnisburður Jóns Jónssonar, dagsettur 15. maí 1488, um landamerki á milli Saxhóls, Öndverðarness og Gufuskála. Sjá nánar um vitnisburð Jóns í kafla 5.4.2.7 um Gufuskála.²⁹⁶

Í Gíslamáldaga frá því um 1570 kemur ekkert fram um landamerki, ítök, réttindi eða afréttarmálefni kirkjunnar að Saxhóli.²⁹⁷

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Breiðuvíkurepp segir að Saxhóll sé konungseign og fylgi jörðin Stapaumboði. Dýrleiki jarðarinnar er sagður 24 hundruð. Getið er um ágang af fé annarra manna. Þá er getið um fornbyli, sem kallaðist Forni-Saxhóll. Þar segir meðal annars eftirfarandi:

Saxahóll.

Hjer hefur að fornu kirkja verið og varaði hún alt fram á daga hirðstjórans Páls Stígs-sonar og biskupsins Hr. Gísla Jónssonar að Skálholti; þá var hún aflögð eftir þeirra brjeflegri skikkun og kirkjan í Einarlóni gjörð að sóknarkirkju. Um þessa umbreyting liggur eitt document a Staðarstað, sem er vidimus á pappír, og sýnist það til baka reka þau munnmæli, er segja Saxahólskirkja hafi til Ingjaldshóls flutt verið.

Jarðardýrleiki xxiiii hundruð og so tíundast fjórum tíundum.

²⁸⁹ Skjal nr. 4(110).

²⁹⁰ Skjal nr. 4(69).

²⁹¹ Skjal nr. 4(70).

²⁹² Skjal nr. 4(74).

²⁹³ Skjöl nr. 4(87)–4(88).

²⁹⁴ Skjal nr. 4(89).

²⁹⁵ Skjal nr. 4(71).

²⁹⁶ Skjal nr. 4(91).

²⁹⁷ Skjal nr. 4(73).

Eigandinn kóngleg Majestat, og liggur jörðin til Stapaumboðs.

[...]

Ágángur af annara manna peningi bæði að utan og sunnan til stór óhagnaðar sumar og vetur.

Hætt er kvikfje fyrir hraungjám, og verður oft mein að því.

[...]

Forne Saxholl heitir hjer í landinu. Þar segja munnmæli bærinn hafi staðið í gamla daga, og fluttur verið þangað sem nú er. Ekki vita menn orðsök til þess, en sýnilegar eru hjer bygðaleifar og girðingar. Byggja mætti hjer aftur, en það sýnist að rýra mundi heimajörðina til óþolanlegrar landþröngvar.²⁹⁸

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Saxhóll sé Stapaumboðsjörð, metin til 26 hundraða að dýrleika. Þar segir ennfremur m. a. eftirfarandi:

Sýslumaður telur jörð þessa aðeins 16 [hundruð], en A. M. segir hana 24 h[undruð] að dýrleika. [Árið] 1805 er eyðihjáleiga, Forni Saxahóll, talin með.²⁹⁹

Saxhóll var 16 hundruð að dýrleika samkvæmt jarðamatinu 1849–1850. Ekkert kemur fram um afmörkun Saxhóls í sömu heimild en nefndar eru slægjur í fjalli.³⁰⁰

Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur fram að Saxhóll sé Stapaumboðsjörð.³⁰¹

Þann 20. maí árið 1862 var þinglesin bón leiguliðans á Saxhóli um friðlýsingu á landi jarðarinnar til ystu ummerkja. Ekki er þess þó getið hver ummerki Saxhóls væru:

Ár 1862. Friðjudaginn þann 20ta Maimánadar var manntalsþings sett að Brekkubæ og haldid af settum systlumanni A.O.Th. í vidurvist vottanna J. Samsonsonar, B. Jónssonar G. Einarssonar, K. Steindórssonar [...]

10 Var fríðlyst Saxahóls landi eptir bón leigulida til ytstu ummerkja, einsog adrir ega þar ad.³⁰²

Landamerkjum Saxhóls er lýst svo 25. maí árið 1889:

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Saxahól í Breiðuvíkurbreppi.

1. Á milli Öndverðarness og Saxahóls, úr Hvalrauf sjónhending til Vigisborgar þeirrar er stendir hjá Hraknesbrunni, þaðan sjónhending til Þistilshellu.

2. Á milli Gufuskála og Saxahóls, úr Þistilshellu sjónhending í Miðfell og þaðan í Jökul.

3. Á milli Bervíkur og Saxahóls, úr Hranavör í stóra vörðu í hrauninu, og þaðan sjónhending í miðjan Blákolluhrygg, og þaðan í Jökul. Ennfremur á Saxahóll selveiði og reka suður í Kópatjarnir í Bervíkurlandi, og skipsuppsátur og búðarstöðu í Bervík, og sömuleiðis skipsuppsátur og búðarstöðu á Öndverðarnesi.

Aftur á Bervík lyngrif í Saxahólslandi, og sömuleiðis á Öndverðarnes lyngrif í Grashól í Saxahólslandi.

²⁹⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V*, bls. 194–195.

²⁹⁹ Skjal nr. 4(2), bls. 147.

³⁰⁰ Skjal nr. 2(100), bls. 73–74.

³⁰¹ Skjal nr. 2(100).

³⁰² Skjal nr. 2(129).

Saxahóli 25. maí 1889.

Sýrus Andrésson (ábúandi á Öndverðarnesi). Sæmundur Guðmundsson ábúandi á Gufuskálum (handsalað). Daníel Vigfússon (ábúandi á Görðum). Ármann Jónsson (ábúandi á Saxahóli). B. Þorkelsson ábúandi á ½ Gufuskálum. Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.³⁰³

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Saxhóls.³⁰⁴

5.4.2.7 Gufuskálar (Gufuskálir)

Varðveitt er skrá um landamerki á milli Hraunskarðs og Gufuskála á Snæfellsnesi, ársett um árið 1360. Þar er þess getið að hluti landamerkja jarðanna liggja frá svokölluðum Sjónarhóli³⁰⁵ og „þaðan í Jökul sem grös ganga“.³⁰⁶

Í skiptagerningi á Gufuskálum sem fram fór dagana 28. og 29. apríl árið 1465 kemur ekkert fram sem varpar ljósi á afmörkun jarðarinnar.³⁰⁷

Vitnisburður um landamerki á milli Öndverðarness og Gufuskála, dagsettur 11. maí 1487, getur ekki um önnur landamerki Gufuskála en þau við Öndverðarnes.³⁰⁸

Varðveittur er vitnisburður Jóns Jónssonar, dagsettur 15. maí 1488, um landamerki á milli Saxhóls, Öndverðarness og Gufuskála. Vitnisburður Jóns er svohljóðandi:

Landamerke mille Saxahuolz. ondverdarness og Gwufuskaala.

Þad giore eg Jon Jonsson godum monnum kunnugt med þessu mijnu opnu brefe ad eg heyrda Kraak heitinn Marteinson segia þesse landamerki millum Saxahuolz ondverdarness og Gwufuskala. ad ondverdarnes ætti sudur med sio til hualraufar. þadan sionhending til uigisborgar. Þadan til borgar þeirrar er stendur hia Hraknessbrunne. þadan sionhending til þijstilshellu. þadan j skierit j skarfvijk. og þesse landamerke hafa verid hofd og halldin j millum greindra jarda so leingi sem eg hefi til vitad. og einginn vppatalad ad mijnu vite. hafda eg og vppa morg är klaustursinz vmbod a Helgafelli og akiærde einginn þesse landamerkie. var eg meir enn sia(u)tugur er eg bar þennann vitnissburd. og hef eg optast verid vistum aa klaustrinu ad Helgafelle. og rijdit med klaustursinz formonnum. og hier epter vil eg sueria ef þurfa þyker. Og til sanninda hier vm sette eg mitt Jnsigle fyrer þetta vitnisburdarbrief. Skrifad aa Helgafelle j Helgafellzsucit vppstigningardag Anno Domini M cd lxxx viij ar.³⁰⁹

Í Gíslamáldaga fyrir kirkjunni að Staðarstað frá því um 1570 eru hálfir Gufuskálar sagðir vera í eigu sömu kirkju. Ekki getur um afmörkun Gufuskála í sömu heimild.³¹⁰

Biskupsvísitasíur að kirkjunni á Staðarstað á árabílinu 1642–1891 eigna kirkjunni einnig hálfu Gufuskála. Ekkert er getið um afmörkun Gufuskála í þeim vísitasíugerningum.³¹¹

³⁰³ Skjal nr. 2(27).

³⁰⁴ Skjal nr. 2(82), bls. 263.

³⁰⁵ Þetta örnefni, Sjónarhól, má finna á rafrænum kortum Landmælinga Íslands, þar á meðal í örnefnasjá (Sjá: <https://ornefnasja.lmi.is/>). Hnit þess eru eftirfarandi; N: 542615 annars vegar og A:270569 hins vegar.

³⁰⁶ Skjal nr. 4(86). Sjá einnig skjal. nr. 2(76).

³⁰⁷ Skjöl nr. 4(92)–4(93).

³⁰⁸ Skjal nr. 4(90).

³⁰⁹ Skjal nr. 4(91).

³¹⁰ Skjal nr. 4(59).

³¹¹ Skjöl nr. 2(47)–2(55).

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Neshrepp segir að Gufuskálar sé konungseign að hálfu en Staðarstaðarkirkju að hálfu. Fylgi konungsparturinn Stapaumboði. Jörðin er sögð 16 hundruð að dýrleika. Þar segir meðal annars:

Gufuskálar.

Jarðardýrleiki á allri jörðunni xvi hundruð og tíundist annar helmíngurinn, sem er kóngseign, fyrir viii hundruð fjórum tíundum.

Eigandinn að hálfri er kóngleg Majestat, og liggur þessi háflenda í Stapaumboði, afdeildur bær að fornu og nýju.

Eigandinn að öðrum helmíngi er kirkjan að Staðarstað á Ölduhrygg.³¹²

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Staðarsveit frá árinu 1714 kemur ekkert fram í kaflanum um Staðarstað og kirkjuna þar sem varðar Gufuskála.³¹³

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Gufuskálar séu eign Stapaumboðs og Staðarstaðarkirkju til helminga, metin til 16 hundraða að dýrleika.³¹⁴

Hálfir Gufuskálar voru 8 hundruð að dýrleika, samkvæmt jarðamatinu 1849–1850. Ekkert kemur fram um afmörkun hálfra Gufuskála í sömu heimild en nefnt að útheyslægjur séu í fjalli suður undir Saxhóli og jörðin nær vatnslaus. Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur fram að Gufuskálar séu hálf Stapaumboðsjörð og hálf Staðarstaðarkirkjujörð.³¹⁵

Landamerkjum Gufuskála er lýst svo 20. ágúst 1884:

Skrá yfir landamerki allra Staðarstaðarkirkjujarða.

[...]

14. Gufuskálar (hálfir Staðarstaðarkirkjueign, hálfir umboðseign). Landamerki: að innanverðu (Hraunskarðs eða Hjallasandsmegin), samkvæmt sættanefndar skoðunargjörð og álit 7. Ágúst 1809, samþykktu og undirskrifuðu af öllum hlutaðeigendum: Úr Sjónarhól upp undir jökli í stapa þann, er stendur fyrir ofan götu í svokölluð presta-hrauni, þaðan sjónhending til sjávar í Marksteina, er standa fyrir ofan Kópatjörn, þá ræður til sjávar landa og rekamerkjum, samkv. sættagjörð 18. Júlí 1855. „Lækur sá, sem fellur úr Kópatjörn og kallast Rennsli, og sé þá miðað við farveg þann, hvar vatnið rennur fram af stein þröskuldi og klappir eru til beggja hliða, og ræður svo renna þessi, eins og hún fellur austast til sjávar. Að utan verðu, milli Gufuskála og Öndverðarness: Frá Hallskletti í Skarðvík sjónhending upp miðja Djúpadali upp í Hreggnasa.

Eftir máldaga broti, rituðu að Arnarstapa af Guðmundi sýslumanni Sigurðssyni, veturinn 1735, eiga Hraunskerðingar (Sandarar) netlög í skértanga þann, er liggur fyrir austan Selatanga þeir eiga ítök í Gufuskálandi: beit 80 gamalla sauða, og svo nautum sínum, og heimilt, að fé renni um allt land. Hraunsskarðsmenn eiga að gæta fjár síns við Stakkgarði. Beit hefst þá er 6 vikur eru til vetrar, og til þess, er 6 vikur eru af sumri, Hraunsskarðsmenn eiga ei utar náttból fé sínu, en undir Írakletti.

[...]

³¹² *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 200–203.

³¹³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 133–138.

³¹⁴ Skjal nr. 4(2), bls. 147.

³¹⁵ Skjal nr. 2(100).

Staðastað 20. Ágúst 1884. Þ. Eyúlfsson.

Samþykktur umboðsins vegna. Hallbjarnareyri 20. jan. 1885 Ásmundur Sveinsson.³¹⁶

Landamerkjum Gufuskála er lýst svo 25. maí árið 1889:

Landamerki fyrir Gufuskálum í Neshreppi ytri.

1. Milli Hjallasands og Gufuskála.

Úr rennslum á Brimnesi sjónhending í Fuglstapa fyrir vestan Akurgerði í hrauninu á veginum frá Sandi að Gufuskálum, þaðan í Arnarstein, þaðan í Fuglastapa ofan götu í Presthrauni, þaðan í Miklaborg, þaðan sjónhending í Jökul.

2. Millum Öndverðarness og Saxahóls og Gufuskála.

Úr Tjöruklifskletti, í austan verðri Skarðsvík og í Þistilshellu í stóran hól upp í hrauninu, sem ber í Miðfell og þaðan sjónhending í Jökul

Ingjaldshóll á tveggja hesta göngu að vetrinum á Gufuskála jörðu.

Gufuskálum 25. maí 1889.

Sæmundur Guðmundsson ábúandi á Gufuskálum Guðmundur Jónsson ábúandi á Munaðarhóli Tómas Eggertsson (ábúandi á Sandi) Ármann Jónsson (ábúandi á Saxahóli). Sýrus Andrésón (ábúandi á Öndverðarnesi). Bjarni Þorkelsson (ábúandi á ½ Gufuskálum). Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Landamerkjalyýsingin birtist tvisvar á sömu opnu í landamerkjabókinni með minniháttar orðalagsmun. Undirskriftir síðari gerðarinnar eru einnig örlítið færri:

Gufuskálum 25. maí 1889.

Sæmundur Guðmundsson (ábúandi á Gufuskálum hálfum) (handsalað) Ármann Jónsson (ábúandi á Saxahóli) Sýrus Andrésón (ábúandi á Öndverðarnesi) Bjarni Þorkelsson (ábúandi á ½ Gufuskálum). Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.³¹⁷

Landamerkjaskrá Gufuskála var þinglesin 27. júní árið 1889. Landamerkjalyýsingin var þó ekki færð til bókar.³¹⁸

Bréfagerðir frá árunum 1915 og 1916, er varða sölu Gufuskála geta hvergi um tengsl eða réttindi jarðarinnar við ágreiningssvæðið.³¹⁹

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Gufuskála.³²⁰

5.4.2.8 Hraunskarð, Munaðarhóll og Hallsbær

Um 1350 gerðu Snorri Andrésón og Haukur Gunnarsson, bóndi á Ingjaldshóli, samning með sér um reka Keflavíkur undir Jökli. Í samningnum er getið um „Hraunskarðsland“ og reka fyrir Hraunskarði. Ekki er þó getið um nánari landamerki.³²¹

³¹⁶ Skjal nr. 2(17).

³¹⁷ Skjal nr. 2(23).

³¹⁸ Skjal nr. 2(128).

³¹⁹ Skjöl nr. 2(178)–2(181).

³²⁰ Skjal nr. 2(82), bls. 260–261.

³²¹ Skjal nr. 4(101).

Varðveitt er skrá um landamerki á milli Hraunskarðs og Gufuskála á Snæfellsnesi. Landamerkjalyfingun er árssett um árið 1360. Þar er þess getið að hluti landamerkjja jarðanna liggja frá svokölluðum Sjónarhóli³²² og „þaðan í Jökul sem grös ganga“.³²³

Samkvæmt máldaga Helgafells sem er talinn frá 1377–1378 er Hraunskarð í eigu klaustursins þar. Ekki er getið um landamerki sömu jarðar.³²⁴

Samkvæmt Vilchinsmáldaga fyrir Helgafellsklaustri, árssettum 1397, er Hraunskarð í eigu klaustursins. Dýrleiki sömu jarðar er sagður 16 hundruð. Ekki er getið um landamerki Hraunskarðs í máldaganum.³²⁵

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Neshrepp segir að Hraunskarð sé konungseign og fylgi Stapaumboði. Dýrleiki jarðarinnar er sagður 8 hundruð. Hraunskarð er sagt eiga selstöðu uppá fjalli, en ekki getur nánar um staðsetningu selsins. Þar segir meðal annars:

Hraunskarð er talin ein jörð með Munaðarhóli og Hallsbæ. En þetta eru þrjár afdeildir bæir, og liggur túnið á Hraunskarði góðan snert frá Munaðarhóli og Hallsbæ. Jörðin er kölluð að forngildu og so tíunduð enn í dag fyrir xvi hundruð öll til samans með Munaðarhól og Hallsbæ. Heimajörðin sjálf beheldur nafninu Hraunskarð. Kölluð annar helmíngur.

Dýrleikinn viii hundruð og so tíundast fjórum tíundum.

Eiganginn kóngleg Majestat, og liggur þessi jörð til Stapaumboðs.

[...]

Selstöðu á jörðin upp í fjalli sæmilega.³²⁶

Jarðatal Jóns Johnsen frá árinu 1847 telur Hraunskarð ekki fram sem jörð eina og sér, hvar getur um eignarhald og dýrleika jarðarinnar. Í athugasemd við Saxahól (Saxahól), er þó allitarleg útlistun á Hraunskarði, sem hér fylgir:

Hraunskarð, sem áður var aðaljörðin (eptir j.b. 1760 16 h[undruð] að dýrleika, 3 h[undraða] Isk. 2 kúg.), nefnir sýslumaður nú Hallsbæ og Munaðarhól með 3 grasbýlum (ónafngreindum), með sama dýrleika og leigumála sem var á Hraunskarði, er prestur hvergi heldur nefnir; en A. M., sem telur Munaðarból og Hallsbæ sem hjáleigur frá Hraunskarði, segir frá dýrleika á þeim og leigumála einsog hér greinir. J[arða]b[ók] 1760 telur 3 hjáleigur, ónafngreindar, er fylgi heimajörðunni Hraunskarði, en 1805 telur Eyði sem hjáleigu frá Munaðarhóli, og Skeggjabúð sem hjáleigu frá Hallsbæ. Þessi býli bæði telur nú líka prestur, en hann nefnir Stóra Eyði og Litla Eyði, og eru því 2 leiguliðar hér látnir vera á Eyði. Annars telur prestur fjölda búða, og eru sumar nefndar áður (þó eigi [árið] 1805), en sumar ekki, allar sem þurrabúðir, í fiskiverunum Brekkum og Hjallasandi.³²⁷

³²² Þetta örnefni, Sjónarhól, má finna á rafrænum kortum Landmælinga Íslands, þar á meðal í örnefnasjá (Sjá: <https://ornefnasja.lmi.is/>). Hnit þess eru eftirfarandi; N: 542615 annars vegar og A:270569 hins vegar.

³²³ Skjal nr. 4(86).

³²⁴ Skjal nr. 4(114).

³²⁵ Skjal nr. 4(65).

³²⁶ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 203–212.

³²⁷ Skjal nr. 4(2), bls. 147.

Landamerkjum Hraunskarðs er lýst svo 15. júní árið 1922:

Landamerki fyrir þjóðeigninni Hraunskarði, Munaðarhóli og Hallsbæ, í Neshreppi ytra.

Að austanverðu ræður Höskuldsá frá sjó og upp í Gráborg. Að vestanverðu: Úr Gráborg í Fuglstapa fyrir ofan götu í Prestahrauni, þaðan í Arnarstein, þaðan í Þrengsli í svo kölluðum Renslum á Brimnesi og beint í sjó.

Hraunskerðingar eiga þessi ítök skv. Hraunskarðsmáldaga:

1. Í Gufuskálalandi beit 80 gamalla sauða og svo nautum sínum og heimild, að fjé renni um allt land, þeir eiga að gæta fjár síns við Stakkagerði. Beit hefst þegar 6 vikur eru til vetrar og er til þess 6 vikur eru af sumri. Náttból eiga þeir fjé sínu undir Ytra-Kletti. Hér á móti skulu Gufuskálamenn hafa Hjallstæði á Brekkum og uppsátur þegar þeim á liggur og geta ei lent heima, og skulu Hraunskerðingar þessu uppi halda. Fyrir hrísrif og beit á vetrum í Gufuskálalandi eiga Gufuskálamenn vatn í Hraunskarðslandi. Eigi mega Hraunskarðsmenn beita Gufuskálajörð hjá Stakkagerði frá því 6 vikur eru af sumri og til þess 6 vikur eru til vetrar.
2. Í Ingjaldshólslandi slátt á Álamýri í hálfan mánuð fyrir 2 menn, og tíu tuga álna engi á Melabrún utan Hólmkelsár, og 12 kúgilda beit í sneggjumánuði um sumar og selstöðu við Blágil. Allt þetta fyrir 4 búðastæði og 4 uppsátur: Kjalvegur búð og uppsátur á Brekkum, Þrastarstaðir búð á Hjöllum og Innstanausti. Ingjaldshóll sínar búðir á Gerðum.
3. Í Rifslandi Sölvatjörn frá Hvalsá og undir Vaðstein.
4. Í Þæfusteinslandi mósukurð í Saxhamri fyrir búð og uppsátur á Hjöllum.
5. Eina tunnu af góðu skyri árlega hjá Skarðsbónda fyrir áttæringsuppsátur og búðarstæði.
6. Í Vaðstakksheiðarlandi fjörtíu álna engi þar sem bóndi tilsegir, fyrir eitt búðarstæði og eitt uppsátur.
7. Í Fosslandi engi til 10 aura, og skal það engi verja hver sem á Fossi býr og láta virða þá sláttur hefst. Hér á móti skal Fossbóndi hafa eitt búðarstæði og eitt uppsátur.
8. Ólafsvíkurmenn eiga að taka við Hraunskarðsskipum og mönnum, ef eigi verður lent heima og veita skipum naust enda mönnum hjálp sem við þurfa fyrir engan pening. Eitt skipsuppsátur og búð eiga Ólafsvíkurmenn á Hraunskarðsjörð.
9. Hjá Máfahlíðarbændum 10 aura fóður og búsetu í Svartbakafelli fyrir eina búð með uppsátri.
10. Kolatak og raftviðarhögg í Hrisaskógi, jörðinni til uppheldis.
11. Í Hellulandi torfstungu og ristur til húsa og heyja og garðaumbóta, sem Hraunskerðingar þurfa fyrir 2ggja skipa uppsátur. Um engjastykkin á Vaðstakksheiðarlandi og Ingjaldshóls, gilda þær reglur, að enginn skal beita eða láta beita þau frá því 6 vikur eru af sumri og til þess 6 vikur eru til vetrar.

Sandi 15. júní 1922.

Jón Proppé umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs. Jón Jónsson hreppstjóri umboðsmaður Stóru-Hellu. Þinglesið á manntalsþingi á Sandi 17. júní 1922. P.V. Bjarnason. Þinglestur ókeypis fyrir umboðið. P.V.B.³²⁸

³²⁸ Skjal nr. 2(21).

5.4.2.8.1 *Munaðarhóll*

Í *Jarðabók Árna og Páls* yfir Neshrepp segir að Munaðarhóll sé konungseign og fylgi Stapaumboði. Jörðin er sögð hluti úr Hraunskarði. Dýrleiki Munaðarhóls, eins og sér, er sagður 5 hundruð og 40 álnum betur. Þar segir meðal annars:

Munadarhóll. Annar hluti af heimajörðunni sem fyrr segir.

Jarðardýrleiki v hundruð xl álnir og so tíundast 4um tíundum síðan vicelögmaðurinn Oddur Sigurðsson gjörði hjer úrlausn á, og síðan er Hallsbær tíundaður fyrir ii hundruð-um lxxx álnum. En áður í tíð sýslumannsins Magnúsar Björnssonar var tíundin af þessum býlum, Munaðarhól og Hallsbæ, ekki skilmerkilega sundurgreind, því það gjörðist og gekk af í Ijúfleika, þó so að þessi býli bæði saman voru kölluð helmíngur af Hraunskarði.

Eigandinn kóngleg Majestat ut supra.³²⁹

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Munaðarhóll sé Stapaumboðsjörð, metin til 5 ½ hundraða að dýrleika.³³⁰ Sjá nánari umfjöllun framar í kaflanum um tengsl og samband Munaðarhóls og Hraunskarðs.

Munaðarhóll var 8 hundruð að dýrleika samkvæmt jarðamatinu 1849–1850. Ekkert kemur fram um afmörkun Munaðarhóls í sömu heimild en nefnt að kýrnar séu fóðraðar með Brekknatúni. Í heildarskrá jarðamatsins kemur fram að Munaðarhóll sé Stapaumboðsjörð.³³¹

Landamerkjum Munaðarhóls og Hallsbæjar er lýst svo 25. maí 1889:

Landamerki fyrir Munaðarhóls og Hallsbæjarlandi:

Úr renslum á Brimnesi sjónhending í Fuglstapa fyrir vestan Akurgerði í hrauninu á veginum frá Sandi að Gufuskálum, þaðan í Arnarstein, þaðan í Fuglstapa úr Prestahrauni ofan götu í Prestahrauni, þaðan í Mikluborg, þaðan í sjónarhól, þaðan í Jökul. að Austan og sunnanverðu ræður Höskuldsá til Prestahrauns og þaðan í Gráborg og svo í Jökul.

Sandarar eiga tilkall til torfstungu og ristú í Stóru-Hellulandi, móti skipsuppsátri á Hallsbæjarlóð. Einnig eiga Sandarar báðar jarðir til helminga slægur á svo nefndri Melabrú í Ingjaldshólslandi, en Ingjaldshóll á aftur á móti tvö skipsuppsátur á Hallsbæjarlóð, og tilkall til fjárgöngu fyrir 80 fjár og skjól við Arnarstein í hrauninu að vetrinum ef með þarf.

Munaðarhóli og Hallsbæ 25. maí 1889.

Guðmundur Jónsson (ábúandi). Tómas Eggertsson (ábúandi). Sæmundur Guðmundsson (ábúandi á Gufuskálum). Elías Kristjánsson (ábúandi Kjalveg). Magnús Sigurðsson (ábúandi á Gufuskálum) Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði.³³²

Landamerkjaskrá Munaðarhóls var þinglesin þann 27. júní árið 1889. Landamerkjalýsingin var þó ekki færð til bókar.³³³

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Munaðarhóls.³³⁴

³²⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns V*, bls. 205.

³³⁰ Skjal nr. 4(2), bls. 147.

³³¹ Skjal nr. 2(100).

³³² Skjal nr. 2(22).

³³³ Skjal nr. 2(128).

³³⁴ Skjal nr. 2(82), bls. 242–243.

5.4.2.8.2 *Hallsbær*

Í *Jarðabók Árna og Páls* yfir Neshrepp segir að Hallsbær sé konungseign og fylgi Stapaumboði. Jörðin er sögð hluti úr Hraunskarði. Dýrleiki Hallsbæjar, eins og sér, er sagður 2 hundruð og 80 álnum betur. Þar segir meðal annars:

Hallsbær. þriðji parturinn af heimajörðunni Hraunskarði.

Dýrleikinn ii hundruð Ixxx álnir ut supra.

Eigandinn kóngleg Majestat ut supra.³³⁵

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Hallsbær sé Stapaumboðsjörð, metin til 2 $\frac{2}{3}$ hundraða að dýrleika.³³⁶ Sjá nánari umfjöllun framar í kaflanum um tengsl og samband Hallsbæjar og Hraunskarðs.

Hallsbær var 8 hundruð að dýrleika samkvæmt jarðamatinu 1849–1850. Ekkert kemur fram um afmörkun Hallsbæjar í sömu heimild. Í heildarskrá jarðamatsins kemur fram að Hallsbær sé Stapaumboðsjörð.³³⁷

Landamerkjum Munaðarhóls og Hallsbæjar er lýst svo 25. maí árið 1889:

Landamerki fyrir Munaðarhóls og Hallsbæjarlandi:

Úr rennslum á Brimnesi sjónhending í Fuglstapa fyrir vestan Akurgerði í hrauninu á veginum frá Sandi að Gufuskálum, þaðan í Arnarstein, þaðan í Fuglstapa úr Prestahrauni ofan götu í Prestahrauni, þaðan í Mikluborg, þaðan í sjónarhól, þaðan í Jökul. að Austan og sunnanverðu ræður Höskuldsá til Prestahrauns og þaðan í Gráborg og svo í Jökul.

Sandarar eiga tilkall til torfstungu og ristu í Stóru-Hellulandi, móti skipsuppsátri á Hallsbæjarlóð. Einnig eiga Sandarar báðar jarðir til helminga slægur á svo nefndri Melabru í Ingjaldshólslandi, en Ingjaldshóll á aftur á móti tvö skipsuppsátur á Hallsbæjarlóð, og tilkall til fjárgöngu fyrir 80 fjár og skjól við Arnarstein í hrauninu að vetrinum ef með þarf.

Munaðarhóli og Hallsbæ 25. maí 1889.

Guðmundur Jónsson (ábúandi). Tómas Eggertsson (ábúandi). Sæmundur Guðmundsson (ábúandi á Gufuskálum). Elías Kristjánsson (ábúandi Kjalveg). Magnús Sigurðsson (ábúandi á Gufuskálum) Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði.³³⁸

Landamerkjaskrá Hallsbæjar var þinglesin 27. júní 1889. Landamerkjálýsingin var þó ekki færð til bókar.³³⁹

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Hallsbæjar.³⁴⁰

³³⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* V. bls. 205–206.

³³⁶ Skjal nr. 4(2), bls. 147.

³³⁷ Skjal nr. 2(100).

³³⁸ Skjal nr. 2(22).

³³⁹ Skjal nr. 2(128).

³⁴⁰ Skjal nr. 2(82), bls. 241–242.

5.4.2.9 Ingjaldshóll

Í skrá Páls biskups Jónssonar frá því um árið 1200 um prestlausar kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi, er getið um Ingjaldshvol.³⁴¹

Í vígslumáldaga kirkjunnar á Ingjaldshvoli undir Jökli er Árni biskup Helgason setti 13. október 1317 segir að Búrfellsdalur hafi verið lagður inn í heimaland jarðarinnar. Ekki er getið um Snæfellsjökul í sama bréfi.³⁴²

Um 1350 gerðu þeir Snorri Andrésson og Haukur Gunnarsson bóndi á Ingjaldshóli samning með sér um reka Keflavíkur undir Jökli. Í þeim samningi kemur ýmislegt fram um Búrfellsdal og beit þar. Þar er einnig getið um svæði sem kallað er Skjaldbreið. Staðsetning Skjaldbreiðar verður ekki ráðin út frá því sem fram kemur í þeim samningi.³⁴³

Með kaupbréfi dagsettu 10. mars 1356 keypti Órækja Sturluson land að Ingjaldshvoli undir Jökli með öllum gögnum og gæðum en galt Hauki Gunnarssyni þar á móti hálfra jörðina Kálfárvelli á Snæfellsnesi með öllum gögnum og gæðum. Í kaupbréfinu er ekki minnst á Snæfellsjökul eða mörk þar við.³⁴⁴

27. september 1358 gerðu þeir Ásgrímur ábóti á Helgafelli og Órækja Sturluson með sér samning um landamerki Ingjaldshvols undir Jökli. Samningurinn, sem ekki getur um merki í mót Snæfellsjökli, er svohljóðandi:

Brief um landamerke Ingjaldshvols mille Asgrijmz abota og Orækiu Sturlusonar.

In nomine Domini Amen.

Var þesse skilmale mille Asgrijmz abota og orækiu Sturlusonar vm þann agreining sem mille þeirra bar af

stadarinz vegna ad Helgafelli og Ingjaldshvols ad stadarinz Eign skillde æfinleg þadan j fra. og allur skjaldbreidur mille nefndra takmarka, Jarðfallalækjar og Holmzkijlu. og þar med allur Búrfellzdalur. ä allan hatt kuitt og akiærulaust fyrir orækiu og hanz erfingium. skilldi nefndur orækia hafa manadar beit fie sijnu j bwrfellzdal medan hann byggie a Ingjaldshvols. so framtt sem hann være stadnum thil greida vm þad sem hann kynne med ad þurfa. Hier med skilldi orækia giora stadnum slijkan godvilia. sem hann villdi fyrir þann averka. sem hann hafde vinna latid a skjaldbreid. sijdan stadnum var dæmdur hann til eignar. enn vm Rif og reka fyrir Hraunskardi skylldu (þeir) þad ad sætt hafa og stodugt hallda fyrir sig og sijnum epterkomendum. sem þeir menn giorde þar vm. sem gyrder biskup nefnde til.

var þesse sattargjord a stad ä ollduhrygg in festo sanctorum martyrum Cosmi og Damiani.

og til sanninda hier vm. setti sijra flose Jonsson. Þorleifur Sämsson. Biorn Sturlason. prestar. Snorre andriesson. Biorn Jonsson. leikmenn. et cetera.³⁴⁵

³⁴¹ Skjal nr. 4(110). Varðveitt er skrá frá því um 1280, um landamerki Þrándarstaða og Ingjaldshóls undir Jökli. Sú skrá kemur þó ekki að gagni hvað snertir Snæfellsjökul (sjá skjal nr. 4(94)).

³⁴² Skjal nr. 4(72).

³⁴³ Skjal nr. 4(101).

³⁴⁴ Skjal nr. 4(95).

³⁴⁵ Skjal nr. 4(97).

Árið 1365 seldi Órækja Sturluson Ásgrími ábóta á Helgafelli Ingjaldshól og Kjalveg. Ekki er getið um Snæfellsjökul.³⁴⁶

Hítardalsbók getur kirkjunnar að Ingjaldshóli árið 1367. Ekki er minnst á Snæfellsjökul.³⁴⁷

Í Gíslamáldaga frá því um 1570 kemur ekkert fram um ítök, réttindi eða afréttarmál-efni kirkjunnar að Ingjaldshóli, né heldur um landamerki.³⁴⁸

Biskupsvísitásiur að kirkjunni á Ingjaldshóli á árabílinu 1642–1891 geta ekki um afmörkun Ingjaldshóls.³⁴⁹

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Neshrepp segir að Ingjaldshóll sé konungseign og fylgi Stapaumboði. Dýrleiki jarðarinnar er sagður 20 hundruð. Þar segir meðal annars:

Ingjaldshóll.

Kirkjustaður annecteraður með kirkjunni að Fróðá, og er þetta nær að kalla höfuðsókinn, sem presturinn á þæfusteini þjónar.

Jarðardýrleiki xx hundruð og so tíundast lánvarandi.

Eigandinn kóngleg Majestat, og liggur jörðin til Stapaumboðs.³⁵⁰

Skoðunargerð Arnarstapaumboðs frá árinu 1778 hermir að Ingjaldshóll eigi allgott beitarland til fjalls. Ekki er getið um afmörkun beitarlandsins. Þar segir:

Gaarden Ingjaldshoels herligheder bestaar mest i et got fiskerie aaret om kring, udi forbemelte Fiskevær, lige som og et Stort Tun dog noget Tunt, og med intet Giærde forsynet. UdEngene der i mod ere meget bedervede af Torveskiær som der bruges Aarlig, ikke alleene fra Hiemme gaarden Selv, og underliggende Hialeyer og buder, men end og saa fra andre Nærliggende gaarde hialeyer og buder, dog for betaling til Opsidderen paa Ingjaldshoel, hvilken omgang og brug ikke alleene haver saa at sige Reent ruineret Ingjaldshoels UdEng, men end og saa giort den farlige formedelst Utallige graver for Creatureerne. Gaardens græsmarker til Fields ere temmelig gode.³⁵¹

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Ingjaldshóll sé Stapaumboðsjörð, metin til 20 hundruða að dýrleika. Þar segir ennfremur:

Sýslumaður telur með Ingjaldshóli grasbýlið Stapatún, og þar að auki 5 grasbýli ónafngreind, og 16 þurrabúðir, og segir að hér af yfirhöfuð gjaldist enn 20 vættir og hálfar leigur eptir 9 kúg. til sóknarprestisins. Grasbýlin nefnir sóknarprestur enn öll, sömu nöfnum, sem þau eru talin með [árið] 1805, og þurrabúðirnar í Rífi, sem eigi hér verða nafngreindar. [Árið] 1760 segir aðeins 12 fiskiverbúðir í Rífi, en fyrir [árið] 1707 hafi þær verið þar 32. Leigumáli á Stapatúni er hér hafður eptir A. M. Annars nefnir prestur 2 býli á Mel (Stóra Mel og Litla Mel) og eins á Virki (Stóra Virki og Litla Virki).³⁵²

³⁴⁶ Skjal nr. 4(98). Bréfinu fylgdi athugasemd um að það hefði verið gefið út áður, sbr. skjal nr. 4(96), og þar árssett 1377 en það væri rangt.

³⁴⁷ Skjal nr. 4(74).

³⁴⁸ Skjal nr. 4(73).

³⁴⁹ Skjöl nr. 2(28)–2(37). Sjá einnig upplýsingar um vísitásiur Ingjaldshóls eftirfarandi daga 1891 í skilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands (kafla um skjalaflokk A.8 í skjali nr. 2). 18. mars 1656, 23. júní 1773, 30. ágúst 1794 og 23. júlí.

³⁵⁰ *Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 220–228.

³⁵¹ Skjal nr. 2(71), bls. 49 og 131–135.

³⁵² Skjal nr. 4(2), bls. 148.

Ingjaldshóll var 20 hundruð að dýrleika samkvæmt jarðamatinu 1849–1850. Ekkert kemur fram um afmörkun Ingjaldshóls í sömu heimild. Í heildarskrá jarðamatsins 1849–1850 kemur fram að Ingjaldshóll sé Stapaumboðsjörð.³⁵³

Þann 27. maí árið 1864 var þinglesinn úrskurður þess efnis, að slægju og landamerki Ingjaldshóls ættu að vera þau sömu og þau „sem að undanfögnu“ hafa verið. Ekki er gerð nánari grein fyrir landamerkjunum:

Ár 1864 þ 27 Maí var Snæfellsnessýsla þ manntals þingið sett að Ingjaldshóli og haldið af sýslumanni P. Böving, hvar þá í viðurvist vottanna Tomas Eggertssonar, Kristjáns Jllugasonar, G. Tomassonar, Arna Sigurðssonar var fyrirtekið [...]

5) Var þinglýst úrskurð Hera Administrator Thorlacusi að takmark Ingjaldshóls og slægu og landamerki eiga að vera hin sömu, sem að undanfögnu verið hefur, dags. þ 20 Aug. 1862.³⁵⁴

Landamerkjum Ingjaldshóls er lýst svo 25. maí 1889:

Landamerki fyrir umboðsjörðunum Ingjaldshóli Þrándarstöðum og Kjalveg.

1. Landamerkin milli ofanefndra jarða og Stóru-Hellu eru eftir áreið þeirri sem gjörð var 18. júlí 1846. Frá Gráborg í fjallinu Stapakinnaborgir, frá Stapakinnaborgum, beina stefnu í Fannsteinsgróf, frá Fannsteinsgróf beina stefnu í Köldulind, frá Köldulind beina stefnu í mitt Tíðaskarð og frá miðju Tíðarskarði í Bjölluhol.

2. Landamerki á Keflavíkur eða Rífsbjargi milli Ingjaldshól og Keflavíkur, eru samkvæmt enn gildandi kaupsbrefi Hauks og Órækju fyrir Ingjaldshól, að Ingjaldshóll á land allt sem liggur á bjarginu innan Lambastapa og Hvalsár.

3. Frá Gráborg í Blágil og ofan með því til Búrfells og hált fellið. Úr Búrfelli niður með Búrfellsdal í Saxhamar, þaðan ofan með börðum í Lækjarbug þaðan í þúfuna milli Stapatúns og Þæfusteins, þaðan í Stekkjarmóarústina hjá Kjalvegsengi, sem liggur útnorður af sýkinu utan Hólmkelu.

4. Úr Fuglstapa þeim, sem stendur utan Hólmkelu er sjónhending í rima þann sem liggur innan Hólmkelu og gengur þar úr pittinum og þaðan aftur í Boðstein, eða eins og máldagar sýna að Ingjaldshóli tilheyrir hálf Hólsbreið og reka rétt þaðan að Hvalsá á Keflavíkurbjargi.

Athugasemd.

Innan framan nefndra landamerkja eru engi, sem öðrum jörðum tilheyra.

1. Kjalvegi tilheyrir til slæгна Dýjadalur, og engi það sem liggur neðan sýkið utan Hólmkelu.

2. Þrándarstöðum fylgir engi, sem liggur frá skarðinu norðan Hólshól til Lurkanslækjar, en báðar eiga þessar jarðir óskipt beutiland saman við Ingjaldshól.

3. Hallsbæ og Munaðarhól fylgir engispartur er liggur utan Hólmkelu og kallast Melabru.

4. Þar áfast við fylgir Stóru-Hellu engispartur upp með Hólmkelu er nær til áður nefnds Kjalvegsengis.

5. Keflavík Miklaholtskirkjupartur fylgir lítið engi milli Stapatúns og Þæfusteins. Á hinu hér að framan upptalda, er sér ílagi talið að Ingjaldshóli fylgir hinar svonefndu Sæ-tjarnir og hálf Hólsbreið, sem hvor tveggja er innan þeirra landamerkja sem áður eru talin. Og enn fremur allur Hólsdalur milli Hettudala og Blágils til Jökuls, og eru þar

³⁵³ Skjal nr. 2(100).

³⁵⁴ Skjal nr. 2(127).

landamerki milli Ingjaldshóls og Skarðs, gil það sem rennur ofan Hettudalaflóa, og fyrir vestan Víðirhlíð til Blágils framan Steinboga.

Líka tilheyrir Ingjaldshóli, ef þarf um veturinn beit og skjól fyrir 80 fjár hjá Arnarsteini í hrauninu í Sanda og Gufuskálalandareign.

Einnig á Ingjaldshóll tilkall til tveggja hesta gögnu á vetrum á Gufuskálajörðu, líka tvö skipsuppsátur og eina þurrabúð á Hallsbæjarlóð á Hjallasandi.

Ingjaldshólskirkja á Búrfellsdal, og eru landamerki hans þessi: Milli hans og Þæfusteins ræður Saxhamar og Djúpakelda, sem er neðan til í byrjun dalsins, svo aðskilur Hólmkelsá og Blágil dalinn frá Skarðslandi, og svo fylgir dalnum hálfu Búrfell, og svo dalurinn út að holtum milli Búrfells og Saxhamars.

Ingjaldshóli 25. maím. 1889.

Tómas Eggertsson (ábúandi).

Magnús Jóhannesson ábúandi á Sveinstöðum. Elías Kristjánsson ábúandi á Kjalveg. Sæmundur Guðmundsson ábúandi á Gufuskálum. Jón Jónsson ábúandi Keflavík. Brandur Bjarnason ábúandi á Miklahólskirkjupart. Helgi Árnason (sóknarprestur). Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.³⁵⁵

Landamerkjaskrá Ingjaldshóls var þinglesin 27. júní 1889. Landamerkjalýsingin var þó ekki færð til bókar.³⁵⁶

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Ingjaldshóls en nefnt er að landið liggja til fjalls.³⁵⁷

Landamerkjum Ingjaldshóls, Þrándarstaða og Kjalvegs er lýst svo í landamerkjabréfi frá 15. júní 1922, sem var þinglýst 17. sama mánaðar:

Landamerki umboðsjarðanna Ingjaldshóls, Þrándarstaða og Kjalvegs.

Frá Gráborg í fjallinu í Stapakinnaborgir frá Stapakinnaborgum beina stefnu í Fannsteinsgróf, þaðan beina stefnu í Köldulind, þaðan beina stefnu í mitt Tíðaskarð, þaðan í mitt Höfðaskarð, þaðan í Lurkanslæk þar sem nú heitir Melabru. Svo ræður Þjóðvegur að Hólmkelsá. Síðan ræður Hólmkelsá upp að sýki milli Kjalvegs-engis og Þæfusteins. Úr sýkinu í syðra hólinn af þremur, sem standa í flóanum fyrir innan Stapatún. Úr hól þessum í Fuglastapa milli Þæfusteins og Stapatúns. Úr Stapanum í lækinn, sem rennur norðanvert við Þæfusteinstún, þar sem gatan frá Ingjaldshóli meðfram holtinu liggur yfir lækinn, þaðan með börðum í Saxhamar, þaðan upp með Búrfellsdal í Búrfell. Þaðan upp með Blágili í Gráborg og á Ingjaldshóll hálfu Búrfell.

Á Hólsbreið á Ingjaldshóll beitaland, sem er þríhyrna og takmarkast þannig: Þaðan, sem Þjóðvegurinn liggur yfir Hólmkelsá er áður um getur, ræður hann að Merkjasteini við neðra Sveinstaðavað yfir Laxá. Þaðan sjónhending í boðastein, öðru nafni Kræklingsstein og þaðan sjónhending í Hólmkelsá við Þjóðveginn. Ennfremur á Ingjaldshóll allan Hólsdal milli Hettudala og Blágils til Jökuls.

Kjalvegur og Þrándarstaðir eiga óskipt beitaland með Ingjaldshóli innan framangreindra landamerkja, en til slæгна á Kjalvegur aleinn Dýjadalinn og engi það, sem liggur við sýkið utan Hólmkelsár. En Þrándarstöðum fylgir engi, sem liggur frá skarðinu fyrir noraðn Hólshól til Lurkanslækjar.

Hallsbæ og Munaðarhóli fylgir engispartur, er liggur utan Hólmkelsár og kallast Melabru. Þar áfast við fylgir Stóru-Hellu engispartur upp með Hólmkelu, er nær til áður-nefnds Kjalvegsengis.

³⁵⁵ Skjal nr. 2(19).

³⁵⁶ Skjal nr. 2(128).

³⁵⁷ Skjal nr. 2(82), bls. 226–227.

Ytri-Keflavík fylgir lítið engi milli Stapatúns og Þæfusteins. Ingjaldshóll á vetrarheit og skjól fyrir 80 fjár hjá Arnarsteini í Hraunskarðs og Gufuskálalandi.

Einnig á Ingjaldshóll tilkall til tveggja hestagöngu á veturnum á Gufuskálajörðu, og tvö skipsuppsátur og eina þurrabúð á Hallsbæjarlóð á Sandi.

Ingjaldshólskirkja á allan Búrfellsdal og eru landamerki hans þessi: Milli hans og Þæfusteins ræður Saxhamar og Djúpakelda, sem er neðan til í byrjun dalsins. Hólmkelsá og Blágil aðskilur dalinn frá Skarðslandi. Búrfellsdal fylgir hálfu Búrfelli mótum Ingjaldshóli og dalurinn út að holtum milli Búrfells og Saxhamars.

Eldri landamerki Ingjaldshóls eru hér með úr gildi numin.

Sandi 15. júní 1922.

Jón Proppé umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs. Guðmundur Guðmundsson eigandi að jörðinni Rif. Jón Jónsson hreppstjóri umboðsmaður Stóru-Hellu. Guðm. Einarsson sóknarpr. sem landsdrottinn Þæfusteins. Þinglesið á manntalsþingi á Sandi 17. júní 1922. P.V. Bjarnason. Þinglestur ókeypis fyrir umboðið. P.V.B.³⁵⁸

5.4.2.10 Skarð

Í *Jarðabók Árna og Páls* yfir Neshrepp segir að Skarð sé konungsjörð og fylgi Stapaumboði. Jarðardýrleikinn er sagður 16 hundruð. Þar segir meðal annars að ábúandi Skarðs vilji eigna jörðinni það land sem Ingjaldshólssel standi í:

Skard.

Jarðardýrleiki xvi hundruð og so tíundast 4um tíundum.

Eigandinn er kóngleg Majestat, og liggur þessi jörð í Stapaumboði.

[...]

Selstöðu á jörðin í sínu eigin landi og ljær hana stundum nábúum fyrir góðvilja. Líka vill ábúandi eigna jörðunni land það, sem Ingjaldshólssel stendur í, en það er ekki reynt með lögum hver þar hafi rjett til eignarinnar á því landi. En rjett Ingjaldshólsmanna til selstöðunnar efar enginn.³⁵⁹

Skoðunargerð Arnarstapaumboðs frá árinu 1778 hermir að Skarð eigi mjög gott beitarland til fjalls. Ekki er getið um afmörkun beitarlandsins. Þar segir:

Gaardens Tun er Stort og over alt Tunt. UdEngene til Hóe avlingen maadeligen, men Græsmarkerne til Fields meget gode.³⁶⁰

Í Jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Skarð sé Stapaumboðsjörð, metin til 16 hundraða að dýrleika.³⁶¹

Skarð var 16 hundruð að dýrleika jarðamatinu 1849–1850. Ekkert kemur fram um afmörkun Skarðs í sömu heimild en nefndar útheyslægjur á fjalli. Í heildarskrá jarðamatsins kemur fram að Skarð sé Stapaumboðsjörð.³⁶²

³⁵⁸ Skjal nr. 2(20).

³⁵⁹ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* V, bls. 230–231.

³⁶⁰ Skjal nr. 2(71), bls. 49 og 136–137.

³⁶¹ Skjal nr. 4(2), bls. 148.

³⁶² Skjal nr. 2(100).

Landamerkjum Skarðs er lýst svo 23. mars 1889:

Landamerki fyrir umboðsjörðinni Skarði.

Milli Vaðstakksheiðar og Skarðs ræður Laxá frá Grásteininum í Sveinstaðalandi á Hólsbreið og fram í Fossdalsdrög og svo fjallland allt þaðan út fjall til gils þess er rennur ofan Hettudalaflóa og niður með Víðirhlíð að vestanverðu til Blágils framan Steinboga, en fyrir neðan Steinboga, Hólmkela og ræður farvegur hennar ofan til rima þess, sem gengur úr Pittinum á Hólsbreið og aðskilur Hóls og Skarðsland, þaðan sjónhending í Boðstein. Annars segja máldagar að Ingjaldshóll eigi hálfu Hólsbreið, og Skarð hið annað af breiðinni, að undanskildum þeim renningi, sem Sveinsstaðir eiga.

Skarði 23. marts 1889. Guðmundur Hákonarson.

Tómas Eggertsson (ábúandi á Ingjaldshóli). Jóhann Jóhannsson (ábúandi á Vaðstakksheiði). Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.³⁶³

Landamerkjaskrá Skarðs var þinglesin þann 27. júní árið 1889. Landamerkjálýsingin var þó ekki færð til bókar.³⁶⁴

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um afmörkun Skarðs.³⁶⁵

5.4.2.11 Vaðstakksheiði

Landamerki Vaðstakksheiðar frá 1. september 1887 hljóða svo:

Landamerki fyrir umboðsjörðina Vaðstakksheiði

1. Milli Vaðstakksheiðar og Sveinsstaða:

Grár steinn er lítið fyrir neðan Laxá, og er sjónhending úr honum í Kerlingarfoss á fjallsbrún. Af fjallsbrún beint fram eptir læk, sem rennur ofan í Kerlingarfoss fram að Selbrekknahöggi, af Selbrekknahöggi sjónhending áytra Löngubrekknahögg, og þaðan sjónhending fram í Laxá í Fossdal.

2. Milli Vaðstakksheiðar og Skarðs er Laxá landamerki alla leið.

Vaðstakksheiði 1. Sept. 1887.

Jóhann Jóhannsson (ábúandi á Vaðstakksheiði) Jón Jonsson umboðsmaður.

Magnús Jóhannesson (ábúandi á Sveinsstöðum) Guðmundur P. Hákonarson (ábúandi á Skarði)³⁶⁶

5.4.2.12 Ólafsvík

Landamerki Ólafsvíkur frá 20. maí 1889 hljóða svo:

Landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Ólafsvík í Neshrepp innan Ennis.

1. Á milli Sveinsstaða og Ólafsvíkur, frá Loðnugjá undir Ólafsvíkurenni, og þvert yfir Ennisfjallið, í Einbúa, í Enninu; þaðan bein sjónhending í Hróaskarð, og þaðan aptur í gráan stein í miðjum Fossdal; þaðan sjónhending beint yfir miðjan Fossdal út í Laxá, og þaðan upp í Geldingafell.

2. Á milli Fossárdals og Ólafsvíkur, úr Geldingafelli ræður Fossá, alla leið niður að sjó.

Ólafsvík 20. maí 1889

³⁶³ Skjal nr. 2(2).

³⁶⁴ Skjal nr. 2(128).

³⁶⁵ Skjal nr. 2(82), bls. 224–225.

³⁶⁶ Skjal nr. 2(188).

H. Thejll (sem ábúandi í Ólafsvík)

Jón Árnason (sem umboðsmaður Fossárdals) Jón Jónsson umboðsmaður Arnarstapa-
og Skógarstrandarumboðs.

Magnús Jóhannesson ábúandi Sveinsstaða³⁶⁷

5.4.2.13 *Landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls*

Sjá kafla 5.3.

5.4.2.14 *Annað*

Sjá kafla 5.5 um eignir og réttindi kirkna.

5.5 Eignir og réttindi kirkna

Í skrá Páls biskups Jónssonar frá því um árið 1200 um prestlausar kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi kemur ekkert fram sem snertir ítök, réttindi eða afréttarmálefni kirkjunnar á ágreiningssvæðinu.³⁶⁸ Slíkt er ekki heldur að finna í skjölum sem varða einstakar kirkjur, sbr. eftirfarandi umfjöllun.

5.5.1 *Kolbeinsstaðakirkja*

Máldagi Þorláks biskups Þórhallssonar fyrir kirkjuna á Kolbeinstöðum mun settur árið 1181. Þar kemur ekkert fram sem varpar ljós á afréttarmálefni, ítök eða réttindi kirkjunnar, hvað snertir ágreiningssvæðið.³⁶⁹

Í skrá Páls biskups Jónssonar frá því um árið 1200 um prestlausar kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi er getið um Kolbeinsstaði. Ekki getur þar um afréttarmálefni, ítök eða réttindi, sem snúa að ágreiningssvæðinu.³⁷⁰

Í Hítardalsbók, árssettri 1367, kemur ekkert fram um ítök, réttindi eða afréttarmálefni kirkjunnar á Kolbeinsstöðum sem snýr að ágreiningssvæðinu.³⁷¹

Í máldaga Vilchins fyrir kirkjunni á Kolbeinsstöðum frá árinu 1397 er getið nokkurra jarða í eigu sömu kirkju en ekkert kemur fram um afréttarmálefni, réttindi eða ítök kirkjunnar sem snertir ágreiningssvæðið.³⁷²

Árið 1444 vísiteraði Góðsvin biskup kirkjuna að Kolbeinsstöðum og fór fram virðing á kirkjunni þar en ekkert kemur þar fram um afréttarmálefni, réttindi eða ítök kirkjunnar hvað snertir ágreiningssvæðið.³⁷³

³⁶⁷ Skjal nr. 2(187).

³⁶⁸ Skjal nr. 4(110).

³⁶⁹ Skjal nr. 4(53).

³⁷⁰ Skjal nr. 4(110).

³⁷¹ Skjal nr. 4(74).

³⁷² Skjal nr. 4(54).

³⁷³ Skjal nr. 4(113).

Í Gíslamáldaga fyrir kirkjunni á Kolbeinsstöðum frá því um 1570 kemur ekkert fram um afréttarmálefni, réttindi eða ítök kirkjunnar, hvað snertir ágreiningssvæðið.³⁷⁴

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um réttindi eða nýtingu Kolbeinsstaða innan ágreiningssvæðisins.³⁷⁵

Sjá einnig kafla 5.4.2.3 um Einarlón.

5.5.2 *Staðarstaður*

Í skrá Páls biskups Jónssonar frá því um árið 1200 um prestlausar kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi er getið um kirkju að Stað.³⁷⁶

Máldagar kirkjunnar að Staðarstað frá árabílinu 1274–1570 geta ekki um Snæfellsjökul, né heldur um ítök eða réttindi innan ágreiningssvæðisins.³⁷⁷

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um réttindi eða nýtingu Staðarstaðar innan ágreiningssvæðisins.³⁷⁸

Sjá einnig kafla 5.4.2.3 um Einarlón.

5.5.3 *Setbergskirkja*

Í skrá Páls biskups Jónssonar frá því um árið 1200 um prestlausar kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi er getið um kirkju að Setbergi.³⁷⁹

Hítardalsbók getur kirkjunnar að Setbergi árið 1367. Ekki er getið um réttindi, ítök eða afréttarmálefni sem snerta ágreiningssvæðið.³⁸⁰

Máldagi Vilchins frá árinu 1397 fyrir kirkjuna að Setbergi getur ekki um ítök, réttindi eða afréttarmálefni kirkjunnar sem snerta ágreiningssvæðið.³⁸¹

Í Gíslamáldaga frá því um 1570 kemur ekkert fram um ítök, réttindi eða afréttarmálefni kirkjunnar að Setbergi, hvað áhrærir ágreiningssvæðið.³⁸²

Í jarðamatinu 1804 er ekki getið um réttindi Setbergskirkju er varða ágreiningssvæðið.³⁸³

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur ekkert fram um réttindi eða nýtingu Setbergs innan ágreiningssvæðisins.³⁸⁴

Sjá einnig kafla 5.3.2 um Faxastaði.

³⁷⁴ Skjal nr. 4(55).

³⁷⁵ Skjal nr. 2(82), bls. 386–387.

³⁷⁶ Skjal nr. 4(110).

³⁷⁷ Skjöl nr. 4(56)–4(59) og 4(74).

³⁷⁸ Skjal nr. 2(82), bls. 317–318.

³⁷⁹ Skjal nr. 4(110).

³⁸⁰ Skjal nr. 4(74).

³⁸¹ Skjal nr. 4(63).

³⁸² Skjal nr. 4(64).

³⁸³ Skjal nr. 2(99), opna 77.

³⁸⁴ Skjal nr. 2(82), bls. 142–143.

5.5.4 Laugarbrekkukirkja

Sjá kafla 5.3.7.3. um Laugarbrekku.

5.5.5 Fróðáarkirkja

Sjá kafla 5.3.10.5 um Fróðá.

5.5.6 Einarlónskirkja

Sjá kafla 5.4.2.3 um Einarlón.

5.5.7 Ingjaldshólskirkja

Sjá kafla 5.4.2.9 um Ingjaldshól.

6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vikið að fyrirbyggjandi dómafordæmum í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

6.1.1 *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítils háttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinna staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Þær útgáfur *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar* sem fylgdu úrskurðum á svæðum 7B, 8A og 8B höfðu með sama hætti verið uppfærðar með umfjöllun um almenn atriði úr úrskurðum á næsta svæði á undan. Í úrskurðum á svæði 9A þótti ekki þörf á að uppfæra þær að nýju með efni úr úrskurðum á svæði 8B og ekki þykir heldur ástæða til að uppfæra þær nú með efni úr úrskurðum á svæði 9A. Sú útgáfa *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar* sem hér fylgir í viðauka er því óbreytt frá þeirri sem birtist með úrskurðum á svæði 8B.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, sbr. kafla 6.3 og 6.4 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og þar er vísað til þeirra eftir því sem við á.

6.1.2 *Dómafordæmi í þjóðlendumálum*

Í úrskurðum óbyggðanefndar á hverju svæði um sig hefur jafnan verið gerð grein fyrir þeim dómum Hæstaréttar sem hafa fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta svæði á undan. Úrskurðir á svæði 9A, þ.e. Dalasýslu að undanskildum fyrrum Skógarstrandarhreppi, voru kveðnir upp 3. maí 2018. Hæstiréttur hefur ekki kveðið upp neina dóma í þjóðlendumálum síðan þá. Því liggja sem fyrr fyrir samtals 68 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998.

Með lögum nr. 50/2016, um dómstóla, sem tóku gildi 1. janúar 2018, var Landsrétti komið á fót og verður dómum héraðsdómstóla á sviði þjóðlendumála nú áfrýjað þangað í stað Hæstaréttar áður. Engir dómar um þjóðlendumál hafa enn fallið í Landsrétti.

6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlaugar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.³⁸⁵ Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur í Nesjum).

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Eins og þar kemur fram er greint frá því í Sturlubók *Landnámu* að Sölvi hafi numið land milli Hellis og Hraunhafnar en í Hauksbók er hann sagður hafa numið land milli Hellishrauns og Sleggjubeinsár. Í Sturlubók og Hauksbók *Landnámu* er Sigmundur Ketilsson sagður hafa numið land milli Hellishrauns og Beruvíkurhrauns og Grímkell Úlfsson er sagður hafa numið land frá Beruvíkurhrauni til Neshrauns og út um Öndverðarnes og rekið þaðan burt Saxa Álfarínsson Válasonar. Álfarinn Válason er sagður hafa numið land á nesinu milli Beruvíkurhrauns og Ennis og Ólafur belgur fyrir innan Enni, allt til Fróðár. Í Sturlubók, Hauksbók og Melabók *Landnámu* segir svo að Ormur hinn mjói hafi numið land milli Ennis og Höfða, eftir að hafa rekið burt Ólaf belg.

Af þessum frásögnum verður ekki ráðið hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið, enda kemur ekki fram hversu hátt til fjalla landnám á svæðinu hafi náð. Að mati óbyggðanefndar mæla staðhættir og fjarlægðir því þó ekki í mót að svæðið hafi verið numið að einhverju leyti, utan Snæfellsjökuls, þó svo að fjallsbrúnir myndi nokkuð skörp skil milli fjalllendis og láglandis á austurmörkum svæðisins, eins og nánar verður vikið að í kafla 6.3.3.

6.3 Landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls

6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem af hálfu þess er vísað til sem landsvæðis sunnan og austan Snæfellsjökuls. Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á því að nyrsti hluti svæðisins, þ.e. sá hluti þess sem er norðan Barnár, tilheyri Hamraendum, sunnan við það sé svæði sem tilheyri Stóru-Hnausum, sunnan og vestan við það sé svæði sem tilheyri Arnarstapa, þar vestan við sé svæði sem tilheyri Hellnum og vestan við það sé svæði sem tilheyri Miðvöllum. Óumdeilt eignarland fyrrgreindra jarða er aðliggjandi ágreiningssvæðinu en auk þess liggja að svæðinu jarðirnar

³⁸⁵ Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Fossárdalur að norðanverðu, Gröf, Faxastaðir, Litlu-Hnausar, Grímsstaðir og svokallað Arnarstapaland að austanverðu og Dagverðará og Malarrif að suðvestanverðu.³⁸⁶

Svæðið sem ríkið gerir kröfu um að sé þjóðlenda er á vestanverðu Snæfellsnesi, sunnan og austan Snæfellsjökuls. Að norðanverðu afmarkast það af vatnaskilum milli norðurs og suðurs á nesinu um Rauðhrygg, Sandkúlur og Geldingafell sem rísa upp í um 750–840 m hæð yfir sjávarmáli. Sunnan vatnaskilanna rennur Barná til austurs frá jöklinum. Að vestanverðu afmarkast svæðið af jaðri Snæfellsjökuls eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998 1. júlí 1998. Að sunnanverðu afmarkast það af línu sem dregin er úr brún Snæfellsjökuls um Stagfell í norðvestanvert Stapafell. Norðan Stagfells rís Kvíahnúkur í um 700 m hæð og austan við hann liggja Miðvallahlíð og Norðurhlíð en Norðurgil sker hlíðarnar í sundur. Þar austan við eru svokallaðir Hryggir þar til Stapafell tekur við og gnæfir yfir suðaustanvert svæðið, norðvestan við Arnarstapa. Um sunnanvert svæðið renna Dagverðará og Sauða. Að austanverðu afmarkast svæðið af fjallsbrúnum Botnsfjalls og Hamraendafjalls, austur að Grafarhnúk. Landið rís nokkuð skarpt upp að umræddum fjallsbrúnum í u.þ.b. 400 m hæð yfir sjávarmáli en hækkar svo aflíðandi vestur að Snæfellsjökli og norður að vatnaskilum milli norðurs og suðurs. Norðvestan Botnsfjalls rísa Náttmálahnúkur og Brenningskúlur eða Brennivínskúlur í um 550–660 m hæð. Barná rennur niður á láglandi vestast í Hamraendafjallinu og litlu austar rennur Hamraendalækur. Landið er að litlu leyti gróið fyrir utan mosa og lyng á sunnan- og austanverðu svæðinu. Jökulhálsvegur nr. 570, milli Ólafsvíkur og Arnarstapa, liggur um svæðið.³⁸⁷

Frá þeim stað þar sem bærinn á Miðvöllum stóð eru tæpir 8 km í beinni loftlínu í norður að nyrsta punkti á kröfulínu eigenda jarðarinnar á norðaustanverðum Snæfellsjökli og 3,5 km að kröfulínu ríkisins í Stagfelli. Frá Hellnum eru rúmir 7,5 km í beinni loftlínu að jaðri Snæfellsjökuls nyrst á kröfusvæði Hellnajarða og tæpir 3,5 km að kröfulínu íslenska ríkisins í norðvestanverðu Stapafelli. Frá Stóru-Hnausum erum tæpir 6 km í beinni loftlínu að norðvestasta hluta kröfusvæðis eigenda jarðarinnar. Þaðan er um 1,5 km að jaðri jökulsins, þar sem hann er nærstur. Um 2,5 km eru frá Stóru-Hnausum að Rauðfeldargjá og tæpir 2 km að Barnárauga, sem bæði er á kröfulínu ríkisins. Frá bæjarstæðinu á Hamraendum að norðvestasta hluta krövusvæðis eigenda Hamraenda, skammt vestan við Sandkúlur eru 7 km í beinni loftlínu. Um 2,5 km eru frá bænum að Barnárauga og tæpur kílómetri að Þrísteinum, sem jafnframt eru á kröfulínu ríkisins. Þá eru tæpir 4 km í beinni loftlínu frá Hamraendum að upphafspunkti á kröfulínu ríkisins á vatnaskilum sunnan Folahnúks.

³⁸⁶ Gerðar voru kröfur af hálfu Fossárdals, Faxastaða, Litlu-Hnausa og Arnarstapalands, auk Ytri-Bugs, á fyrri stigum málsins en eigendur jarðanna létu málið ekki frekar til sín taka eftir að íslenska ríkið aðlagði kröfugerð sína að kröfum þeirra, sbr. kafla 3.

³⁸⁷ Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á ýmsum útgefnum kortum, kortasjá Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum upplýttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

6.3.2 *Sjónarmið aðila*

6.3.2.1 *Íslenska ríkið*

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því, hvað varðar þjóðlendukröfur á Snæfellsnesi, að þau svæði sem eru innan þjóðlendukröfulína teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 en að sama skapi kunni einstaklingar og lögaðilar að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, einkum hefðbundin not sem afréttareign fylgja, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við afmörkun þjóðlendukrafna séu heimildir um landnám, afréttarmál, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, nýting, úrlausnir dómstóla og önnur atriði sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Á því er byggt af hálfu íslenska ríkisins að landsvæði innan þjóðlendukrafna ríkisins séu svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, enda taki þjóðlendukröfur ríkisins til svæða sem liggi utan landnáms og hafi eingöngu verið nýtt sem afréttir eða, ef svæðin hafa verið numin í öndverðu, að slíkt nám hafi ekki verið til eignar heldur hafi svæðin eingöngu verið numin til takmarkaðra afnota, svo sem afréttarnota. Heimildir greini að stór hluti þjóðlendukröfusvæðanna á Snæfellsnesi teljist vera afréttur og utan eignarlanda jarða.

Ekki verði ráðið af heimildum um landnám að allt það land sem af hálfu íslenska ríkisins er gerð krafa um að teljist innan þjóðlendu hafi verið numið í öndverðu með þeim hætti að beinn eignarréttur hafi stofnast, hvað þá að slíkur eignarréttur hafi haldist alla tíð síðan, hafi hann stofnast í öndverðu á annað borð. Með hliðsjón af almennum sjónarmiðum við túlkun landnámslýsinga og dómafordæmum Hæstaréttar hvað þetta varðar er á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að þau svæði sem hafi verið nýtt til hefðbundinna afréttarnota og séu sannarlega utan landamerkja jarða, þótt þau kunni að teljast innan landnámslýsinga, hafi ekki verið numin þannig að beinn eignarréttur hafi stofnast heldur hafi þau verið numin til takmarkaðra nota eða, ef beinn eignarréttur hefur stofnast í öndverðu á svæðunum eða hluta þeirra, að sá eignarréttur hafi fallið niður og menn farið að nýta svæðin óáreittir sem beitarsvæði, einkum til sumarþeir fyrir sauðfé.

Þá taki kröfulýsing íslenska ríkisins einnig til svæða sem heimildir greini að hafi tilheyrt tilteknum jörðum en heimildir um nýtingu svæðanna og/eða staðhættir bendi hins vegar ekki til þess að til beins eignarréttar hafi stofnast á svæðunum. Í þeirri tilheyrslu sem heimildir geti um hafi þannig ekki falist annað en að jarðirnar hafi talið til takmarkaðra réttinda á svæðinu, umfram aðra. Í þessu sambandi sé þess getið að kröfulýsingin taki enn fremur til svæða sem virðist utan merkjalýsinga aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra.

Á einu svæði á Snæfellsnesi fari kröfulína íslenska ríkisins inn fyrir merkjalýsingar í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Sé þá á því byggt að slík bréf, þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar á beinum eignarrétti. Sé þá einkum litið

til þess að lýsingar í landamerkjabréfum séu oft ónákvæmar og styðjist hvorki við eldri ritaðar heimildir né heimildir um nýtingu lands og/eða landfræðilegar aðstæður að öðru leyti. Hvað þetta varðar sé vísað til þeirrar meginreglu sem hafi verið mótuð með dómum Hæstaréttar frá 21. október 2004 í málum nr. 47/2004 (afréttur norðan vatna) og 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum) og síðan ítrekuð í mörgum dómum réttarins í þjóðlendumálum, þess efnis að með gerð landamerkjabréfs geti landeigandi ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt sinn umfram það sem verið hafi og að landamerkjabréf, eitt og sér, teljist ekki nægjanleg sönnun fyrir eignarrétti landeiganda, séu bornar brigður á þann rétt.

Að öðru leyti er af hálfu íslenska ríkisins almennt vísað til almennra sjónarmiða sem gildi í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar eru á vefsíðu nefndarinnar.

Hvað varðar sérstaklega landsvæðið sunnan og austan Snæfellsjökuls, eins og það er afmarkað í kröfugerð íslenska ríkisins, byggir íslenska ríkið á því að það sé svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda. Sérstaklega sé vísað til þess að landsvæðið sé utan landamerkja aðliggjandi jarða eins og þær séu afmarkaðar í landamerkjabréfum. Þannig sé ljóst að mati íslenska ríkisins að slík aðliggjandi svæði telji ekki til beinna eignarréttinda yfir ágreiningssvæðinu.

Við afmörkun kröfulínu íslenska ríkisins hafi fyrst og fremst verið litið til afmörkunar í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Í landamerkjabréfum Fossárdals, m.a. landamerkjabréfi frá 18. júní 1885, komi fram að suðurmörk jarðarinnar Fossárdals séu annars vegar Folahnúkur að austanverðu og hins vegar Geldingafell að vestan. Í rituðum heimildum sé ekki tilgreint hvernig landamerki þar á milli liggja. Íslenska ríkið telji að fallast verði á að eðlilegt sé að draga línu milli framangreindra merkja um vatnaskil.³⁸⁸ Að austanverðu muni vatnaskil vera við Hamraendafjall, rétt sunnan við Folahnúk og sé kröfulína íslenska ríkisins í samræmi við það, þ.e. frá upphafspunkti á vatnaskilum við Hamraendafjall sunnan við Folahnúk, eftir vatnaskilum milli norðurs og suðurs, vestur í Geldingafell eystra (2). Merkjahryggur (4) sé á austurmörkum Malarífs og vesturmörkum Dagverðarár. Ekki sé til landamerkjabréf fyrir Dagverðará en samkvæmt landamerkjabréfi Einarlóns og Malarífs, dagsettu 14. maí 1889, séu merkin þessi og þaðan sé farið í jökul. Þá segi um landamerki Hellna og Miðvalla, í bréfi fyrir Hellna-pláss o.fl., dags. 27. ágúst 1887, að þau séu úr Djúpugróf „beint í fjall upp“, sem líkast til sé annað hvort Stagfell eða Kvíahnjúkur, og sé línan dregin í Stagfell (5). Kröfulínan þaðan, í merkja strýpu í Stapafelli (6), styðjist einnig við fyrrgreint landamerkjabréf Hellna o.fl., og Rauðfeldsgjá (7) við landamerkjabréf Arnarstapa og Grímsstaða dags. 29. ágúst 1887, sem og við landamerki Litlu- og Stóru-Hnausa, sbr. landamerkjabréf Litlu-Hnausa dags. 14. maí 1889. Ekki verði þannig séð að framangreindar aðliggjandi jarðir lýsi merkjum lengra til norðurs en þjóðlendukröfulínan afmarkar. Þá fari línan í

³⁸⁸ Í upphaflegri kröfugerð íslenska ríkisins var dregin bein lína milli Folahnúks og Geldingafells, en ofangreind breyting gerð í samræmi við kröfur gagnaðila íslenska ríkisins.

Barnsá (8) og Hamraendalæk (9) sem sé í samræmi við lýsingar í landamerkjabréfum Stóru-Hnausa og Hamraenda, bæði ódagsett. Þrísteynar (10) séu á merkjum Hamraenda og Grafar. Vegna skorts á heimildum um lýsingu á verstormörkum Grafar hafi kröfulínan verið dregin frá Þrísteynum (10), norður á vatnaskil í Hamraendafjalli sunnan við Folahnúk, sem er upphafspunktur. Rétt hafi verið talið að draga hana um Grafarhnúk (11), sem sé hæsti punktur á þessari leið, og þaðan norður í upphafspunkt. Punktur nr. 10 á kröfulínu ríkisins var færður til á kortinu til samræmis við staðsetningu gagnaðila ríkisins á Þrísteynum.

Um lagarök er af hálfu íslenska ríkisins fyrst og fremst vísað til þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Þá er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og meginreglum um eignarráð fasteignareigenda, almennum reglum samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 46/1905. Þá er vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

6.3.2.2 *Gagnaðilar íslenska ríkisins*

Hér verður fyrst gerð grein fyrir sameiginlegum sjónarmiðum gagnaðila íslenska ríkisins en sjónarmiðum sem varða hverja jörð sérstaklega eru síðan gerð skil í undirköflum.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, þ.e. eigenda jarðanna Hamraenda, Stóru-Hnausa, Miðvalla og Hellnajarðanna Gíslabæjar, Brekkubæjar, Skjaldartraðar og Laugarbrekku er byggt á því að með kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hafi verið með lögum nr. 62/1994 (MSE). Í ljósi kröfugerðar ríkisins telji þeir að óbyggðanefnd verði að taka skýra afstöðu til þeirra röksemda sem byggðar séu á 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE við mat á því hvort sönnur hafi tekist fyrir löglegu eignarhaldi.

Hafa beri í huga að hugtakið *eign* í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE hafi af Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) verið túlkað á þá leið að það hafi sjálfstæða merkingu. Með sjálfstæðri merkingu sé átt við að mat á því hvort í tilteknu máli sé um að ræða eign sem njóti verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis sem í hlut eigi. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum um mat á því hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Þannig geti verið um að ræða eign í skilningi ákvæðisins þótt dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi ekki talið að um eign væri að ræða samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis.

Hér sé það mat MDE með tilliti til atvika í hverju máli fyrir sig sem ráði för. MDE hafi ítrekað áréttað að við mat þetta beri að líta til allra atvika máls í heild. Þannig hafi dómstóllinn bæði litið til staðreynda og lagalegra atriða. Við það mat hafi í ákveðnum málum ráðið úrslitum hvernig farið hafi verið með umrædda eign í framkvæmd, sér-

staklega í lögskiptum og hvaða traust menn hafi borið til þeirrar framkvæmdar. Þá hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda einnig skipt máli. Í þeim málum þar sem komið hafi verið fram við einstaklinga eða lögaðila sem réttmæta eigendur ákveðinna eigna hafi slík framkoma verið talin vekja ákveðnar væntingar hjá þeim aðilum um löglegt eignarhald sitt á þeim eignum. Af þessu megi ráða að afskipti eða afskiptaleysi ríkisvaldsins skipti máli við þetta sönnunarmat. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 24. júní 1993 (Papamichalopoulos o.fl. gegn Grikklandi), dóms yfirdeildar MDE frá 23. nóvember 2000 (fyrrum Grikklandskonungur o.fl. gegn Grikklandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 5. janúar 2000 (Beyeler gegn Ítalíu).

Þá byggi gagnaðilar íslenska ríkisins einnig á þeim sjónarmiðum sem MDE hafi lagt til grundvallar um lögættar væntingar. Þannig hafi MDE lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE, séu þær byggðar á sanngjörnu og réttlætlanlegu trausti á réttargerningi sem sé tengdur við eignarréttindi og hafi áreiðanlegan lagagrundvöll. Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 29. nóvember 1991 (Pine Valley Developments Ltd. o.fl. gegn Írlandi), dóms MDE frá 24. júní 2003 (Stretch gegn Bretlandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 28. september 2004 (Kopecký gegn Slóvakíu).

Við setningu landamerkjálaga nr. 5/1882 og síðan nr. 41/1919 hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdarvaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau yrðu skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku hafi valdsmönnum, hverjum í sínu umdæmi, borið að rannsaka hvort landamerkjum þar hefði verið þinglýst.

Landamerkjälögin frá 1882 hafi ekkert kveðið á um hvaða land eða landgæði fylgdu jörðum eða öðrum fasteignum, enda hafi ekkert verið um það deilt þar sem sú skoðun hafi virst óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Þannig virðist ljóst að allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hafi landeigandi átt beit og annan gróður á jörð sinni. Hann hafi sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hafi að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki hvefrrar jarðar skyldu ráða veiði á landi. Hér megi að auki nefna þá meginreglu vatnalaga nr. 15/1923 að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr. laganna. Regla þessi eigi rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.

Á því er byggt af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins að landsvæðið sem hér er deilt um eignarrétt á sé innan marka upphafslegs landnáms á Snæfellsnesi. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið og frekar einsleitt og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það. Það veki í þessu tilliti sérstaka athygli að ekki sé gerð samsvarandi krafa af hálfu ríkisins um landsvæði sem liggja að Snæfellsjökli að vestan og norðan, sem eins sé ástatt um að þessu leyti og það svæði sem um ræði í þessu máli.

Af hálfu allra þeirra gagnaðila íslenska ríkisins sem kalla til eignarréttinda á ágreiningssvæðinu er vísað til ýmissa fornra jarðaskjala og eignarheimilda um landsvæðið er styðji við beinan eignarrétt að svæðinu frá öndverðu. Með vísan til *Landnámu* sé ljóst að hið umþrætta land hafi verið í óslitinni einkaeign frá landnámi en ekki almenningur eða afréttur. Landeigendur telji því að fyrir liggi að allt land á Snæfellsnesi hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrir ákveðnum jörðum, sbr. meðal annars *Sýslu- og sóknalýsingar* frá 1839–1875 þar sem segi um Breiðuvíkurrepp að ekki séu þar afréttarlönd og því síður almenningar, þar sem fjöllin séu ekki annað en heimalönd.

Byggt er á því að ekkert bendi til þess að ágreiningssvæðið hafi verið undanskilið námi lands til eignar. Land jarða gagnaðila ríkisins sé greinilega allt innan landnáms og byggt hafi verið á því alla tíð eins og sjá megi á vísun til þess í gögnum málsins að umrædd svæði séu eignir jarðanna og innan landamerkja þeirra á sama máta og annað landsvæði þeirra.

Á því er byggt að hugmyndir ríkisins þess efnis að svæði þessi hafi aldrei verið undirorpin beinum eignarrétti og nýting þeirra hafi ekki verið með þeim hætti séu úr lausu lofti gripnar og stangist á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði. Samkvæmt þessum skjölum sé ljóst að allt land á Snæfellsnesi hafi verið háð beinum eignarrétti. Þá sé ekkert fram komið sem bendi til þess að svæðin hafi verið undirorpin annars konar eignarrétti. Landsvæðin séu beintengd öðrum hlutum jarðanna og ekkert sérstakt aðskilji þau frá þeim á þann hátt að ótækt sé að telja þessa hluta jarðanna sem eignarlönd, rétt eins og aðra hluta þeirra.

Gagnaðilar íslenska ríkisins í málinu byggja allir á því að um sé að ræða land jarða frá öndverðu og að fornar merkjalýsingar styðji við það. Jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðjist við eldri heimildir, sé eignarland. Sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Megi í þessu sambandi vísa til dóms Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð), frá 7. október 2010 í máli nr. 722/2009 (Hvammur/Hvamsheiði í Þistilfirði) og frá sama degi í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi á Álandstungu), sem og úrskurðar óbyggðanefndar í máli nr. 2/2009 um Kolbeinsdals-afrétt (Hólaafrétt).

Landamerkjalyýsingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfar gildistöku landamerkjaganna 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum, svo sem lögfestum, máldögum og eldri landamerkjabréfum. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna, sem landeigendur telji að leiði til þess að þarna hafi orðið til fullkomnar heimildir um landamerkin og þar með eignarrétt þinglýstra eigenda. Þessi landamerki og þetta fyrirkomulag beri að virða að mati landeigenda. Þess sé krafist að land sem í tugum ára hafi verið talið innan þinglýstra landamerkja jarða teljist eignarland.

Á þessi sjónarmið hafi óbyggðanefnd fallist í *Almennum niðurstöðum* sínum og sú niðurstaða hafi verið staðfest í meginatriðum af Hæstarétti, sbr. áður nefndan dóm réttarins frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Úthlíð og efstu lönd í Biskupstungum), þó þannig að rétturinn telji að meta verði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig. Þegar landamerkjabréf þeirra landsvæða sem nú sé fjallað um séu skoðuð með hliðsjón af eldri heimildum um jarðirnar, sem og í ljósi landfræðilegrar staðsetningar hins umþrætta lands, hljóti niðurstaðan að vera sú að ekki sé um þjóðlendu að ræða á þessu svæði. Merkjalyásingar nái hér víða upp á háfjöll og vatnaskil. Engar heimildir séu um afréttaralmenning heldur beri heimildir með sér að allt land á þrætusvæðið heyri vissum jörðum til.

Með vísan til *Landnámu* sé ljóst að hin umþrættu lönd hafi verið í óslitinni einkaeign frá landnámi, en ekki almenningar eða afréttir. Landeigendur telji því að fyrir liggja að allt land á Snæfellsnesi hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og afréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land á svæðin hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum, sbr. meðal annars *Sýslu- og sóknalýsingar* frá 1839–1875 þar sem segi um Breiðuvíkurrepp að ekki séu þar afréttarlönd og því síður almenningar, þar sem fjöllin séu ekki annað en heimalönd.

Hamraendar, Stóru-Hnausar, Hellnajarðir og Miðvellir séu jarðir með þinglýstum landamerkjabréfum sem ekki fari í bága við eldri heimildir. Þess vegna hafi ríkið sönnunarbyrðina fyrir því að innan merkja jarðanna sé þjóðlendur að finna. Hér sé því um eignarlönd að ræða og því beri að hafna þjóðlendukröfum til þeirra.

Þótt heimalönd sumra stórjarða séu geysivíðfeðm hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd. Í því sambandi er m.a. vísað til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), frá 20. september 2012 í máli nr. 65/2012 (Reykjahlíð), frá 7. október 2010 í máli nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði), frá 7. október 2010 í máli nr. 722/2009 (Hvammur/Hvammsheiði) og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls). Ágreiningssvæðinu hafi ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalöndum jarðanna og ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðanna að þessu leyti.

Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landi styðji þá niðurstöðu að svæðið verði talið undirorpið beinum eignarrétti og þar með að þjóðlendukröfu verði hafnað. Landsvæðið sé ekki mjög hálent og vel gróið, að stórum hluta. Þar að auki sé svæðið umlukið öðrum jörðum sem taldar hafi verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að þetta svæði hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar jarðeignir á svæðinu.

Notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hafi hvorki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almenningsafrétta, né heldur hafi það staðið almenningi frítt til afnota. Landsvæðið falli ekki undir forna skilgreiningu lögbókanna fornu um afrétti:

„það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman“. Þvert á móti hafi umþrætt landsvæði verið nýtt af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að það hafi verið numið til eignar.

Engar heimildir séu um að land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti eða eignarréttur á því týnst. Engar fornar heimildir finnast um slíkt. Þau fáu skrif sem til séu um svæðið bendi einmitt til hins gagnstæða, þ.e. að hið umþrætta land hafi tilheyrt Hamraendum, Stóru-Hnausum, Miðvöllum og Hellnajörðum.

Ítreka beri hve geysiverðmæt fjallbeitin hafi verið. Á þjóðveldisöld hafi vaðmál verið helsta útflutningsvara og gjaldmiðill Íslendinga. Allir viti hvernig skógarbeit fari með ullina. Hún hangi eftir í kjarrinu. Megi hvað þetta varðar benda á grein Hákonar Bjarnasonar, skógræktarstjóra, í ársriti Skógræktarfélags Íslands árið 1974. Þar bendi hann réttilega á hve verðmæt beitolönd ofan skógarmarka hafi verið meðan birki og víðikjarr hafi verið ráðandi gróður „milli fjalls og fjöru“. Því sé ljóst að eigendur þeirra jarða sem hafi átt slíka fjallbeit hafi reynt að halda í hana eftir mætti.

Í ljósi framangreinds sé því haldið fram að land innan þinglýstra landamerkjia Hamraenda, Stóru-Hnausa, Miðvalla og Hellnajarða sé allt eignarland. Styðjist það við framangreindar eignarheimildir en einnig við fullnaða hefð. Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkjia jarða teljist eignarland.

Hefð megi rekja allt til Rómarréttar og hún sé skyld námi, þannig að segja megi að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi taldist lokið. Hefð hafi síðan fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga nr. 46/1905, um hefð. Fyrstu grein þeirra sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé greinin ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt því megi fremur segja að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð lands, sem sé í opinberri eigu, þá hljóti þeim mun fremur að vera unnt að hefða land sem sé ekki eignarrétti háð. Í dómi Hæstaréttar í dómasafni 1955, bls. 108 (Landmannaafreitur I), sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð geti unnist á landi sem sé í afréttareign. Hið sama megi lesa út úr lokamálsgrein 3. gr. þjóðlendlulaga nr. 58/1998.

Fræðimenn hafi talið að eignarhefð verði unnin á landi, hvort sem það sé afréttur eða almenningur, sé skilyrðum hefðar á annað borð fullnægt, en gera verðistrangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að ræða. Því sé þó alls ekki haldið fram að umþrætt landsvæði hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum heldur bendi allt til þess að landið hafi verið numið, meðal annars gróðurfar og heimildir um búsetu. Sjónarmiðin um hefð séu því til staðfestingar náminu, þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt þessara aðila.

Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Smölun sauðfjár hafi ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hafi getað nýtt landið til beitar, hvað

þá annars, nema með samningum við landeigendur. Þá hafi þeir borgað af jörðum sínum lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Í dómi Hæstaréttar í dómásafni 1997, bls. 2792 (Laugavellir), hafi eignarhefð verið viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt hafi stutt rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í dómi Hæstaréttar í dómásafni 1939, bls. 28 (Einarsnes), hafi eignarhefð einnig talist fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Í ljósi framangreindra heimilda telji gagnaðilar íslenska ríkisins að þeir, með hliðsjón af framangreindum gögnum og fyrirbyggjandi upplýsingum um staðhætti, gróðurfar og nýtingu, hafi réttmæta ástæðu til að ætla að þau svæði sem lýst sé í landamerkjabréfum séu fullkomnar eignir þeirra. Þessar væntingar njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. sammingsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu. Líkt og að framan greini hafi Mannréttindadómstóll Evrópu túlkað 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmálann, þannig að hann veiti eignarréttinum jafnvel enn ríkari vernd en 72. gr. stjórnarskrárinnar. Í þessu ljósi verði lög nr. 58/1998 ekki skýrð á þá leið að gagnaðilarnir þurfi að sýna frekar fram á en þegar hafi verið gert að umrædd landsvæði, eins og þau séu afmörkuð í landamerkjabréfum, séu utan þjóðlendu.

Kröfugerðir gagnaðila íslenska ríkisins séu meðal annars byggðar á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessum eignum sínum, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum. Landamerkjabréf jarðanna séu löglega frágengin og þau fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og að jarðirnar hafi verið skráðar í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Þjóðskjalasafnið hafi lagt fram greinargerð um sögu svæðanna og sé sérstaklega vísað til hennar af hálfu gagnaðilanna. Um landsvæðin vísist einnig til umfjöllunar lögmanns ríkisins í kröfugerð og greinargerð um þær heimildir sem hafi fylgt kröfuflysingum gagnaðila. Ekki verði af heimildum þessum ráðið annað en að allt land á Snæfellsnesi hafi verið numið í öndverðu.

Gagnaðilar íslenska ríkisins leggi áherslu á þau tengsl sem séu milli þeirra eignarheimilda sem þeir færi fram til sönnunar á eignartilkalli sínu. Sú víðtekna meginregla gildi í eignarrétti að ein eignarheimild geti stutt aðra. Hefð, venjuréttur og réttmætar væntingar styrki enn frekar þann rétt sem tiltekinn sé í þinglýstum eignarheimildum.

Í dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002 hafi dómurinn farið þá leið að túlka framlagðar eignarheimildir með þeim hætti að hver gæti stutt aðra. Þar hafi verið tekin afstaða til sjónarmiða landeigenda um réttmætar væntingar eins og þær hafi komið fram í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu. Sú umfjöllun standi óröskuð af Hæstarétti, sbr. dóm réttarins frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum).

Vísað sé til þess að um málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd gildi ákvæði stjórnslulaga, nr. 37/1993, sem byggist á almennum óskráðum meginreglum stjórnsluréttar. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnsluréttar, sem lögfest hafi verið með 12. gr. stjórnslulaga, beri ríkisvaldinu ætíð að hafa meðalhóf að leiðarljósi í samskiptum sínum við borgarana, sér í lagi að því er varðar íþyngjandi ákvarðanir. Landeigendur verði á þeim grundvelli hvorki sviptir eignarréttindum sínum bótalaust, né á þá lögð óhófleg sönnunarbyrði.

Við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd sé óhjákvæmilegt að líta til reglna um sönnun og mat sönnunargagna sem gildi fyrir dómi við meðferð einkamála, sbr. ákvæði VI.–XII. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarrétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignarrétt sinn. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarendi rétt yfir eigninni þar til annað sannist. Í því sambandi er vísað til dóms Hæstaréttar í dómasafni 1961, bls. 629. Landeigendur telji sig hafa sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa. Eldri heimildir mæli þeim almennt ekki í mót heldur þvert á móti staðfesti þær. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrædd lönd landeigenda séu ekki fullkomnar eignir þeirra.

Vísist einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum hafi verið sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland og sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt hafi það verið niðurstaða óbyggðanefndar að vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeiganda í vil, ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fara ekki í bága við eldri heimildir, bendi til beins eignarréttar.

Að sömu niðurstöðu hafi Héraðsdómur Suðurlands einnig komist í dómi sínum frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002, sem hafi staðið óbreyttur í Hæstarétti, sbr. dóm frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framfréttur og efstu jarðir í Biskups-tungum), þótt rétturinn teldi að meta yrði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig.

Gagnaðilar íslenska ríkisins vísa sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál skuli hljóta sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna.

Einnig hafi verið litið til þess af Mannréttindadómstól Evrópu að skoða verði 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttinasáttmála Evrópu með hliðsjón af jafnræðisreglu sáttmálans sem orðuð sé í 14. gr. hans. Það ákvæði mæli fyrir um að gæta verði jafnræðis milli þeirra sem njóti þeirra réttinda sem sáttmálanum sé ætlað að vernda. Þannig hafi oft í dómum mannréttindadómstólsins verið litið svo á að þótt ákveðin háttsemi hafi ekki talist brjóta gegn reglunni um friðhelgi eignarréttar hafi háttsemin talist brot á þeirri reglu með hliðsjón af jafnræðisreglunni. Landeigendur hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningar ríkisvaldsins á þeim lengi haft réttmætar ástæður til

að vænta þess að jarðirnar væru í heild háðar beinum eignarrétti. Önnur og þyngri sönnunarbyrði verði því ekki lögð á þá en aðra landeigendur á Íslandi.

Gagnaðilar íslenska ríkisins mótmæla kröfugerð ríkisins um þjóðlendur inn á landsvæði þau sem þeir kalla til réttinda á. Af hálfu þeirra er því haldið fram að svo virðist sem einkum sé byggt á því af hálfu ríkisins að land það sem um ræðir hafi ekki verið numið í öndverðu og að það hafi einkum verið nýtt sem afréttur. Þetta leiði til þess að landið sé þjóðlenda. Þessum sjónarmiðum sé mótmælt af hálfu landeigenda.

Af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land á þessu svæði hafi verið numið, og landnám hafi verið samfelld. Í dómaframkvæmd hafi *Landnáma* einnig verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti. Sem dæmi þar um megi nefna dóm Hæstaréttar í dómasafni 1960, bls. 786 (Skeljabrekka), og dóm réttarins í dómasafni 1994, bls. 2227 (Geitland). Landeigendur telji að taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem réttarheimild. Hins vegar verði að telja þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til þessa landsvæðis örökstudda, enda sé hún ekki reist á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Þvert á móti bendi allt til þess að svæðið hafi verið numið og nýtt allar götur síðan. Landsvæðið hafi þannig allt frá landnámi verið eigendum þess nauðsynlegt til þess að lifa af á hinu harðbýla Íslandi.

Ósannaðar séu röksemdir fjármálaráðherra þess efnis að svæðin hafi ekki verið numin til beinnar eignar, heldur aðeins til afnota. Svæðin hafi verið numin og nýtt með öllum mögulegum hætti, eftir fremsta megni hverju sinni. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af jörðunum lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta. Smölun sauðfjár hefi ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hafi getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Sé þetta skýlaus sönnun þess að svæðið sé háð beinum eignarrétti.

Það sé einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í mörgum málum, til dæmis frá 7. október 2010 í máli nr. 748/2009 (Vatnsendi), og frá 29. september 2011 í máli nr. 40/2011 (sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls), að landnám hafi almennt verið samfelld á Íslandi. Ríkið viðurkenni að land aðliggjandi jörðinni sé eignarland og því hljóti að gilda það sama um önnur aðliggjandi lönd.

Íslenska ríkið byggi á því að landsvæði það sem um ræði sé utan landamerkjálýsinga jarða á svæðinu. Þessu er mótmælt sérstaklega af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, sbr. nánari umfjöllun í eftirfarandi undirköflum um einstakar jarðir.

Um lagarök er af hálfu allra þeirra gagnaðila íslenska ríkisins sem kalla til eignarréttar á því svæði sem hér er til umfjöllunar vísað til meginreglna eignarréttar og stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sérstaklega 72. gr. og 65. gr. hennar. Einnig er vísað til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við hann. Þá er vísað til landamerkjalaga nr. 41/1919, laga nr. 46/1905 um hefð og laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Enn fremur er vísað til venjuréttar og til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga. Jafnframt er

vísað til almennra meginreglna stjórnásluréttar sem ákvæði stjórnáslulaga nr. 37/1993 séu byggð á. Sérstaklega er vísað til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnásluréttar. Vísað er til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25.–27. gr., og laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Jafnframt er vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (þjóðlendulaga), einkum 1. gr., 5. gr., 15. gr., 17. gr., 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. Varðandi kröfu um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga.

6.3.2.2.1 Hamraendar

Af hálfu þeirra gagnaðila íslenska ríkisins sem eru eigendur Hamraenda er sérstaklega byggt á því að heimildarskjöl, forn og ný, sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt eigenda Hamraenda í gegnum tíðina. Beri þar meðal annars að nefna landamerkjabréf fyrir jörðina Hamraenda þar sem segi um landamerki jarðarinnar:

Á milli Grafar og Hamraenda, er sjónhending úr Baululækjarauga í mitt Bauludý og þaðan í Þrísteina, þaðan í fjallseggjar. [...] Á milli Faxastaða og Hamraenda ræður Barná í Barnárauga, þar sem mætast landamerki Faxastaða og Stóru-Hnausa, og úr þeim sjónhending í stóran stein, se, kallast Oddur og þaðan í Hamraendalækjarupptöku.

Landamerkjabréfið hafi verið áritað um samþykki eigenda aðliggjandi jarða og bréfið þinglesið. Þá er einnig vísað í örnefnaskrá Lúðvíks Kristjánssonar fyrir Hamraenda, Stóru-Hnausa og Litlu-Hnausa, skráða árið 1935, og örnefnaskrá fyrir Hamraenda, skráða 20. maí 1977, þar sem segi m.a.:

Hamraendar eiga í hæstu eggjar á Hamraendafjalli, en það er um langan hrygg sem nær frá Barnárdrögum og austur að Kambsskarði. Af þessum hrygg fer svo að halla norður af.

Þá liggi fyrir ýmis eldri gögn til stuðnings lýsingum í landamerkjabréfinu og þar með beinum eignarrétti að landsvæðinu. Krafa eigenda Hamraenda byggist á þinglýstum afsölum, *Sýslu- og sóknalýsingum*, jarðamati og jarðabókum og fleiri skjölum er varði Hamraenda. Lýsingin eigi sér meðal annars stoð í óársettri lögfestu fyrir Hamraenda frá því um árið 1800.

Íslenska ríkið byggi á því að landsvæði það sem um ræði sé utan landamerkjalyýsinga jarða á svæðinu. Þessu er mótmælt sérstaklega af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins. Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Hamraenda segi um landamerki milli Hamraenda og Grafar að merki jarðarinnar nái upp í fjallseggjar. Í framangreindri örnefnaskrá fyrir Hamraenda, skráðri 20. maí 1977, segi að Hamraendar „eiga í hæstu eggjar á Hamraendafjalli en það er um langan hrygg sem nær frá Barnárdrögum og austur að Kambsskarði. Af þessum hrygg fer svo að halla norður af.“ Þá sé á það fallist í greinagerð ríkisins, dagsettri 26. nóvember 2018, vegna jarðarinnar Fossárdals að landamerki jarðarinnar séu dregin eftir vatnaskilum við Hamraendafjall. Af þessu og framan­greindum heimildum megi sjá að landamerki Hamraenda nái upp í hæstu eggjar Hamraendafjalls. Landeigendur telji rétt að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt sé á

Þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað sé við hvert regndropi falli, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár). Landeigendur árétti að almennt sé miðað við vatnaskil og fjallseggjar um efri merki jarða á svæðinu og hafi almennt ekki þótt rík þörf á að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau voru rituð. Á það sé bent að lög um landamerki hafi verið til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til væru eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Landeigendur telji í ljósi framangreinds að miða beri við um merki Hamraenda að ofanverðu að farið sé eftir fjallseggjum og vatnaskilum og stuðst verði við upptök Barnár sem hornpunkt að vestanverðu.

6.3.2.2 Stóru-Hnausar

Af hálfu þeirra gagnaðila íslenska ríkisins sem eru eigendur Stóru-Hnausa er sérstaklega byggt á því að heimildarskjöl, forn og ný, sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt eigenda Stóru-Hnausa í gegnum tíðina. Beri þar meðal annars að nefna landamerkjabréf fyrir jörðina Stóru-Hnausa þar sem segi um landamerki jarðarinnar:

Á milli Litlu-Hnausa og Stóru-Hnausa, úr Torfárhólma í upptök Torfár og þaðan sjónhending í Rauðfeldarhjá. [...] Á milli Faxastaða og Stóru-Hnausa, úr Balasteini í Mókolluþúfu, út Mókolluþúfu í Smirilsstein og þaðan í Gyltutótt, svo úr Gyltutótt í Barnárauga. [...] Á milli Hamraenda og Stóru-Hnausa, úr Barnsá, þar sem hún fellur fram af hamrinum í stein, sem stendur við Hamraendalæk að austan verðu, og þaðan í upptök Hamraendalækjar. [...] Rekamerki milli Faxastaða og Stóru-Hnausa, eru úr Balasteini og í stóran stein fyrir austan Hamraendalæk, sem kallaður er Oddur, þaðan í grjótskriðu fyrir vestan Hamraendalæk.

Landamerkjabréfið hafi verið áritað um samþykki eigenda aðliggjandi jarða og þinglesið. Þá er einnig vísað í örnefnaskrá Lúðvíks Kristjánssonar fyrir Hamraenda, Stóru-Hnausa og Litlu-Hnausa, skráða árið 1935, þar sem segi m.a.:

Fyrir utan Barná er Stóru-Hnausahlíð. Hryggurinn, sem er næstur upp undan Stóru-Hnausum, uppi í hrauninu, heitir Skolli. Niður með Stóru-Hnausahrauni að sunnan er Löngulág. Beint út undan Stóru-Hnausum eru Vatnslágar. Fyrir utan Stóru-Hnausahraun er Stóru-Hnausabotn og nær hann út undir Rauðfeldargjá í Botnsfjalli, en upp undan botninum eru Botnsfjall. Fyrir ofan hraunið að bera í Jökulþúfunu er Náttmálahnúkur og enn ofar Brennivinsþúfa.

Þá liggja fyrir ýmis eldri gögn til stuðnings lýsingum í landamerkjabréfinu, og þar með beinum eignarrétti að landsvæðinu. Krafa eigenda Stóru-Hnausa byggist á þinglýstum afsölum, *Sýslu- og sóknalýsingum*, jarðamati og jarðabókum og fleiri skjölum er varða Stóru-Hnausa. Lýsingin eigi sér meðal annars stoð í landamerkjaskoðun sýslumannsins í Snæfellsnessýslu á milli Hamraenda og Stóru-Hnausa frá 20. maí árið 1824.

Íslenska ríkið byggi á því að landsvæði það sem um ræði sé utan landamerkjalyýsinga jarða á svæðinu. Hvað varðar Stóru-Hnausa telji landeigendur rétt að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt sé á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað sé við hvert regndropi falli, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár). Landeigendur árétti að almennt sé miðað við vatnaskil og fjallseggjar um efri merki jarða á svæðinu og hafi almennt ekki þótt rík

þörf á að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau voru rituð. Á það sé bent að lög um landamerki hafi verið til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til væru eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Landeigendur telji í ljósi framangreinds að miða beri við um merki Stóru-Hnausa að ofanverðu að farið sé eftir fjallseggjum og vatnaskilum og stuðst verði við upptök Barnár sem efsta punkt.

6.3.2.2.3 *Hellnajarðir*

Af hálfu þeirra gagnaðila íslenska ríkisins sem eru eigendur Hellnajarðanna Gíslabæjar, Brekkubæjar, Skjaldartraðar og Laugarbrekku er sérstaklega byggt á því að heimildarskjöl, forn og ný, sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt þeirra að óskiptu landi Hellna í gegnum tíðina. Beri þar meðal annars að nefna landamerkjabréf fyrir jörðina Hellna frá 27. ágúst 1887 þar sem segir um landamerki Hellna:

1. Milli Hellna og Arnarstapa. Klettur tveir standa í sjó fram af snös þeirri sem gengur vestan fram með Skollabrunni, úr dýpri klettinum sem bæði er hærri og meiri um sig, en sjónhending í fornan grjótgarð, sem liggur frá þjóðveginum á fyrinefndri snös upp í hraunið, sem liggur fram að Skollabrunni austan til við Sjóartröð, og helst sama sjónhending í merkja strýp, sem er klettur all stór í vestri hlíð Stapafells, Jökuls megið við Hjartað. 2. Milli Hellna og Hleinarpláss. Á tünamerkjum milli Gíslabæjar og Melabúðar eru þrjár merkja steinar, einn fram við bjargbrún, annar í melbrún og hinn þriðji í gömlum túngarði milli stóruflatar að ofan og Melabúðar-traðar að neðan frá honum er sjónhending yfir ofanvert Hellnanes (Hveifarnes) í grjótgarðsspotta fram á bökkunum fyrir austan Króarfjöru í sjó fram, en undir bjarginu eru rekamerkin sjónhending úr merkjasteininum í melbrúninni í merkjasteinin á bjargbrúninni í sjó fram. 3. Milli Hellna og Miðvalla. Rekamerki eru klettasnös sú vestan til við Merarvík, sem uppgangurinn liggur eftir, en á land upp er sjónhending frá uppganginum í Grænurúst, og þaðan aftur í steinin í Steinhvammi og þaðan sjónhending í miðja Djúpugróf beint í fjall upp.

Landamerkjabréfið hafi verið áritað um samþykki eigenda aðliggjandi jarða og þinglesið. Einnig er vísað í landamerkjabréf fyrir jörðina Gíslabæ við Hellna, frá 11. júní 1885, þar sem segi m.a. að „Hellnaland [sé] óskipt til afnota allra hlutaðeigandi lögbýla á milli.“

Þá liggi fyrir ýmis eldri gögn til stuðnings lýsingum í landamerkjabréfinu og þar með beinum eignarrétti að landsvæðinu. Lýsingin eigi sér meðal annars stoð í skiptum á Hellnalandi milli þriggja bræðra sem hafi verið skjalfest dagana 10. og 13. október árið 1560, kölluð „Hellna jarða landamerki“. Jafnframt eigi lýsingin sér stoð í þremur vitnisburðum frá 17. öld, þeim elsta dagsettu í október árið 1622, vitnisburði Ólafs Ingimundarsonar um landamerki Hellna og Miðvalla. Einnig fjórum vitnisburðum um landamerki Hellisvalla sem hafi allir verið útgefnir árið 1789. Landamerkja Hellna og Hellnajarða sé einnig getið í uppskrift af landsreglu á Hellirsvöllum frá 8. maí 1804.

Íslenska ríkið byggi á því að landsvæði það sem um ræði sé utan landamerkjalyýsinga jarða á svæðinu. Samkvæmt landamerkjabréfi Hellna, frá 27. ágúst 1887, segi um landamerki milli Miðvalla og Hellna að merki jarðanna nái úr „Djúpugróf beint í fjall upp“.

Af þessu og ofangreindum heimildum um jarðinar megi sjá að landamerki Miðvalla og Hellna náí upp í hæstu fjallseggjar upp undir jökli. Eigendur jarðanna telji jafnframt rétt að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt sé á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað sé við hvert regndropi falli, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár). Landeigendur árétti að almennt sé miðað við vatnaskil og háeggjar um efri merki jarða á svæðinu og hafi almennt ekki þótt rík þörf á að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau voru rituð. Á það sé bent að lög um landamerki hafi verið til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til væru eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Landeigendur telji í ljósi framangreinds að miða beri við um merki Miðvalla og Hellna að ofanverðu að farið sé eftir fjallseggjum og vatnaskilum.

6.3.2.2.4 Miðvellir

Af hálfu þeirra gagnaðila íslenska ríkisins sem eru eigendur Miðvalla er sérstaklega byggt á því að heimildarskjöl, forn og ný, sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt eigenda Miðvalla í gegnum tíðina. Beri þar meðal annars að nefna landamerkjabréf fyrir jörðina Hellna frá 27. ágúst 1887 þar sem segi um landamerki milli Hellna og Miðvalla:

Rekamerki eru klettasnös sú vestan til við Merarvík, sem uppgangurinn liggur eftir, en á land upp er sjónhending frá uppganginum í Grænurúst, og þaðan aftur í steininn í Steinhvammi og þaðan sjónhending í miðja Djúpugróf beint í fjall upp.

Landamerkjabréfið hafi verið áritað um samþykki eigenda Miðvalla og aðliggjandi jarða og þinglesið. Þá er einnig vísað í dóm vegna landamerkjadeilu milli eigenda Miðvalla og Dagverðará, afsagðan 12. ágúst 1795 og upplesinn fyrir manntalsþingrétti að Brekkubæ 19. maí 1824, þar sem segi m.a.:

Svo sem að bæde fleiri og sterkari vitni segia að Dagvard[a]rá [svo] skuli ráða Landamerkium að nedan og ecki Krumma[v]jarða en ollum beri saman um að midt Stagfell að of[a]n (!), ár Farvegurinn kann ecki heldur að hafa breitt so [m]okid að hann hafi nockurn tjma verid hiá Krumma[v]jordu, Landid sínir sig siálfst á jafndýrum jordum [?]líkt að vera á Prop(r)ietair [svo] Jordinni Dagverðará og kongs[j]jordunni Midvillum ef Dagverðará skyldi e[i]ga í Krumma[v]jordu og Midvellir ecki nema þar fyrir austan. Þá í an[l]jeding af ollu þessu álitst fyrir Rétt: Ad landamerki milli kongsjardarinnar Midvalla og Proprietair [svo] Jardarinnar Dagvardará [svo] skulu hier eptir álitast, að ofan í midt Stagafell og að nedan í Steinin[n] í ána Siónhending, so að Midvellir eigae alt þar fyrir Austan, og Dagverðará að vestan.

Ekkert eiginlegt landamerkjabréf sé til fyrir Miðvelli og sé því stuðst við framan- greindar heimildir. Hins vegar séu til heimildir fyrir því að landamerki Miðvalla hafi verið lögfest á manntalsþingi höldnu að Brekkubæ 20. maí 1857, með lögfestu dagsettri 18. maí 1857, en landamerkjálýsingin hafi þó ekki verið færð til bókar.

Þá liggi fyrir ýmis eldri gögn til stuðnings lýsingum í landamerkjabréfinu, og þar með beinum eignarrétti að landsvæðinu. Lýsingin eigi sér meðal annars stoð í þremur vitnisburðum frá 17. öld, þeim elsta dagsettum í október árið 1622, vitnisburði Ólafs Ingimundarsonar um landamerki Hellna og Miðvalla.

Íslenska ríkið byggir á því að landsvæði það sem um ræði sé utan landamerkjalyýsinga jarða á svæðinu. Samkvæmt landamerkjabréfi Hellna, frá 27. ágúst 1887, segi um landamerki milli Miðvalla og Hellna að merki jarðanna nái úr „Djúpuþróf beint í fjall upp“. Af þessu og ofangreindum heimildum um jarðinar megi sjá að landamerki Miðvalla og Hellna nái upp í hæstu fjallseggjar upp undir jökli. Eigendur jarðanna telji jafnframt rétt að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt sé á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað sé við hvert regndropi falli, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari-Jökulsár). Landeigendur árétti að almennt sé miðað við vatnaskil og háeggjar um efri merki jarða á svæðinu og hafi almennt ekki þótt rík þörf á að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau voru rituð. Á það sé bent að lög um landamerki hafi verið til að fastsetja þau og þess vegna oft ekki að vænta að til væru eldri heimildir um nákvæm landamerki jarða. Landeigendur telji í ljósi framangreinds að miða beri við um merki Miðvalla og Hellna að ofanverðu að farið sé eftir fjallseggjum og vatnaskilum.

6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar ágreiningssvæðisins er rakin í kafla 5 hér að framan. Eins og áður segir byggja gagnaðilar íslenska ríkisins, eigendur Hamraenda, Stóru-Hnausa, Hellna og Miðvalla, á því að hlutar svæðisins tilheyri þessum jörðum. Að auki byggja þeir á því að hluti svæðisins tilheyri jörðinni Arnarstapa. Ekki hafa þó komið fram kröfur um að síðastnefndur hluti svæðisins sé eignarland enda er hún í eigu íslenska ríkisins. Að auki háttar svo til um þrjá aðgreinda hluta svæðisins til viðbótar að enginn hefur gert kröfu um að þeir teljist til eignarlanda. Í fyrsta lagi er þar um að ræða svæði vestast á kröfusvæði ríkisins, sunnan Snæfellsjökuls og vestan þess lands sem gerð er krafa til vegna Miðvalla. Í öðru lagi svæði norðaustan Snæfellsjökuls, vestan þess lands sem gerð er krafa til vegna Hamraenda og Stóru-Hnausa og norðan þess svæðis sem byggt er á að tilheyri jörðinni Arnarstapa. Í þriðja lagi þríhyrningslaga svæði austan þess lands sem gerð er krafa til vegna Hamraenda. Eftirfarandi umfjöllun tekur til þjóðlendukröfusvæðisins alls, eftir því sem við á, þar með talið þeirra svæða sem einungis er gerð krafa um af hálfu íslenska ríkisins.

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum á svæðinu er lýst í heimildum. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar, en kröfulínum málsaðila er lýst í kafla 3. Við þessa athugun verða kannaðar heimildir um merki ágreiningssvæðisins og einnig heimildir um merki aðliggjandi landsvæða. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Ekki liggur fyrir heildstæð lýsing á merkjum ágreiningssvæðisins, enda byggir íslenska ríkið afmörkun þjóðlendukröfulínunnar á túlkun heimilda um landamerki aðliggjandi jarða og telur að svæðið sé utan þeirra. Gagnaðilar íslenska ríkisins telja hins

vegar að jarðir þeirra nái inn á ágreiningssvæðið og er ágreiningur milli aðila um túlkun landamerkjalyýsinga. Við úrlausn málsins reynir því fyrst og fremst á túlkun fyrir- liggjandi heimilda um merki þeirra jarða sem liggja að ágreiningssvæðinu.

Að norðanverðu kröfufusvæðinu liggur óumdeilt eignarland Fossárdals. Vestan við það er Snæfellsjökull en um þjóðlendukröfu íslenska ríkisins sem tekur til hans verður fjallað í kafla 6.4. Að sunnanverðu liggja að svæðinu, talið frá vestri til austurs, óum- deild eignarlönd jarðanna Dagverðarár, Miðvalla og Hellna. Austan við svæðið eru, talið frá suðvestri til norðausturs, óumdeild eignarlönd Arnarstapa, Grímsstaða, Litlu- Hnausa, Stóru-Hnausa, Faxastaða, Hamraenda og Grafar.

Verða nú norðurmörk ágreiningssvæðisins fyrst tekin til skoðunar. Af hálfu íslenska ríkisins er þeim lýst svo í kröfugerð:

Upphafspunktur er á vatnaskilum við Hamraendafjall sunnan við Folahnúk (1), þaðan er farið eftir vatnaskilum milli norðurs og suðurs, vestur í Geldingafell eystra (2), þaðan stystu leið að jökuljaðri Snæfellsjökuls (3) ...

Fyrir liggja gögn frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskila á umræddu svæði og kröfulína íslenska ríkisins er dregin í samræmi við þau. Íslenska ríkið byggir á því að land sunnan fyrrgreindra merkja sé svæði utan eignarlanda. Það sé utan landamerkja aðliggjandi jarða, eins og þau séu afmörkuð í landamerkjabréfum og öðrum landa- merkjalýsingum. Hins vegar byggja gagnaðilar íslenska ríkisins vegna Hamraenda á því að umrædd norðurmerki ágreiningssvæðisins séu jafnframt merki Hamraenda til norðurs og þar með að eignarland Hamraenda sé innan þjóðlendukröfufusvæðisins, en nánar verður fjallað um það í umfjöllun um austurmörk ágreiningssvæðisins.

Eins og áður segir liggur land jarðarinnar Fossárdals að norðanverðu ágreiningssvæðinu. Í landamerkjabréfi Fossárdals, dagsettu 18. júní 1885 og þinglýstu 20. sama mánaðar, er austurmerkjum jarðarinnar gagnvart Bugum og Arnarhóli lýst svo:

a. Fyrst frá Folahnjúk er stendur á fjallseggjunum, þaðan í b. Miðfossa, sjóhending þaðan í c. Tvísteina, þaðan í d. Merarvörðu, þaðan í e. Blindaugu, þaðan í f. Hleinar- höfuð í sjó út.

Í bréfinu er vesturmerkjum Fossárdals gagnvart Ólafsvík lýst svo: „... ræður Fossá frá Geldingafelli í sjó út.“ Landamerkjabréfið er áritað um samþykki ábúanda í Ólafsvík. Í öðru landamerkjabréfi Fossárdals, frá 20. júní 1889 og þinglýstu 25. sama mánaðar, er að finna samhljóða lýsingu á merkjum jarðarinnar og það er áritað um samþykki af ábúendum á Innri-Bug, Ólafsvík og Arnarhóli, ásamt umboðsmanni Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs. Eldri heimildum um merki Fossárdals er ekki fyrir að fara.

Af landamerkjabréfunum er ljóst að syðstu merkjapunktur Fossárdals eru annars vegar Geldingafell að vestanverðu og hins vegar Folahnúkur að austanverðu. Merkjum til fjalla milli þessara syðstu punkta er þó ekki lýst.

Í upphaflegri kröfugerð íslenska ríkisins var þjóðlendukröfulínan dregin beint á milli Folahnúks og Geldingafells en henni var breytt til samræmis við kröfugerð eiganda Fossárdals, sem miðaðist við vatnaskil, og lét eigandi Fossárdals málið ekki frekar til sín taka eftir breytinguna. Íslenska ríkið byggir nú á að eðlilegt sé að draga línuna milli

framangreindra merkja um vatnaskil. Að mati óbyggðanefndar mæla heimildirnar því ekki í mót að línan sé dregin með þessum hætti milli syðstu punkta á merkjum Fossárdals, enda liggja punktarnir á vatnaskilum og algengt er að mörk fasteigna á fjallsbrúnum liggi um vatnaskil þegar svo háttar til.³⁸⁹

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að fyrirliggjandi heimildir styðji að suðurmerki Fossárdals gagnvart ágreiningssvæðinu séu með þeim hætti sem þeim er lýst af hálfu málsaðila. Eins og áður segir miða gagnaðilar íslenska ríkisins vegna Hamraenda jafnframt norðurmörk kröfu sinnar við sömu línu. Það hversu langt til norðurs land Hamraenda nær verður skoðað í tengslum við umfjöllun um austurmörk ágreiningssvæðisins hér á eftir.

Verða nú vestur- og suðurmörk ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Af hálfu íslenska ríkisins er þeim lýst svo í kröfugerð:

... Geldingafell eystra (2), þaðan stystu leið að jökuljaðri Snæfellsjökuls (3), jökuljaðrinum er fylgt suður og síðan vestur að þeim stað á jökuljaðrinum sem er á móts við Merkjahrygg (4) sem er á merkjum milli jarðanna Malarrífs og Dagverðarár, þaðan úr jökuljaðrinum beina sjónhendingu í Stagfell (5) og þaðan beina sjónhendingu í merkjastrípu (stóran klett) í vesturhlíð Stapafells (6) ...

Íslenska ríkið byggir á því að land austan og norðan fyrrgreindra merkja sé svæði utan eignarlanda. Það sé utan landamerkja aðliggjandi jarða, eins og þau séu afmörkuð í landamerkjabréfum og öðrum landamerkjálýsingum. Eigendur Miðvalla og Hellnajarða gera hins vegar kröfur til hluta ágreiningssvæðisins, aðliggjandi Snæfellsjökli, og raunar einnig hluta jökulsins, byggðar á því að um sé að ræða svæði innan landamerkja jarðanna. Auk þess eru eins og áður segir svæði bæði norðaustan og sunnan jökulsins þar sem enginn gerir kröfur um beinan eignarrétt. Óumdeilt eignarland Hellna og Miðvalla liggur að sunnanverðu ágreiningssvæðinu.

Sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er sérstaklega til skoðunar afmarkast að vestanverðu af jökulrönd Snæfellsjökuls eins og hún var við gildistöku laga nr. 58/1998 1. júlí 1998 en fjallað verður um eignarréttarlega stöðu jökulsins í kafla 6.4.

Verða nú kannaðar heimildir um merki jarða sem liggja að ágreiningssvæðinu að sunnanverðu. Talið frá vestri til austurs eru þetta jarðirnar Malarrífi, Dagverðará, Miðvellir og Hellnajarðir. Almennt er merkjum milli efstu punkta að austan- og vestanverðu ekki lýst í heimildum um afmörkun umræddra jarða og því er farin sú leið að skoða merki milli jarðanna.

Fyrst verða skoðuð landamerki Malarrífs gagnvart Dagverðará, sem liggja að ágreiningssvæðinu vestast á suðurmörkum þess. Fyrir liggja eftirfarandi heimildir um

³⁸⁹ Sjá til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 20. október 2016 í máli nr. 59/2016 (Torfufell, Hólsgerði og Úlfá) þar sem segir: „Í landamerkjabréfi Úlfar sagði sem áður var getið að merki jarðarinnar til suðurs fylgdu Hafrá „til fjallsbrúnar“, en að vestan réði „fjallsbrúnin“. Úr því að lýsingin hljóðaði á þennan veg verður að teknu tilliti til úrskurðar óbyggðanefndar og krafna málsaðila að líta svo [á] að fjallsbrúnin, sem fylgja átti Hafrá til, sé við upptök árinna og þar með við vatnaskil. Merkin til vesturs fylgi síðan þessari fjallsbrún og þar með vatnaskilum.“

umrædd merki: Skrá yfir landamerki Staðarstaðarkirkjujarða frá 20. ágúst 1884 og landamerkjabréf Einarslóns og Malarrifs frá 14. maí 1884.

Í skrá yfir landamerki Staðarstaðarkirkjujarða frá 20. ágúst 1884 er merkjum milli Einarslóns með Malarrifi gagnvart Dagverðará lýst svo: „Kríuhella við sjó fyrir austan Svalþúfu, og í stóran stein upp á henni, ofan veginn, sjónhending í Hrúthól, upp í hrauninu, og í Merkjahrygg upp í jöklinum.“ Ekki liggur fyrir hvort skránni var þinglýst.

Í landamerkjabréfi Einarslóns og Malarrifs, dagsettu 14. maí 1889, er merkjum milli Malarrifs og Dagverðarár lýst svo: „Milli Malarrifs og Dagverðarár er sjónhending úr Hellnaskriðu sunnanvert við Svalþúfu í Helguhól síðan í Merkihrygg og í Jökul upp.“ Landamerkjabréfið er áritað um samþykki ábúenda á Malarrifi og Lóni, eiganda Dagverðarár og umboðsmanna ½ Lóns, Malarrifs og Hólahóla en ekki liggur fyrir hvort því var þinglýst.

Af framangreindu er ljóst að nyrsti merkjapunktur á merkjum milli Malarrifs og Dagverðarár er í Snæfellsjökli við Merkjahrygg eða Merkihrygg en telja verður ljóst að um sama örnefni sé að ræða. Það er í samræmi við kröfugerð íslenska ríkisins, sbr. punkt nr. 4 á kröfulínu þess.

Næst verða kannaðar heimildir um landamerki milli Dagverðarár og Miðvalla.

Hinn 12. ágúst árið 1795 var haldið svonefnt ástæðuþing á landamerkjum á milli Miðvalla og Dagverðarár vegna þrætu um landamerki milli jarðanna. Niðurstaða málsins var eftirfarandi:

Svo sem að bæde fleiri og sterkari vitni segja að Dagvard[a]rá [svo] skuli ráða Landamerkium að nedan og ecki Krumma[v]jarða en ollum beri saman um að midt Stagfell að of[a]n (!), ár Farvegurinn kann ecki heldur að hafa breitt so [m]okid að hann hafi nockurn tjma verid hiá Krumma[v]jordu, Landid sínir sig siálfst á jafndýrum jordum [?]líkt að vera á Prop(r)ietair [svo] Jordinni Dagverðará og kongs[j]jordunni Midvollum ef Dagverðará skyldi e[i]ga í Krumma[v]jordu og Midvellir ecki nema þar fyrir austan. Þá í an[l]eding af ollu þessu álitist fyrir Rétt: Ad landamerki milli kongsjardarinnar Midvalla og Proprietair [svo] Jardarinnar Davardará [svo] skulu hier eptir álitast, að ofan í midt Stagafell og að nedan í Steinin[n] í ána Siónehending, so að Midvellir eige alt þar fyrir Austan, og Davardará að vestan.

Stagfell er nyrsta örnefnið sem þarna er getið um á merkjum Dagverðarár og Miðvalla og virðist hafa verið óumdeilt að merkin lægju um það, sbr. orðin: „... ollum beri saman um að midt Stagfell að of[a]n ...“

Í ódagsettri örnefnaskrá Lúðvíks Kristjánssonar um Dagverðará, sem höfð er eftir Hallgrími bónda á Dagverðará, segir að jörðin takmarkist að ofan og austan af Stagfelli, sem sé beint upp af grasigrónum brekkum er heiti Hjartabrekkur. Að vestan takmarkist jörðin af Svalþúfu niður við sjó, um Helguhól nokkru ofar og í svonefndan Markhrygg sem sé að sjá úr Helguhól beint í jökulþúfunna. Sú lýsing samræmist framangreindum heimildum.

Ekki liggja fyrir landamerkjabréf fyrir Dagverðará og Miðvelli.

Framangreindar heimildir styðja að mati óbyggðanefndar ekki að merki milli Dagverðarár og Miðvalla nái lengra norður en í Stagfell. Þær styðja aftur á móti að afmörk-

un íslenska ríkisins á landamerkjum jarðanna verði lögð til grundvallar en ekki afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins vegna Miðvalla, enda er kröfulína ríkisins dregin um Stagfell.

Verða nú kannaðar heimildir um austurmerki Miðvalla gagnvart Hellnum. Fyrir liggja eftirfarandi heimildir um umrædd merki: Þrír vitnisburðir um landamerki Hellna og Miðvalla frá 17. öld, *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1707, svokölluð „landsregla á Hellirsvöllum“ frá 8. maí 1804, endurrit útmælingar á Miðvöllum sem fram fór 9. september 1833, landamerkjabréf Hellnajarðarinnar Gíslabæjar frá 11. júní 1885 og landamerkjabréf Hellna frá 27. ágúst 1887. Að auki liggja fyrir skjalfest skipti á Hellnalandi milli þriggja bræðra frá 10. og 13. október 1560 þar sem ekki er getið landamerkja, fjórir vitnisburðir um landamerki Hellisvalla (Hellna) frá 1789 sem geta allir um merki milli Hellna og Hleinar, utan ágreiningssvæðisins, og lögfestur Hellnajarðarinnar Laugarbrekku frá 17. maí 1796 og 6. mars 1802, þar sem ekki er getið landamerkja. Á manntalsþingi höldnu að Brekkubæ 20. maí 1857 voru landamerki Miðvalla enn fremur lögfest en hin lögfesta landamerkjalyking var þó ekki færð til bókar. Með dómi Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 569/2009 var leyst úr ágreiningi um merki Hellnajarðarinnar Brekkubæjar gagnvart annars vegar Hellnajörðinni Skjaldartröð og hins vegar Fjólubakka, sem er spilda úr Hellnajörðinni Gíslabæ. Merki þessi varða ekki ágreiningssvæðið og koma því ekki til nánari skoðunar. Í dómnum er vísað til landskiptagerðar frá 12. júní 1969 sem fram fór að beiðni þáverandi eigenda Hellnajarða. Skipt var öllu ræktanlegu landi jarðanna sunnan þjóðvegarins, Útnesvegar nr. 574. Skiptin tóku ekki til ágreiningssvæðisins sem hér er til umfjöllunar og koma því ekki til nánari skoðunar.

Eins og áður segir eru varðveittir þrír vitnisburðir um landamerki Hellna og Miðvalla frá 17. öld. Það eru vitnisburðir Ólafs Ingimundarsonar frá október 1622, Brands Jónssonar frá 1623 og Halldórs Egilssonar, dagsettur 22. febrúar 1632. Vitnisburðirnir eru efnislega samhljóða um merkin milli Hellna og Miðvalla. Í vitnisburði Ólafs Ingimundarsonar segir um merkin að þau séu: „Ur midre þriostarhlíjd. og j nedannverdann Borgardal. sijdann rædur lækur sa er sunnanuertt uid birged. og rennur firer sunnanverdenn Tophthol. og sijdann j vppgangenn sem er j Meraruijk.“ Vitnisburðirnir lýsa merkjum milli jarðanna frá norðri til suðurs og enda í Merarvík niðri við sjó. Nyrstu örnefnin eru því „þriostarhlíjd“ og Borgardalur.

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1707 segir um Laugarbrekku, sem er ein Hellnajarða, að hún eigi afrétt upp undir jökli en staðsetning afréttarins er ekki nánar tilgreind. Jafnframt segir þar að þrjár Hellnajarðir eigi selstöðu í sameiginlegu eignarlandi Hellna. Þar segir að jörðin Öxnakelda eigi selstöðu í Heljarkinn, sem er í vestanverðu Stapafelli, og jarðirnar Brekkubær og Gíslabær eigi selstöðu ofanvert við Háuborg sem er norðaustan Litlahrauns og suðaustan við Miðvallahlíð, hvoru tveggja utan marka ágreiningssvæðisins. Í sömu heimild segir jafnframt að Miðvellir eigi selstöðu í landi sínu, en ekki er getið um staðsetningu hennar.

Í svokallaðri „landsreglu á Hellirsvöllum“ (Hellnum) frá 8. maí 1804, sem var þinglesin 12. sama mánaðar, er merkjum Hellna gagnvart Miðvöllum lýst. Í skjalinu segir að þar hafi ...

... Eignarmenn, Odalsmenn og landsetar samansafnad með fædstu ordum í eitt, öllum höfud atridumm, Skifftumm, merkium, frjheitum og hlunnendum, sem sierhvor út af fyrir sig með óátöldu frelse hafa mega á þeim tyundudu jörðum ...

Þar segir einnig að merki milli Hellirsvalla, eða Hellna, og Miðvalla séu eftirfarandi: „J midia þriostarrhlíd, & nedann verdann Borgardal. effter það rædur lækur sá sem rennur vit sunnanverdt Birgid og sunnannverdann Toffthól í uppgáng inn í merarvík.“ Skjalið er undirritað af ódalsmönnum og landsetum á Hellnum.

Hinn 9. september 1833 var settur útmælingarréttur að Miðvöllum. Fyrir lá að útmæla sömu jörð sem hafði þá legið í eyði í mörg ár. Í útmælingunni, sem hefur varðveist fremur illa, segir m.a.: „Mætti Eigari Jarð[ar]inar^{Midvalla} Mr. Jon Asgrimsson [sem] fyrir fram hefur gjört sig anægðan með [...] sem tjunda takarar[i] [...] [u]tnefndir til [...] jardarinar Midvalla [...] að Krumma [...] í Midja hrjostrarrhlíd.“ Að öðru leyti er í útmælingunni lýst tünnum og reka jarðarinnar. Því virðist sem nyrsti merkjapunktur jarðarinnar samkvæmt útmælingunni sé í miðri „hrjostrarrhlíd“.

Í landamerkjabréfi Gíslabæjar, einnar Hellnajarðanna, dagsettu 11. júní 1885 og þinglýstu 23. júní sama ár, er tünmerkjum Gíslabæjar lýst. Jafnframt segir í bréfinu: „... en að öðru leyti er Hellnaland óskipt til afnota allra hlutaðeigandi lögbýla á milli.“ Merkjum hins óskipta lands er ekki lýst.

Í landamerkjabréfi fyrir Hellna, dagsettu 27. ágúst 1887, er merkjum milli Hellna og Miðvalla lýst svo: „... á land upp er sjónhending frá uppganginum í Grænurúst, og þaðan aftur í steininn í Steinhvammi og þaðan sjónhending í miðja Djúpugróf beint í fjall upp.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Gíslabæjar, Skjaldartraðar, Þrengslabúðar, Yxnakeldu neðri, Yxnakeldu efri, Brekkubæjar, Garðsbúðar, Miðvalla, Hleinarplass, Hellnakirkju og Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs en ekki liggur fyrir hvort því var þinglýst.

Í landamerkjabréfinu er nyrsta hluta merkjanna lýst „í miðja Djúpugróf beint í fjall upp“. Djúpugróf hefur af gagnaðilum íslenska ríkisins vegna Hellna og Miðvalla verið staðsett rétt sunnan við kröfulínu ríkisins (punktar nr. 5 og 6 á kröfulinum gagnaðila ríkisins) og er ekki deilt um staðsetningu hennar. Í vettvangsferð óbyggðanefndar 11. júní 2019 var jafnframt gengið að Djúpugróf, eins og hún hefur verið staðsett af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, og telur nefndin að staðhættir mæli með að leggja staðsetningu þeirra á umræddu örnefni til grundvallar.

Óbyggðanefnd telur að ekki verði dregnar afdráttarlausar ályktanir um hvaða fjall sé átt við með orðunum „í fjall upp“ af lestri landamerkjabréfsins og því þurfi að túlka það með hliðsjón af öðrum heimildum um merki jarðanna og staðhættum. Hæstiréttur hefur jafnframt lagt til grundvallar í dómaframkvæmd að með því að gera landamerkjabréf

hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það, sem verið hafði.³⁹⁰

Nyrstu merkjapunktarnir á merkjum Miðvalla og Hellna í vitnisburðunum frá 17. öld og svokallaðri „landsreglu á Hellirsvöllum“ frá 1804 eru „þriostarhlíjd“ og Borgardalur. Samkvæmt örnefnaskrár fyrir Hellna er Borgardalur kvos milli Litlahrauns og Háuborgar sem er stór klettaborg norðaustur af Litlahrauni. Norðan við Borgardal er hlíð nokkur sem kölluð er Miðvallahlíð og norðan við hana er Norðurhlíð en Norðurgil skilur á milli hlíðanna tveggja. Finnbogí G. Lárusson, sem ólst upp á Brekkubæ á Hellnum, gerði athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrár Hellna, sem skráðar voru árið 1994. Í athugasemdum sínum nefndi Finnbogí að Miðvallahlíð hafi áður verið nefnd Hrósturhlíð. Í máli Bjargar Pétursdóttur frá Gíslabæ á Hellnum, sem gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins, kom jafnframt fram að Miðvallahlíð og Hróstrahlíð væru sami staður. Telja verður líklegt að í framangreindum vitnisburðum frá 17. öld sé með örnefninu „þriostarhlíjd“ vísað til Hrósturhlíðar eða Hróstruhlíðar, sem nú gengur undir nafninu Miðvallahlíð. Ekki verður séð að önnur örnefni á svæðinu komi til greina. Þetta er jafnframt í samræmi við útmælingu Miðvalla frá árinu 1833 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst í miðja „hrjóstrarhlíjd“. Miðvallahlíð og Norðurhlíð rísa nokkuð skarpt upp frá Djúpugróf og mynda nokkurs konar fjallsbrún í svipaðri hæð og Stagfell sem er aðeins vestar. Fyrir ofan hlíðarnar er landið aflíðandi upp að Snæfellsjökli. Því má segja að nokkuð skörp náttúruleg skil séu á landinu efst í Miðvalla- og Norðurhlíð. Eins og sást í vettvangsferð óbyggðanefndar 11. júní 2019 blasir efsti hluti Norðurhlíðar við þegar horft er norður úr Djúpugróf. Hann sést jafnframt vel í landslaginu þegar horft er norður frá þjóðveginum í landi Miðvalla, enda stendur efsti hluti Norðurhlíðar nokkuð hærra en Miðvallahlíð við Norðurgil sem skilur hlíðarnar í sundur.

Eins og áður greinir er þess getið í *Jarðabók* Árna og Páls að Laugarbrekka, ein Hellnajarða, hafi átt afrétt upp undir jökli. Selstöðu, notaða af Hellnajörðunum Gíslabæ og Brekkubæ, hafi hins vegar verið að finna í „eiginlandi, þar sem heitir ofanvert við Háaborg“. Einnig er getið um forna selstöðu Öxnakeldu í Heljarkinn í norðvestanverðu Stapafelli. Þetta bendir til þess að greinarmunur hafi verið gerður annars vegar á svæðinu ofanvert við Háaborg, þar sem nú heitir Miðvallahlíð og Norðurhlíð, og norðvestanverðu Stapafelli, sem hafi talist til eignarlands Hellnajarða, og hins vegar afréttar upp undir Snæfellsjökli.

Gagnaðilar íslenska ríkisins vegna Miðvalla og Hellna byggja á því að með orðunum „í fjall upp“ í landamerkjabréfi Hellna frá 1887 sé átt við upp á hæstu fjallseggjar og vatnaskil á jöklinum. Jökulsins er þó hvergi getið í heimildum um merki jarðanna. Í landamerkjabréfum jarða sem liggja að Snæfellsjökli vestan við ágreiningssvæðið er merkjum iðulega lýst upp í jökulinn eða í örnefni í jökulbrúninni og notast við orðalag á borð við „í Jökul upp“, „upp undir Jökli“ og „til Jökuls“. Til dæmis er slíkar lýsingar

³⁹⁰ Sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum).

að finna í landamerkjabréfum fyrir Einarlón, Hólahóla, Bervíkurjarðir, Saxhól, Gufuskála, Munaðarhól og Hallsbæ, og Ingjaldshól. Nánar verður fjallað um þau í kafla 6.4.3. Landamerkjabréfin eru frá árunum 1884–1922, og því skrifuð á sama tímabili og landamerkjabréf Hellna, þar sem slíka lýsingu er ekki að finna. Af framangreindu má ráða að alvanalegt hafi verið á þessum slóðum að lýsa merkjum í Snæfellsjökul berum orðum þar sem landeigendur töldu sig á annað borð eiga land að honum.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið um staðhætti og samanburðarskýringar á landamerkjabréfum á vestanverðu Snæfellsnesi er það niðurstaða óbyggðanefndar að með orðunum „í fjall upp“ í landamerkjabréfi Hellna frá 1887 hafi verið átt við efsta hluta Norðurhlíðar við Norðurgil, sem blasir við úr Djúpugróf.

Fyrirliggjandi eldri heimildir um merkin milli Miðvalla og Hellna miða merki til fjalla við miðja „þriostarhlíð“ eða „hrjostrarhlíð“. Eins og áður greinir er þar sennilega átt við hlíðina sem í dag er kölluð Miðvallahlíð. Miðvallahlíð og Norðurhlíð liggja saman í Norðurgili fyrir ofan Djúpugróf og úr fjarlægð getur verið erfitt að greina á milli þeirra. Að mati óbyggðanefndar mæla eldri heimildir framangreindri túlkun á landamerkjabréfinu frá 1887 því ekki í mót.

Kröfulína íslenska ríkisins í málinu er dregin beint úr punkti nr. 5 í Stagfelli í punkt nr. 6 í norðvestanverðu Stapafelli. Kröfulínan liggur þannig um Miðvallahlíð, aðeins sunnan við efsta hluta Norðurhlíðar. Framangreind niðurstaða óbyggðanefndar um merkin milli Miðvalla og Hellna leiðir því til þess að land jarðanna verður talið ná aðeins norður fyrir kröfulínu íslenska ríkisins.

Nú verða kannaðar heimildir um austurmerki Hellna gagnvart Arnarstapa. Fyrir liggja eftirfarandi heimildir um umrædd merki: Svokölluð „landsregla á Hellirsvöllum“ frá 8. maí 1804, landamerkjabréf Hellna frá 27. ágúst 1887 og landamerkjaskýrsla milli Hellna og Arnarstapa, einnig frá 27. ágúst 1887. Jafnframt liggur fyrir minnisblað frá Ríkiseignum um afmörkun Arnarstapa frá 25. febrúar 2019.

Í svokallaðri „landsreglu á Hellirsvöllum“ (Hellnum) frá 8. maí 1804, sem var þinglesin 12. sama mánaðar, er merkjum Hellna gagnvart Arnarstapa lýst. Þar segir að merkin séu: „... Seionhending úr merkja klett vestann til i midiu stapafelli, i klett þann er stendur i Sio fyrir vestann Lambhaga ...“ Skjalið er undirritað af óðalsmönnum og landsetum á Hellnum.

Merkjum milli Hellna og Arnarstapa er í landamerkjabréfi fyrir Hellna, dagsettu 27. ágúst 1887, lýst svo:

Klettur tveir standa í sjó fram af snös þeirri sem gengur vestan fram með Skollabrunni, úr dýpri klettinum sem bæði er hærri og meiri um sig, en sjónhending í fornan grjóttgarð, sem liggur frá þjóðveginum á fyrinefndri snös upp í hraunið, sem liggur fram að Skollabrunni austan til við Sjóartröð, og helst sama sjónhending í merkja strýp, sem er klettur all stór í vestri hlíð Stapafells, Jökuls megin við Hjartað.

Bréfið er áritað um samþykki vegna Gíslabæjar, Skjaldartraðar, Þrengslabúðar, Yxnakeldu neðri, Yxnakeldu efri, Brekkubæjar, Garðsbúðar, Miðvalla, Hleinapláss,

Hellnakirkju og Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs. Ekki liggur fyrir hvort því var þinglýst.

Í landamerkjaskýrslu milli Hellna og Arnarstapa frá 27. ágúst 1887 er merkjum milli Hellna og Arnarstapa lýst svo:

Klettur tveir standa í sjó fram af snös þeirri sem gengur vestan fram með Skollabrunni, úr dýpri klettinum, sem bæði er hærri og meiri um sig, en sjónhending í fornan grjóttgarð, sem liggur frá þjóðveginum á fyrinefndri snös upp í hraunið, sem gengur fram austan til við sjóartröð og helst sama sjónhending í Merkjastrýp sem er klettur allstór í vestur hlíð Stapafells, Jökuls megin við Hjartað.

Landamerkjabréfið er áritað um samþykki ábúenda Arnarstapa, Gíslabæjar, Yxnakeldu og Skjaldartraðar og umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs. Lýsingin er svo til samhljóða þeirri sem er að finna í áðurgreindu landamerkjabréfi Hellna, dagsettu sama dag. Ekki liggur fyrir hvort því var þinglýst.

Samræmi er milli framangreindra heimilda um að nyrsti merkjapunktur á merkjum milli Hellna og Arnarstapa sé allstór klettur í vesturhlíð Stapafells, sem er punktur nr. 6 á kröfulínu íslenska ríkisins.

Við aðalmeðferð málsins lagði lögmaður íslenska ríkisins fram minnisblað frá Ríkiseignum, dagsett 25. febrúar 2019, um afmörkun Arnarstapa á Snæfellsnesi. Í minnisblaðinu kemur fram að Arnarstapi hafi verið í samfelldri eigu stjórnvalda á Íslandi frá árinu 1556 þegar Danakonungur hafi tekið jörðina eignarnámi af Helgafellsklausri í kjölfar siðaskiptanna. Þar segir jafnframt að landamerkjalyásingar jarðarinnar frá 1887 á austur- og vesturmörkum nái frá sjó og upp í fjallshlíðar en lýsi ekki hvernig mörkum sé háttað þar fyrir ofan eða á milli efstu punkta í austri og vestri. Litið sé svo á að landamerkjalinur frá efstu punktum í austri og vestri haldi áfram í beina stefnu upp í jökulrætur, enda hafi verið við það miðað í viðræðum milli Ríkiskaupa og Snæfellsbæjar árið 2003. Með minnisblaðinu fylgdi uppdráttur þar sem landamerki Arnarstapa eru teiknuð upp að jaðri Snæfellsjökuls.

Aðspurður sagði lögmaður ríkisins við aðalmeðferð málsins að þessar upplýsingar breyttu ekki afstöðu íslenska ríkisins í málinu og að kröfugerð þess væri því óbreytt. Jafnframt tók lögmaðurinn fram að á þeim svæðum þar sem íslenska ríkið gæti verið gagnaðili væri það ósk ríkisins að óbyggðanefnd kannaði samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda. Í fyrrgreindu minnisblaði felst ekki ráðstöfun réttinda af hálfu íslenska ríkisins. Þá verður ekki séð að sú lýsing á landi Arnarstapa sem þar kemur fram, innan ágreiningssvæðisins, eigi sér stoð í heimildum um afmörkun jarðarinnar. Af þeim sökum hefur minnisblaðið að mati óbyggðanefndar ekki sjálfstætt vægi við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins eða afmörkun á landi Arnarstapa.

Öðrum heimildum um merkin er ekki fyrir að fara. Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að heimildir um merki milli Hellna og Arnarstapa styðji ekki að þau nái norðar en að punkti nr. 6 á kröfulínu íslenska ríkisins.

Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að heimildir um merki Dagverðarár, Miðvalla og Hellna styðji ekki að merki jarðanna nái norðar en í jaðar Snæfellsjökuls á vesturmerkjum Dagverðarár, Stagfell á austurmerkjum Dagverðarár gagnvart Miðvöllum, efsta hluta Norðurhlíðar við Norðurgil, sem blasir við úr Djúpugróf, á merkjum milli Miðvalla og Hellna, og í stóran klett í vesturhlíð Stapafells á austurmerkjum Hellna gagnvart Arnarstapa.

Merkjum milli þessara efstu merkjapunkta jarðanna að vestan- og austanverðu er ekki lýst í fyrirliggjandi heimildum og ekki er fyrir að fara glöggum náttúrulegum skilum, svo sem vatnaskilum, til að styðjast við. Þegar svo háttar til hefur óbyggðanefnd í fyrri úrskurðum talið eðlilegast að draga beina línu milli efstu punkta á merkjum jarða hvorum megin og hefur sú niðurstaða verið staðfest af Hæstarétti.³⁹¹ Eðlilegt verður talið að gera svo hér, og draga beina línu milli jökulrandar Snæfellsjökuls við Merkjahrygg og Stagfells, í samræmi við kröfulínu íslenska ríkisins. Þaðan er línan dregin áfram beint í efsta hluta Norðurhlíðar, rétt norðan við kröfulínu ríkisins, og þaðan í stóran klett í vesturhlíð Stapafells. Að teknu tilliti til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að merki Dagverðarár, Miðvalla og Hellna nái ekki lengra til norðurs en að umræddri línu.

Verða nú austurmerki ágreiningssvæðisins tekin til skoðunar. Af hálfu íslenska ríkisins er þeim lýst svo í kröfugerð:

... í merkjastrípu (stóran klett) í vesturhlíð Stapafells (6), þaðan er farið sjónhendingu í vesturbarm Rauðfeldsgjár (Rauðfeldargjár) (7), sem er ofarlega í Botnsfjalli, svo bein sjónhending í Barnsá (8) þar sem hún fellur fram af hamrinum (Hnausahryggjum), þaðan í upptök Hamraendalækjar (9), þaðan sjónhending í Þrysteina (10), þaðan er farið beint norður yfir Grafarnhjúk (11), og þaðan upp á vatnaskil við Hamraendafjall sunnan við Folahnjúk, sem er upphafspunktur.

Íslenska ríkið byggir á því að land vestan ofangreindra merkja sé svæði utan eignarlanda. Það sé utan landamerkja aðliggjandi jarða, eins og þær séu afmarkaðar í landamerkjabréfum og öðrum landamerkjalyðingum. Talið frá suðvestri til norðausturs eru þetta jarðirnar Arnarstapi, Grímsstaðir, Litlu-Hnausar, Stóru-Hnausar, Faxastaðir, Hamraendar og Gröf.

Gagnaðilar íslenska ríkisins vegna Stóru-Hnausa og Hamraenda gera kröfur til hluta ágreiningssvæðisins, byggðar á því að um sé að ræða svæði innan landamerkja jarðanna. Jafnframt byggja þeir á að milli þeirra svæða sem gerðar eru kröfur um vegna Stóru-Hnausa og Hellna sé svæði sem tilheyri Arnarstapa, aðliggjandi kröfulínu íslenska ríkisins milli punkta nr. 6 og 7. Ekki er gerð krafa vegna Arnarstapa, sem er í eigu íslenska ríkisins að frátöldu því landi sem var selt Snæfellsbæ, eins og áður hefur komið fram. Áréttað er að á þeim svæðum þar sem íslenska ríkið gæti verið gagnaðili er það ósk ríkisins að óbyggðanefnd kanni og skeri úr um hvaða land teljist til

³⁹¹ Sjá úrskurð óbyggðanefndar frá 9. desember 2004 í máli nr. 8/2003 og dóm Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga, Prestsbakki og Prestsbakkakot).

þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, þrátt fyrir að ekki sé komin fram krafa um eignarland.

Að framan er lýst heimildum um merki milli Hellna og Arnarstapa á suðausturhorni ágreiningssvæðisins og komist að þeirri niðurstöðu að nyrsti merkjapunkturinn á þeim sé í norðvestanverðu Stapafelli. Verða nú kannaðar heimildir um merki Arnarstapa gagnvart Grímsstöðum, sem er næsta jörð norðan við Arnarstapa. Fyrir liggja eftirfarandi heimildir um umrædd merki: Vitnisburður um landamerki milli Arnarstapa og Grímsstaða frá 22. september 1841, skjal sem stafar frá ábúanda Grímsstaði frá 7. júní 1845, landamerkjabréf Arnarstapa og Grímsstaða frá 29. ágúst 1887, dómsátt frá 10. október 1979 og makaskiptaafsal frá 6. maí 2003 vegna makaskipta íslenska ríkisins og Snæfellsbæjar á Saxhóli og Arnarstapalandi. Jafnframt liggur fyrir fjöldi kaupbréfa og gerninga er varða Arnarstapa frá 15. og 16. öld, prentaðir í *Íslensku fornbréfasafni*, en þeir vitna ekkert um afmörkun eða landamerki jarðarinnar. Enn fremur var 12. júní 1854 þinglesinn landamerkjasmunur milli Arnarstapa og Grímsstaða en innihald hans var ekki fært til bókar. Þá hefur minnisblað Ríkiseigna, dagsett 25. febrúar 2019, um afmörkun Arnarstapa á Snæfellsnesi, að mati nefndarinnar ekki sjálfstætt vægi við mat á afmörkun jarðarinnar, eins og fram kemur í umfjöllun um suðurmörk ágreiningssvæðisins.

Vitnisburður um landamerki milli Arnarstapa og Grímsstaða, dagsettur 22. september 1841, sem virðist til kominn vegna deilna um torfristu á „þrætupartinum“ milli jarðanna, eins og það er orðað í vitnisburðinum, lýsir merkjum milli jarðanna svo:

... eg álití landamerki milli jarðanna vera eptir eldstu manna sögn, beina stefnu úr hestlækjarauga og uppí svokallada Klofasteína í fjallinu, er fyrrmeir skulu hafa stadið vestanverdt við Raudfeldargjá, enn landamerkjum til sjóar skyldi hestlækur ráða.

Undir vitnisburðinn er ritað „Thorsteinsson“. Líklegt má telja að þar sé um að ræða Bjarna Thorsteinsson, amtmann Vesturamtsins 1821–1849, sem sat á Arnarstapa. Ekki verður þó fullyrt hvort vitnisburðurinn sé hans, eða hvort hann hafi e.t.v. haft aðra aðkomu að ritun hans.

Í sem stafar frá ábúanda Grímsstaða, dagsett 7. júní 1845 en ekki liggur fyrir hvort því var þinglýst, er getið merkja milli Arnarstapa og Grímsstaða og þeim lýst svo:

... ad utan verdu mjilli Stapa og grijmstada Rædur hestlækur landa merkum frá auga því sem hann kemur úr í dyi því sem liggur undir fialls Rótum ad fossi þeim sem hann fellur af klettum til sídar – Enn Reka merkum ad ádur nefndur foss beri ý utan verda Raudfeldar gýu hvar Klofasteinar hafa adur stadið þá madur stendur við síaar mál.

Í landamerkjabréfi fyrir Arnarstapa og Grímsstaði frá 29. ágúst 1887 er merkjum milli jarðanna lýst svo:

Úr svokölluðum Látur á sandi er sjónhending frá sjóarmáli í svo kallaðan Hestlækjarfoss, sem rennur fram af klettabrún þeirri, sem er fyrir vestan Hestlækjarbala, aftur sjónhending úr fyrnefndum Hestlækjarfossi í svo kallað Hestlækjarauga, sem er í svo kölluðum bringum, sem liggja þvert yfir Stapabotn og Grímsstaðabotn. Aftur úr Hestlækjarauga í vestari barm á Raudfeldargjá, sem er ofanvert í svokölluðu Botnfjalli.

Bréfið er áritað um samþykki af ábúanda á Stapa, eiganda Grímsstaða og umboðsmanni Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs. Ekki liggur fyrir hvort því var þinglýst.

Gerð var dómsátt 10. október 1979 í hæstaréttarmáli nr. 25/1977 um landamerki milli Grímsstaða og Arnarstapa. Undir hana rituðu eigandi Grímsstaða og fulltrúi landbúnaðarráðuneytisins fyrir hönd íslenska ríkisins sem eiganda Arnarstapa. Merki milli jarðanna samkvæmt sáttinni eru eftirfarandi:

Sjónhending í Hestlækjarfoss frá þeim stað í flæðarmáli í Látrasandi, þar sem Hestlækjarfoss sér allan og þar sem fossinn ber í Rauðfeldargjá. Frá Hestlækjarfossi bein lína í Hestlækjarauga, sem er dý í svokölluðum Bringum, rétt austan við foss í Hestlæk, þaðan bein lína í efri enda Rauðfelldargjár, neðan skálarinnar í gjánni.

Í sáttinni er vísað til uppdráttar á merkjunum á korti sem hefur verið lagt fram í þessu máli. Á kortinu sést að landamerkin eru dregin í vestari barm Rauðfeldargjár.³⁹²

Íslenska ríkið og Snæfellsbær höfðu 6. maí 2003 makaskipti á jörðunum Saxhóli, sem var í eigu Snæfellsbæjar, og Arnarstapa, sunnan við þáverandi legu Þjóðvegur nr. 574, sem var í eigu íslenska ríkisins. Makaskiptaafsali sem gert var af þessu tilefni fylgdi hnitsettur uppdráttur af því landi Arnarstapa sem um var að ræða. Þau merki sem þar koma fram hafa verið verið færð inn á sameiginlegt kröfulínukort í málinu. Eigandi landsins, Snæfellsbær, lýsti kröfu í málinu á fyrri stigum þess en lét málið ekki frekar til sín taka eftir að Þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins var færð út fyrir mörk þess lands Arnarstapa sem makaskiptin lutu að. Því liggur fyrir að umrætt svæði er utan Þjóðlendu-kröfulínu íslenska ríkisins.

Framangreindar landamerkjalysingar sem lýsa merkjum milli Arnarstapa og Grímsstaða og dómsáttin frá 1979 eru samhljóða um að efsti punktur til fjalla sé Rauðfeldargjá eða vestari barmur hennar. Engar heimildir eru um að merki jarðanna nái lengra til fjalls. Kröfulína ríkisins er eins og áður segir dregin beina stefnu frá merkjastrípu (stórum steini) í vesturhlíð Stapafells (punktur nr. 6) í vesturbarm Rauðfeldargjár (punktur nr. 7). Að mati óbyggðanefndar veita fyrirbyggjandi heimildir því ekki stoð að land Arnarstapa nái lengra til norðvesturs en að þessum hluta kröfulínu ríkisins.

Næst verða kannaðar heimildir um merki milli Grímsstaða, Litlu-Hnausa og Stóru-Hnausa en Litlu-Hnausar liggja á milli Grímsstaða og Stóru-Hnausa og hornmark milli þessara þriggja jarða er samkvæmt kröfugerðum gagnaðila ríkisins við suðausturmörk ágreiningssvæðisins. Fyrir liggja tvö landamerkjabréf þar sem umræddum merkjum er lýst: landamerkjabréf Litlu-Hnausa frá 14. maí 1889 og landamerkjabréf Stóru-Hnausa, án ártals.

Í landamerkjabréfi Litlu-Hnausa frá 14. maí 1889 er merkjum til suðurs gagnvart Grímsstöðum lýst svo: „1. Milli Litlu-Hnausa og Grímsstaða, ræður Þrífussuá frá sjó upp í vatnslágar, þaðan sjónhending í Rauðfeldargjá.“ Merkjum jarðarinnar til norðurs gagnvart Stóru-Hnausum er lýst svo: „2. Milli Litlu-Hnausa og Stóru-Hnausa, ræður

³⁹² Nafn gjárinnar er ýmist ritað Rauðfeldargjá eða Rauðfeldsgjá en hér verður notast við ritháttinn Rauðfeldargjá.

Torfá úr Torfárhólma upp að upptökum hennar, þaðan sjónhending í Rauðfeldargjá.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna ábúanda á Litlu-Hnausum, umboðsmanns Litlu-Hnausa, eiganda Grímsstaða og umboðsmanns Stóru-Hnausa en ekki liggur fyrir hvort því var þinglýst.

Í landamerkjabréfi Stóru-Hnausa, sem er án ártals, er merkjum milli Stóru-Hnausa og Litlu-Hnausa lýst svo: „1. Á milli Litlu-Hnausa og Stóru-Hnausa, úr Torfárhólma í upptök Torfár, og þaðan sjónhending í Rauðfeldargjá.“ Bréfið er áritað um samþykki ábúenda á Hamraendum, Faxastöðum og Litlu-Hnausum og umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs. Bréfið hefur ekki að geyma áritun vegna Grímsstaða. Í dóma- og þingbók kemur fram að landamerkjabréfi Hnausa, dagsettu 17. júní 1883, hafi verið þinglýst 17. júní 1884 en innihald þess var ekki fært til bókar. Hugsanlegt er að þarna sé átt við hið óársetta landamerkjabréf Stóru-Hnausa en það er þó óljóst.

Aðrar heimildir um merki milli jarðanna liggja ekki fyrir. Að mati óbyggðanefndar veita fyrirbyggjandi heimildir því ekki stoð að merki jarðanna nái lengra til vesturs en í Rauðfeldargjá, sem er punktur nr. 7 á kröfulínu íslenska ríkisins.

Næst verða kannaðar heimildir um merki milli Stóru-Hnausa, Faxastaða og Hamraenda en Faxastaðir liggja á milli hinna jarðanna tveggja og hornmark milli þessara þriggja jarða er samkvæmt kröfugerðum gagnaðila ríkisins við suðausturmörk ágreiningssvæðisins. Fyrir liggja eftirfarandi heimildir um umrædd merki: Landamerkjaskrá Setbergskirkjujarða frá 1781, lögfesta fyrir Hamraenda sem er án ártals, skýrsla um landamerkjaskoðun sýslumannsins í Snæfellsnessýslu á merkjum milli Hamraenda og Stóru-Hnausa frá 20. maí 1824, skýrsla Setbergsprests um eignir og ítök kirkjunnar frá 28. desember 1843, landamerkjabréf Stóru-Hnausa sem er án ártals, landamerkjabréf Hamraenda sem er án ártals og landamerkjaskrá fyrir jarðir Setbergskirkju frá 10. júní 1885. Auk þess er í jarðamatinu 1849–1850 getið um slægjur Stóru-Hnausa til fjalla en ekkert kemur þar fram um afmörkun jarðarinnar.

Landamerkjálýsingar Faxastaða er getið í landamerkjaskrá Setbergskirkjujarða sem er sögð árssett 1781:

Milli Faxastaða og Hamraenda ræður Barnaá landamerkjum og reka allt í Faxaós; en Foss hennar í hamrinum sjónhending í Móstein ræður rekanum að austan. Við Torfá að austan er Lágengisbali; á honum stór steinn, skammt fyrir ofan veginn; annar milli Faxastaða og Hnausa, nærri jarðorpinn; en annar stendur á leið til Litlu hnausa fyrir utan Mokollshæð að sjá út og niður frá Faxastöðum; þeir í sjónarlínu yfir Hraunsnoppu og uppi Barná, sem rennur til landsuðurs og gjörir odd á landið og niður beint til sjós frá balanum (skrifað 1781).

Í lögfestu fyrir Hamraenda, sem er óársett en talin vera frá því um 1800, segir um merki jarðarinnar til vesturs: „Enn á vestri kalladur Hamraendafoss þetta land frekaz mér vitanlegt er.“ Ekki er vitað nákvæmlega um hvaða foss er að ræða en hugsanlega er í lögfestunni vísað til fossins í Barná, þar sem hún fellur fram af hamrinum.

Varðveist hefur skýrsla um landamerkjaskoðun sýslumannsins í Snæfellsnessýslu á merkjum milli Hamraenda og Stóru-Hnausa frá 20. maí 1824 sem var þinglýst 26. maí 1825. Niðurstaða sýslumanns var að merkin væru eftirfarandi:

1., Stór steinn á Landamerkjaklökkur nidur á Sjáfarback[a] þáðan 2., í svokalladann Smirilstein sem stendur í Flóanum millum Stóru-Hnausa og Faxastada. Þáðan 3., beint í Rust nedanundir Hnausa hrauni og þáðan 4., beint í svo kallað Barnár-auga; þáðan 5., beint í Stórann stein rett fyrir sunnan fossana þar sem Hamraenda lækur sprettr framúr fjallinu. Skulu þessi Landamerki héreþ[tír] álytast viss og staðföst Landamerki millj Hamraend[a] og Stóru-Hnausa og jardaanna ábuendr yrkja og nota [beg]gja þessara jarda Slægjulönd og haga eptir se[m] hérgreind landamerki útvísa.

Í skýrslu Setbergsprests um eignir og ítök kirkjunnar þar, dagsettri 28. desember 1843, er gerð eftirfarandi grein fyrir Faxastöðum:

... Landamerki hennar eru fylgjandi: Til móts við Hamraenda ræður Barná landamerkjum og Reka allt í Faxaós, enn Foss hennar í hamrinum sjónhending í Móstein ræður þar, segja menn, rekanum að austan. Við Torfá að austan er Lágengisbæli, á honum stór steinn skamt ofan végin, annar milli Faxastada og Hnausa nærri jardorpinn; annar stendur á leið til Litlu-Hnausa utan Mókollshæd, að sjá út og nidur frá Faxastöðum, þeir á Sjónlínu yfir midja Hraunsnooppu og uppí Barná, sem rennur til Landsudurs og gjörir odd á Landid, og nidur beint til sjós frá Balanum. – Um þessi Landamerki er, sem stendur, mikill ágreiningur, einkum til móts við Hnausa, eins og Lenda þessi, sem mest öll er Slægjuland, sætir öllumegin að, mesta ágangi.

Í landamerkjabréfi Stóru-Hnausa, sem er án ártals, er merkjum milli Faxastaða og Stóru-Hnausa lýst svo: „... úr Balasteini í Mókolluþúfu, úr Mókolluþúfu í Smirilsstein og þáðan í Gyltutótt, svo úr Gyltutótt í Barnárauga.“ Í bréfinu er merkjum jardaannar gagnvart Hamraendum jafnframt lýst svo: „... úr Barnsá, þar sem hún fellur fram af hamrinum í stein, sem stendur við Hamraendalæk að austan verðu, og þáðan í upptök Hamraendalækjar.“ Bréfið er áritað um samþykki ábúenda á Hamraendum, Faxastöðum og Litlu-Hnausum og umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs. Eins og áður greinir kemur fram í dóma- og þingbók kemur að landamerkjabréfi Hnausa, dagsettu 17. júní 1883, hafi verið þinglýst 17. júní 1884 en innihald þess var ekki fært til bókar. Hugsanlegt er að þarna sé átt við hið óársetta landamerkjabréf Stóru-Hnausa en það er þó óljóst.

Í landamerkjabréfi Hamraenda, sem er án ártals, er merkjum milli Faxastaða og Hamraenda lýst svo: „2. Á milli Faxastaða og Hamraenda ræður Barná í Barnárauga, þar sem mætast landamerki Faxastaða og Stóru-Hnausa, og úr þeim sjónhending í stóran stein, sem kallast Oddur og þáðan í Hamraendalækjarupptöku.“ Bréfið er áritað um samþykki ábúenda á Gröf og Faxastöðum og umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs en ekki liggur fyrir hvort því var þinglýst.

Í landamerkjaskrá fyrir jarðir Setbergskirkju í Eyrarsveit frá 10. júní 1885 er merkjum Faxastaða lýst svo:

- a. Landamerki Faxastaða að austanverðu: Barnaá, allt í Faxaós, foss hennar í hamrinum, sjónhending í Móstein.
- b. Landamerki að vestanverðu: Við Torfá er Lágengisbæli, á honum er stór steinn skammt fyrir ofan veginn, annar milli Faxastaða og Hnausa, nærri jarðopinunni enn annar

stendur á leið til Litlu-Hnausa fyrir utan Mókollshæð að sjá út og niður frá Faxastöðum, þeir á sjónarlínu yfir miðja hraunsnoppu og upp í Barnaá, sem rennur til landsuðurs og gjörir odd á landið, og niður beint til sjóar frá balanum.

(eftir bréfum og vitnisburðum frá 1781)

Landamerkjaskráin er árituð um samþykki eigenda Grundar, Grafar og Hjarðarbóls, ábúendum Bárar og Spjarar³⁹³ og umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandar-umboðs. Ekki liggur fyrir hvort henni var þinglýst.

Framangreindar heimildir um merki milli Stóru-Hnausa, Faxastaða og Hamraenda benda til þess að efstu merkjapunktur til fjalla séu Barnárauga, foss Barnár í hamrinum eða þar sem Barná fellur fram af hamrinum og upptök Hamraendalækjar. Barnárauga er punktur nr. 11 á kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Hamraenda og merktur inn á kröfulínukort við punkt nr. 8 á kröfulínu íslenska ríkisins, þar sem Barná fellur fram af hamrinum. Við aðalmeðferð málsins gaf Hallsteinn Haraldsson, fyrrum bóndi í Gröf, skýrslu. Lýsing hans á fossi Barnár, þar sem hún fellur fram af hamrinum og Barnárauga fer saman við framangreinda staðsetningu örnefnanna á kröfulínukorti. Íslenska ríkið hefur staðsett upptök Hamraendalækjar í punkti nr. 9 á kröfulínu þess, rétt austan við Barnárauga. Upptök Hamraendalækjar hafa hins vegar verið staðsett rétt norðvestan við Barnárauga í punkti nr. 8 á kröfulínu gagnaðila ríkisins vegna Stóru-Hnausa og Hamraenda. Við skýrslugjöfina sagði Hallsteinn að upptök Hamraendalækjar væru þar sem lækurinn kæmi fram úr klettunum, á sama stað og þau eru staðsett af hálfu íslenska ríkisins. Óbyggðanefnd kannaði svæðið í vettvangsferðum sínum og er niðurstaða athugunar hennar í samræmi við skýrslugjöf Hallsteins. Staðsetning gagnaðila íslenska ríkisins á upptökum Hamraendalækjar virðist jafnframt vera í Barná, á svæði þar sem Hamraendalækur rennur ekki. Óbyggðanefnd fellst því á að upptök Hamraendalækjar séu rétt staðsett af hálfu íslenska ríkisins.

Þar sem framangreind örnefni eru efstu merkjapunktur til fjalla í heimildum um merki milli Stóru-Hnausa, Hamraenda og Faxastaða er það niðurstaða óbyggðanefndar að þær styðji ekki að merki milli Stóru-Hnausa, Hamraenda og Faxastaða nái lengra norðvestur en að punktum nr. 8 og 9 á kröfulínu íslenska ríkisins, þ.e. að Barnárauga og upptökum Hamraendalækjar.

Nú verða kannaðar heimildir um austurmerki Hamraenda gagnvart Gröf. Fyrir liggja eftirfarandi heimildir um umrædd merki: Lögfesta fyrir Hamraenda sem er sögð vera frá um 1660, skrá yfir landamerki Staðarstaðarkirkjujarða frá 1884, máldagi fyrir Staðarstaðarkirkjujörðum sem er án ártals, landamerkjabréf Hamraenda sem er án ártals og fasteignamatið 1916–1918. Auk þess féll dómur um gildi landamerkjálýsingar fyrir Gröf 2. júní árið 1656 á héraðsþingi höldnu að Laugarbrekku en innihald skjalsins er ekki þekkt. Enn fremur fór 24. júlí 1921 fram gjörð út af ágreiningi um landamerki milli Grafar og Litla-Kambs, sem er austan við Gröf. Ekki var þar fjallað um vesturmerki

³⁹³ Grund, Gröf, Hjarðarból, Bára og Spjör liggja ekki að Faxastöðum en í landamerkjaskrá Setbergskirkju er getið landamerkja margra jarða, sem framangreindar jarðir liggja eftir atvikum að.

Grafar gagnvart Hamraendum en niðurstaða málsins var að merki milli Grafar og Litla-Kambs skyldu vera um Grafará upp að vatnaskilum, sem er austan ágreiningssvæðisins. Ekki liggur fyrir landamerkjabréf fyrir Gröf.

Í lögfestu fyrir Hamraenda, sem er sögð vera frá um 1660, segir um merki jarðarinnar til austurs:

... til ytstu ummerkja þeirra sem adrir menn eiga í móts við mig, sem er fyrz á eystri sýdu, sem Hamraenda lækur heldur upp að Baululækjar fossi, úr Baululækjarfosse og í það auga sem Baululækur rennur úr. Úr því auga og í þann skridubarm sem nærstur er fyrir austan Möstrin.

Í landamerkjabréfi Hamraenda, sem er án ártals, er merkjum milli Hamraenda og Grafar lýst svo: „1. Á milli Grafar og Hamraenda, er sjónhending úr Baululækjarauga í mitt Bauludý og þaðan í Þrísteina, þaðan í fjallseggjar.“ Bréfið er áritað um samþykki af ábúendum á Gröf og Faxastöðum og umboðsmanni Arnarstapa- og Skógarstrandar-umboðs. Í dóma- og þingbók kemur fram að lögfestu fyrir Hamraenda frá 16. maí 1860 hafi verið þinglýst sama dag en innihald hennar var ekki færð til bókar. Hugsanlegt er að þarna sé átt við hið óársetta landamerkjabréf Hamraenda en það er þó óljóst.

Í skrá yfir landamerki Staðarstaðarkirkjujarða frá 1884 segir um landamerki Grafar: „Hún á suður (austur) í Markhrygg, og út í rústina fyrir utan Tittlingshól. Engi (Grafar-spotta) á hún fyrir neðan Fossskálar.“ Vesturmerkjum Grafar gagnvart Hamraendum er þar ekki lýst. Ekki liggur fyrir hvort skránni var þinglýst.

Getið er landamerkja Grafar í máldaga fyrir Staðarstaðarkirkjujörðum, sem er óársettur: „Grafar Landamerke. Hun á sudur i markhrygg, og úti á Rústinni fyrer utan Titlingshól.“ Um sömu lýsingu er að ræða og í landamerkjaskrá Staðarstaðarkirkjujarða frá 1884 þar sem segir að þetta séu austurmerki Grafar. Vesturmerkjum gagnvart Hamraendum er þar ekki lýst.

Í fasteignamatinu 1916–1918 kemur fram að Gröf liggja til fjalls þar sem sé upp-rekstur. Landamerki eru sögð „óglögg og um þau er ágreiningur“. Ekkert kemur þar frekar fram um afmörkun jarðarinnar.

Merkjum milli Hamraenda og Grafar er einungis getið í tveimur framangreindra heimilda, lögfestu fyrir Hamraenda og landamerkjabréfi Hamraenda. Í lögfestunni, sem er sögð vera frá því um 1660, er merkjum hæst til fjalls lýst í „þann skridubarm sem nærstur er fyrir austan Möstrin.“ Í örnefnaskrá fyrir Hamraenda, sem skráð er eftir Einari Sigmundssyni á Hamraendum 20. maí 1977, segir: „Ofan til í Hlíðinni, vestan við Bláskriðu, eru tvær brekkur, sem nefndar voru Köst eða Bláskriðuköst.“ Af örnefnaskránni má ráða að „Hlíðin“ í þessari lýsingu vísar til Hamraendahlíðar, fyrir ofan Hamraendabæinn. Bláskriðukasta er einnig getið í örnefnaskrá Lúðvíks Kristjánssonar fyrir Hamraenda, Stóru- og Litlu-Hnausa frá 1935. Heimildarmaður Lúðvíks var Sigmundur Jónsson, bóndi á Hamraendum. Hvergi er í örnefnaskrá eða á kortum getið um nein örnefni á þessu svæði sem kallast Möstur. Verður að telja líklegt að með orðinu „Möstrin“ í lögfestunni sé átt við „Köstin“, en það passar jafnframt við vísun lögfestunnar til skridubarms, sbr. örnefnið Bláskriðuköst.

Örnefnið Þrístéinar kemur fyrir í landamerkjabréfi Hamraenda og er merkjum milli Hamraenda og Grafar lýst „þaðan í fjallseggjar“. Af hálfu íslenska ríkisins voru Þrístéinar upphaflega staðsettir á fjallsbrúninni milli Hamraenda og Grafar (við punkt nr. 4 á kröfulínu gagnaðila ríkisins) en af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins eru Þrístéinar staðsettir nokkru neðar í hlíðinni (punktur nr. 3 á kröfulínu gagnaðila ríkisins) og Þóris-hamar staðsettur þar sem íslenska ríkið staðsetti Þrístéina (punktur nr. 4 á kröfulínu gagnaðila ríkisins). Með tölvupósti 6. júní 2019 tilkynnti lögmaður íslenska ríkisins að fallist væri á að Þrístéinar væru rétt staðsettir af hálfu gagnaðila þess. Bókað var um þá afstöðu ríkisins við 8. fyrirtöku 14. ágúst 2019. Með því stækkaði kröfusvæði ríkisins aðeins á framlögðum uppdrætti en breytingin átti sér stoð í texta kröfugerðar ríkisins, sem miðaði frá upphafi við Þrístéina. Lögmaður gagnaðila íslenska ríkisins staðfesti með tölvupósti 7. júní 2019 að hann gerði ekki athugasemdir við breytinguna fyrir hönd umbjóðenda sinna, enda væri hún í samræmi við texta kröfugerðar ríkisins, og bókað var um þá afstöðu við 8. fyrirtöku 14. ágúst 2019. Eftir breytinguna eru Þrístéinar því staðsettir með sama hætti af hálfu ríkisins og gagnaðila þess. Gagnaðilar íslenska ríkisins staðsetja Þóris-hamar (punkt nr. 4) á fjallsbrúninni þar sem íslenska ríkið byggði áður á að Þrístéinar væru staðsettir. Að mati óbyggðanefndar styðja örnefnaskrár að Þóris-hamar sé þar réttilega staðsettur.

Í landamerkjabréfi Hamraenda, sem er án ártals, er merkjum milli Hamraenda og Grafar lýst „í Þrístéina, þaðan í fjallseggjar“. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Hamraenda er á því byggt að með fjallseggjum í landamerkjabréfinu sé átt við hæstu fjallseggjar á vatnaskilum milli norðurs og suðurs til móts við land Fossárdals. Íslenska ríkið byggir á því að rétt sé að miða við Þrístéina, og dregur kröfulínu sína um þá. Óbyggðanefnd telur að ekki verði dregnar afdráttarlausar ályktanir um hvað átt sé við með orðunum „þaðan í fjallseggjar“ af lestri landamerkjabréfsins og því þurfi að túlka það með hliðsjón af öðrum heimildum og staðháttum.

Í landamerkjabréfum næstu jarða austan við ágreiningssvæðið er merkjum gjarnan lýst upp að vatnaskilum. Í niðurstöðu landamerkjamálsins vegna deilu um austurmerki Grafar gagnvart Litla-Kambi, sem lýst er að framan, segir: „þaðan yfir fjall eins og vötnum hallar norður af.“ Í landamerkjabréfi Stóra-Kams frá 8. júlí 1889 er sama orðalag notað um merki jarðarinnar. Sambærilega vísun til vatnaskila er jafnframt að finna í landamerkjabréfum Ytri- og Syðri-Knarrartungu, svo dæmi séu nefnd. Af framangreindu má ráða að algengt hafi verið á þessum slóðum að lýsa merkjum berum orðum að vatnaskilum þar sem landeigendur töldu sig á annað borð eiga land að þeim. Í heimildum um landamerkin milli Hamraenda og Grafar er slíka lýsingu ekki að finna. Verður það talið mæla gegn því að túlkun gagnaðila íslenska ríkisins á fjallseggjum í landamerkjabréfi Hamraenda sé lögð til grundvallar. Þá er þess jafnframt að gæta að glögg náttúruleg skil eru á landinu á fjallsbrún Hamraendafjalls. Hlíðin rís skarpt upp að fjallsbrúninni en er svo aflíðandi þaðan upp að vatnaskilum. Staðhættir verða því taldir mæla með því að með fjallseggjum í landamerkjabréfinu sé átt við fjallsbrún

Hamraendafjalls við Þórishamar sem einnig samræmist vel landamerkjum þar vestan við. Eins og áður hefur verið komist að niðurstöðu um eru efstu merkjapunktur til fjalls á vesturmerkjum Hamraenda í fossi Barnár og upptökum Hamraendalækjar. Þessir merkjapunktur eru á fjallsbrún Hamraendafjalls og verður það jafnframt talið mæla með þeirri túlkun.

Gagnaðilar íslenska ríkisins vegna Stóru-Hnausa og Hamraenda vísa, auk framtalinna heimilda, til örnefnaskráa fyrir Stóru-Hnausa, Litlu-Hnausa, Grímsstaða og Hamraenda til stuðnings kröfum sínum. Í örnefnaskránum er að finna lýsingar á örnefnum sem eru utan þeirra landamerkjalysinga sem hér hafa verið raktar.

Í örnefnaskrá Lúðvíks Kristjánssonar fyrir Hamraenda, Stóru-Hnausa og Litlu-Hnausa segir m.a.:

Nokkurn spöl fyrir utan Þórishamar er stórt bjarg upp á fjallinu, og líkist það mjög kistu að gerð og kallast Bárðarkista. Fyrir utan Bárðarkistu eru þrjár fjallsbungur, er heita Kúlur. Uppi á fjallinu inn með Kúlunum kallast Barnádrög og þar gott sumarbeitiland. Þar sem Barná fellur niður úr Barnádrögum verða Barnárgljúfur. Fyrir utan Barná er Stóru-Hnausahlíð. Hryggurinn, sem er næstur upp undan Stóru-Hnausum, uppi í hrauninu, heitir Skolli. Niður með Stóru-Hnausahrauni að sunnan er Löngulá. Beint út undan Stóru-Hnausum eru Vatnslágar. Fyrir utan Stóru-Hnausahraun er Stóru-Hnausabotn og nær hann út undir Rauðfeldargjá í Botnsfjalli, en upp undan botninum eru Botnsfjall. Fyrir ofan hraunið að bera í Jökulþúfunu er Náttmálahnúkur og enn ofar Brennivinsþúfa.

Bárðarkista, Kúlur, Barnádrög, Náttmálahnúkur og Brennivinsþúfa eru allt dæmi um örnefni sem eru staðsett innan ágreiningssvæðisins og ná talsvert hærra til fjalls en landamerkjalysingar jarðanna.

Í örnefnaskrá fyrir Hamraenda segir m.a.: „Hamraendar eiga í hæstu eggjar á Hamraendafjalli, en það er um langan hrygg, sem nær frá Barnádrögum og austur að Kambsskarði. Af þessum hrygg fer svo að halla norður af.“ Í sömu örnefnaskrá segir: „Beint upp af Stekkjargeira er hæsti hluti Hamraendafjalls, Þórishamar.“ Fyrir liggur að Þórishamar er á fjallsbrúninni við punkt nr. 4 á kröfulínu gagnaðila ríkisins, talsvert sunnan við áður nefndan hrygg milli Barnádraga og Kambsskarðs þar sem vötnum hallar norður af.

Við mat á gildi lýsinga í örnefnaskrá þarf að mati óbyggðanefndar að hafa hugfast að þær eru í eðli sínu einhliða lýsingar einstaklinga á örnefnum og staðháttum á tilteknum svæðum sem safnað hefur verið af Örnefnastofnun og síðar nafnfræðisviði stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Að mati nefndarinnar geta örnefnaskrár fyrst og fremst komið til skoðunar þegar staðsetning tiltekkins kennileitis er óljós eða um hana er deilt.³⁹⁴ Í því samhengi má nefna að Hæstiréttur hefur gert talsvert

³⁹⁴ Sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (Jarðamerki gagnvart Ölfusafrétti) þar sem segir: „Í örnefnaskrá fyrir Ölfusvatn kom sem áður segir fram að Ölfusvatnstorfa ætti hornmark við Reykjatorfu og Ölfusafrétt á rauðbleikum melhnúki „fyrir framan svokallaða Kýrgilshnjúka“. Þá var í annari af tveimur örnefnaskráum fyrir Hagavík sagt að merki lægju „til suðurs“ eftir Hengilbrúnum, sem myndi Hengilsyllur austan í Hengli, og „úr þeim í mel einn bleikraudan til að sjá, Rauðamel“, sem væri hornmark. Líta verður svo á að þessi atriði öll bendi til að rauðleiti

strangar kröfur til landamerkjabréfa, sem eru árituð um samþykki eigenda aðliggjandi jarða og almennt þinglýst, og lagt til grundvallar í dómaframkvæmd að með því að gera slík bréf gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða annan rétt umfram það, sem verið hafði.³⁹⁵ Örnefnaskrár eru hvorki áritaðar um samþykki eigenda aðliggjandi jarða né þinglýst og þeim fylgja engin réttaráhrif. Að mati óbyggðanefndar er þess þá heldur ljóst að með gerð örnefnaskráa gátu menn ekki einhliða aukið við land sitt eða stofnað til eignarréttar og ekki er hægt að leggja örnefnaskrár einar og sér til grundvallar beinum eignarrétti að landi.

Að þessu gættu er það mat óbyggðanefndar að fyrirliggjandi heimildir um merki milli Hamraenda og Grafar og staðhættir styðji ekki að merkin nái norðar en að fjallsbrúninni við Þórishamar, norðan við punkt nr. 10 á kröfulínu íslenska ríkisins, eins og hann er staðsettur eftir breytingu. Er þannig fallist á að land jarðanna nái að þessu leyti inn á ágreiningssvæðið og norður að Þórishamri.

Hvað varðar þann hluta kröfulínu íslenska ríkisins sem liggur milli punkts nr. 10 á kröfulínunni og upphafspunkts á vatnaskilum við austurmörk Fossárdals, um Grafarhnúk, er engum heimildum fyrir að fara sem styðja að land Grafar, sem er næsta jörð austan við Hamraenda, nái inn fyrir línuna. Grafarhnúkur er efsti punktur frá fjallsbrúninni við Þórishamar að vatnaskilum milli norðurs og suðurs. Í ljósi staðháttu og skorts á heimildum um umrætt svæði verður að mati óbyggðanefndar að fallast á með íslenska ríkinu að eðlilegt sé að draga línuna um Grafarhnúk og þaðan að upphafspunkti á vatnaskilum sunnan Folahnúks.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar um austurmerki ágreiningssvæðisins að heimildir og staðhættir styðji ekki að merki jarðanna nái lengra til fjalls en í Rauðfeldargjá á merkjum Arnarstapa, Grímsstaða, Litlu-Hnausa og Stóru-Hnausa, foss Barnár þar sem hún fellur fram af hamrinum eða Barnárauga og upptök Hamraendalækjar á merkjum milli Stóru-Hnausa og Hamraenda og fjallsbrún Hamraendafjalls við Þórishamar á merkjum milli Hamraenda og Grafar. Merkjum milli þessara efstu merkjapunkta er ekki lýst í fyrirliggjandi heimildum og ekki er fyrir að fara glöggum náttúrulegum skilum á borð við vatnaskil, sem eðlilegt er að styðjast við hér. Þegar svo háttar til hefur óbyggðanefnd í fyrri úrskurðum jafnan talið eðlilegast að draga beina línu milli efstu punkta á merkjum jarða hvorum megin og hefur sú niðurstaða verið staðfest af Hæstarétti.³⁹⁶ Fjallsbrúnir Botnsfjalls og Hamraendafjalls mynda að vísu nokkuð glögg skil í landslaginu, þótt ekki séu þar vatnaskil, en með því að draga beinar línur milli framangreindra efstu merkjapunkta er fjallsbrúnunum að mestu leyti fylgt.

melhnúkurinn sé á þeim stað, sem óbyggðanefnd miðaði við, en ekki þar sem áfrýjandi heldur fram.“

³⁹⁵ Sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum).

³⁹⁶ Sjá úrskurð óbyggðanefndar frá 9. desember 2004 í máli nr. 8/2003 og dóm Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga, Prestsbakki og Prestsbakkakot).

Samkvæmt öllu því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að það eigi sér ekki stoð í fyrirliggjandi heimildum að landamerki þeirra jarða sem kröfur eru gerðar vegna nái inn á ágreiningssvæðið, fyrir utan svæði sunnan við línu sem dregin er úr Stagfelli í efsta hluta Norðurhlíðar við Norðurgil, sem blasir við úr Djúpugróf, og þaðan í stóran klett á vesturhluta Stapafells og svæði sunnan við línu sem dregin er úr upptökum Hamraendalækjar í Þórisshamar og þaðan í Grafarhnúk, eins og nánar er lýst að framan. Að öðru leyti er allt svæðið sem hér er til umfjöllunar, eins og það er afmarkað af hálfu íslenska ríkisins, að mati nefndarinnar utan landamerkjia aðliggjandi jarða.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða ágreiningssvæðisins. Í *Hauksbók Landnámu* er greint frá því að Sölvi hafi numið land milli Hellishrauns og Sleggju-beinsár en í *Sturlubók Landnámu* er hann sagður hafa numið land milli Hellis og Hraunhafnar. Mismunandi útgáfum *Landnámu* ber saman um að Sigmundur Ketilsson hafi numið land milli Hellishrauns og Berúvíkurhrauns. Af þessum frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið, enda kemur ekki fram hversu hátt til fjalla landnám á svæðinu hafi náð. Að mati óbyggðanefndar mæla staðhættir og fjarlægðir því þó ekki í mót að ágreiningssvæðið kunni að hafa verið numið, a.m.k. að einhverju leyti, þó svo að fjallsbrúnir myndi nokkuð skörp skil milli fjallendis og láglandis á austurmörkum svæðisins, eins og áður hefur verið vikið að. Þó ber að gera þann fyrirvara að óvissa um aðferðir við landnám og umfang þess hverju sinni er það mikil að ekki verður fullyrt með afdráttarlausum hætti um nákvæma stærð þess, sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstöðna óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hvernjar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitásium og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tiltekna undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Fram-

afréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“

Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Í kafla 5.5 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er lýst þeirri afstöðu nefndarinnar að hafi landamerkjabréf verið þinglesið, fært í landamerkjabók og á því byggt síðan um merki tiltekinna jarðar, án athugasemda yfirvalda eða ágreinings við nágranna eða sveitarfélag, virðist það benda til þess að lýsing merkja hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda. Jafnframt sé ljóst að þinglýstir eigendur hafi um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að merkjum sé þar rétt lýst.

Í þeim málum sem óbyggðanefnd hefur til meðferðar á svæði 9B, þar á meðal því máli sem hér er til úrlausnar, eru allmörg dæmi um að ekki liggi fyrir upplýsingar um hvort og þá hvenær landamerkjabréfum jarða sem tengjast ágreiningssvæðunum hafi verið þinglýst og það þótt landamerkjabréfin séu varðveitt í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Á öðrum svæðum sem nefndin hefur haft til meðferðar hefur upplýsingar um þetta oftast verið að finna í dóma- og þingbókum viðkomandi sýslu, í registrum þinglýsingarbóka og/eða á landamerkjabréfunum sjálfum.

Í þessu sambandi skal þess getið að skv. 4. gr. eldri landamerkjalaga, nr. 5/1882, skyldi landeigandi, eftir að hann hafði aflað samþykkis eigenda aðliggjandi jarða á merkjalýsinguna (landamerkjabréfið), fá hana sýslumanni í hendur til þinglesturs á næsta manntalsþingi. Þá skyldi sýslumaður skv. 6. gr. laganna „hafa löggilta landamerkjabók, til að rita í allar merkjalýsingar, samninga og dóma um landamerki, sem á þingi eru lesnir“. Núgildandi landamerkjalög, nr. 41/1919, leystu lög nr. 5/1882 af hólmi. Í 5. gr. þeirra kemur fram að í hverju lögsagnarumdæmi skuli vera löggilt landamerkjabók og skuli sýslumaður³⁹⁷ rita í hana alla þinglýsta gerninga og dóma um landamerki. Þá kemur fram í 2. gr. laganna að eigandi lands eða fyrirsvarsmaður skuli færa hreppstjóra merkjaskrá eftir að aflað hafi verið áritana vegna aðliggjandi

³⁹⁷ Í upphaflegri gerð þessarar greinar laganna og allt þar til henni var breytt með 6. gr. laga nr. 92/1991 um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði o.fl. var orðið *valdsmaður* notað þar sem nú segir *sýslumaður*. Að öðru leyti er þessi lagagrein óbreytt. Ljóst er að sýslumaður þar þó frá upphafi þær skyldur valdsmanns sem kveðið er á um í greininni.

landsvæða og hreppstjóri skuli, eftir athugun á skránni, senda sýslumanni hana til þinglýsingar.

Af þessu verður ráðið að allt frá gildistöku eldri landamerkjalaga, nr. 5/1882, hafi gilt reglur sem fólu í sér að ekki skyldi færa landamerkjabréf í landamerkjabók nema þeim hefði verið þinglýst. Jafnframt er ljóst að frá upphafi hefur sú skylda hvílt á sýslumönnum að halda landamerkjabækur, auk þess sem það hefur verið á þeirra hendi að annast þinglýsingar. Það að þau landamerkjabréf sem hér um ræðir sé að finna í landamerkjabók Snæfellsness- og Hnappadalssýslu bendir a.m.k. til þess að þeir sem kölluðu til réttinda á grundvelli þeirra hafi uppfyllt þá skyldu að afhenda þau viðkomandi sýslumannsembætti til þinglýsingar og varðveislu í landamerkjabók eða, séu bréfin frá því eftir gildistöku laga nr. 41/1919, afhenda þau hreppstjóra sem síðan hafi sent þau til sýslumanns. Í ljósi þessa verður að mati óbyggðanefndar engu slegið föstu um að óvissa um þinglýsingu umræddra landamerkjabréfa á Snæfellsnesi bendi til þess að eigendur viðkomandi jarða hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt landamerkjalögum. Þessi landamerkjabréf hafa því eftir sem áður ríkt sönnunargildi um landamerki jarðanna, að öðrum framangreindum skilyrðum uppfylltum.

Eins og áður er rakið skiptir mestu við úrlausn málsins hvort ágreiningssvæðið hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðið hafi frá upphafi verið utan merkja jarða og þá eftir atvikum hvort það hafi verið háð óbeinum eignarréttindum. Að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að ágreiningssvæðið, eins og það er afmarkað af hálfu íslenska ríkisins, sé allt utan landamerkja aðliggjandi jarða, utan tveggja svæða, annars vegar á norðurmerkjum Miðvalla og Hellna og hins vegar á merkjum Hamraenda og Grafar. Ekki er um það deilt af hálfu aðila málsins að Miðvellir, Hellnar, Hamraendar og Gröf séu eignarlönd. Ágreiningur ríkisins og gagnaðila þess stóð einungis um afmörkun jarðanna. Í ljósi þess og að fenginni niðurstöðu um afmörkun jarðanna, sem rakin er hér að framan, er að mati óbyggðanefndar ekki þörf á að fjalla nánar um eignarréttarlega stöðu þeirra tveggja svæða innan ágreiningssvæðisins sem eru innan landamerkja jarðanna samkvæmt framangreindu.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land sunnan við línu sem dregin er úr Stagfelli í efsta hluta Norðurhlíðar við Norðurgil og þaðan í stóran klett á vesturhluta Stapafells og land sunnan við línu sem dregin er úr upptökum Hamraendalækjar í Þórishamar og þaðan í Grafarhnúk, sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Eftir stendur að fjalla um eignarréttarlega stöðu þess hluta ágreiningssvæðisins sem er samkvæmt framangreindu utan landamerkja aðliggjandi jarða og þá eftir atvikum hvort það hafi verið háð beinum eða óbeinum eignarréttindum.

Í jarðamatinu 1849–1850 segir um Stóru-Hnausa að jörðin eigi slægjur til fjalla. Ekki er þó getið staðsetningar þeirra. Í sömu heimild er getið um útheyslslægjur Hellnajarðarinnar Brekkubæjar á fjalli í sameign við aðra, án þess að tilgreint sé hvar þær hafi verið.

Í *Jarðabók* Árna og Páls, segir um Hellnajörðina Laugarbrekku: „Afrjett á jörðin upp undir Jökli fyrir sitt eigið gjeldfje. Öngvum ljá það Hellnamenn og öngvir ganga þar tollar af.“ Eins og rakið er í umfjöllum um merki milli Miðvalla og Hellna hér að framan er í sömu heimild getið um selstöðu „í eiginlandi allrar jarðarinnar“ í Heljarkinn í Stapafelli og ofanvert við Háuborg. Greinarmunur er því gerður á selstöðunum sem sagðar eru í eignarlandi Hellna og afrétti jarðarinnar upp undir jökli. Það er í samræmi við niðurstöðu óbyggðanefndar um afmörkun Hellna og styður að ágreiningssvæðið hafi ekki verið undirorpið beinum eignarrétti aðliggjandi jarða.

Í svari sýslumanns Snæfellsness- og Hnappadalssýslu við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands, dagsettri 29. desember 1919, um almenninga í sýslunni segir:

... þar sem leitast er skýrslu um almenninga hjer í sýslu, undanfelli jeg eigi hjermeð að skýra frá, að hjer í sýslu eru engir almenningar, heldur eingöngu heimalönd. Lönd jarðanna norðan og sunnan Snæfellsnessfjallgarðsins jaðra hvarvetna saman á há-fjallgarðinum að því er sjeð verður af landamerkjabók sýslunnar. Í sýslunni eru eigi til afrjettarlönd [í] eigu sveitarfjelaga og því hvergi hjer í sýslunni [um] að ræða önnur upprekstrarlönd en heimalönd jarða.

Í lýsingu á Breiðuvíkurstakalli frá 1939 í *Sýslu- og sóknalýsingum* Snæfellsness segir: „Afréttarlönd mega hér engin heita, því síður almenningar, þar fjöllin eru ei annað en heimalönd.“

Af þessum svörum sést að þeir sem þau skrifuðu hafa litið svo á að engir afréttir eða almenningar væru á svæðinu, heldur einungis heimalönd. Hins vegar styðja heimildir um landamerki þeirra jarða sem liggja að ágreiningssvæðinu sem hér er sérstaklega til umfjöllunar ekki að þau nái inn fyrir kröfulínu íslenska ríkisins, eins og rakið er í umfjöllun um merki svæðisins hér að framan. Framangreind svör og lýsingar hafa ekki áhrif á þá niðurstöðu, enda er sönnunargildi þeirra um merki aðliggjandi jarða mun takmarkaðra en þeirra heimilda sem raktar eru í umfjöllun um merki ágreiningssvæðisins, auk þess sem engar lýsingar á merkjum einstakra jarða er að finna í þeim eða vísun til heimilda til stuðnings innihaldi þeirra.

Árið 1936 leigði umboðsmaður þjóðjarða í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði Jóni Loftssyni og Sveinbirni Jónssyni lóð vegna námurekstrar á Arnarstapa til fimmtíu ára frá 1. janúar 1936. Lóðarleigusamningurinn var undirritaður af umboðsmanninum 1. september 1936 og af þeim Jóni og Sveinbirni 18. sama mánaðar. Hann var jafnframt staðfestur fyrir hönd atvinnu- og samgöngumálaráðherra 19. nóvember 1936 og þinglesinn á manntalsþingi árið 1938. Hinn 29. ágúst 1936 veitti sýslumaður Snæfellsness- og Hnappadalssýslu Jóni Loftssyni og Sveinbirni Jónssyni svokallað málmgraftrarleyfi

samkvæmt þágildandi námulögum nr. 50/1909, sem veitti þeim heimild til að grafa eftir vikri á námuteigi þeim sem þeir höfðu fengið sér útmældan á Jökulhálsi. Útmæling þessi, sem mun hafa farið fram 12. ágúst 1936 hefur ekki fundist, þrátt fyrir ítarlega leit. Jón og Sveinbjörn afsöluðu sér lóðar- og námuréttindum sínum á Snæfellsnesi til Vikurfélagsins 6. júlí 1937. Afsalið var þinglesið á manntalsþingi árið 1938. Vikurnámur félagsins voru á jökulhálsinum suðaustan við Snæfellsjökul, innan ágreiningssvæðisins, og var vikrinum fleytt í læk niður í hvamm við norðurenda Stapafells þar sem hann var malaður. Þaðan var honum fleytt í trérennum niður í þorpið á Arnarstapa og þaðan í slöngum út í skip. Í bréfi Haraldar Jónssonar hreppstjóra Breiðuvíkurrepps til landbúnaðarráðuneytisins, dagsett 20. nóvember 1974, segir að hin síðari ár hafi engin efnis-taka farið fram, á að giska næstliðin 6 til 7 ár. Samkvæmt því hefur vikurnámið lagst af um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar og því staðið í u.þ.b. 30 ár.

Áður hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að heimildir um landamerki Arnarstapa styðji ekki að land jarðarinnar nái norðar en að línu sem dregin er milli norðvesturhluta Stapafells og Rauðfeldargjár. Ljóst er að vikurnámur Vikurfélagsins voru talsvert norðvestan við þá línu, innan ágreiningssvæðisins. Ekki hefur verið gerð krafa um beinan eignarrétt vegna Arnarstapa innan ágreiningssvæðisins, að undanskilinni kröfu Snæfellsbæjar vegna svokallaðs Arnarstapalands, hluta úr landi Arnarstapa sem sveitarfélagið eignaðist í makaskiptum við íslenska ríkið árið 2003 eins og áður er rakið. Sá hluti Arnarstapa sem er í eigu Snæfellsbæjar er skýrt afmarkaður í makaskiptaafsalinu. Snæfellsbær lét málið ekki frekar til sín taka eftir að þjóðlendukröfulína íslenska ríkisins var færð út fyrir mörk þess lands Arnarstapa sem makaskiptin lutu að. Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvalla-afréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerðum aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða þess svæðis sem hér er sérstaklega til skoðunar er því einungis til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli þess fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins við aðalmeðferð málsins, þess efnis að þrátt fyrir kröfu um viðurkenningu þess að svæðið væri þjóðlenda væri óskað eftir því að óbyggðanefnd gerði sjálfstæða rannsókn á því hvort svæðið væri eignarland eða þjóðlenda, enda er Arnarstapi, utan hins svokallaða Arnarstapalands, í eigu íslenska ríkisins.

Ekki liggja fyrir í málinu skjöl sem varpað geta ljósi á nánari afmörkun vikurvinnslu-svæðisins. Gerningar íslenska ríkisins í tengslum við vikurvinnsluna benda til þess að á þeim tíma sem þeir áttu sér stað hafi ríkið litið svo á að land innan ágreiningssvæðisins tilheyrði jörðinni Arnarstapa. Eins og áður er rakið renna gögn um afmörkun Arnarstapa hins vegar ekki stoðum undir að svo hafi verið. Hæstiréttur hefur í dómaframkvæmd lagt til grundvallar að fyrri athafnir og löggerningar ríkisins geti haft áhrif á niðurstöðu um hvort land verði talið þjóðlenda eða eignarland. Nánar tiltekið hefur ríkinu ekki

verið talið stætt á að gera kröfu um að tiltekið landsvæði verði úrskurðað þjóðlenda þegar það hefur í fyrri lögskiptum sínum við landeigendur lagt til grundvallar að umrætt svæði sé eignarland, enda sé slík kröfugerð ósamrýmanleg fyrri afstöðu ríkisins til eignarréttarlegrar stöðu svæðisins og þeirra væntinga viðkomandi landeigenda sem skapast hafa vegna hennar, sbr. dóma Hæstaréttar 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005 (Breiðármörk, Fjall og Skaftafell II), 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (Jarðamerki gagnvart Ölfusafrétti) og 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsdalur). Hér er þó uppi önnur staða þar sem fyrri athafnir íslenska ríkisins í tengslum við Arnarstapa beindust ekki að öðrum landeigendum heldur lagði ríkið til grundvallar að það væri sjálft eigandi Arnarstapa. Að því leyti voru athafnirnar því ekki til þess fallnar að skapa öðrum réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu svæðisins.

Við aðalmeðferð málsins kom fram í máli þeirra sem gáfu skýrslu fyrir óbyggðanefnd að ágreiningssvæðið hefði gegnum tíðina fyrst og fremst verið nýtt til beitar á sumrin og sauðfé þá gengið óhindrað um svæðið. Einnig kom fram að nokkur rjúpnaveiði hafi verið innan ágreiningssvæðisins, án afskipta eigenda þeirra jarða sem liggja að ágreiningssvæðinu. Fyrir liggur að hluti þjóðgarðsins Snæfellsjökuls teygir sig inn á svæðið, en mörk hans liggja í boga skammt austan við jökulinn, á hluta þess svæðis sem eigendur Miðvalla og Hellna gera kröfur til. Þjóðgarðurinn var stofnaður 28. júní 2001 og af gögnum málsins verður ekki séð að gerðar hafi verið athugasemdir við afmörkun hans af hálfu þeirra landeigenda sem nú gera kröfur til svæðisins.

Eins og áður er getið verður ekki ráðið af fyrirliggjandi landnámslýsingum hvort ágreiningssvæðið hafi verið numið, en staðhættir og fjarlægðir mæla því þó ekki í mót að það kunni að hafa verið numið, a.m.k. að einhverju leyti. Jafnvel þótt svæðið kunni að hafa verið numið í öndverðu þá liggur ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kynni að hafa verið stofnað til. Í því efni brestur því sönnun; samhengi eignarréttar og sögu liggur ekki fyrir. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og að landsvæðið hafi í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra.

Að öllu þessu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar sú að fyrirliggjandi heimildir styðji ekki að ágreiningssvæðið hafi verið undirorpið beinum eignarrétti.

Hvað varðar kröfur gagnaðila íslenska ríkisins um beinan eignarrétt á grundvelli hefðar þá vísast til dóma Hæstaréttar í þjóðlendumálum sem og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, þar sem gerð er almenn grein fyrir hefð sem stofnunarhætti eignarréttinda. Svo sem þar er rakið var skýrum réttarreglum um hefð ekki fyrir að fara fyrir setningu hefðarlaga nr. 46/1905. Í „sólarlagsákvæði“ 12. gr. laganna kom fram að telja mætti eignarhald hefðanda fyrir gildistöku laganna til hefðartíma, þó þannig að engin hefð teldist fullnuð fyrr en í árslok 1910. Ljóst er að með þessu var ákveðið að

hefðarlög giltu afturvirk en ákvæðið tók þó aðeins til hefðarhalds sem fyrir hendi var við gildistöku laganna.³⁹⁸

Hvað varðar ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar þá liggja engar heimildir fyrir sem benda til þess að þar hafi verið búið við gildistöku hefðarlaga, nr. 46/1905, og ekkert liggur fyrir um að umráðum landsins hafi nokkru sinni eftir það verið háttað þannig að þau gætu talist hafa fullnægt kröfum 2. gr. hefðarlaga um óslitið eignarhald á fasteign. Beinn eignarréttur að svæðinu getur því ekki hafa stofnast handa gagnaðilum íslenska ríkisins fyrir hefð eftir gildistöku hefðarlaga, hvorki samkvæmt almennu ákvæði 1. mgr. 2. gr. né sérreglu í 12. gr. þeirra. Þá skal sérstaklega áréttað að eldri lagareglur, svo sem ákvæði í 26. kap. landsleigubálks Jónsbókar, koma ekki til álita til stuðnings eignarréttarkröfu gagnaðila, sbr. dóm Hæstaréttar frá 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 (Heiðarmúli).

Þá hefur verið áréttað í fjölda dóma Hæstaréttar að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarreit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein og sér til þess að hefða beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerka jarða þar sem háttar til eins og í tilviki þess lands sem hér um ræðir. Jafnframt er ljóst að ráðstafanir að lögum, svo sem sala eða leiga tiltekinna réttinda, hafa ekki þýðingu við slíkt mat nema fleira komi til. Að þessu öllu virtu verður ekki fallist á með gagnaðilum íslenska ríkisins í máli þessu að forverar þeirra þeir sjálfir hafi unnið beinan eignarrétt að einstökum hlutum ágreiningssvæðisins fyrir hefð.

Fyrir liggur að íslenska ríkið ráðstafaði tilteknum námuréttindum innan ágreiningssvæðisins ásamt lóðarréttindum um nokkurra áratuga skeið frá 1936 og fram á sjöunda áratug síðustu aldar. Ljóst er að sá sem fær réttindum ráðstafað á grundvelli löggernings getur ekki unnið hefð að viðkomandi réttindum í skjóli hans. Í þessu sambandi getur því einungis komið til skoðunar hvort íslenska ríkið hafi með ráðstöfunum sínum á ágreiningssvæðinu hefðað sér beinan eignarrétt að umræddri lóð ásamt þeim óbeinu eignarréttindum sem um teflir. Íslenska ríkið hefur ekki borið við hefð í málinu og eins og áður greinir liggur ekki fyrir afmörkun þess svæðis sem var ráðstafað í þessu skyni. Að mati nefndarinnar verður ekki fullyrt um hugsanlega eignarhefð íslenska ríkisins á óafmörkuðu svæði, eins og hér háttar til. Þá leiðir af 2. gr. laga nr. 58/1998 að íslenska ríkið er allt að einu eigandi námuréttinda innan þjóðlendna, rétt eins og annarra landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Úrlausn um hugsanlega hefðun íslenska ríkisins á óbeinum eignarréttindum innan ágreiningssvæðisins hefur því ekki þýðingu í ljósi niðurstöðu málsins, enda liggur heldur ekki fyrir afmörkun eða umfang hinna óbeinu eignarréttinda sem um ræðir.

Eins og áður greinir er getið um afrétt Laugarbrekku upp undir jökli í *Jarðabók* Árna og Páls, án þess þó að hún sé afmörkuð þar nánar. Í *Göngur og réttir* segir að leitum í Breiðuvík hafi verið þannig hagað að gangnamönnum væri skipt í tvo flokka. Annar

³⁹⁸ Sbr. kafla 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

flokkurinn gengi upp Hnausahryggi og hæfi göngu í Barnádrögum og gengi austur fjallið, að Kambsskarði. Hinn flokkurinn hæfi göngu við Axlargang og gengi fjallið vestur að Kambsskarði. Þar mættust flokkarnir og rækju niður í réttina. Í sama riti er að finna lýsingu á leitum haustið 1941 þar sem því er lýst að smalað hafi verið frá Merkjahrygg við sunnanverðan Snæfellsjökul austur að Barnádrögum við austanverðan jökulinn og niður til réttar. Því er lýst að heimalönd hafi verið smöluð daginn áður, sem bendir til þess að ekki hafi verið litið svo á að umrætt svæði sem átti að smala hafi talist til heimalanda jarðanna. Í skýrslutökum við aðalmeðferð málsins kom fram að svæðið sem hér er til umfjöllunar hafi fyrst og fremst verið nýtt sem beiti- og afréttarland jarðanna í kring. Svonefndir Breiðvíkingar, þ.e. bændur í Breiðuvík, smali svæðið norðan Brennivíns- eða Brenningskúlna og Náttmálahnúks og réttað í Gröf, en svonefndir Staparar, þ.e. bændur á Arnarstapa og nálægum bæjum, smali svæðið þar sunnan við heim að bæjunum. Fram kom að lítið væri um fjárbúskap á svæðinu nú til dags og helst færi inn á svæðið fé frá bænum Knerri, sem er austast í Breiðuvík.

Í máli þessu er ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds landsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarþeir fyrir búþening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Þá voru snemma settar opinberar reglur um afréttar-notkun og fjallskil sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á.

Að öllu framangreindu virtu telur óbyggðanefnd að ekki hafi verið í ljós leitt að á þeim hluta ágreiningssvæðisins sem hér er til umfjöllunar hafi stofnast til eignarlands með námi, hefð eða öðrum þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka). Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.³⁹⁹ Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afréttur jarða í fyrrum Breiðuvíkurreppi.

Ljóst er að einstakir hlutar þess svæðis sem hér hefur verið sérstaklega fjallað um og talið þjóðlenda og afréttur eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði [...] sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeir fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Að því leyti sem mörk afréttarins miðast við jaðar Snæfellsjökuls er miðað við stöðu jökulsins við gildistöku laga nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna. Vísast í því sambandi til dóms Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 345/2005 (Fell í Suðursveit).

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls, svo sem það er afmarkað hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

Upphafspunktur er á vatnaskilum við Hamraendafjall sunnan við Fola-hnúk. Þaðan er farið eftir vatnaskilum milli norðurs og suðurs, vestur í Geldingafell og þaðan stystu leið að jaðri Snæfellsjökuls. Miðað er við

³⁹⁹ Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

jökuljaðarinn eins og hann var við gildistöku Þjóðlendulaga nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna. Jökuljaðrinum er svo fylgt suður og síðan vestur að þeim stað á jökuljaðrinum sem er á móts við Merkja-hrygg. Þaðan er línan dregin úr jökuljaðrinum beina stefnu í Stagfell og þaðan beint í efsta hluta Norðurhliðar við Norðurgil sem blasir við úr Djúpugróf. Þaðan er línan dregin beint í merkjastrípu (stóran klett) í vesturhlið Stapafells og þaðan beint í vesturbarm Rauðfeldargjár, sem er ofarlega í Botnsfjalli. Þaðan er línan dregin beint í Barná þar sem hún fellur fram af hamrinum og þaðan beint í upptök Hamraendalækjar. Frá upptökum Hamraendalækjar er línan dregin beina stefnu í Þórishamar, þaðan er farið beint í Grafarhnúk og þaðan upp á vatnaskil við Hamraendafjall sunnan við Folahnúk, sem er upphafspunktur.

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Breiðuvíkurreppi, nú í sveitarfélaginu Snæfellsbæ, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, sem njóta veiðiréttar í ám og vötnum á svæðinu, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

6.4 Snæfellsjökull

6.4.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta ágreiningssvæðisins í málinu sem tekur til Snæfellsjökuls. Gagnaðilar íslenska ríkisins vegna Miðvalla gerir tilkall til hluta jökulsins að austanverðu sem eignarlands síns. Ekki er að öðru leyti uppi ágreiningur um afmörkun eða eignarréttarlega stöðu þessa hluta Þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins í málinu.

Svæðið sem sá hluti Þjóðlendukröfu íslenska ríkisins sem hér um ræðir lýtur að nær til Snæfellsjökuls, eftir jökuljaðrinum eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998 1. júlí 1998. Austan jökulsins er svæði sem nefnt hefur verið landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls og Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins nær jafnframt til. Fjallað er um þann hluta kröfusvæðisins í kafla 6.3 hér að framan. Aðliggjandi að sunnan-, vestan- og norðanverðu kröfusvæði íslenska ríkisins á Snæfellsjökli er óumdeilt eignarland jarðanna Dagverðarár, Malarrífs, Einarslóns, Hólahóla, Garða, Nýjubúðar, Bakka-búðar, Hellu, Helludals, Saxhóls, Gufuskála, Hraunskarðs, Munaðarhóls, Hallsbæjar, Ingjaldshóls, Skarðs, Vaðstakksheiðar og Ólafsvíkur.

6.4.2 Sjónarmið aðila

Almenn sjónarmið íslenska ríkisins að því er varðar Þjóðlendukröfur á Snæfellsnesi eru rakin í kafla 6.3.2.1 og vísast til umfjöllunar þar um þau.

Hvað varðar Snæfellsjökul sérstaklega er af hálfu íslenska ríkisins byggt á því að jöklar teljist almennt til svæða utan eignarlanda, sbr. m.a. almennar athugasemdir í

frumvarpi sem varð að þjóðlendulögum, sem og kafla 4.6. í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Ekki verði séð af lýsingum í *Landnámu* að Snæfellsjökull hafi verið innan landnáms. Að kröfusvæðinu að norðan og vestan liggi jarðir sem allar lýsi merkjum í jökul eða í örnefni við jökulbrún að undanskilinni jörðinni Fossárdal sem lýsi merkjum í Geldingafell (1). Sé kröfulína íslenska ríkisins því dregin frá upphafspunkti í Geldingafelli og eftir jökulbrúnnum eins og þær hafi verið við gildistöku laga nr. 58/1998.

Þannig megi ráða af heimildum að þjóðlendukröfusvæðið liggi utan landamerkjabréfa og annarra landamerkjalyýsinga aðliggjandi svæða. Af sömu heimildum sé einnig ljóst að slík aðliggjandi svæði telji ekki til beinna eignarréttinda yfir þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins.

Um lagarök er af hálfu íslenska ríkisins fyrst og fremst vísað til þjóðlendlaga, nr. 58/1998. Þá er vísað til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og meginreglum um eignarráð fasteignareigenda, almennum reglum samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 46/1905. Þá er vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins vegna Miðvalla er byggt á því að hluti jökulsins að austanverðu sé eignarland jarðarinnar. Sjónarmiðum eigenda Miðvalla eru gerð ítarleg skil í köflum 6.3.2.2 og 6.3.2.2.4 hér að framan og eiga þau jafnt við um þann hluta ágreiningssvæðisins sem hér er til umfjöllunar. Að teknu tilliti til þess er ekki ástæða til að rekja þau sjónarmið aftur hér heldur vísast um þau til fyrrgreindra kafla.

6.4.3 Niðurstæða

Sá hluti ágreiningssvæðisins sem hér er til umfjöllunar er samkvæmt kröfugerð íslenska ríkisins allur Snæfellsjökull, eins hann var við gildistöku laga nr. 58/1998 1. júlí 1998. Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á svæðinu er rakin í kafla 5 hér að framan. Eins og áður segir er á austanverðu kröfusvæði ríkisins svæði sem gagnaðilar íslenska ríkisins vegna Miðvalla byggir á að sé eignarland sitt. Að öðru leyti er ekki ágreiningur um afmörkun eða eignarréttarlega stöðu þessa hluta kröfusvæðis íslenska ríkisins í málinu.

Fyrst kemur til skoðunar hvernig merkjum aðliggjandi jarða er lýst en ekki er til nein landamerkjalyýsing fyrir Snæfellsjökul. Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki kröfusvæðisins, þar á meðal hvort samræmi sé milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til umfjöllunar, en kröfulínum málsaðila er lýst í köflum 3.1 og 3.8. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu jökulsins.

Eins og áður greinir liggur sá hluti þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins í málinu sem nefndur hefur verið „landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls“ og fjallað er um í kafla 6.3 að Snæfellsjökli, sem hér er til umfjöllunar, að austan- og suðaustanverðu. Niðurstaðan um þann hluta ágreiningssvæðisins er að land þeirra jarða sem liggja að umræddu svæði nái ekki upp að jöklinum. Miðvellir eru meðal þeirra jarða sem liggja að umræddum hluta ágreiningssvæðisins og tekin er afstaða til í kafla 6.3. Niðurstaða um afmörkun jarðarinnar er að nyrsti punktur á austurmerkjum hennar gagnvart Hellnum sé nyrst í Norðurhlíð við Norðurgil, rétt norðan við kröfulínu íslenska ríkisins milli punkta nr. 5 og 6, og nyrsti punktur á vesturmerkjum jarðarinnar gagnvart Dagverðará sé í Stagfelli, sem er punktur nr. 5 á kröfulínu ríkisins. Kröfulínur eigenda Miðvalla eru dregnar í gegnum ágreiningssvæðið sunnan og austan Snæfellsjökuls og upp á jökulinn að austanverðu, að vatnaskilum. Í fyrrgreindri niðurstöðu óbyggðanefndar felst því niðurstaða um að land Miðvalla nái ekki upp á Snæfellsjökul. Um rökstuðning fyrir þessari niðurstöðu vísast nánar til umfjöllunar í kafla 6.3.3. Að fenginni þessari niðurstöðu er ekki þörf á að fjalla nánar um afmörkun Miðvalla.

Að teknu tilliti til framangreinds er ekki ástæða til að kanna hér heimildir um afmörkun þeirra jarða sem liggja að ágreiningssvæðinu sunnan og austan Snæfellsjökuls. Ljóst er að umræddar jarðir eiga ekki land upp á jökulinn. Hér verða því einungis kannaðar heimildir um afmörkun þeirra jarða sem liggja að Snæfellsjökli að sunnan-, vestan- og norðanverðu, vestan Dagverðarár að sunnanverðu og vestan Fossárdals að norðanverðu. Aðliggjandi jarðir á því svæði eru, réttisælis í kringum Snæfellsjökul frá suðri til norðurs: Malarrif, Einarslón, Hólahólar, Garðar, Nýjabúð, Bakkabúð, Hella, Helludalur, Saxhóll, Gufuskálar, Hraunskarð, Munaðarhóll, Hallsbær, Ingjaldshóll, Skarð, Vaðstakksheiði og Ólafsvík. Flestar jarðanna eru í eigu íslenska ríkisins og tilheyra þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

Í landamerkjabréfi Einarslóns og Malarrifs frá 14. maí 1889 er merkjum milli Malarrifs og Dagverðarár, næstu jarðar austan Malarrifs, lýst svo: „... sjónhending úr Hellna-skriðu sunnanvert við Svalþúfu í Helguhól síðan í Merkihrygg og í Jökul upp.“ Í sama landamerkjabréfi segir að allt beitar- og slægjuland sé óskipt á milli Einarslóns og Malarrifs. Þá er merkjum milli Einarslóns og Hólahóla, næstu jarðar norðvestan Einarslóns, lýst svo: „... úr miðjum Djúpalónssandi í Djúpalón og þaðan í miðjar hærri Krossabrekkur og svo í Jökul.“ Bréfið er áritað um samþykki ábúenda á Malarrifi og Einarslóni, eiganda Dagverðarár og umboðsmanna Malarrifs, Einarslóns og Hólahóla. Ekki liggur fyrir hvort því var þinglýst.

Í landamerkjabréfi Hólahóla frá 25. maí 1889 er merkjum Hólahóla og Einarslóns lýst svo: „... úr miðjum Djúpalónssandi í Djúpalón, og þaðan í miðjar hærri Krossabrekkur, og svo í Jökul.“ Er sú lýsing í samræmi við lýsingu merkjanna í landamerkjabréfi Einarslóns og Malarrifs frá 1889. Merkjum milli Hólahóla og Bervíkur, sem samanstendur af jörðunum Hellu, Helludal, Görðum, Nýjubúð og Bakkabúð, er lýst svo: „... úr Naustakletti í Stóra-Reiðhól og þaðan í fremstu Stakkabrekku.“ Stakka-

brekkur liggja skammt vestan við Snæfellsjökul. Bréfið er áritað um samþykki ábúenda á Görðum og Litla-Lóni og umboðsmanna Einarslóns og Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs. Ekki liggur fyrir hvort því var þinglýst.

Í landamerkjabréfi Hellu, Helludals, Garða, Nýjubúðar og Bakkabúðar í Bervík frá 25. maí 1889 segir að jarðirnar hafi átt og eigi óskipt beutiland og reka. Merkjum jarðanna gagnvart aðliggjandi jörðum er lýst sameiginlega sem Bervík. Í bréfinu er merkjum Bervíkur gagnvart Hólahólum lýst svo: „... úr Naustakletti í Stóra-Reiðhól, og þaðan sjónhending í fremstu Stakkabrekku.“ Þessi lýsing er í samræmi við framangreint landamerkjabréf Hólahóla sem er dagsett sama dag. Merkjum gagnvart Saxhóli, næstu jörð norðan Bervíkur, er lýst svo: „... úr Hranavör í stóra vörðu á hrauninu, og þaðan sjónhending í miðjan Blákolluhrygg og þaðan í Jökul.“ Bréfið er áritað um samþykki ábúenda á Görðum, Saxhóli og Litla-Lóni, og umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs. Ekki liggur fyrir hvort því var þinglýst.

Í landamerkjabréfi Saxhóls frá 25. maí 1889 er merkjum Bervíkur og Saxhóls lýst svo: „... úr Hranavör í stóra vörðu í hrauninu, og þaðan sjónhending í miðjan Blákolluhrygg, og þaðan í Jökul.“ Lýsingin er í samræmi við framangreint landamerkjabréf jarðanna í Bervík, sem er dagsett sama dag. Merkjum gagnvart Gufuskálum, sem er næsta jörð norðan við Saxhól, er lýst svo: „... úr Þistilhelli sjónhending í Miðfell og þaðan í Jökul.“ Bréfið er áritað um samþykki ábúenda á Öndverðarnesi, Gufuskálum, Görðum og Saxhóli og umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs. Ekki liggur fyrir hvort því var þinglýst.

Í landamerkjabréfi Gufuskála frá 25. maí 1889, sem var þinglýst 27. júní 1889, segir um merki milli Gufuskála og Saxhóls að þau séu „... í stóran hól upp í hrauninu, sem ber í Miðfell og þaðan sjónhending í Jökul“. Þessi lýsing er í samræmi við landamerkjabréf Saxhóls, dagsett sama dag. Í landamerkjabréfinu er merkjum Gufuskála til norðausturs gagnvart Hjallasandi (Hellissandi) lýst svo, að því er varðar ágreiningssvæðið: „... í Miklaborg, þaðan sjónhending í Jökul.“ Bréfið er áritað um samþykki ábúenda á Gufuskálum, Munaðarhóli, Sandi, Saxhóli og Öndverðarnesi og umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Í skrá yfir landamerki Staðarstaðarkirkjujarða frá 20. ágúst 1884 segir að landamerki Gufuskála „að innanverðu“ gagnvart Hraunskarði og Hjallasandi (Hellissandi) séu: „Úr Sjónarhól upp undir jökli í stapa þann, er stendur fyrir ofan götu í svokölluðu prestahrauni ...“ Þar segir að merkin séu samkvæmt skoðunargjörð og áliti sættanefndar frá 7. ágúst 1809. Ekki liggur fyrir hvort skránni var þinglýst.

Í skrá um landamerki milli Hraunskarðs og Gufuskála frá því um 1360 segir að merkin séu „i sionarhol. þaðan j jokul sem graus ganga“.

Varðveitt er landamerkjabréf Munaðarhóls og Hallsbæjar, sem munu hafa verið jarðir tengdar Hraunskarði, frá 25. maí 1889, sem var þinglýst 27. júní sama ár. Þar segir að vesturmerki Munaðarhóls og Hallsbæjar gagnvart Gufuskálum séu: „... í Mikluborg, þaðan í sjónarhól, þaðan í Jökul.“ Lýsingin er í samræmi við landamerkja-

bréf Gufuskála og skrá yfir landamerki Staðarstaðarkirkjujarða, sem getið er hér að framan. Um austurmerki Munaðarhóls og Hallsbæjar segir: „... ræður Höskuldsá til Prestahrauns og þaðan í Gráborg og svo í Jökul.“ Bréfið er áritað um samþykki ábúenda á Gufuskálum og Kjalvegi og umboðsmanni Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs. Auk þess er það áritað af tveimur mönnum sem sagðir eru ábúendur án þess að ábúðarjarða þeirra sé getið.

Í landamerkjabréfi Ingjaldshóls, sem er næsta jörð austan við Munaðarhól og Hallsbæ, ásamt Þrándarstöðum og Kjalvegi, frá 25. maí 1889, sem var þinglýst 27. júní sama ár, segir að jörðinni fylgi: „... enn fremur allur Hólsdalur milli Hettudala og Blágils til Jökuls ...“ Í bréfinu segir að þar séu merki milli Ingjaldshóls og Skarðs, sem er næsta jörð austan Ingjaldshóls. Bréfið er áritað um samþykki ábúenda á Sveinsstöðum, Kjalvegi, Gufuskálum, Keflavík og Miklahólskirkjupart, svo og sóknarprestsins á Ingjaldshóli og umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Í landamerkjabréfi Ingjaldshóls frá 15. júní 1922, sem var þinglýst 17. sama mánaðar, segir: „Ennfremur á Ingjaldshóll allan Hólsdal milli Hettudala og Blágils til Jökuls.“ Bréfið er áritað um samþykki umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs, umboðsmanns Stóru-Hellu, eiganda Rífs og sóknarprestsins, sem landsdrottinn Þæfusteins.

Í landamerkjabréfi Skarðs, næstu jarðar austan við Ingjaldshól, frá 23. mars 1889, og þinglýstu 27. júní sama ár, er merkjum jarðarinnar lýst suðaustast til fjalls við Fossdalsdrög, sem eru skammt norðan Snæfellsjökuls við Geldingafell. Bréfið er áritað um samþykki ábúenda á Ingjaldshóli og Vaðstakksheiði og umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Í landamerkjabréfi Vaðstakksheiðar, sem er næsta jörð austan við Skarð, frá 1. september 1887 og þinglýstu 27. júní 1889, er vesturmerkjum gagnvart Skarði lýst svo: „... er Laxá landamerki alla leið.“ Laxá rennur niður frá rótum Geldingafells í suðri og niður Fossdal. Ekki verður því annað séð en að samræmi sé milli landamerkjabréfa Vaðstakksheiðar og Skarðs að þessu leyti. Austurmerkjum Vaðstakksheiðar gagnvart Sveinsstöðum er jafnframt lýst í bréfinu en ekki verður séð að þau merki nái jafn sunnarlega. Bréfið er áritað um samþykki ábúenda á Vaðstakksheiði, Sveinsstöðum og Skarði og umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs.

Í landamerkjabréfi Ólafsvíkur, sem er austan Sveinsstaða, frá 20. maí 1889 er vesturmerkjum gagnvart Sveinsstöðum lýst svo, að því er varðar ágreiningssvæðið: „... sjónhending beint yfir miðjan Fossdal út í Laxá, og þaðan upp í Geldingafell.“ Austurmerkjum Ólafsvíkur gagnvart Fossárdal er lýst úr Geldingafelli í suðri, um Fossá. Bréfið er áritað um samþykki ábúenda í Ólafsvík og á Sveinsstöðum, umboðsmanns Fossárdals og umboðsmanns Arnarstapa- og Skógarstrandarumboðs en ekki liggur fyrir hvort því var þinglýst.

Landamerkjabréfum Fossárdals er lýst í kafla 6.3.3 en vesturmerkjum jarðarinnar gagnvart Ólafsvík er þar lýst í Geldingafell, sem er í samræmi við framangreint landamerkjabréf Ólafsvíkur.

Af framangreindum landamerkjalyðingum má sjá að merkjum jarða sem liggja að Snæfellsjökli að sunnan-, vestan- og norðanverðu er almennt lýst í jökulinn eða í örnefni nálægt jöklinum. Með lýsingum merkja í jökulinn verður að mati óbyggðanefndar að ætla að verið sé að lýsa merkjum í jökuljaðarinn, enda hefði verið full ástæða til að geta þess með skýrum hætti ef talið hefði verið að merkin næðu inn á jökulinn. Engar heimildir eru um að merkjum aðliggjandi jarða sé lýst upp á jökulinn.

Samkvæmt öllu því sem hér hefur verið rakið er niðurstaða óbyggðanefndar að það eigi sér ekki stoð í fyrirliggjandi heimildum að landamerki aðliggjandi jarða nái inn á Snæfellsjökul. Allt ágreiningssvæðið sem hér er til umfjöllunar er því að mati nefndarinnar utan landamerkja jarða. Kröfugerð íslenska ríkisins felur í sér að umrætt jökulsvæði sé þjóðlenda, sbr. kafla 3.1. Eins og að framan greinir er ekki fallist á að land Miðvalla nái inn á jökulinn og aðrir hafa ekki gert kröfu um eignarréttindi innan jökuljaðars.

Óbyggðanefnd hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að um eignarréttarlega stöðu jökulsvæða almennt fari eftir sömu reglum og um önnur landsvæði.⁴⁰⁰ Hvað varðar Snæfellsjökul er ekkert sem bendir til að þar hafi stofnast til beins eignarréttar eða takmarkaðra eignarréttinda fyrir nám, hefð eða með öðrum hætti.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Snæfellsjökull, svo sem hann er afmarkaður hér á eftir, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

Jaðri Snæfellsjökuls er fylgt umhverfis jökulinn. Miðað er við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998, 1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna.

6.5 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megí nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megí sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu, miðað við framlagðar tímaskýrslur og umfang hvers ágreiningsmáls fyrir sig, og er málskostnaður úrskurðaður til einstakra málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gefur tilefni til.

⁴⁰⁰ Sjá umfjöllun um jökla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

Þess skal getið að hluti af úrskurðuðum málskostnaði gagnaðila íslenska ríkisins í máli þessu hefur þegar verið greiddur og koma þær greiðslur til frádráttar við uppgjör málskostnaðarins, svo sem nánar greinir í úrskurðarorði.

7 ÚRSKURÐARORÐ

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls, er þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998 sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

*Upphafspunktur er á vatnaskilum við Hamraendafjall sunnan við Fola-
hnúk. Þaðan er farið eftir vatnaskilum milli norðurs og suðurs, vestur í
Geldingafell og þaðan stystu leið að jaðri Snæfellsjökuls. Miðað er við
jökuljaðarinn eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998,
1. júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna. Jökuljaðrinum er svo fylgt suður og
síðan vestur að þeim stað á jökuljaðrinum sem er á móts við Merkja-
hrygg. Þaðan er línan dregin úr jökuljaðrinum beina stefnu í Stagfell og
þaðan beint í efsta hluta Norðurhlíðar við Norðurgil sem blasir við úr
Djúpugróf. Þaðan er línan dregin beint í merkjastrípu (stóran klett) í
vesturhlíð Stapafells og þaðan beint í vesturbarm Rauðfeldargjár, sem
er ofarlega í Botnsfjalli. Þaðan er línan dregin beint í Barná þar sem
hún fellur fram af hamrinum og þaðan beint í upptök Hamraendalækjar.
Frá upptökum Hamraendalækjar er línan dregin beina stefnu í
Þórishamar, þaðan er farið beint í Grafarhnúk og þaðan upp á vatnaskil
við Hamraendafjall sunnan við Fola-
hnúk, sem er upphafspunktur.*

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Breiðuvíkurbreppi, nú í sveitarfélaginu Snæfellsbæ, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Snæfellsjökull, er þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna:

*Jaðri Snæfellsjökuls er fylgt umhverfis jökulinn. Miðað er við stöðu
jökulsins eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998, 1.
júlí 1998, sbr. 22. gr. laganna.*

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málskots-
frestum eða að fenginni dómsniðurstöðu.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Kristins Jónassonar, bæjarstjóra Snæfellsbæjar: Snæfellsbær vegna Arnar-
stapalands: 630.000 kr., sem þegar hafa verið greiddar.

Vegna Ólafs Björnssonar lögmanns: Snæfellsbær vegna Fossárdals: 950.000 kr.,
sem þegar hafa verið greiddar. Sigurður Kristjánsson, Jóhanna Elísabet Pálsdóttir, Einar
Kristjánsson, Alda Jóhannesdóttir og Guðmundur K. Kristjánsson vegna Ytri-Bugs:
400.000 kr., sem þegar hafa verið greiddar. Steinn Jónsson og Sigurgeir Ómar Sig-
mundsson vegna Stóru-Hnausa: 2.100.000 kr. Steinn Jónsson og Sigurgeir Ómar
Sigmundsson vegna Hamraenda: 2.000.000 kr. Steinn Jónsson og Sigurgeir Ómar

Sigmundsson vegna Faxastaða: 550.000 kr., sem þegar hafa verið greiddar. Kristján Rósberg Guðmundsson, Elín Guðrún Gunnlaugsdóttir, Kristjana Leifsdóttir, Jóhannes Brynjólfur H. Áspórsson, Kristófer Valdimarsson, Hjörtur Valdimarsson, Karólína Rut Valdimarsdóttir, Gunnlaugur Þór Kristfinnsson, Christa Hörpudóttir, Gunnar Áspórsson, Katrín Guðmundsdóttir, Kristján Hafsteinn Leifsson, dánarbú Sæbjörns Valdimarssonar, Þorvarður Gunnlaugsson, Ólína Gunnlaugsdóttir, Kristín Erla Valdimarsdóttir, Valgerður G. Valdimarsdóttir, Jóna Guðríður Hörpudóttir, dánarbú Kristjáns Gunnlaugssonar og Sigurbjörg Fjóla Farrell vegna Miðvalla: 1.200.000 kr. Björg Pétursdóttir vegna Gíslabæjar, Vestureignir ehf. vegna Brekkubæjar, Christine Marie Blin, Allan Bin Cheng, Mette Milsgaard, Ivan Milsgaard Cheng og Erik Cheng vegna Skjaldartraðar, og Sigríður Jóna Þórisdóttir vegna Laugarbrekku: samtals 3.200.000 kr.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið eða verður endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Ása Ólafsdóttir

Allan Vagn Magnússon

Hulda Árnadóttir

**ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR**

— með viðaukum —



Svæði 1–9A

Sérprentun 15. ágúst 2019

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	III
1. INNGANGUR	IV
2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR	IV
3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA	V
3.1. Landnám	V
3.2. Hefð	VIII
3.3. Lög	XII
4. FLOKKUN LANDS	XIII
4.1. Almenn	XIII
4.2. Jörð	XIV
4.3. Almenningar	XIX
4.4. Afréttir	XXI
4.5. Jörð eða afréttur?	XXVIII
4.6. Jöklar	XXIX
4.7. Fjallskil	XXXIV
4.8. Ítök	XXXVIII
4.9. Fjörur og rekæign	XLI
5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD	XLV
5.1. Almenn	XLV
5.2. Jarðamöt og jarðabækur	XLV
5.3. Máldagar og vísitasíur	XLVII
5.4. Lögfestur	XLIX
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf	L
5.6. Afsals- og veðmálabækur	LIV
5.7. Aðrar heimildir	LVI
6. NIÐURSTAÐA	LVII
7. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5	LXI
7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum	LXI
7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða	LXII
7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi	LXIV
8. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6	LXVI
8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum	LXVI
8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana	LXVI
9. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A	LXIX
9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum	LXIX
10. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B	LXX
10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum	LXX
10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar	LXXI
10.3. Heimildir um legu jarða til forna	LXXII
11. ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A	LXXIV
11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum	LXXIV
11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir	LXXIV
11.3. Áhrif fyrra lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis	LXXVII
11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna	LXXX

FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 er í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–8A. Fer sá texti hér á eftir, í köflum 1–6.

Í úrskurðum á svæðum 3–8A hefur jafnan verið gerð grein fyrir nýgengnum dómum í þjóðlendumálum og öðrum atriðum sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Lagt hefur verið á það mat hvort breyta þyrfti eða bæta enn við fyrirbyggjandi *Almennar niðurstöður*. Tilefni til umfjöllunar eða viðauka af þessu tagi gafst einkum á svæðum 5, 6, 7A, 7B og 8A og fer sá texti lítillaga stytur hér á eftir, í köflum 7–11.

Niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður* með viðaukum og vísa til þeirra.

1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jökklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitásium, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglandisbelti*, *hlíðabelti* og *hálandis- eða fjallbelti*.¹ Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglandisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhéruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfar stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglandisbelti landsins upp í 100–150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300–400 m hæð, en þar ofan við er hálandisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

¹ Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um $\frac{2}{3}$ hluta af yfirborði landsins.² Mikill hluti láglendis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600–700 m hæð á miðhálandinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800–1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglendis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um $\frac{1}{4}$ hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglendi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgadist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um $\frac{1}{4}$ hluta landsins í heild og um $\frac{10}{100}$ hluta ísfrírra svæða miðhálandisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um $\frac{1}{100}$ hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálandinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálandisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.³

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á landnámsöld, þ.e. á árunum 874–930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnáma-

² Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

³ Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10–11. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur II* (fjöl.). Reykjavík. S. 133–134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

frásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.⁴ Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.⁵ Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnsvæði árinna. Stundum virðist kvikféð sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjállum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“⁶

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.⁷ Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.⁸ Ennfremur hefur því verið haldið fram að sum nöfn

⁴ *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.

⁵ *Landnámabók* 1986, s. 321.

⁶ *Landnámabók* 1986, s. 337.

⁷ Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6–7, 20. Jón Jóhannesson, 1954–58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags*. S. 225–226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193–222.

⁸ Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia*. Lundí. S. 203–217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 222–225, 231–233.

landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúrufari eða búskaparháttum.⁹ Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðháttar við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagnfræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.¹⁰ Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

⁹ Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578–584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grimni. Riti um nafnfræði*. 1–3. b. (1980–1996).

¹⁰ Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.

3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr ,átflulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lftgleg vitni til, at hann á, ef hann skal úrænt vera.“¹¹

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar¹². Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í laga- legum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „...sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio im- memorialis“.¹³

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

Item huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal það ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist það sie j panta sett edur lient.¹⁴

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.¹⁵ Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

¹¹ *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

¹² Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

¹³ Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder*. 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287–288.

¹⁴ *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933–1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912–1914. S. 425–426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917–1918. S. 33–35.

¹⁵ *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabíl væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfirréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.¹⁶

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.¹⁷

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansellið í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellið bar málið undir Landsyfirrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.¹⁸

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafafingið frumvarp kansellisins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

Í umræðum á ráðgjafafinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar

¹⁶ *Landsyfjrrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum 1802–1873*. 3. b. Reykjavík 1925–1931. S. 360–374.

¹⁷ *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.

¹⁸ *Tíðindi frá Alþingi Íslendinga. Fyrsta þing 1. júlí til 5. ágúst 1845*. Reykjavík 1845. S. 2–12.

þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.¹⁹

Þrátt fyrir að Landsyfírréttur hefði um árábil dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30–40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.²⁰ Í dómi Landsyfírréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli uppreksturs „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. 11b. i.f.²¹

Samkvæmt framansögðu voru réttarreglur um hefð yfir fasteignum óljósar og lagaframkvæmd misvísandi allt til loka 19. aldar. Með setningu hefðarlaga, nr. 46/1905, fengust loks skýrar reglur á þessu sviði. Felld voru úr gildi þau ákvæði hér að lútandi sem löggjafinn taldi gildandi rétt, þ.e. ákvæði 26. kapítula landsleigubálks Jónsbókar sem og 16. gr. í erindisbréfi til biskupa frá 1. júlí 1746. Fleiri atriði tengd lögtöku hefðarlaga skipta og verulegu máli í þessu sambandi. Í greinargerð með frumvarpi til hefðarlaga segir svo:

Þar sem nú hefur fundizt ástæða til að leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um hefð, þá byggist þetta ekki að eins á því, að eins og hefð er til í lögum allra síðaðra þjóða og hefur verið álitin nauðsynleg til að tryggja viðskiptalíf, eins muni vera þörf á þessu rjettartæki hjer á landi, heldur miklu fremur á því, að svo að segja árlega eykst þörfin á því fyrir landbúnaðinn að hafa greið og góð lántökuskilyrði, en eitt aðalskilyrði fyrir því er, að eigendur jarðanna hafi formlega eignarheimild fyrir jörðum sínum. Nú er það vitanlegt, að hjer á landi hafa menn verið mjög skeytingarlausir með að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. Hefur löggjafinn fundið það vel, að þetta var óheppilegt fyrir viðskiptalíf, og sjest það meðal annars af því, að með lögum 15. febr. 1895 var fasteignarsölugjaldið afnumið, til þess að fá menn því heldur til að láta þinglýsa eignarheimildum sínum. ...

Auk framangreindra ástæðna fyrir því að lögleiða hefð hjer á landi, skal það einnig tekið fram, að með því að nú mun víðast vera búið að þinglýsa landamerkjum fyrir jörðum samkv. landamerkjälögum 17. marz 1882, þá er þar viss grundvöllur á að byggja um eignarhaldið milli jarðanna innbyrðis, og virðast því að miklu leyti burtfallnar ástæður þær, er menn höfðu á móti hefðinni 1845 ...²²

Af þessu má ráða að setning laga um hefð 1905 hafi verið þáttur í viðleitni löggjafans í lok 19. aldar og byrjun þeirrar 20. að skapa traustan grundvöll undir sölu, veðsetningu og skattlagningu jarða og annarra fasteigna, sjá einnig í köflum 5.2. og 5.5. Þess er

¹⁹ *Tíðindi frá Alþingi ... 1845*, s. 466.

²⁰ *Landsyfírrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum*. 3. b. (1886–1889). Reykjavík 1890. S. 236–241.

²¹ *Landsyfírrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum*. 5. b. (1895–1898). Reykjavík 1901. S. 327–330.

²² *Alþingistíðindi* 1905. A. Þingskjöl. Reykjavík 1905. S. 148, sbr. s. 426–428.

jafnframt að geta að eitt meginhlutverk hefðar er að styðja við og auka réttarvernd eignarréttinda sem eru lögmæt einnig af öðrum ástæðum.²³

Samkvæmt 1. gr. hefðarlaga má vinna hefð á hverjum hlut, jafnt fasteign sem lausafé, er getur verið eign einstakra manna, án tillits til þess, hvort hann var áður einstaks manns eign eða opinber eign. Niðurlag ákvæðisins verður ekki skilið svo að hefð verði ekki unnin á verðmætum sem ekki eru beinum eignarrétti háð. Þvert á móti verður að líta svo á að þar sem hægt er að hefða eign einstaklings eða hins opinbera sé því fremur hægt að hefða fasteignarréttindi sem ekki eru beinum eignarrétti háð.²⁴ Meginskilyrðið fyrir hefð á fasteign er 20 ára óslitið eignarhald sem fullnægir tilteknum huglægum og hlutlægum skilyrðum, sbr. 2. gr. laganna.

Ótvírætt er að virk yferráð og bein hagnýting án löggernings eru veigamiklir þættir við mat á eignarhaldi samkvæmt hefðarlögum. Jafnframt hafa ráðstafanir að lögum, t.d. afsal eignar, veðsetning, stofnun ítaks og veiting leyfa til hagnýtingar eignar, verið taldar veigamikil vísbending um eignarhald. Þá getur viðhorf hefðanda og annarra aðila haft þýðingu í þessu sambandi, auk annarra atriða sem minna máli skipta.

Í Hæstarétti hafa gengið nokkrir dómur þar sem reynt hefur á hvort aðilar hafi hefðað beinan eignarrétt að afréttum eða öðrum svæðum utan landamerkja jarða. Ber hér að nefna H 1955 108 (Landmannaafréttardómur fyrri), H 1981 1584 (Landmannaafréttardómur síðari), H 1997 1162 (Auðkúluheiði) og H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði). Í öllum tilvikum var eignarhefð talin ósönnuð en ekki örlar á ráðagerð um að eigendalaus svæði verði ekki hefðuð. Af þessum dómum er ljóst að hefðbundin afréttarnot, þ.e.a.s. sumarbeit og e.t.v. önnur takmörkuð notkun, eru ekki nægjanleg ein sér. Jafnframt virðast ráðstafanir að lögum, svo sem sala tiltekinna réttinda, ekki hafa þýðingu við þetta mat. Samt sem áður verður af þessum dómum ráðið að ekki sé útilokað að hefða eignarrétt að slíku landsvæði. Skilyrði til þess eru hins vegar þröng.

